

Ellen G. White Estate

# DEILAN MIKLA



ELLEN G. WHITE



---

# **Deilan mikla**

---

**Ellen G. White**

**1911**

**Copyright © 2012  
Ellen G. White Estate, Inc.**



## **Information about this Book**

### **Overview**

This eBook is provided by the [Ellen G. White Estate](#). It is included in the larger free [Online Books](#) collection on the Ellen G. White Estate Web site.

### **About the Author**

Ellen G. White (1827-1915) is considered the most widely translated American author, her works having been published in more than 160 languages. She wrote more than 100,000 pages on a wide variety of spiritual and practical topics. Guided by the Holy Spirit, she exalted Jesus and pointed to the Scriptures as the basis of one's faith.

### **Further Links**

[A Brief Biography of Ellen G. White](#)  
[About the Ellen G. White Estate](#)

### **End User License Agreement**

The viewing, printing or downloading of this book grants you only a limited, nonexclusive and nontransferable license for use solely by you for your own personal use. This license does not permit republication, distribution, assignment, sublicense, sale, preparation of derivative works, or other use. Any unauthorized use of this book terminates the license granted hereby.

### **Further Information**

For more information about the author, publishers, or how you can support this service, please contact the Ellen G. White Estate at [mail@whiteestate.org](mailto:mail@whiteestate.org). We are thankful for your interest and feedback and wish you God's blessing as you read.

## Formáli

Lesari; þessi bók er ekki gefin út til þess að segja oss frá því að í heimi þessum sé synd, böll og bágindi. Það er oss öllum fullkunnugt. Þessi bók er ekki gefin út í því skyni að segja oss frá því, að ósættanleg barátta eigi sér stað milli myrkurs og ljóss, syndar og réttlætis. sannleika og lýgi, lífs og dauða. Inst í meðvitund vorri vitum vér það alt, og vitum jafnframt að vér erum þátt-takendur og málsaðilar í deihmni.

En vér erum öll þannig gerð, að oss fýsir stundum að vita og fræðast meira um hina miklu deilu. Hvernig hófst deilan? eða var hún til frá upphafi? Hver eru þau atriði, sem mynda þessa ægilegu deilu? Hver er afstaða mín gagnvart henni? Hvaða ábyrgð ber eg í sambandi við hana? Eg er hér í þessum heimi, án þess að það sé fyrir mínar eigin óskir. Tákna það böll eða blessun mér til handa? Hver eru hin miklu atriði, sem um er að ræða? Hversu lengi heldur þessi deila áfram? Hvernig skyldi hún enda?

Og spurningin kemur enn þá nær: Hvernig er hægt að enda baráttuna í mínu eigin hjarta, baráttuna á milli eigingirninnar, sem ávalt leitar inn á við og kærleikans, sem sækir út á við; hvernig er hægt að binda enda á þá baráttu með sigri og fyrir fult og alt? Hvað segir ritn-ingin? Hvað kennir Guð oss um þessa spurningu, sem er eilíf og þýðingarmikil fyrir hverja emustu sál?

Spurningar svipaðar þessari mæta oss á allar hliðar. Þær rísa upp stöðugt frá djúpi vors eigin hjarta, og þær krefjast svars.

Það er víst að Guð, sem skapaði í oss þrána til hins betra, löngunina til sannleikans, synjar oss ekki um þekk-ingu á því, sem öllu er nauðsynlegra. Því “herrann Drottinn gjörir ekkert án þess að hann hafi opinberað þjónum sínum spámönnunum, ráðsályktun sína”.

Það er tilgangur þessarar bókar, lesari góður, að hjálpa hinni þrá-sjúku sál til þess að leysa allar þessar gátur; bókin er rituð af höfundi, sem hefir fundið og reynt að Guð er góður, og lært í samfélaginu við Drottinn og lestri hans heilaga orðs, að leyndardómur Guðs fylgir þeim, sem hann óttast, og að hann mun sýna þeim sátt-mála sinn.

Til þess að vér því betur skiljum hina afar þýðingar-miklu baráttu, sem líf alls heimsins tekur þátt í, hefir höfundurinn skýrt það fyrir oss í lærdómsríkum atriðum frá síðustu tuttugu öldum.

Bókin byrjar á síðustu sorgardráttunum í sögu Jerusalem, hinnar útvöldu borgar Drottins, eftir að íbúar hennar höfðu hafnað frelsaranum, sem til þess kom að bjarga frá glötun. Eftir það heldur hún áfram eftir hinum mikilfengu brautum þjóðanna og bendir oss á ofsóknir guðsbarna á fyrstu öldum; hið mikla fráfall, sem síðar átti sér stað í kirkju Krists; endur-vakningu heimsins með siðabótinni, sem sum atriði hinnar miklu deilu birtast greinilega í; endurvakning ritninganna og hin blessandi og lífgandi áhrif þeirra; trúarvakningu hinna síðustu daga; opinberun hinna víðtæku uppsprettu Guðs orðs, með hinni undursamlegu birtingu ljóss og þekkingar til þess að vera á móti hverri óhreinni árás blekkinga og myrkurs. Deila sú, sem nú vofir yfir, með þeim mikilsverðu atriðum, sem henni eru samfara og engum geta verið óviðkomandi, er skýrð í eðli sínu á ljósan, skiljanlegan og sannfær-andi hátt.

Að síðustu er oss skýrt frá hinum eilífa og dýrðlega sigri hins góða yfir hinu illa, hins rétta yfir hinu ranga. Ljóssins yfir myrkriinu, vonarinnar yfir örventingunni, dýrðarinnar yfir smáninni, lífsins yfir dauðanum, og eilífs umburðarlyndis og kærleika yfir hinu hefningjarna hatri.

ÚTGEFENDURNIR.

[11]

## Inngangur

Áður en syndin kom í heiminn, naut Adam frjálstrar umgengni við skapara sinn, en síðan maðurinn fjarlægði sig Guði með yfirtroðslum, hefir mannkynið verið svift þessum hlunnindum. Með endurlausnarverkinu var samt fundið ráð til þess að jarðarbúar geti verið í sambandi við Drottinn himnanna. Guð hefir haft samneyti við mennina með sínum heilaga anda, og heilagt ljós hefir veizt heiminum með opinberun til hinna útvöldu þjóna Drottins.

Á hinum fyrstu tuttugu og fimm öldum af tilveru mannkynsins, var engin skrifuð opinberun til. Þeir sem fræddir höfðu verið af Guði, gerðu aðra hluttakandi í þekkingu sinni, og þannig barst þekkingin frá föður til sonar, kynslóð eftir kynslóð. Undirbúningur undir hið skráða Guðs orð byrjaði á dögum Mósesar. Innblásnar opinberanir voru þá skrifaðar í innblásna bók. Þetta verk hélt áfram í heil sextán hundruð ár, — frá Móse, sögu-ritara sköpunarinnar og lögmálsins, til Jóhannesar, skrá-setjara hins háleita sannleika fagnaðarboðskaparins.

Biblían bendir á það að Guð sé höfundur hennar; samt var hún rituð af mannlegum höndum, og í hinni mismunandi framsetningu hinna ýmsu bóka lýsir biblían einkennum eða sérkennum hinna ýmsu höfunda. Sann-leikurinn, sem birtur var, var allur “innblásinn af Guði”. (2. Tím. 3:16); en samt var hann framsettur í mannleg-um orðum. Helgir menn “töluðu,... bornir af heilögum anda”. Hinn almáttugi Guð hefir með sínum heilaga anda veitt ljósi inn í sálir og hjörtu þjóna sinna. Hann hefir birt sannleika sinn í draumum, sýnum, táknum og líkingum, og þeir, sem sannleikurinn var þannig opin-beraður, hafa sjálfir framsett hugsanirnar á mannlegri tungu.

[12] Bækur ritningarinnar eru mjög mismunandi að framsetningu, með því að þær eru skráðar á mismunandi tungum af mönnum, sem voru af mismunandi stigum og höfðu mismunandi stöðu og atvinnu; auk þess eru bæk-urnar mismunandi að því efni, sem þær fjalla um. Mismunandi framsetning er við höfð af mismunandi höfund-um; oft



kemur sannleikurinn enn þá greinilegar í ljós hjá einum, heldur en hjá öðrum.

Með því að sannleikurinn er framsettur af mismun-andi höfundum, koma fram ýmsar hliðar hans; einum höfundinum finst meira til um eitt atriði en öðrum; hann skilur þau atriði, sem eru í samræmi við reynslu hans eða við skilning hans og eftir því, sem hann kann að meta þau. Annar leggur áherzlu á annað atriði, og hver um sig dregur það glöggast fram undir áhrifum heilags anda, sem föstustum tókum nær á honum eða hans eiginn huga — því kemur fram mismunandi hlið sannleikans hjá hverjum fyrir sig, en fullkomið samræmi er í allri heild-inni, sem ritin mynda, og sem fullnægja þörfum allra manna í öllum kringumstæðum og lífsreynzlu.

Guði hefir verið það þóknanlegt að birta heiminum sannleika sinn með mannlegri aðstoð, og sjálfur hefir hann með sínum heilaga anda gjört mennina færa til þess að framkvæma verk hans. Hann hefir stjórnað hugsun þeirra, þegar þeir völdu orðin er þeir töluðu og það, sem þeir skrifuðu. Fjársjóðurinn var látinn í jarðneska hirzlu, en var engu að síður himneskur. Vitnisburðurinn er gefinn með ófullkomlegum, mannlegum orðum. en samt er það vitnisburður Guðs; og hið trúaða, hlýðna barn Guðs skoðar það sem dýrð guðlegs valds, sem sé þrungið af náð og sannleika.

Frelsarinn lofaði því að heilagur andi skyldi minna þjóna hans á orðið, og skýra og heimfæra kenningar þess. Og þar sem það var andi Guðs, sem hefir gjört biblíuna innblásna, þá er það ómögulegt að kenningar andans nokkru sinni gætu orðið gagnstæðar kenningum Guðs orðs.

Andinn var ekki gefinn — og getur aldrei orðið veitt-ur — til þess að nema úr gildi ritninguna, því biblían segir greinilega að Guðs orð sé mælisnúra, sem allar kenningar og öll reynsla verði að miðast við. Jóhannes segir: “Trúið ekki sérhverjum anda, því að margir fals- [13] spámenn eru farnir út í heiminn”. 1. Jóh. 4:1. Og Jesaja segir: “Til lögmálsins og vitnisburðarins, ef þeir tala ekki samkvaemt þessu orði, þá er það af því að þeir eru án ljóssins”. Jes. 8:20 (ensk þýðing).

Í samræmi við Guðs orð varð hans heilagi andi að halda áfram starfi sínu allan útbreiðslutíma náðarboð-skaparins. Á (þeim tíma, sem bæði gamla og nýja testa-ments var skráð, hætti heilagur andi ekki að veita ljós, einstökum mönnum, auk þeirrar opinberunar, sem fram kom í hinni heilögu bók.

Jesús lofaði lærisveinum sínum: “En huggarinn, andinn heilagi, sem faðirinn mun senda í mínu nafni, hann mun kenna yður alt og minna yður á alt, sem eg hefi sagt yður”. “En þegar hann, sannleiksandinn kemur, mun hann leiða yður inn í allan sannleikann.... og kunngjóra yður það sem koma á”. Jóh. 14: 26; 16: 13. Biblían skýrir það greinilega að langt sé frá því að þessi loforð séu takmörkuð eða bundin eingöngu við daga postulanna, heldur nái þau til safnaðar Krists á öllum öldum. Frels-arinn segir fylgjendum sínum: “Og sjá eg er með yður alla daga, alt til enda veraldarinnar”. Matt. 28: 20. Og Páll postuli segir að gjafir og birting andans hafi verið veitt söfnuðinum: “Til þess að fullkomna hina heilögu, til að láta þeim þjónustu í té, líkama Krists til uppbygg-ingar, þangað til vér allir verðum einhuga í trúnni og þekkingunni á Guðs syni, verðum eins og fullorðinn maður og náum vaxtartakmarki Krists fyllingar”. Ef. 4: 12, 13.

Í nánú sambandi við birtingu hins mikla dags Guðs hefir Drottinn fyrir munn Jóels spámans lofað sérstakri úthelling anda síns. Jóel 2: 28. Þessi spádómur var að nokkru leyti uppfylltur þegar heilagur andi kom yfir postulana á hvítasunnudag, en hann mun fullkomlega rætast þegar hin guðlega náð birtist, sem samfara verður síðustu boðun náðarboðskaparins. Fyrir upplýsingu heilags anda hefir höfundi þessarar bókar birst hinn langi bardagi milli góðs og ills. Smám saman hefir mér auðn-ast að sjá það og skilja, hvernig fram hefir farið deilan mikla milli Krists, konungs lífsins og höfundar sáluhjálpar vorrar annars vegar, og Djöfulsins, konungs hins illa og höfundar syndarinnar, þess er fyrst braut Guðs heilaga lögmál.

[14]

Með því að andi Guðs hefir opnað huga mínum að-gang að sannindum síns heilaga orðs og sýnt mér bæði fortíð og framtíð, hefir mér verið falið að kunngjóra öðr-um það, sem mér hefir þannig verið opinberað — að fara yfir sögu deilunnar á umliðnum öldum, og sérstaklega að skýra frá því á þann hátt að eg varpaði sem björtustu ljósi á framtíðarbaráttuna, sem óðum nálgast. Til þess að gjöra þetta hefi eg leitast við að velja og setja saman atriði í kirkjusögunni á þann hátt að fylgja mætti full-komnun hins áreiðanlega sannleika, sem á ýmsum tímum hefir verið veittur heiminum, sem hefir æst hinn vonda til reiði og vakið óvild hinnar heimselskandi kirkju, og sem fram hefir verið haldið með vitnisburði þeirra, sem “eigi var lífið svo kært að þeim ægði dauðinn”.

Í þessu, sem hér er birt, má sjá ímynd hins komandi stríðs. Þegar það er skoðað í ljósi Guðs orðs og við upp-lýsing heilags anda, þá sjáum vér afhjúpuð vélabrögð hins illa og þær hættur, sem þeir verða að forðast, sem únnast vilja “lýtalausir” frammi fyrir Drotni þegar hann kemur.

Það er ekki eins mikið til þess að koma fram með nýjan sannleika um baráttu fyrri tíma, að þessi bók er rituð, eins og hitt að draga fram grundvallar atriði og veruleika, sem snerta hina komandi viðburði. Samt sem áður er það að þegar þetta er skoðað sem einn hluti af deilunni milli myrkursins og ljóssins, þá sést að alt hefir það þá stefnu að gefa nýja þýðingu og með aðstoð þess er lýst fram í ókomna tímann, og ljósi kastað á vegu þeirra, sem verða eins og hinir fyrri siðabótamenn, kall-aðir til þess að “bera vitni um orð Guðs og um vitnisburð Jesú Krists”, jafnvel þótt það kosti þá tap sinnar jarð-nesku sælu.

Til þess að skýra hina miklu deilu milli sannleika og villu; til þess að opinbera ilsku Satans, og þau meðul, sem bezt dugi til varnar gegn honum; til þess að leysa við-unanlega úr gátunni um hið illa; með því að bregða slíku ljósi yfir uppruna og síðustu afmáning syndarinnar að fullkomlega yrði skýrt réttlætið og náðin Guðs í allri breytni hans við oss, og að sýna hið heilaga, óbreytilega eðli lögmáls hans, alt þetta er takmark þessarar bókar. Að fyrir áhrif hennar megi sálir frelsast frá valdi myrkr-anna og “til að fá arfleifð heilagra í ljósinu” til dýrðar honum, sem elskaði oss og gaf sjálfan sig vor vegna, það er einlæg bæn höfundarins.

[15]

*E. G. W.*

[16]

# Efnisyfirlit

Information about this Book . . . . .	i
Formáli . . . . .	ii
Inngangur . . . . .	iv
Eyðilegging Jerúsalemsborgar . . . . .	9
Ofsóknir á fyrstu öldum . . . . .	16
Fráfallið . . . . .	22
Valdensarnir . . . . .	32
John Wycliffe . . . . .	40
Húss og Jerome . . . . .	50
Lúter yfirgefur Rómversku kirkjuna . . . . .	65
Lúter frammi fyrir ríkisþinginu . . . . .	85
Siðabótin heldur áfram á þýzkalandi . . . . .	99
Mótmæli höfðingjanna . . . . .	107
Siðabótin í öðrum löndum . . . . .	117
Whitefield og Wesleybræður . . . . .	127
Fyrirboðar morgunsins . . . . .	133
Stórkostleg trúarvakning . . . . .	141
Siðabótin í vesturheimi . . . . .	147
Vonbrigði . . . . .	164
Hvað er helgidómurinn? . . . . .	169
Í hinu allra helgasta . . . . .	181
Hið óumbreytanlega lögmál Guðs . . . . .	186
Siðabótastarf . . . . .	196
Hinn rannsakandi dómur . . . . .	203
Áform páfadómsins . . . . .	213
Baráttan sem yfir vofir . . . . .	220
Ritningin er örugg vörn . . . . .	227
Síðasta aðvörun . . . . .	235
Hörmungatíminn . . . . .	243
Guðs fólk frelsað . . . . .	256
Konungurinn kemur . . . . .	264
Jörðin verður að auðn . . . . .	274
Deilan enduð . . . . .	278

## Eyðilegging Jerúsalemsborgar

Frá Olúfjallsbrúninni horfði Jesús á Jerúsalem. Fögur og friðsæl var sú sýn, er við honum blasti. Það var páskasýnin, og niðjar Jakobs höfðu safnast saman úr öllum áttum, til þess að halda heilaga hina miklu þjóðhátíð. Mitt í aldingörðum og vínviðarreitum og grasgrænum hliðum, þöktum tjöldum pílagramanna, gnæfðu í loft upp hæðirnar með sillum og stöllum; hinar tignarlegu hallir og hinir stórkostlegu múrar þess staðar, sem var höfuðborg Ísraelsmanna. Það var eins og Zíons dóttir segði með miklu drambi: “Eg sit og er drotning,...og fæ alls ekki sorg að sjá”. Þannig var hún fögur eins og hér hefir verið lýst, og taldi sig eins örugga þá fyrir augliti Drottins, eins og þegar hið konunglega skáld sagði mörgum öldum áður: “Yndislega rís Zíonsfjall, g. jörvalls landsins gleði ... borg þess mikla konungs”.<sup>1</sup>

Hin stórkostlegu mannvirki musterisins blöstu beint við augum í allri sinni dýrð. Geislar hinnar hnigandi kvöldsólar ljómuðu upp marmaraveggi þess, sem voru hvítir eins og snjór. og skínu dýrðlega frá hinu gullna hliði, turni og háturni. Sem “ímynd fegurðarinnar” var borgin sá staður, sem Gyðinga þjóðin var stolt af. Hver var sá meðal Ísraelsmanna, sem horft gæti á þá dásamlegu sýn, án þess að í brjósti hans hreyfði sér straumur heitrar gleði og aðdáunar!

En það voru alt aðrar hugsanir, sem gagntóku Jesú. “Og er hann kom nær og sá borgina, grét hann yfir henni”.<sup>2</sup> Og hinn almenni fögnuður yfir hinni sigursælu innreið hans, þegar alt fólkið, og það jafnvel lærisveinarnir, áttu von á því að hann settist í hásæti Davíðs til þess að stjórna sem jarðneskur konungur; þegar veifað var pálma- viðargreinum; þegar glaðir riddarar hrópuðu siguróp er bergmáluðu í hæðunum, og þúsundir radda lýstu því yfir að hann væri konungur. — Já, þá var frelsari heimsins þungt haldinn af skyndilegri og leyndardóms-fullri hrygð. Hann, sjálfur sonur Guðs, sá sem fyrirheitinn hafði verið Ísraelslýð; hann sem hafði með krafti sín-um yfirunnið

[22]

<sup>1</sup>Sálm. 48: 2 (þýðing frá 1866)

<sup>2</sup>Lúk. 19: 41.

dauðann og kallað fanga hans úr djúpi grafarinnar — hann grét fögrum tárur; ekki venjulegum sorgartárum, heldur tárur hafdjúpra og óutmálan-legra kvala.

“Ef einnig þú hefðir á þessum degi vitað hvað til friðar heyrir! en nú er það hulið sjónum þínum. Því að þeir dagar munu koma yfir þig að óvinir þínir munu gjöra hervirki um þig og setjast um þig og þröngva þér á alla vegu; og þeir munu leggja þig að velli og börn þín. sem í þér eru og ekki skilja eftir stein yfir steini í þér, vegna þess að þú þektir ekki þinn vitjunartíma”.<sup>1</sup>

Sagan um hina sérstöku vernd Drottins og hand-leiðslu á hinni útvöldu þjóð í meira en þúsund ár, var fyrir augum Jesú eins og opin bók. Jerúsalem hafði hlot-ið meiri heiður af Guði en nokkur annar staður á jarðríki. “Því að Drottinn hefir útvalið Zíon; þráð hana sér til bústaðar”.<sup>2</sup> Þar höfðu heilagir spámenn talað aðvörun-arorðum svo öldum skifti; þar hafði Drottinn birst sjálfur í skýi dýrðarinnar uppi yfir náðarstólnum. Ef Ísraelslýður sem þjóð hefði verið trúr hinum himneska stjórnanda, þá hefði Jerusalem staðið um aldur og æfi. sem Guðs útvalinn staður.<sup>3</sup> En saga þessarar útvöldu þjóðar var saga afturfara og uppreista. Íbúar borgarinnar höfðu staðið á móti hinni himnesku náð, misbeitt hlunnindum sínum og lítilsvirt tækifæri sín.

[23] Með dýpri ást og hluttekningu en jarðneskum föður er unt að auðsýna syni sínum hafði “Drottinn, Guð fedra þeirra sent þeim stöðugt áminningar fyrir sendiboða sína, því að hann vildi þyrma lýð sínum og bústað sín-um”.<sup>4</sup> Þegar hvatningar, aðvaranir og ávítanir dugðu ekki, þá sendi hann þeim beztu gjöfina sem til var á himni; já, í þeirri einu gjöf var alt ríki himnanna fólgið. Sjálfur sonur Guðs almáttugs var sendur til þess, að leiða hina harðsvíruðu borg á rétta leið. í þrjú ár hafði Drottinn ljóssins og dýrðarinnar umgengist fólk sitt; huggað og styrkt hina sorgmæddu; frelsað þá sem bundnir voru; veitt blindum sýn, látið halta ganga og dauða heyra; hreinsað líkþráa, reist menn frá dauðum og boðað fátækum fagnaðarerindið.<sup>1</sup> Þótt

<sup>1</sup>Lúk. 19: 42-44.

<sup>2</sup>Sálm. 132: 13.

<sup>3</sup>Sjá Jer. 17: 21-25

<sup>4</sup>2. Kron. 36: 15.

<sup>1</sup>Sjá Lúk. 4: 18.

hann hlyti ilt fyrir gott og hatur fyrir kærleika,<sup>2</sup> þá hafði hann stöðugt rekið miskunnarerindi sitt. Aldrei lét hann þá syrgjandi frá sér fara er á náðir hans leituðu. Öldur miskunnar-innar, sem hin steinhörðu hjörtu hrundu frá sér, komu aftur með enn þá meiri krafti djúprar meðaumkvunar og óutmálanlegs kærleika.

En Ísraelslýður hafði snúið bakinu við sínum bezta vini og sínu eina hjálpræði. Hinar kærleiksríku áminn-ingar hans höfðu verið fyrirlitnar; aðvaranir hans látnar eins og vindur um eyrun þjóta; ráð hans höfð að athlægi. Stund vonar og fyrirgefningar leið óðfluga; bikar Guðs reiði, sem lengi hafði verið frestað, var nálega barmafullur. Skýið, sem verið hafði að draga upp á himininn, á hinum löngu tímum fráfalls og uppreista, var nú að því komið að steypast yfir hina seku þjóð. Og hann, som einn gat frelsað hana frá hinum yfirvofandi örlög-um, hafði verið lítilsvirtur, honum misboðið og hafnað og að því var komið að hann yrði krossfestur.

Þegar Kristur hékk á Golgata krossinum, þá voru hinir blessunaríku dagar Ísraelslýðs sem þjóðar taldir og Guðs sérstaka handleiðsla á honum varaði ekki lengur. Tap jafnvel einnar sálar er meira virði en gróði allra auðæfa veraldarinnar. En þegar Kristur horfði á Jerúsalem, þá sá hann frammi fyrir sér dóm heillar borgar, heillar þjóðar — sú borg, sú þjóð, hafði einu sinni verið Guðs útvalin og hans sérstaki fjársjóður.

Þegar Kristur leit fram í aldirnar, sá hann Guðs út-völdu þjóð dreifða út um heim allan. Í hinni jarðnesku hefnd, sem þegar var að koma yfir börn borgarinnar, sá hann aðeins fyrsta teyginn af bikar reiðinnar, sem þjóðin verður að tæma til botns á degi dómsins. Guðleg með-aumkvun; óutmálanleg ást, lýstu sér í hinum hryggilegu orðum: “Jerusalem, þú sem líflætur spámennina og grýt-ir þá, sem sendir eru til þín, hversu oft hefi eg viljað samansafna börnum þínum, eins og þegar hæna safnar ungum sínum undir vængi sér — og þér hafið ekki viljað það”.<sup>1</sup> “Og þó viljið þér ekki koma til mín, til þess að þér öðlist lífið”.<sup>2</sup> Þar sem Kristur sá Jerúsalem, sá hann ímynd heimsins forherts í trúleysi og uppreist á leiðinni til hegnandi reiði hins guðlega dóms. Hörmungar fallins mannkyns, sem lágu eins og þungt farg á sálu hans, knúðu af vörum hans hin ógurlega bitru orð;

[24]

<sup>2</sup>Sjá Sálm. 109: 5.<sup>1</sup>Matt. 23: 37.<sup>2</sup>Jóh. 5: 40.

hann sá allar syndir skráðar í mannlegum tárnum og hörmungum og blóði. Hjarta hans hrærðist af ómælanlegri með-aumkun yfir hinum þjáðu og líðandi íbúum jarðarinnar; hann brann af djúpri þrá til þess að friða þá alla. En jafnvel hans sterka hönd gat ekki haldið til baka hinni þungu öldu mannlegs böls. Fáir voru þeir, sem vildu snúa sér í bæn til hinnar einu hjálpar, sem þeim var möguleg. Hann var fús að selja sálu sína í dauðann þeirra vegna, til þess að þeir mættu hljóta frelsi. En fáir vildu koma til hans til þess að leita sér lífs.

Að hugsa sér almætti himinsins gráta fögrum tár-um. Son hins almáttuga Guðs hryggan í anda, yfirbug-aðan af sorg! Slík sjón varð öllum himinbúum undrun-arefni. Slík sjón opinberar oss hina ómælilegu spilling syndarinnar; hún sýnir hversu erfitt það er, jafnvel fyr-ir takmarkalausan kraft, að frelsa hina seku frá afleið-ingum þess að brjóta hið heilaga lögmál Guðs.

Þegar Jesús skoðaði í huga sér hina síðustu kynslóð, þá sá hann heiminn undirorpinn hinni sömu blekkingu, sem varð Jerusalem að falli. Höfuðsynd Gyðinga var sú að þeir höfnuðu Kristi; höfuðsynd kristinna manna sá hann að verða mundi sú að þeir höfnuðu lögmáli Guðs; grundvelli hans heilögu stjórnar á himni og jörðu. Fyr-irskip-anir Jahve sá hann að verða mundu fyrirlitnar og lítilsvirtar. Miljónir manna í syndafjötrum sá hann sem falla mundu fyrir syndinni, sem þrælar djöfulsins; hann sá að þeir yrðu dæmdir til þess að líða hinn annan dauða; hann sá að þeir mundu ekki hlusta á orð sannleikans á meðan vit. iunartími þeirra stæði yfir.

- [25] Nálega í fjörutíu ár eftir að dómur Jerúsalemsborg- ar hafði verið tilkynntur af Kristi sjálfum, frestaði Drott-inn dómi sínum yfir
- [26] borginni og þjóðinni. Undravert var það hversu þolinmóður Drottinn
- [27] var við þá, sem höfnuðu náðarboðskap hans og myrtu son hans. Dæmisagan um ófrjóa tréð tákna skifti Guðs við Gyðinga þjóðina. Boð hafði verið gefið út á þessa leið: “Högg þú það upp; hvers vegna á það einnig að gjöra jörðina arðlausu”.<sup>1</sup> En guðleg náð þyrmdi trénu enn um nokkra stund. Enn voru margir meðal Gyðinga, sem voru mjög fáfróðir um eðli og verk Krists. Og börnin höfðu farið á mis við mentatækifæri og þekkingarljós það, sem foreldrar þeirra höfðu hafnað. Með prédikun postulanna og félaga þeirra lét Guð ljós skína í hugum þeirra; þeim átti að auðnast að sjá hvernig spádómarnir

<sup>1</sup>Lúk. 13: 7.



rættust, ekki aðeins að því er fæðing Krists og líf snerti, heldur einnig í dauða hans og upprisu. Börnin voru ekki fordæmd fyrir syndir foreldra sinna, en þegar börnin höfnuðu því auka ljósi, sem þeim var sjálfum gefið, í viðbót við það, sem birst hafði foreldrum þeirra, þá urðu þau hluttakendur í syndum foreldra sinna, og fylltu mæli sinna eigin synða.

Allir spádómar Krists um eyðilegging Jerúsalems-borgar hafa bókstaflega komið fram. Gyðingar reyndu sannindi orða hans og aðvarana: “Þeim dómi sem þér dæmið verðið þér dæmdir og með þeim mæli sem þér mæl-ið verður yður mælt”.<sup>2</sup> Tákn og stórmerki skeðu, sem boðuðu dóm og eyðileggingu. Um miðja nóttu ljómaði óeðlilegt ljós yfir musterinu og altarinu. Um sólarlag voru málaðir vagnar og menn samansafnaðir til orustu, á skýjum himinsins. Prestarnir sem framkvæmdu guðs-þjónustu að kveldinu í helgidóminum, urðu skelfdir af leyndardómsfullu hljóði, sem þeir heyrðu. Jörðin skalf og fjöldi radda heyrðist hrópa segjandi: “Látum oss fara hédan”.

Skelfingin sem kom yfir Jerusalem þegar Titus síð-ast sat um borgina var ógurleg. Ráðist var á borgina á þeim tíma, þegar miljónir Gyðinga voru þar samansafn-aðir á páskahátíðinni. Fordabúr þeirra, sem hefði geymt nægilegt af vistum handa öllum íbúum í mörg ár, ef spar-lega hefði verið með farið, hafði áður verið eyðilaggt af afbrýðissemi og hefnigirni hinna ósammála flokka, og nú varð fólkið að þola hungursneyð með öllum þeim skelf-ingum sem henni fylgja. Þúsundir manna fórust af hungri og drepsóttum.

[28]

Foringjar Rómverja reyndu að skjóta Gyðingum skelk í bringu og fá þá þannig til þess að gefast upp. Fangarnir sem veittu mótstöðu þegar þeir voru teknir fastir, voru píndir og kvaldir og krossfestir úti fyrir borgarveggjunum. Hundruð manna voru daglega líflátn-ir á þennan hátt, og þessu hræðilega verki var haldið áfram þangað til krossarnir voru orðnir svo þéttir í röð í Jósafats dalnum og á Golgata, að tæplega var mögu-legt að komast á milli þeirra. Svona hræðileg voru þau orð, sem töluð voru frammi fyrir dómstóli Pílatúsar: “Komi blóð hans yfir oss og yfir börn vor”.<sup>1</sup>

Títus hefði verið fús að enda þessar skelfingar, og fría þannig Jerusalem við mestu hörmungar þess dóms, er yfir henni var feldur.

<sup>2</sup>Matt. 7: 2.

<sup>1</sup>Matt. 27: 25.

Honum blöskraði, þegar hann sá lík hinna dauðu liggja í hrúgum í dölunum. Eins og steini lostinn stóð hann á Olúfjallinu, horfði á hina tign-arlegu borg og skipaði þannig fyrir að ekki skyldi einn einasti steinn vera snertur. En boðum hans var ekki hlýtt. Eftir að hann var kominn inn í tjald sitt um kveld-ið, réðust Gyðingar á hermanna-veit úti fyrir, þegar þeir komu frá musterinu. Í orustunni kastaði hermaður einn eldibrandi í gegn um op í súlnagöngunum, og innan augna-bliks voru herbergin umhverfis hina helgu byggingu í björtu báli, því þau voru þiljiuð með citrus-viði:

“Títusi varð ómögulegt að stöðva æði hermannanna; hann fór inn í musterid með herforingjum sínum og skoð-aði hina helgu byggingu að innan. Hann var gagntekinn af þeirri dýrð, sem hann leit þar, og með því að logarnir höfðu enn ekki læst sig inn í helgidóminn, reyndi hann árangurslaust að bjarga honum. Hann eggjaði enn hermennina á að hætta skemdarverkum sínum. En jafnvel virðingin fyrir keisaranum var ekki nægileg til þess að sefa hið æsta skap þeirra gegn Gyðingum, hina miklu orustu þrá og hina óseðjandi löngun til herfangs

[29] Hermaður kastaði brennandi eldibrandi, án þess að eftir væri tekið, inn á milli hjaranna á hurðinni. Öll byggingin stóð nú í björtu báli á augabragði. Blindandi reykur og óþolandi hiti olli því, að herforingjarnir urðu að fara út og hin tignarlega bygging brann til kaldra kola”.<sup>1</sup>

Eftir eyðilegging musterisins féll öll borgin við-stöðulítið í hendur Rómverja; bæði musterid og borgin voru sléttuð við jörðu, og jörðin þar sem hin helga bygg-ing hafði staðið var “plægð eins og akur”.<sup>2</sup> Í umsátinni og manndrápinu sem henni fylgdi, fórst meira en miljón manna. Þeir sem eftir lifðu, voru fluttir burt sem fang-ar, seldir sem þrælur; dregnir til Rómaborgar, til þess að gjöra tilkomumeiri heimkomu sigurvegaranna; þeim var sumum kastað fyrir villudýr á leiksviðunum, en aðrir dreifðust út um allan heim, sem athvarfs-og ættjarðar-lausir farandmenn.

En ekki fórst einn einasti kristinn maður við eyði-leggingu Jerúsalemsborgar. Kristur hafði aðvarað læri-sveina sína, og allir þeir, sem trúðu aðvörunum hans, höfðu gætur á þeim táknum sem

<sup>1</sup>Milman, “History of the Jews”, 16. bók.

<sup>2</sup>Jer. 26: 18.

ske skyldu. “En er þér sjáið Jerusalem umkringda af herfylkingum”, sagði hann, “þá vitið, að eyðing hennar er í nánd. Þá flýi þeir, sem eru í Júdeu, til fjallanna, og þeir, sem eru inni í borginni, flytji sig burtu”.<sup>3</sup>

Eftir að Rómverjar höfðu umkringgt borgina, hættu þeir umsátinni að óvörum, þegar alt virtist þeim hag-stætt til tafarlausrar árásar. Hinir umsetnu örvæntu um möguleika þess að veita mótstöðu og voru að því komnir að gefast upp, þegar rómverski hershöfðinginn fór burt með lið sitt, að því er virtist gjörsamlega að ástæðulausu. En Guðs miskunnsemi og almætti stjórn-aði málum til hins bezta fyrir fólk sitt. Hið fyrirheitna teikn hafði verið gefið hinum eftirvæntandi kristnu mönn-um og nú var öllum veitt tækifæri sem vildu til þess að hlýða aðvörunum frelsarans. Tafarlaust flýðu þeir á örugga staði — til borgarinnar Pella í Persalandi, hinu-megin árinna Jordan.

Spádómar frelsarans um dóm þann, sem yfir Jerú-salem átti að ganga, eiga enn eftir að hljóta aðra upp-fyllingu, og í sambandi við það var þessi skelfilega eyði-legging ekki nema lítilfjórlegur skuggi. Í forlögum hinn-ar útvöldu borgar getum vér séð hvað fyrir heiminum á að liggja, sem hefir hafnað miskunn Guðs og fótumtroð-ið hans heilaga lögmál. [30]

Svört er saga mannglegra hörmunga, sem skeð hafa á jarðríki um hinar mörgu aldir alls konar glæpa. Hjartað veiklast og hugurinn sljófgast þegar til þess er hugsað. Skelfilegar hafa verið afleiðingar þess að menn höfnuðu krafti Drottins; en þó er enn þá dimmra tíma-bil skýrt í opinberuninni viðvíkjandi framtíðinni. Saga hins liðna, — hinir löngu tímar óeirða, stríða og uppreista, “þegar hver maður gekk fram í miklum vopnagný, og klæðin velktust í blóði, og alt, sem brenna náði, varð eldsmatur”.<sup>1</sup> Hvað er alt þetta í mótsetning við skelfing þess dags, þegar Guð heldur anda sínum með öllu frá hinum spiltu, svo þeir geta ekki lengur haldið í skefjum æði mannglegra girnda og djöfullegri grimd! Þá mun heimurinn sjá glegggra en nokkru sinni áður, áhrif hinnar djöfullegru stjórnar.

En á þeim degi, eins og þegar Jerusalem var eyðilögð, verður fólk Guðs frelsað: “Allir þeir, sem skráðir eru meðal hinna lifandi”. [31]

<sup>3</sup>Lúk. 21: 20, 21.

<sup>1</sup>Jes. 9: 5 (þýðing frá. 1866).

## Ofsóknir á fyrstu öldum

Frelsarinn sá það þegar í byrjun hversu ofviðrin mundu dynja á hinni kristnu kirkju, og þegar hann horfði lengra fram í tímann sá hann hina æðisgengnu eyðandi storma ofsóknanna, sem lærisveinar hans áttu að mæta í framtíðinni á öldum myrkranna og ofsóknanna. Í fáum og stuttum setningum, þrungnum af djúpri og ægilegri þýðingu, spáði hann um mótþróa þann, sem stjórnendur heimsins mundu veita söfnuði Drottins. <sup>1</sup>

Saga kirkjunnar á fyrstu öldum vitnaði um uppfylling þessara spádóma frelsarans. Völd heims og helju tóku saman höndum gegn Kristi í ofsóknum á móti læri-sveinum hans. Heiðindómurinn sá það fyrir fram að ef náðarboðskapurinn yrði yfirsterkari, þá hryndu hof hans og ölturu til grunna; þess vegna var það að heiðindómurinn fylkti öllu sínu liði til þess að eyðileggja kristnina. Eldar ofsóknanna voru kyntir af alefli; kristnir menn voru sviftir eignum sínum og reknir burt frá heimilum sínum. Þeir “urðu að þola mikla raun þjáninga”. Þeir “urðu að sæta háðsyrðum og húðstrokum og þar á ofan fjötrum og fangelsi”. <sup>2</sup> Fjöldi þeirra innsiglaði vitnisburði sína með blóði sínu. Tignir borgarar jafnt sem þrælur; ríkir jafnt sem fátækir; lærðir jafnt sem fáfróðir voru líflátnir miskunnarlaust.

[32] Þessar ofsóknir hófust á ríkisstjórnarárum Nerós, um það leyti sem Páll postuli leið píslarvættisdauða og héldu áfram með meira og minna æði svo öldum skifti. Kristnir menn voru ranglega kærðir um hina ógurleg-ustu glæpi, og því lýst yfir að þeir væru orsök í ósegjan- legum hörmungum — svo sem hungursneyð, drepsóttum, og jarðskjálfta. Þegar þeir urðu fyrir almennu hatri og grunsemd voru menn reiðubúnir að koma fram gegn þeim og bera ljúgvitni í gróða skyni, þótt þeir vissu að þeir væru saklausir. Þeir voru dæmdir sem uppreistar-menn gegn ríkinu, sem fjandmenn trúarinnar og vargar í véum í félagslífi manna. Fjölda mörgum þeirra var kastað fyrir óarga dýr eða þeir brendir á báli í samkvæm-issölum. Sumir

<sup>1</sup>Matt. 24: 9, 21, 22.

<sup>2</sup>Heb. 11: 36, 37.

voru krossfestir, aðrir voru vafðir í skinum villidýra og þeim síðan kastað inn á leiksviðið, þar sem þeir voru rifnir í sundur af grimmmum hundum. Þessar aðferðir, sem kallaðar voru hegningar, voru oft hafðar til skemtunar á almennum samkvæmum. Óteljandi manngví safnaðist oft saman til þess að horfa á slíkt sér til ánægju, og hlátur og lófaklapp gall við þegar hinir deyjandi píslarvottar engdust sundur og saman af ofraun kvalanna.

Hvar sem lærisveinar Krists leituðu hælís voru þeir ofsóttir eins og þeir væru rándýr. Þeir neyddust til þess að fara huldu höfði og felast á auðnum og afskektum stöðum. “Alls vana, aðþrengdir og illa haldnir reikuðu þeir um óbygðir og fjöll og héldust við í helium og jarð-holum”.<sup>1</sup>

Já, slík voru kjör þeirra manna, sem svo voru göfugir að heimurinn var þeirra ekki verður. Þúsundir manna leyndust í grafhvelvingum. Undir hæðum fyrir utan Rómaborg höfðu löng göng verið grafin gegn um jarðveg og kalk. Eins og net kvísluðust þessi mörgu jarðgöng í allar áttir út fyrir borgarmúrana. Í þessum neðanjarðarfylgsnum grófu lærisveinar Krists sína dauðu og þang-að leituðu þeir einnig á flótta fyrir ofsóknum og hnefa-rétti; þar var þrautalendingin þegar hvergi var örugt annarsstaðar.

Engar ofsóknir, hversu hlífðarlausar sem þær voru, veiktu hjá lærisveinum Krists trúna á hann, né öftruðu þeim frá því að vitna um hann. Þó þeir væru rændir öllum þægindum; útilokaðir frá sólarljósinu, og leitandi hælís og heimilis í hinum dökku og dimmu iðrum jarðar-innar, þar sem friður og öryggi ríkti, þá mögðu þeir aldrei. Þeir hughreystu hverir aðra með orðum trúar, þolgæði og vonar til þess að þola harðrétti og hörmungar. Þótt þeir væru sviftir allri veraldlegri blessun, var það engum mögulegt að neyða þá til þess að afneita trúnni á Krist. Þrautir og ofsóknir skoðuðu þeir sem meðal er færði þá nær heimkynni hvíldar og verðlauna.

[33]

[34]

[35]

Eins og þjónar Drottins í fornöld voru margir þeirra “þyndaðir og þáðu ekki lausnina, til þess þeir öðluðust betri upprisu”,<sup>1</sup> — þeir heyrðu rödd Drottins segjandi: “Vertu trúr alt til dauðans og þá mun eg gefa þér lífsins kórónu”.<sup>2</sup>

<sup>1</sup>Heb. 11: 37, 38.

<sup>1</sup>Heb. 11: 35.

<sup>2</sup>Opinb. 2: 10.

Árangurslausar voru tilraunir myrkrähöfðingjans til þess að eyðileggja kirkju Krists með ofbeldi. Hin mikla deila, sem lærisveinar Krists urðu að láta lífið fyrir, hvarf ekki úr sögunni þegar hinir trúföstu merkisberar gengu til moldar. Þeirra stærsti sigur var í ósigrinum. Verkamenn Drottins voru líflátnir, en verk þeirra héldu áfram stöðugt og sívaxandi. Náðarboðskapurinn út-breiddist og þeim fjölgaði ár frá ári sem hann aðhlytust. Hann komst þangað sem ómögulegt var að komast, jafn-vel hersveitum Rómverja.

Þúsundum manna var varpað í fangelsi og þeir líf-látnir; en aðrir risu upp til þess að koma í þeirra stað og bera merkið sem þeir höfðu haldið á lofti. Og þeir sem dóu píslarvættisdauða fyrir trú sína voru trygðir Kristi og af honum taldir sigurvegarar. Þeir höfðu bar-ist góðri baráttu og þeir áttu að hljóta kórónu dýrðarinn-ar þegar Kristur kæmi. Allar þær hörmungar sem hinir kristnu menn liðu færðu þá bæði nær hverja öðrum og nær frelsara þeirra. Þeirra lifandi eftirdæmi og þeirra deyjandi vitnisburðir voru stöðugir vitnisburðir um sann-leikann og þar sem sízt var við búist yfirgáfu fylgjendur myrkrähöfðingjans þjónustu hans og fylktu sér undir merki Krists.

Myrkrähöfðinginn þurfti því á leyniráðum að halda til þess að betur mætti hepnast stríð hans gegn stjórn Drottins; í því skyni laumaði hann merki sínu inn í hina kristnu kirkju. Ef honum tækist að blekkja fylgjendur Krists og fá þá til þess að vanþóknast Guði sínum, þá var það unnið að styrkur þeirra, þrek og staðfesta hlaut að fara út um þúfur og þeir að verða sigraðir með lítilli fyrirhöfn.

Hinn mikli óvinur reyndi nú að koma því fram með brögðum, sem honum hafði mistekist að vinna með ofur-efli. Ofsóknirnar hættu og í þeirra stað komu hinar hættulegu ginningar og freistingar í sambandi við trúar-lega velgengni og veraldlega upphefð. Skurð-goðadýrk-endur voru leiddir til þess að taka upp nokkur atriði hinnar kristnu trúar, jafnframt því sem þeir neituðu öðr-um aðalsannindum hennar. Þeir þóttust viðurkenna Jesús sem Guðs son og trúa á dauða hans og uppris; en þeir höfðu enga syndar meðvitund og fundu alls ekki til þess að þeim væri þörf á iðrun eða afturhvarfi. Þegar þeir þannig gáfu dálítið eftir, töldu þeir það sanngjarnt að hinir kristnu mættu þeim á miðri leið og allir gætu þannig mæzt á því atriði að trúa á Krist.

Nú var kirkjan í voðalegri hættu. Fangelsi, pint-ingar, eldur og sverð voru blessun í samanburði við það, sem nú dundi yfir. Sumir

hinna kristnu stóðu fastir fyrir eins og bjarg, hvað sem á gekk, og lýstu því yfir að þeim væri ómögulegt að slaka neitt til. Aðrir vildu sveigja til eða slá af í sumum kenningum trúar sinnar; sögðu þeir að með því móti að bindast félagsskap við þá sem játað hefðu nokkurn hluta kristninnar, gætu þeir ef til vill vonast eftir að ná takmarki sínu og snúið hinum til fullnustu. Þetta olli hinum sannkristnu mikilla áhyggja; undir skykkju og yfirskyni uppgerðar kristni var myrkra-höfðinginn að koma áhrifum sínum inn í sjálfa kirkjuna til þess að veikja trúna og snúa hugum manna frá sann-leikanum.

Loksins létu flestir hinna kristnu tilleiðast að lækka merkið og sameining átti sér stað milli kristni og heiðin-dóms. Þrátt fyrir það þótt hjáguðadýrkendur þættust vera snúnir til kristni og sameinuðust kirkjunni í orði kveðnu, þá héldu þeir samt fast við hjáguðadýrkun sína og breyttu aðeins tilbeiðsluformi sínu þannig að þeir til-báðu líkneski Krists og jafnvel Maríu og hina helgu menn. Hin hættulegu áhrif skurðgoðadýrkunarinnar, sem þann-ig komust inn í kirkjuna, sýrðu hana stöðugt og afvega-leiddu. Óheilbrigðar kenningar, hjátrú-arþulur og skurð-goðasiðir voru blandaðir kirkjutrúnni og guðspjón-ust-unni. Þegar fylgjendur Krists sameinuðust þannig skurðgoða-dýrkendum, spiltist kristna trúin og kirkjan tapaði hreinleika sínum og krafti. Þeir voru þó altaf nokkrir, sem ekki létu afvegaleiðast af þessum blekk-ingum. Þeir stóðu enn stöðugir í trúnni á höfund sann-leikans og tilbáðu hinn eina og sanna Guð.

[37]

Það kostaði hina trúföstu ósegjanlega baráttu að standa óbif-anlegir gegn blekkingum og móðgunum, sem voru bornar fram í dulargerfi heilagleikans og þeim laum-að inn í kirkjuna. Biblían var ekki viðurkend sem hin óskeikula regla og mælisnúra trúarinnar. Kenningarnar um trúarbragðafrelsi voru taldar villulærdómar og þeir sem þeim fylgdu voru hataðir og ofsóttir.

Eftir langt og strangt stríð afréðu hinir fáu trúföstu að slíta öllu sambandi við hina fráfallnu kirkju, ef hún héldi áfram í falskenning-um og skurðgoðadýrkun; þeir sáu það að skilnaður var óhjákvæmi-legur ef þeir áttu að hlýða orði og boðum Drottins. Þeir gátu ekki þolað yfir-sjónir sem kostuðu sáluhjálp þeirra og gáfu þau eftir-dæmi sem stofnuðu sanntrúnaði barna þeirra og barna-barna í hættu. Þeir voru reiðubúnir að slaka til í hverju sem var, svo framarlega sem það kom ekki í bága við trúfesti þeirra við Guð; en þeir álitu að jafnvel

friður yrði of dýrkeyptur ef hann ætti að vera borgaður með því að fórnfæra fyrir hann sannfæringunni.

[38] Hinir fyrstu kristnu voru sannarlega undarlegt fólk; hið óaðfinnanlega líferni þeirra og flekklausu breytni og staðfasta trú urðu stöðugt til þess að trufla frið syndar-anna. Þótt þeir væru fáir og fátækir, lítilsvirtir og fyrir-litnir, þá stóð illgerðamönnum ótti af þeim hvar sem framferði þeirra og kenningar þektust. Þess vegna höt-uðu hinir óguðlegu þá með því hatri, sem Kain hataði Abel bróður sinn. Af sömu ástæðum sem Kain myrti Abel líflétu þeir lærisveina hins lifanda Guðs, svo að þeir fengju losnað við áhrif hins heilaga anda. Það var fyrir sömu ástæðurnar að Gyðingar afneituðu frelsaranum og krossfestu hann — vegna þess að hreinleiki og heilagleiki í lífi hans og breytni var þeim stöðug áminning og ásökun fyrir sjálfselsku þeirra og spilling. Frá dögum Krists og alt til vorra daga hafa hinir trúu lærisveinar hans vakið á sér hatur og ofsóknir þeirra sem elska syndina og fylgja vegum hennar. Guðspjöllin eru friðarboðskapur; biblían er sannorð. Kristnin er þannig í eðli sínu að þegar hún er meðtekin og henni hlýtt, þá hlýtur hún að útbreiða frið, samræmi og hamingju á jarðríki. Kristna trúin sameinar í bræðralagi alla þá sem henni veita mót-töku og hlýða kenningum hennar. Það var erindi Krists í þennan heim að sætta mennina við Guð og þannig sætta þá hvern við annan. En veröldin er yfir höfuð undir stjórn Satans, versta óvinar Jesú Krists. Guðspjöllin kenna mönnum eiginleika líferniss, sem er öldungis and-stætt ástríðum og girndum og þeir gera uppreist á móti því. Þeir hata hreinleikann sem birtir og fordæmir syndir þeirra og þeir ofsækja og eyðileggja þá, sem brýna fyrir þeim hinar réttlátu og heilögu kröfur Guðs orðs. Það er í þessum skilningi sem guðspjöllin eru nefnd sverð.

Hið leyndardómsfulla almætti, sem lætur það við-gangast að hinir réttlátu þoli ofsóknir af höndum hinna óguðlegu, hefir verið mörgum þeim mönnum erfið gáta, sem trúarveikir hafa verið. Sumir eru jafnvel reiðubún-ir að kasta trúnni á Drottinn fyrir þá sök að hann lætur viðgangast að hinir verstu menn komist áfram með klæki sína og farnast vel, en hinir beztu og hreinustu eru of-sóttir og kvaldir með grimdaraffli þeirra. Frelsarinn sagði við lærisveina sína: “Minnist orðsins sem eg hefi talað til yðar: Ekki er þjónn meiri en húsbóndi hans. Hafi þeir ofsótt mig, þá munu þeir líka ofsækja



yður”.<sup>1</sup> Jesús leið fyrir oss meira en nokkrir lærisveina hans gætu liðið vegna grimdar vondra manna. Þeir sem verða fyrir hörmungum og píslarvætti gera ekkert annað en feta í fótspor Guðs elskulega sonar.

“Ekki er Drottinn seinn á sér með fyrirheitið”.<sup>2</sup> Hann gleymir ekki börnum sínum og vanrækir ekki þarfir þeirra, en hann leyfir hinum illu að sýna hið sanna hugarfar þeirra til þess að enginn er á hann trúir blekk-ist að því er þá snertir. Enn er hinum réttlátu varpað í glóandi ofn hörmunganna til þess að þeir geti sjálfir hreinsast og til þess að eftirdæmi þeirra geti sannfært aðra um veruleika trúar og guðdóms. Og einnig til þess að hin óskeikula stefna þeirra verði til fordæmingarhinum óguðlegu og trúlausu.

Guð líður það að hinum illu farnist vel, og hann líður það að þeir opinberi óvináttu sína gegn honum; til þess að þegar þeir hafa fylt mæli synda sinna geti allir séð réttlæti hans og miskunnsemi í algerðri eyðileggingu þeirra. Reiðidagur hans nálgast þegar allir þeir er brotið hafa lög hans og þjakað fólki hans hljóta nú makleg málagjöld, þegar öll grimdarverk hinna illu gegn hinum trúuðu sæta hegningu, eins og þau væru framin gegn Kristi sjálfum.

[39]

[40]

---

<sup>1</sup>Jóh. 15: 20.

<sup>2</sup>2. Pét. 3: 9.

## Fráfallið

Í öðrum pistli sínum til Þessalóníu manna sagði Páll postuli fyrir hið mikla fráfall, sem leiða mundi af páfa-valdinu. Hann sagði að dagur Krists mundi ekki koma “nema fráhrarfið komi fyrst og maður syndarinnar birt-ist, glötunar sonurinn, hann sem setur sig á móti og rís gegn öllu því, sem kallast Guð eða helgur dómur, svo að hann sezt í Guðs musteri og kemur fram eins og hann væri Guð”.<sup>1</sup> Og enn fremur aðvaraði postulinn bræður sína og segir: “Því að lögleysið er þegar farið að starfa í leyndum”.<sup>2</sup> Jafnvel svo snemma sá postulinn það að villu-kenningar voru farnar að komast inn í kirkjuna, sem hlytu að ryðja veg páfavillunni.

Smám saman ruddi leyndardómur ranglætisins til rúms hinu blekkjandi guðlastsstarfi sínu; fyrst í stað þegjandi og hljóðalaust, en síðar opinberlega og með meiri ákafa og afli. Siðir heiðninnar komust svo að segja án þess að eftir væri tekið inn í kirkju kristinnar. Anda máламиðlunar og samvinnu var haldið til baka um tíma með hinum miku ofsóknum, sem kirkjan varð að þola af völdum heiðninnar; en þegar ofsóknunum linti og kristn-in komst inn í hirðir konunganna og réttarsalina, þá misti hún hina miklu auðmýkt og einfaldleik Krists og lærisveina hans, en tók á sig skrautið og tilgerðina, sem eiginlega tilheyrði prestum heiðingjanna og stjórnend-um þeirra; og í stað skipana Drottins tók hún að kenna mannalærdóma og sögusagnir.

[41] Þegar Konstantinus snerist að nafninu til á fyrri hluta fjórðu aldar, var mikil gleði og fögnuður á ferðum og heimurinn klæddi sig skikkju útvortis réttlætis, og synir hans sóttu kirkjuna og tengdust henni til mála-mynda.

Nú fleygði spillingunni áfram hröðum skrefum; heiðindómurinn sem virtist horfinn, var í raun rétttri orð-inn sigurvegari. Andi hans réði kirkjunni; kenningar hans, siðir og hjátrú fluttust inn í kirkju og trú og til-beiðslusiði þeirra sem þóttust vera lærisveinar Krists. Þessi máламиðlun milli heiðindóms og kristni varð til þess að þroska

---

<sup>1</sup>2. Þess. 2: 3, 4.

<sup>2</sup>2. Þess. 2: 7.

“mann syndarinnar” sem spáð er um og setja mundi sig upp á móti og upphefja sig yfir Guð. Þetta voðalega samvinnuafli falskrar trúar er meistara-verk myrkrahöfðingjans — minnisvarði tilrauna hans til þess að setja sjálfan sig í háseti og stjórna heiminum eftir sínum eigin geðþótta.

Einu sinni reyndi Satan að gera samning við sjálfan Krist. Hann kom til Guðs sonar á eyðimörk freisting-anna, sýndi honum öll ríki veraldarinnar og þeirra dýrð og lofaði að gefa honum það alt í vald, ef hann aðeins vildi viðurkenna vald myrkrahöfðingjans. Kristur atyrkti hinn ósvífna freistara og rak hann frá sér. En Djöflinum verður betur ágengt þegar hann freistar mann-anna á sama hátt. Til þess að öðlast veraldleg gæði og heiður var kirkjan látin sækjast eftir hylli og aðstoð heldri og voldugri manna hér í heimi. Og þegar kirkjan hafði þannig hrundið Kristi frá sér var hún fengin til þess að samþykkja samband við fulltrúa Djöfulsins — biskupinn í Rómaborg.

Það er ein af aðalkeningum rómversk kaþólskra manna að páfinn í Róm sé hið sýnilega höfuð hinnar almennu kristilegu kirkju, og hafi allsherjar vald yfir biskupum og prestum í öllum heimi. Meira að segja páfanum hefir verið gefið guðlegt nafn eða nafnbót. Hann hefir verið kallaður: “Guð Drottinn, páfinn”, og því hefir verið lýst yfir að hann væri óskeikull. Hann krefst virðingar og viðurkenningar allra manna, alveg eins og Djöfullinn sjálfur í eyðimörk freistinganna, og sömu kröfu lætur hann bera fram fyrir sína hönd í rómversku kirkjunni enn þann dag í dag, og múgur og margmenni er reiðubúið að veita honum þá lotningu er hann heimtar.

En þeir sem óttast og elska Guð svara þessari himin- hrópandi ósvífni eins og Kristur gjörði þegar hann mætti freistaránnum og segja: “Drottinn Guð þinn átt þú að tilbiðja, og þjóna honum einum”.<sup>1</sup> Guð hefir aldrei gefið hina minstu bendingu um það í orði sínu að hann hafi útnefnt nokkurn sem umboðsmann sinn hér á jörð-urnni eða höfuð kirkju sinnar. Kenning páfakirkjunnar er í beinni mótsögn við kenningu heilagrar ritningar. Páfinn getur ekkert vald haft yfir kirkju Krists.

Satan vissi það vel að með ljósi heilagrar ritningar gátu menn séð blekkingar hans og veitt valdi hans mót-stöðu. Það var með Guðs orði að jafnvel frelsari heims-ins stóð á móti valdi hans og árásum. Við

<sup>1</sup>Lúk. 4: 8.

hverja árás varðist Kristur með skildi hins eilífa sannleika og sagði: “Ritað er”. Hvaða uppástungu sem freistarinn bar fram mætti Kristur með speki og afli hins heilaga Guðs orðs. Til þess að Djöfullinn geti haft vald yfir mönnunum og styrkt áhrif sín yfir hinu kaþólska ofbeldi verður hann að halda fólki í fáfræði að því er Guðs orð snertir. Þegar menn lesa biblíuna og skilja hana sjá þeir Guðs dýrð og lítulleik þeirra sjálfra, þess vegna verð-ur að leyna hinum heilaga sannleika Guðs orðs og sjá um að ekki útbreiðist þekking á því. Svo öldum skifti var bönnuð sala biblíunnar. Fólki var bannað að lesa hana eða hafa hana á heimilum sínum, og óhlutvandar prestar og skriflærðir menn þýddu hana fyrir fólkinu á þann hátt sem bezt gat orðið til þess að styrkja villukenn-ingar þeirra. Þannig varð það að páfinn hlaut svo að segja almenna viðurkenningu sem fulltrúi Drottins á jörðunni með guðlegu valdi frá hinnum yfir kirkju og ríki.

[43] Þegar svo var um hnúta búið að ekki var hægt að finna eða sjá villurnar, þá gat Djöfullinn starfað eftir eigin geðþótta. Spámennirnir sögðu að páfadómurinn mundi “hafa í hyggju að umbreyta helgítíðum og lögum”.<sup>2</sup> Þetta var páfavaldið ekki seint á sér að reyna. Að veita þeim sem frá heiðninni snerust eitthvað í staðinn fyrir skurðgoðin og þannig að láta líta svo út, sem þeim væri gert hægra fyrir með kristnina, það voru ráð þess. Til-beiðsla líkneskja og skurðgoða komst brátt inn í tilbeiðslu hinna kristnu. Aðalkirkjuráðið gaf loksins út skipun, þar sem skurðgoðadýrkun var innleidd. Til þess að fullkomna þessar guðlasts athafnir, strykaði páfadómurinn í burtu af lögmáli Drottins annað boðorðið, sem bannaði mynda-dýrkun eða skurðgoðadýrkun, en í stað þess var tíunda boðorðinu skift í tvent, til þess að halda tölunni.

Sá andi sem þá ríkti í þá átt að gefa eftir fyrir heiðninni, ruddi braut enn þá meira virðingarleysi fyrir Drottni himnanna; Djöfullinn, sem starfaði í framkvæmd-um vanheilagra kirkju leiðtoga, átti einnig við fjórða boð-orðið og hugsaði sér að nema úr gildi hinn forna hvíldar-dag, daginn sem Guð hafði blessað og helgað<sup>1</sup>, en lögleiða í stað hans hvíldardag þann er heiðingjarnir héldu og kalla hann, “hinn heiðursverða dag sólarinnar”. Þessi breyting var í fyrstu ekki

<sup>2</sup>Dan. 7: 25.

<sup>1</sup>2. Móse 2: 2, 3.

reynd opinberlega. Á fyrstu öldum kristinnar höfðu allir kristnir menn haldið hvíld-ardaginn heilagan. Þeir báru djúpa lotningu fyrir almætti Drottins; og með því að þeir trúðu því að lög hans væru óumbreytanleg, gættu þeir af allri sál og öllum huga hlýðni við þau og fastheldni. En með hinni mestu slæg-vizku vann Djöfullinn að því að koma áformi sínu fram. Til þess að draga athygli fólks að sunnudeginum, var sá dagur gerður að hátíðisdegi til minningar um upprisu Krists; guðspjónustur og bænagerðir fóru þá fram, samt var hann talinn skemtídagur, en hvíldardagurinn eða Drottins dagurinn var enn haldinn á laugardag.

Til þess að ryðja því máli braut sem hann ætlaði sér að koma í framkvæmd, hafði Djöfullinn fengið Gyðinga, áður en Kristur kom í heiminn, til þess að hlaða á hvíld-ardaginn alls konar reglum og helgisiðum, sem gerðu helgihald hans þunga byrði. Þegar hann nú hafði komið því til leiðar að hvíldardagurinn var þannig skoðaður í röngu ljósi, kom hann fyrirlitningu af stað á þeim helgi-degi sem Gyðinglegri stofnun. Og meðan kristnir menn þannig héldu áfram að halda sunnudaginn sem gleði-hátíð, þá kom Satan þeim til þess að skoða laugardag-inn sem dag föstu, sorga og dapurleika; var það til þess að sýna hatur sitt til Gyðingdómsins.

Á fyrri hluta fjórðu aldar lét Konstantínus keisari boð út ganga að sunnudagurinn skyldi eftir það vera haldinn sem almennur hátíðisdagur í öllu Rómarríki.

[44]

Dagur sólarinnar var haldinn helgur af hinum heiðnu borgurum keisarans, en skoðaður sem hátíðisdagur af hinum kristnu. Það var áform keisarans að sameina hinar andstæðu fylkingar kristinnar og heiðindómsins. Prestar kirkjunnar fengu hann til þess að gera þetta; voru þeir þyrstir eftir völdum og yfirráðum, og sáu það að ef sami dagur væri helgur haldinn af heiðnum og kristnum mönnum, þá leiddi það til þess að kristnin yrði meðtekin að nafninu til af heiðingjum og vald og dýrð kirkjunnar yxi við það. En þótt margir sannkristnir menn leiddust smám saman til þess að skoða sunnudag-inn sem hálfhelgan dag, þá héldu þeir samt áfram að halda helgan laugardaginn sem dag Drottins, og hlýddu þeir þannig fjórða boðorðinu.

Erkifreistarinn hafði enn ekki lokið áformi sínu; hann var ákveðinn í því að safna hinum kristna heimi undir merki sitt og framfylgja valdi sínu með starfi full-trúa síns, æðsta prestsins, sem þóttist vera

fulltrúi Krists. Hann kom fram áformi sínu með hálfsnúnum heiðingjum, hégómagjörnum prestum og stjórnendum og veraldlega sinnuðum kirkjumönnum. Stórar samkundur voru haldnar öðru hvoru, þar sem stórmenni kirkjunnar voru saman komin úr öllum heimi. Á hverju slíku þingi var hvíldardagurinn, sem Guð hafði stofnað, settur skör lægra en næst á undan, en sunnudagurinn tilsva-andi hærra. Þannig náði hinn heiðni hátíðisdagur smátt og smátt meiri helgi, sem guðleg stofnun, en helgidag-ur biblíunnar var talinn sem nokkurs konar Gyðinga leifar, og loksins var helgihald laugardagsins bannfært.

[45] Hinn mikli antikristur hafði komist svo langt að honum hafði tekist að hefja sjálfan sig yfir alt, “sem kallast Guð eða helgur dómur”.<sup>1</sup> Hann hafði dirfst að breyta hinu eina fyrirmæli guðlegra laga, sem ótví-ræðilega bendir öllu mannkyni til hins sanna og lifanda Guðs. Í fjórða boðorðinu birtist Guð sem skapari himins og jarðar og er þar með aðgreindur frá öllum falsguðum. Þessi dagur var af honum sjálfum helgaður til minning-ar um það að hann á sjöunda degi hafði fullkomnað sköpunina og helgaði hann þenna sama dag sem hvíldar-dag fyrir oss mennina um allan aldur. Átti hann að vera til þess að halda óafmáanlegri minningu hins lifanda Guðs í huga mannanna, sem uppsprettu tilverunnar og hátignarinnar og dýrð-arinnar. Djöfullinn reynir að snúa mönnum frá sambandi við Guð og frá því að hlýða honum og lögum hans; þess vegna beitir hann áhrifum sín-um gegn því boðorðinu, sem bendir á Guð sem skapara.

Á sjöttu öldinni var páfadómurinn orðinn fastur í sessi. Vald hans átti miðstöð sína í keisaraborginni og því var lýst yfir að biskupinn í Róm væri höfuð allrar kirkjunnar. Páfadómurinn hafði komið í stað heiðindómsins. Drekin hafði veitt dýrinu “mátt sinn og hásæti sitt og vald mikið”.<sup>2</sup> Og nú hófst 1260 ára tímabil páfadómsins og ofsóknanna, sem frá er skýrt í spádómsbók Daníels og Opinberunar-bókinni.<sup>1</sup> Kristnir menn voru annaðhvort neyddir til þess að afneita trú sinni og viðurkenna páfa-trúna með siðum hennar og athöfnum, eða að eyða æfi sinni í myrkvastofum eða líða píslardauða í kvalatól-um, með barsmíð eða af blóðöxi. Nú voru uppfyllt spámanns-orð Jesú Krists: “En þér munuð framseldir verða jafnvel af foreldrum

<sup>1</sup>2. Þess. 2: 4.

<sup>2</sup>Dan. 7: 25; Opinb. 13: 5-7.

<sup>1</sup>Opinb. 13: 2.

og bræðrum og frændum og vinum; og nokkra af yður munu þeir lífláta. Og þér munuð verða hataðir af öllum vegna nafns míns”.<sup>3</sup> Ofsóknirnar gegn hinum trúföstu voru ákafari en nokkru sinni fyr og ver-öldin breyttist í víðlendan orustuvöll. Í hundruð ára leitaði kirkja Krists hælis í afkymum og afviknum stöðum: “Konan flýði út á eyðimörkina þar sem hún hefir stað fyrirbúinn af Guði, til þess að menn ali hana þar og þar skal hún haldast við í eitt þúsund, tvö hundruð og sextíu daga”.<sup>4</sup>

Vald rómversku kirkjunnar var byrjun myrkurald-anna. Eftir því sem vald hennar magnaðist, að því skapi óx myrkrið. Trúin var ekki lengur á Krist, hinn rétta grundvöll, heldur páfann og Róm. Í stað þess að full-treysta syni Guðs til syndafyrirgefninga og eilífrar sælu, treysti fólkið páfanum og prestunum og hinum skrift-lærðu, sem hann veitti vald sitt. Fólkinu var kent að páf-inn væri þess jarðneski meðalgangari og að enginn gæti komist til Guðs nema fyrir meðal-göngu hans, og enn frem-ur að hann væri þeim sama sem Guð og því ætti að sýna honum takmarkalaus hlýðni. Broti gegn boðum hans var hegnt með hörðustu refsingum; það var kent að Drottinn sendi líkams og sálarkvalir og alls konar plágur þeim sem ekki hlýddu boðum páfans. Þannig var huga fólksins snúið frá Guði og það látið í hans stað tilbiðja skeikula, villuráfandi og grimma menn; eða réttara sagt var því snúið frá sjálfum Guði til myrkrahöfðingjans, sem beitti valdi sínu á þessa menn sem verkfæri sitt og hafði þá í hendi sinni. Syndin var dularklædd í flíkum einlægninnar og heilagleikans. Þegar heilög ritning er bönnuð og maður þykist vera óskeikull, þá er ekki við öðru en blekkingum að búast, táldrætti og siðspillandi óréttlæti. Með því að upphefja mannleg lög og sagnir varð spillingin augljós, sem ávalt leiðir af því að ganga fram hjá lögum Drottins.

Þetta voru hættulegir tímar fyrir kirkju Krists. Hinir trúu merkisberar voru í sannleika fáir. Þó sann-leikurinn væri ekki án vitnisburðar, þá var svo að sjá um tíma að blekkingar og villukenningar mundu fá yfir-hönd og sannri trú verða útrýmt af jarðríki. Boðorðin gleymdust, en helgisiðirnir margfölduðust og fólkinu var ofþyngt með álögum og fjárframlögum.

<sup>3</sup>Lúk. 21: 16, 17.

<sup>4</sup>Opinb. 12: 6.

Ekki var mönnum einungis kent að líta upp til páf-ans, sem með-  
algangara; heldur einnig að trúa á réttlæt-ing og syndafyrirgefning  
af eigin verkum. Langar píla-grímsferðir, meinlætaliðnaður, dýrkun  
helgra manna og jafnvel helgra hluta, kirkjubygginga, altara eða  
helgi-dóma, stórar fjárgjafir til kirkna, alt þetta var fólki kent að væri  
til þess að sættast við Guð, mýkja reiði hans eða öðlast hylli hans;  
rétt eins og Guð almáttugur væri þeim mannlegu eiginleikum háður  
að reiðast af smámunum eða blíðkast af lítilfjörlegum gjöfum eða  
meinlætaliðnaði!

Myrkrið sýndist vaxa. Skurðgoðadýrkun varð tíð-ari. Kertaljós-  
um var haldið frammi fyrir líkneskjum og þeim voru fluttar bænir.  
En á sama tíma lifðu prestarnir sjálfir í glaumi og gjálífi, lauslæti og  
siðspillingu, og mátti því vænta þess að fólkið sem leit upp til þeirra  
til fyrirgefningar sykki niður í djúp lasta og þekkingar-leysis.

Greinilegt dæmi þess hversu ofsafullir þessir tals-menn óskeik-  
[47] ulleikans voru, er það hvernig farið var með Hinrik IV. Þýzkaland-  
[48] skeisara. Fyrir það að hann þótti ekki sýna páfadóminum hæfilega  
virðingu var hann sett-ur út af sakramentinu og rekinn frá völdum.  
[49] Skelfdur af fráhvarfi og heitingum sinna eiginn manna, sem eggj-aðir  
voru til uppreistar gegn honum með valdboði páfans, sá keisarinn  
sér ekki annað fært en að leita sætta við kirkjuna í Rómaborg. Ásamt  
konu sinni og hinum trúa þjóni sínum fór hann yfir Alpafjöllin um  
miðjan vetur, til þess að friðmælast við páfann. Þegar hann kom til  
kastalans sem Gregorius hafði nýlega yfirgefið, var keisarinn leiddur  
varðmannalaus út í úthýsi og þar beið hann lengi skjálfandi af kulda,  
berhöfðaður, berfættur og illa til fara um hávetur eftir því að fá að  
ná tali páfans. Og það var ekki fyr en hann hafði fastað og játað  
syndir sínar í þrjá daga samfleitt að æðsti prestur allra náðar-sam-  
legast veitti honum fyrirgefningu. Og jafnvel þá var fyrirgefningin  
því skilyrði bundin að keisarinn fengi heimildir frá páfanum áður  
en hann tæki sér keisara-skrúðann eða stjórnarvald. Og Gregorius  
stærði sig af því að það hefði verið skylda sín “að lækka hrokann í  
þessum óstýrilátu konungum”.

Engum mun dyljast sá mikli munur, sem var á þessu takmarka-  
lausu drambi og hroka þessa stæriláta prests og raildi og ljúflek  
Kristis, sem lýsir sjálfum sér sem þeim, er standi við dyr hjartans og  
æski þar inngöngu með frið og fyrirgefningu, og sem birti mönnum



kenn-ingu sína í þessum orðum: “Sérhver sá er vill verða mik-ill yðar á meðal, hann skal vera þjónn yðar”.<sup>1</sup>

Eftir því sem aldir liðu fram uxu stöðugt villukenn-ingarnar frá Rómaborg. Jafnvel áður en páfadómurinn var stofnaður voru komnar fram kenningar heiðinna heim-spekinga og höfðu haft áhrif í kirkjunni. Margir þeirra, sem til kristni þóttust hafa snúist héldu enn fast við heiðnar kenningar þessara heimspekinga og héldu ekki einungis áfram að stunda þær sjálfir, heldur eggjuðu þeir aðra til þess að gera það líka, í því skyni að auka áhrif sín meðal heiðinna manna. Alvarlegar villur kom-ust þannig inn í kristnu trúna. Ein þessara villa var trúin um hinn náttúrlega ódauðleika og meðvitund manns-ins í dauðanum. Þessi kenning lagði grundvöllinn að þeirri kenningu sem rómverska kaþólska kirkjan byggði á trúna á helga menn og dýrkun Maríu meyjar. Af þessu leiddi einnig kenningin um eilífar kvalir hinna óendur-fæddu, og komst sú kenning mjög snemma inn í páfa-kirkjuna.

[50]

Þá var rudd braut annari enn þá hættulegri villu-kenningu heiðindómsins, þeirri er rómverska kaþólska kirkjan nefndi hreinsunareld. Var sú kenning til þess uppfundin og henni í því skyni beitt að hræða hina trú-gjörnu og hjátrúarfullu alþýðu. Samkvæmt þessari villu-kenningu er því haldið fram að til sé ákveðinn kvala-staður, þar sem þeir séu látnir taka út hegningu, sem ekki hafi verið nógu spiltir til eilífrar fordæmingar, og þegar þeir séu í þessum hreinsunareldi orðnir lausir við syndir sínar og óhreinleik, þá verði þeim leyfð innganga í hina himnesku sælubústaði.

Enn þá var þörf á nýrri trúarbragðalegri uppfynd-ingu, til þess að rómverska kaþólska kirkjan gæti fitað sig á ótta og löstum þeirra, sem henni fylgdu. Þessi upp-fynding var í því fólgin að menn gátu óhultir syndgað um langan tíma og keypt síðan syndafyrirgefning. Kirkjan lofaði fullri fyrirgefning allra synda drýgðra í fortíð, nútíð og framtíð, og lausn frá öllum kvölum og allri hegningu; þessa af-lausn fengu þeir einir, sem fúsir voru til þess að taka þátt í stríði páfans til þess að breiða út hans jarðneska ríki, hegna óvinum hans eða ráða þá af dögum sem dirfðust að efa hans andlega vald og yfir-burði. Fólkinu var einnig kent það að með því að greiða kirkjunum ákveðnar fjárupphæðir gæti það keypt sér syndakvittanir sjálfum sér,

<sup>1</sup>Matt. 20: 26.

og gæti meira að segja keypt vini sína og vandamenn úr hreinsunareldinum og stytt þeim þannig kvalirnar þar. Með þessum ráðum og öðrum álíka vönduðum fyllti rómverska kirkjan fjárhirzl-ur sínar; með þessu móti gat hún borist á eins og hún gerði í allskonar skrauti og veraldlegri dýrð. Þeir sem henni stjórnuðu lifðu á þennan hátt í alls konar löstum og óhófi. Þetta voru mennirnir, sem þóttust vera full-trúar hans, er hvergi átti höfði sínu að að halla.

[51] Stofnun kveldmáltíðarinnar samkvæmt heilagri ritn-ingu hvarf nú fyrir hinum heiðinglegu fórnfæringum fjöldans. Páfaklerkarnir töldu fólkinu trú um það með sínum heimskulegu sjónhverfingum, að þeir breyttu ein-földu brauði og víni í virkilegan “líkama og blóð Krists”.<sup>1</sup>

Með guðlasti og yfirskyni lýstu þeir því yfir opinberlega að þeim væri gefið vald til þess að skapa Guð, skapara allra hluta. Kristnum mönnum var þröngvað til þess að viðlögðum kvölum og dauða, að játa trú sína á þessa við-urstygglegu, himinhrópandi villukenningu. Fjöldamörg-um, sem neituðu þessu, var lifandi kastað á bál og þeir brendir til dauða.

Á þrettánda öldinni var sú stefna sett á fót, sem djöfullegust hefir verið upp fundin af heiðninni hér í heimi — það voru rannsókn-ardómarnir. Myrkrahöfð-inginn hafði gert samsæri við prestastétt páfavaldsins, Á leyniráðstefnum réði Satan og árar hans hugsunum vondra manna; en á meðal þeirra stóð engill Drottins, án þess að honum væri eftirtekt veitt og skrifaði niður hinar óguðlegu gjörð-ir, sem margar voru svo viðbjóðslegar að ekki er hægt að láta þær koma fyrir mannleg augu. “Hin mikla Babýlon” var “drukkin af blóði hinna heilögu”.<sup>2</sup> Þúsundir limlestra píslarvotta hrópuðu til almáttugs Drottins í himninum um hefnd yfir grimdarvald hinna fráföllnu.

Páfinn var orðinn alheims harðstjóri. Konungar og keisarar beygðu sig í auðmýkt fyrir skipunum hins rómverska æðsta prests. Líðan manna bæði þessa heims og annars virtist vera á hans valdi. Í margar aldir höfðu rómversku kenningarnar verið útbreiddar og viðurkend-ar alment; helgisiðum páfakirkjunnar fylgt með lotning og hátíðir hennar haldnar helgar. Klerkar hennar voru virtir og há-

<sup>1</sup>Sjá fyrirlestra Wisemans kardinála, um “hina virkilegu nærveru”. 8. Íyrirlestur, 3. kafla, 26. bls.

<sup>2</sup>Opinb. 17: 5, 6.

launaðir. Aldrei síðan hefir hin rómverska kaþólska kirkja náð meiri tign, valdi né undirgefni fólks.

En “hátign páfadómsins var miðnætti heimsins”. Heilög ritning var svo að segja óþekt, ekki einungis fólkinu, heldur jafnvel prestunum. Alveg eins og farise-arnir í fornöld hötuðu prestarnir Ijósið, sem hlyti að opin-bera syndir þeirra. Lögmál Drottins, mælikvarði rétt-lætisins var úr gildi numið; og þegar svo var komið, var vald þeirra takmarkalaust og löstum þeirra voru engar skorður settar. Svik, ágirnd og fjárdráttur var daglegt brauð þeirra á meðal. [52] Menn veigruðu sér ekki við því að fremja neinn þann glæp, sem þeir héldu að gæti aflað þeim auðs og metorða. Öldum saman hafði Evrópu þjóð-unum ekkert farið fram í þekkingu, lærdómi, vísindum né menningu. Svo mátti með réttu segja að siðferðis-legur og menningarlegur dauðasvefn hefði gagntekið kristnina. Ásigkomulag heimsins undir áhrifum hins rómverska valds var óttalegt og greinileg uppfylling á spádómsorðum Hóseasar: — “Lýður minn verður afmáð-ur, af því hann hefir enga þekking. Af því þér hafið hafnað þekkingunni, þá vil eg hafna yður... og með því að þér hafið gleymt lögmáli Guðs yðar, þá vil eg og gleyma börnum yðar”. <sup>1</sup> “Því að í landinu er engin trú-festi, né kærleikur, né þekking á Guði. Þeir sverja og ljúga, myrða og stela og hafa fram hjá; þeir brjótast inn í hús og hvert vígið tekur við af öðru”. <sup>1</sup> [53]

<sup>1</sup>Hós. 4: 6.

<sup>1</sup>Hós. 4: 1, 2.

## Valdensarnir

Þrátt fyrir hið mikla myrkur sem ríkti í heiminum á dögum páfavillunnar, gat þó ljós sannleikans aldrei með öllu sloknað. Á öllum öldum átti Guð lærisveina er vitni báru um sannleika hans; menn voru altaf uppi sem varð-veittu trúna á Krist, sem hinn eina meðalgangara milli Guðs og manna; menn sem töldu heilaga ritningu hina einu réttu og sönnu mælisnúru fyrir lífi og breytni manna og héldu helgan hinn sanna hvíldardag. Hversu mikið mannkynið á þessum mönnum að þakka verður aldrei ljóst; fyrir því er ómögulegt að gera sér glögga grein.

Saga hins útvalda lýðs Guðs á dögum hins mikla myrkurs, sem kom á eftir harðstjórnartímabili Rómverja, er rituð á himnum einungis; hér á jarðríki vita menn lítið um hana. Aðeins lítið eitt er til sem skýri frá tilveru þeirra að undanskyldum ákærum þeirra sem ofsóktu þá. Það var siður Rómverja að eyðileggja allan ágreining í kenningum þeirra og dómum. Alt sem þar var talið vantrúaðs eðlis, hvort sem það var heldur maður eða skrif, var eyðilaggt eða því tortímt. Efasemdir eða spurn-ingar um alveldi eða óskeikulleik páfans eða páfakenning-anna voru dauðasök, hvort sem í hlut átti vesall eða voldugur, auðugur eða snauður. Sömuleiðis reyndi róm-verska kirkjan að eyðileggja allar frásagnir um grimd-arverk þau er hún vann á andstæðingum sínum. Páfa-þing ákváðu að bækur eða skjöl með þess háttar frásögn-um skyldu brend á báli. Áður en prentunin fanst var lítið til af bókum og ekki þægilegt að geyma þær fáu sem til voru; þess vegna átti páfadómurinn auðvelt með að framkvæma þessar ákvarðanir sínar.

[54]

Í þeim löndum sem Rómverjar höfðu ekki lögsögn yfir voru í margar aldir fjöldi kristinna manna, sem héldust svo að segja að öllu leyti óspiltir af páfavillunni. Heiðnin var umhverfis þá á alla vegu, og þegar aldir liðu fram urðu þeir fyrir afvegaleiðslu af villum hennar. En þeir héldu áfram að skoða heilaga ritningu sem hina óskeikulu mælisnúru fyrir lífi manna og breytni og fylgdu stranglega mörgum sannindum hennar. Þessir kristnu menn trúðu á eilífan uppruna Guðs

orðs og þeir héldu helgan hvíldardaginn sem fjórða boðorðið skipar. Kirkj-ur sem þessari trú og þessum siðum fylgdu voru í Mið-Afríku og meðal Armeniu manna í Asíu. En allra þeirra sem mótstöðu veittu páfavaldinu, voru Valdensarnir at-kvæðamestir. Einmitt í því landi, þar sem páfadómurinn hafði grundvallað höfuðaðsetur sitt, þar var honum ein-lægast og stöðugast veitt mótstaða. Svo öldum skifti héldu kirkjurnar í Piedmont sjálfstæði sínu. En loks-ins kom þar að rómverska valdið krafðist þess að þær yrðu sér háðar. Eftir árangurslausa baráttu gegn harð-stjórn þess urðu þessar kirkjur nauðugar að beygja sig undir vald þess afls er allur heimurinn sýndist verða að lúta. Fáeinir voru þeir þó, sem með öllu neituðu að hlýða boðum páfans eða prestanna. Þeir voru ákveðnir í því að halda sér fastir við Guð og varðveita hreinleika og einfaldleika trúar sinnar. Þá varð sundrung, þeir sem fylgdu stöðugt gömlu trúnni sögðu sig úr félagi við hina; sumir fóru frá fjalllendi því þar sem þeir voru fæddir og uppaldir og hófu merki trúar sinnar í fjarlægum löndum; aðrir flýðu í fjallagjár og hellisskúta og varðveittu þar sína réttu trú og tilbáðu hinn eina og sanna Guð. Trúar-brögð þau sem um margar aldir voru kend og boðuð af Valdensum voru gagn ólík þeirri villukenningu, sem kend var í kirkjunum í Róm. Trú þeirra var bygð á hinu skrifaða Guðs orði; hinni sönnu kristni; þeir héldu fram trú hinnar postullegu kirkju, “þeirri trú, sem heilögum hefir eitt skifti fyrir öll verið í hendur seld”.<sup>1</sup> “Söfnuð-urinn á eyðimörkinni”, en ekki hið drambsama klerka-vald, sem sett hefir sjálft sig í háseti á hinum mikla höfuðstað veraldarinnar, var hin rétta og sanna kirkja Kristis; verndari sannleiksfjársjóðanna, sem Drottinn hefir trúað sínum útvalda lýð fyrir, að hann útbreiði hana hér á jarðríki.

[55]

Valdensarnir voru meðal hinna fyrstu í Evrópu að fá ritninguna þýdda; hundruðum ára á undan siðabótinni áttu þeir handrit af biblíunni á sinni eigin tungu. Þeir höfðu óblandaðan sannleikann og fyrir þetta voru þeir sérstaklega hataðir og ofsóttir. Þeir lýstu því yfir að rómverska kirkjan væri hin fráfallna Babýlon, sem spáð er um í Opinberunarbókinni og þeir lögðu líf sitt í háska með því að lýsa því yfir skýrt og skorinort að þeir skyldu berjast gegn spillingunni. Þó sumir létu undan í trú sinni, eftir langar og miklar ofsóknir, sem þeir urðu að þola og slægju af smátt og smátt, þá héldu aðrir fast

<sup>1</sup>Júd. 3.

við sannleikann. Á öllum öldum hins mikla andlega myrkurs voru uppi Valdensar sem neituðu yfirráðum páfakirkjunn-ar, afneituðu líkneskjaltilbeiðslu sem hjáguðadýrkun og héldu helgan hinn sanna hvíldardag. Guðsótti þessara fáu fylgjenda Krists kom fram blátt áfram, einlægur og ákafur. Þeir möttu meira sannleikann en hús eða lönd, frændur og vini og jafnvel meira en lífið sjálft. Þetta reyndu þeir trúlega að innræta hinum ungu; þeir byrjuðu á börnunum og kendu þeim og unglíngunum að skilja heilaga ritningu og innrættu þeim að bera heilaga virð-ingu fyrir lögum og boðum Guðs. Fáir áttu biblíuna og þess vegna urðu menn að læra utanbókar hið heilaga orð.

Andi Krists er útbreiðslu andi. Allra fyrsta þrá hins endurfædda hjarta er sú að koma öðrum til þess að trúa á frelsarann. Þannig var andi hinna kristnu Valdensa. Þeir fundu til þess að Guð mundi krefjast meira af þeim en þess að þeir vernduðu orð hans og sann-leik trúarinnar hreint í kirkjunni. Þeir fundu til þeirrar heilögu ábyrgðar sem þeim hvíldi á herðum að láta ljós sitt skína fyrir þeim er í myrkri ráfuðu. Með hinu mikla afli Guðs orðs reyndu þeir að slíta þá fjötra, sem róm-verska kirkjan hafði lagt á menn. Prestar þeirra voru æfðir sem trúboðar og áttu þeir allir að vinna trúboðs-störf og var þess krafist að þeir fengju fyrst æfingu í út-breiðslu náðarboðskaparins. Hver þeirra átti að vera þrjú ár trúboði áður en hann fengi að taka að sér fastan söfnuð heima fyrir. Þetta útheimti í byrjun starfsins sjálfsafneitun og ósérplægni og var því góður undirbún-ingur undir prestsstöðuna á þeim tímum, sem þörf var á miklum sálarstyrkleik. Ungir menn sem tókust á hendur hina helgu prestsstöðu sáu ekki framundan sér verald-lega dýrð og auðæfi, heldur líf fult af starfi og erfiðleik-um, alls konar hættum og ef til vildi píslarvættis dauða. Trúboðarnir fóru út tveir og tveir saman, alveg eins og Kristur sendi út lærisveina sína. Venjulega var með hverjum ungum manni og óreyndum annar eldri og reynd-ari, og átti hinn síðarnefndi þá að hafa nokkurs konar gæzlu á þeim yngri; harm átti að bera ábyrgð á því að hann lærði trúboðsstarfið, og átti hinn aftur á móti að hlýða kenningum og fara eftir ráðum þess eldra. Þessir samverkamenn voru ekki ávalt saman, en mættust oft til bænahalds og ráðagerða, og styrktu þannig hvor annan í trúnni.

Starf þessara manna hófst á sléttum og í dölum við fjallaræturnar heima fyrir, en þeir færðu sig áfram smátt og smátt þangað til þeir

voru komnir yfir fjöllin. Ber-fættir og tötrum klæddir, ferðalúnir eins og lærisveinar meistarans fóru þeir um stórborgir og til fjarlægra landa. Alstaðar sáðu þeir hinu góða sæði. Kirkjur risu upp hvar sem þeir fóru og blóð píslarvottanna vitnaði um sannleikann sem þeir kendu. Á degi Drottins kemur í ljós mikil uppskera af störfum þessara manna, þegar þær sál-ir verða taldar sem fyrir þeirra áhrif snerust til rétttrar trúar. Þegjandi og hljóðalaust komst orð Drottins þann-ig smám saman með kenningum kristninnar inn á heimili og inn í hjörtu manna, sem glaðir og fagnandi veittu því móttöku.

Valdensarnir skoðuðu heilaga ritningu ekki aðeins sem sögu um skifti Guðs við mennina á fyrri dögum og opinberun á ábyrgð þeirra og skyldum nú, heldur skýring á hættum og dýrð í framtíðinni. Þeir trúðu því að ekki væri langt að bíða dómsdags; og með því að þeir lásu ritninguna með bænnum og tárnum, hafði hinn djúpi sann-leikur enn þá meiri áhrif á þá, og fyllti þá enn þá meiri löngun til þess að kunngjöra öðrum hinn frelsandi sann-leika, er í henni faldist. Þeir sáu sáluhjálpar vegina greinilega birtast í hinni helgu bók og þeir fundu huggun, frið og von í því að trúa á Jesús. Með því að Guðs orð lýsti upp hjarta þeirra og skerpti skilning þeirra, og veitti þeim frið, þá fýsti þá að gera aðra hluttakandi í sömu sælu og varpa geislum inn í myrkur páfavillunnar. Þeir sáu það að undir umsjón páfa og presta var fjöldinn af fólkinu að reyna að fá syndafyrirgefningu með því að kvelja sína eigin líkami; héldu þeir að með því móti yrðu syndir afplánaðar. Þeim var kent að treysta á réttlæt-ingu af góðverkum sínum; þeir miðuðu alt við sjálfa sig; þeir höfðu hugann sífeldlega á sínum eigin syndum; þeir sáu sjálfa sig undirorpna reiði Guðs og kvöldu sig bæði andlega og líkamlega, en fundu þó hvergi frið. Þannig voru samvizkusamir trúaðir menn fjötraðir í kenningum rómversku kirkjunnar. Þúsundir manna yfirgáfu vini sína og vandafólk og eyddu æfi sinni í klausturklefum. Með stöðugum föstum og sjálfspintingum, með miðnæt-urvökum; með stöðugum bænalegum á rökum og hörð-um steingólfum í hinum óvistlegu híbýlum sínum; með löngum pílagrímsferðum; með lítillækkandi sjálfshirting-um og kvölum, sem tæplega er hægt að lýsa, reyndu þús-undir manna að ná friði við Guð og samvizku sína. Þeir voru niðurþyngdir af byrði synda sinna; nokkrum fanst sem Guð reiðinnar nálgaðist sífelt og lifðu því í stöðugum og sívaxandi ótta og skelfingu og þannig eyddu margir allri æfi sinni, þangað til þeir vesluðust út af

[57]

[58]

[59]

í eynd og volæði, án þess að sjá hinn minsta geisla af andlegu ljósi eða von og lögðust til hinnar hinstu hvíldar með óutmál-anlegum kvíða.

[60] Valdensana fýsti að brjóta brauð til saðnings þessum hungruðu sálum; að flytja þeim friðarboðskapinn sem boðaður er í Guðs orði og benda þeim til Krists, sem hinnar einu vonar og sáluhjálpar. Sú kenning að góð-verk geti afplánað brot gegn lögmáli Guðs álitu þeir að væri bygð á villu eða misskilningi. Það að reiða sig á mannlegan verðleika kemur í bága við kenninguna um hina eilífu ást Jesú Krists. Kristur dó til þess að frelsa mennina, því hið fallna mannkyn gat ekkert gert af sjálfsdáðum til þess að friðþægja sjálfst sig við Guð. Hinn krossfesti og upprisni frelsari er grundvöllur hinnar kristnu trúar. Sál vor er eins háð Kristi, í raun og sannleika, og samband hennar við hann verður að vera eins virkilegt, eins og hvers einstaks lims við líkama vorn eða vínviðar greinanna við vínviðinn sjálfan.

Kenningar páfa og presta höfðu komið mönnum til þess að skoða eðli Guðs og jafnvel Krists, sem alvöru þrungið, sorgfult og bannandi. Frelsarinn var prédikað-ur samhygðarlaus við mennina í syndum þeirra, og þess vegna urðu prestarnir að vera meðalgangarar milli hans og þeirra. Þeir sem hlotið höfðu ljós í sálu sinni fyrir lærdóm Guðs orðs, vildu leiðbeina þessum döpru sálum til Krists, sem hins hluttakanda og elskanda frelsara, með útréttum líknarörmum, bjóð-andi öllum að koma til sín með syndabyrði sína og áhyggjur. Þeir vildu reyna að ryðja burt þeim hindrunum, sem freistarinn hafði lagt á leiðir mannanna, til þess að þeir skyldu ekki sjá né skilja loforð Guðs orðs og koma til Drottins síns með syndajátninguna og hljóta frið og fyrirgefningu.

Þeir voru margir sem ekki létu blekkjast af kenning-um róm-versku kirkjunnar. Þeir sáu hversu ófullkomin hlaut að vera meðalganga manna eða engla milli Guðs og syndaranna. Þegar þeir sáu hið rétta ljós í huga sínum glöddust þeir og sögðu: “Kristur er prestur vor; blóð hans er fórn vor; altari hans er játningarstaður vor”. Þeir köstuðu sér með fullu trúnaðartrausti og fullum synda-játningum í faðm Jesú Krists, og treystu honum. Þeir sögðu í sífellu: “Án trúar er ómögulegt að þóknast honum”.<sup>1</sup> “Eigi er heldur annað nafn undir

<sup>1</sup>Heb. 11: 6.



himninum, er menn kunna að nefna, er oss sé ætlað fyrir hólpnum að verða”.<sup>2</sup>

Fullvissan um ást frelsarans var svo að segja óskiljan-leg sumum af þessum þjáðu sálum, sem hrakist höfðu um höf freistinganna og mótlætisins. Svo mikill léttir var það sem slík kenning flutti; svo mikið og bjart ljós var það sem hún veitti inn í sálir manna að þeim fanst eins og þeir væru lifandi fluttir í bústað sælunnar. Þeir lögðu hendur sínar í hendur Krists með fullu trúnaðar-trausti, þeir stóðu föstum fótum á traustu bjargi.

Pannig var Guðs orð boðað og lesið í leynistöðum, stundum af einstökum mönnum, stundum af litlum söfnuði manna sem þráði ljós og sannleika. Oft var á þennan hátt vakað heilar nætur. Svo mikil var undrun og svo djúpur áhugi þeirra sem á hlýddu að sá er náðarboðskapinn flutti þurfti ekki oft að hætta fyr en hinir skildu sáluhjálpar- atriðin. Oft spurðu menn spurninga eins og þessara: [61] “Er það víst að Guð vilji þiggja fórnir mínar? Getur hann virkilega brosað mér sem barni sínu? Getur hann í raun og sannleika fyrirgefið mér? “ pá var svarið lesið úr hinni heilögu bók á þessa leið: “Komið til mín allir þér sem erfiðið og þunga eru hlaðnir og eg mun veita yður hvíld”.<sup>1</sup>

Með trú sinni skildu menn þetta fyrirheit og svöruðu á þessa leið: “Hér eftir þurfum vér ekki að fara neinar langar pílagrímsferðir, né neinar erfiðar leiðir að hinu helga altari. Nú megum vér koma til Krists rétt eins og vér erum, syndugir og vanhelgir, og hann mun ekki fyrir-líta bænir þær, sem vér flytjum honum í iðrun og auð-mýkt”. “Syndir þínar skulu þér fyrirgefna”. “Syndir mínar, já, jafnvel mínar geta fyrirgefist” sögðu þeir. Heilagur gleði straumur fylti hjörtu þeirra og nafn Jesú Krists var dýrðlegt gjört með helgum söngum og lof-gjörðum. Þessar sælu sálir fóru frá bænasamkomum til heimila sinna til þess að kveikja ljós trúar og huggunar; til þess að skýra fyrir öðrum eins vel og þeim var unt þá nýju reynslu sem þeir höfðu hlotið; skýra það fyrir mönn-um og sanna þeim það að þeir hefðu fundið hinn lifanda og sanna sáluhjálparveg. Það var hulið og heilagt afl í orðum heilagrar ritningar, sem talaði beint til hjartna þeirra er þráðu

<sup>2</sup>Postulas. 4: 12.

<sup>1</sup>Matt. 11: 28.

sannleikann. Það var rödd Drottins, og henni fylgdi sannfærandi kraftur til allra sem hana heyrðu.

Það út af fyrir sig að þetta fólk var til og hélt fast við trú gömlu kirkjunnar, var stöðugur vitnisburður þess að rómversku kenningarnar voru villukenningar og frá-falls; og þess vegna átti sér stað hið beiskasta hatur og hinar svæsnustu ofsóknir. Neitun þess að láta af trú þeirri sem heilög ritning flutti var það brot sem róm-verska kirkjan og páfavaldið gátu ekki þolað. Þess vegna var það ákveðið að uppræta þessa menn af jörðinni. Nú hófust hinar grimdarfylstu ofsóknir, sem hugsast gátu, gegn þessu fólk í fjallaheimkynnum þess. Njósningar voru látnir fylgja þeim eftir hvar sem þeir fóru og dráp hins saklausa Abels af völdum hins blóðþyrsta Kains var oft og einatt endurtekið. Hvað eftir anr. að var hið frjó-sama land þeirra [62] lagt í eyði; bústaðir þeirra og bænahús brend; þar sem áður voru blómlegir akrar og friðsöm heimili saklausra manna og starfsamra sást ekki annað en gróðurlaus eyðimörk.

Eins og æði hvers óargadýrs eykst við hvern blóð-dropa sem það bragðar, þannig magnaðist ofsi páfadóms-ins þegar hinir rétttrúuðu urðu að þola ofsóknir. Margir hinna trúu votta Guðs voru ofsóttir þangað sem þeir höfðu flúið, hinu megin fjallanna; þeir voru leitaðir uppi í dölum, þar sem þeir höfðu valið sér griðastað í ofsókn-unum, inni á milli hárra skóga og himingnæfandi kletta

Ekki var hægt að koma fram með neinar kærur né ásakanir gegn þessu ofsótta fólk, því líferni þess var hreint og flekklaust, eftir því sem verið getur með mann-legar verur. Jafnvel óvinir þeirra lýstu því yfir að þess-ir menn væru guðhræddir, friðsamir og ráðvandar. Aðal-atrðið sem þeim var gefið að sök var það að þeir vildu ekki tilbiðja Guð á þann hátt sem páfinn fyrirskipaði. Fyrir þennan glæp urðu þeir að þola allar hörmungar, kvalir, þrautir og píslir, sem mannlegar og djöfullegar ofsóknir gátu upphugsað.

Þegar páfadómurinn í Róm ákvað það að uppræta af jarðríki þennan hataða mannflokk, þá var gefið út skjal af páfanum sjálfum, þar sem þeir voru fordæmdir sem villutrúarmenn og heimild gefin til þess að ráða þá af dögum. Þeir voru ekki ákærðir sem letingjar né óráð-vandar menn, heldur var þeim gefið það að sök að þeir hefðu á sér guðræknis-og helgiblæ, sem líklegur væri til þess að blekkja og afvegaleiða “sauði úr hinni sönnu hjörð”. Þess vegna skipaði Páfinn svo fyrir að þessir “óguðlegu og svívirðilegu menn

skyldu vera drepnir eins og eitradir höggormar, ef þeir ekki bættu ráð sitt”. Skyldi þessi ofstopafulli harðstjóri hafa búist við að sjá þessi orð aftur? Skyldi honum hafa komið það til hugar að þau væru rituð í bækur hins altsjáanda á himnum og að þar sæi hann þau á degi dómsins? “það sem þér gerið einum af þessum mínum minstu bræðrum”, sagði Kristur, “það hafið þér mér gert”.

Leiðtogar páfakirkjunnar vildu ekki haga lifnaði sínum eða breytni eftir fyrirmælum Guðs orðs eða hinum miklu lögum hans, heldur skráðu þeir sjálfir lífs-reglur til þess að fylgja, og voru þeir ákveðnir í því að krefjast þess að allir aðrir fylgdu þessum reglum þeirra, af því þær væru fyrirskipaðar í Róm. Hörmulegustu kvala aðferðir voru upphugsaðar. Óguðlegir prestar og páfar framkvæmdu öll hugsanleg grimdarverk, sem Djöfullinn lét þá vinna. Miskunn og mannkærleikur var þeim óþektur. Sami andinn sem krossfesti Krist og líf-lét lærisveina hans; sami andinn sem stjórnaði hinum blóðþyrsta Neró í ofsóknum hans gegn hinum trúföstu á hans dögum, stjórnaði einnig verkum þessara manna þegar þeir hugsuðu sér að uppræta af jarðríki alla þá, er trúir væru og kærir hinum lifanda Guði.

[63]

Ofsóknir þær og hörmungar sem þessir guðhræddu menn urðu að líða, báru þeir með þögn og þolinmæði í margar aldir og lofuðu stöðugt og tilbáðu frelsara sinn og herra. Þrátt fyrir ofsóknirnar gegn þeim og þrátt fyrir það þótt þeir væru líflátnir hópum saman, héldu þeir áfram að senda menn út um heiminn til þess að sá hinu góða sæði. Þeir voru ofsóttir hvert sem þeir fóru og drepnir þegar tækifæri gafst; en blóð þeirra vökvaði sæð-ið sem þeir höfðu sáð og ávextirnir duldust ekki. Þannig vitnuðu Valdensarnir um Guðs orð og almætti heilum öld-um fyrir daga Lúters. Þeir fóru víða um lönd og sáðu sæði siðabótarinnar, sem hófst á dögum Wycliffes, festi djúpar og víðtækar rætur á dögum Lúters og heldur áfram vexti og þroska til daganna enda. Þessu sæði verður hér eftir sem hingað til sáð af þeim, sem viljugir eru að leggja í sölurnar alt sem þeir hafa til “fyrir sakir orðs Guðs og vitnisburðar Jesú”.<sup>1</sup>

[64]

<sup>1</sup>Opinb. 1: 9.

## John Wycliffe

Fyrir siðabótina voru til aðeins örfá eintök af biblíunni, en Guð hafði ekki látið orð sitt með öllu glatast. Sannleikur þess átti ekki að vera dulinn um alla eilífð. Hann átti eins auðvelt með að leysa orð lífsins og hitt að opna dyr fangelsa og myrkvastofa til þess að frelsa þjóna sína. Í ýmsum löndum Evrópu þráðu menn að leita auð-æfa sannleikans, ekki síður en veraldlegra fjársjóða. Guðs andi stjórnaði hugsunum þeirra þegar þeir leituðu sannleikans; hann benti þeim á hina helgu bók og þeir lásu hana og lærðu með óútmálanlegri ástundun. Þeir voru fúsir að veita ljósinu móttöku hvað sem það kostaði þá. Þegar sálir þeirra meðtóku boð frá himni ofan fóru þeir af stað; slitu fjötra villunnar og hjátrúarinnar og kölluðu til þeirra sem lengi höfðu verið í þrældómi og hvöttu þá til þess að rísa upp og vera frjálsir. Um marg-ar aldir hafði Guðs orð ekki verið til nema á því máli, sem örfáir skildu, og engir nema lærðir menn að undanskildum Valdensunum. En nú var kominn tími til þess að býða Guðs orð og fá það í hendur þjóðum ýmsra landa á þeirra eigin máli.

John Wycliffe var fyrirrennari siðabótarinnar, ekki einungis á Englandi heldur einnig um öll hin kristnu lönd. Hin miklu mótmæli hans gegn páfadóminum urðu aldrei þögguð niður; hann var útvalinn til þess að bera þau fram og kynna þau öllum heimi. Þessi mótmæli byrjuðu baráttuna sem til þess varð að veita einstaklingsfrelsi mönnum, kirkjum og þjóðum. Wycliffe hafði fengið góða mentun og hjá honum var ótti Drottins upphaf spekinnar. Hann hafði orð á sér í skóla fyrir einlæga guðrækni og jafnframt fyrir frábærar gáfur og lærdóms hæfileika. Hann leitaði upplýsinga í öllum efnum eins og þyrstur maður leitar vatns. Hann hafði lært verald-lega heimspeki; kenningar kirkjunnar, borgaraleg lög, helzt í sínu eigin landi. Þegar hann hafði síðar valið sér lífsstarf kom þetta honum alt að góðu haldi. Þekking hans á hinni flóknu heimspeki þeirra daga gerði honum það mögulegt að sýna fram á villukenningar hennar. Lærdómur hans í lögum lands og kirkju veitti honum vopn í hendur þegar hann hóf baráttu sína fyrir borg-aralegu og trúarbragðalegu frelsi. Hann

hafði í fyrsta lagi fengið þannig í hendur sér þau vopn, sem Guð gefur mönnum bezt í baráttu góðra málefna, og auk þess hafði hann lært skólaagann og vissi hvaða lagi var heppilegast að fylgja þegar við lærða menn var að eiga. Hinir miklu hæfileikar þessa manns; hinn fullkomni og víðtæki lær-dómur hans og hinir óútmælanlegu mannkostir hans unnu honum virðingu og áhrif jafnt óvina sem vina.

Fylgjendur hans sáu það og fundu sér til mikillar gleði að leiðtogi þeirra var einn hinna allra mikilhæf-ustu manna þjóðarinnar; og óvinir hans og andstæðingar sáu að ekki var til neins að reyna að mæta honum með hinum algengu og handhægu vopnum svokallaðrar fyrir-litningar; því þeir gátu ekki haldið því fram að hér væri um fáfróðan mann að ræða, sem ekki vissi hvað hann færi með né heldur var hægt að segja að hann væri ístöðulítill og áhrifalaus.

Þegar Wycliffe var á háskóla tók hann að lesa biblíuna. Í þá daga þegar biblían var aðeins til á gömlu málunum, gátu lærðir menn komist að uppsprettulindum sannleikans, en þeim var lokað fyrir hinum ólærðu og mörgu. Þannig hafði þegar verið rudd braut fyrir fram-tíðar siðbótastarf Wycliffes.

Lærðir menn höfðu lesið Guðs orð og höfðu fundið hinn mikla sannleika um hina frjálsu náð Drottins, eins og hún birtist þar. Í kenningum sínum höfðu þeir breitt út þekkingu á þessum sannleika og komið öðrum til þess að snúa sér til þessara lifandi spádóma.

Þegar hugur Wycliffes snerist að biblíunni, tók hann að rannsaka hana með þeim sama fullkomleika, sem gerði hann að viðurkendum meistara í vísindum. Hingað til hafði hann fundið til sárrar þrár, sem hvorki vísindi né lærdómur í veraldlegum eignum, né kirkjan eins og hún var gátu fullnægt. Í Guðs orði fann hann það sem hann áður hafði leitað árangurslaust. Nú sá hann opin-beraðan sáluhjálparveginn og Krist sem hinn eina tals-mann vor allra. Hann gaf sjálfan sig Kristi á vald og strengdi þess heit að útbreiða ríki hans og þann sann-leika er hann hafði fundið.

John Wycliffe var að því leyti eins og eftirmenn hans í siðabót-astarfinu, að hann vissi ekki í byrjun hvert það mundi leiða hann. Hann setti sig ekki beint upp á móti valdinu í Róm af ásettu ráði; en fastheldni hans við sannleikann hlaut að koma honum í baráttu gegn villukenn-ingunum. Því glöggar sem hann sá villur páfadómsins, því alvarlegar hélt hann fram kenningum ritningarinnar. Hann sá að páfakenningarnar í Rómaborg höfðu vikið frá hinum verulega

sannleika guðsorðs og sett í þess stað mannasetningar. Hann ákærði prestana vægðarlaust um það að þeir hefðu kastað frá sér heilagri ritningu og krafðist þess að biblían væri aftur prédikuð fólkinu og skýrð fyrir því og hún aftur viðurkend í kirkjunni í sinni réttu og sönnu mynd.

Wycliffe var dugandi og einarður kennari og mælsk-ur prédikari og í dagfari sínu og breytni var hann í ströngu samræmi við það er hann kendi. Þekking hans á biblíunni; sá kraftur sem fylgdi orðum hans; hans óskeikula röksemdafærsla; hreinleiki lífs hans voru óhrekjandi vitni þess hversu gott mál hann hafði að boða; ráðvendni hans og hugrekki og takmarkalaus ósér-plægni vann honum almenna virðingu, álit og traust. Margir höfðu orðið óánægðir með sína fyrri trú, þegar þeir sáu hinn mikla ójöfnuð, sem ríkti í rómversku kirkjunni, og var boðskap þeim er Wycliffe flutti tekið tveim höndum með opinberri ánægju. En leiðtogar páfa-kirkjunnar fylltust reiði þegar þeir urðu þess varir að þessi siðabótamaður hlaut meiri tiltrú og traust hjá fólkinu en þeir höfðu.

[67] Wycliffe hafði glögt auga fyrir villum og hann reiddi til höggs og hjó á rætur margra illra kenninga, sem helgaðar voru af hinum háu leiðtogum í Róm. Þegar hann var bænahaldsmaður eða hirðprestur hjá konunginum, þá barðist hann eindregið á móti skatti þeim er páfinn krafðist af stjórnanda Englands; sýndi hann fram á að það vald sem páfinn tæki sér væri bæði andstætt heilbrigðri skynsemi og opinberun Guðs orðs. Kröfur páfans höfðu vakið mikla gremju og kenningar Wycliffes höfðu mikil áhrif á leiðandi stórmenni þjóðarinnar. Konungurinn og aðalsmennirnir sameinuðust í því að neita kröfum páfans um veraldlegt vald og afsögðu að greiða þá skatta, er hann krafðist. Þannig fékk páfa-valdið rothögg á Englandi.

Annari óhæfu barðist John Wycliffe einnig á móti, það var sú plága sem förumunkarnir leiddu yfir þjóðina. Þessir förumunkar voru sú byrði á Englandi, bæði fjár-hagslega og á ýmsan annan hátt að engu tali tók. Þeir svo að segja nöguðu allar rætur allra framfaramála og lífsskilyrða, svo sem siðferði, iðnað, verzlun, mentun og fleira. Þessir betlandi förumunkar urðu ekki einungis til þess að eyða fé og vistum manna, heldur komu þeir þannig ár sinni fyrir borð að ærleg vinna var fyrirlitin. Þeir siðspiltu æskulýðnum og afvegaleiddu hann; þeir fengu marga til þess með áhrifum sínum að ganga í klaustur og fórna lífi sínu í þarfir páfakirkjunnar. Þetta var ekki einungis gert

á móti vilja foreldranna, heldur jafnvel án þess að þau vissu af og þvert á móti fyrirmæl-um þeirra.

Páfinn hafði veitt þessum förumunkum vald til þess að láta fólk skriftast og veita því syndafyrirgefningu. Þetta magnaðist ár frá ári og var orðið verulegt þjóðar-böl. Flökkumunkarnir hugsuðu ekki síður um pyngjuna en sáluhjálpinu og voru þeir svo fúsir til þess að veita syndafyrirgefningar að alls konar illþýði og glæpamenn þyrptust til þeirra; árangurinn varð sá að verstu lestir og ólifnaður tók þjóðina heljartökum. Hinir veiku og félausu liðu og þjáðust líknarlaust, en það fé sem til þess hefði átt að fara að hjálpa þeim fór til flökkumunkanna; þeir heimtuðu ölmusu af fólkinu með ógnum og heiting-um, og töldu þá vera djöfulsins börn og útskúfuð frá eilífri sælu sem ekki tækju þjónum Drottins— þeim sjálf-um— með opnum örmum. Þrátt fyrir það þótt þessir flökkumunkar þættust vera blásnauðir, jókst auður þeirra ár frá ári og eftir því sem þeir bygðu sér fleiri og skraut- legri hús og eftir því sem þeir lifðu í meira sällífi, eftir því ágerðist fátækt og vesaldómur þjóðarinnar. Og með-an þeir sjálfir lifðu þannig í “vellystingum praktuglega”, sendu þeir út á meðal fólksins fáfróða menn í sinn stað, sem ekkert höfðu fram að flytja skynsamlegt né upp-byggilegt, heldur sögðu alls konar kynjasögur og undra-viðburði og skrítlur fólkinu til skemtunar og aðhláturs. Þetta varð til þess að fólkið komst enn þá dýpra undir áhrif munkanna. Og flökkumunkarnir héldu föstum tök-um á fólkinu og var hjátrú og hindurvitni þar sterkasta aflið. létu þeir menn trúa því að allar trúarlegar skyldur vorar væru í því fólgnar að viðurkenna vald páfans, til-biðja dýrðlingana og gefa munkunum sem ríflegast. Þetta var fólkinu kent að væru einu öruggu sáluhjálpar atriðin.

[68]

Lærðir menn og guðhræddir höfðu unnið að því árangurslaust að koma á siðbótum innan þessara munda félaga; en Wycliffe sá lengra en aðrir og hann reiddi öxina að rótum hins rotna trés; hann lýsti því yfir að þetta fyrirkomulag væri spilt í sjálfu sér og að það ætti að falla um koll. Hann byrjaði á því að skrifa og gefa út flugrit á móti flökkumunkunum; ekki eins mikið til þess að komast í deilur við þá eins og til hins að beina athygli fólksins að biblíunni og höfundu hennar. Hann lýsti því yfir að páfinn hefði ekki fremur vald til þess að fyrirgefa syndir né fordæma menn en hver annar prestur og að enginn geti í raun og sannleika verið for-dæmdur eða útilokaður frá kirkjunni og guðsríki nema því að eins að hann hafi fyrst leitt yfir

sig fordæming hins almáttuga guðs. Á engan hátt hefði hann fremur getað reynt með áhrifum að kollvarpa hinu risavaxna veldi páfans í veraldlegum og andlegum efnum, en ein-mitt með þessu. Þúsundir sálna voru fjötraðir fangar í þessu volduga musteri, nú var ráðist á það með þeim brotvopnum sem skæðust gátu fundist.

[69] Páfinn þrumaði innan skamms fordæmingardóma sína gegn John Wycliffe. Þrjú bannfæringaskjöl voru send til Englands, eitt til háskólans, annað til konungsins og hið þriðja til biskupanna. Í öllum þessum skjölum var þess krafist að tafarlaugar og duglegar aðferðir yrðu teknar til þess að láta þennan villutrúarmann þagna.

Áður en bannfæringarskjölin komu höfðu biskuparnir þegar stefnt Wycliffe að mæta fyrir sér til rannsóknar; en tveir hinna allra voldugustu konunglegu manna í rik-inu fylgdu honum fyrir réttinn og fólkið þyrptist kring-um bygginguna og trúðst inn; létu menn svo til sín taka í réttarsalnum að dómarnir þorði ekki annað en fresta málinu og leyfa Wycliffe að fara heim óareittum. Skömmu síðar var það að Játvarður konungur þriðji, sem þá var hniginn á efra aldur og prestarnir reyndu að æsa á móti siðbótamanninum, andaðist eftir stutta legu, og tók sá við völdum er fyr hafði haldið verndarhendi yfir Wycliffe.

En þegar skjöl páfans komu til Englands var sú krafa lögð á herðar allrar þjóðarinnar að taka fastan villutrúarmanninn og varpa honum í fangelsi. Nú var ekki um mörg úrræði að tala. Það virtist nú engum efa bundið að Wycliffe yrði að falla sem fórn fyrir hefnigirni valdsins í Rómaborg. En sá sem sagði forðum: “Óttast þú ekki,... eg er þinn skjöldur”,<sup>1</sup> hann rétti enn út verndarhendi sína til að bjarga þjóni sínum. Dauðinn var við dyrnar; ekki við dyr siðabótamannsins, heldur hins volduga andlega höfðingja, sem ákveðið hafði Wycliffe dauða. Gregorius XI. lézt og dómstóllinn sem komið hafði saman og skipaður var prestum, leystist upp við þessa frétt.

Forsjón Drottins tók enn þá í taumana til þess að útbreiðsla siðabótarinnar gæti haldið áfram. Þegar Gregorius dó var páfakosningin um tvo menn, er and-stæðir voru hvor öðrum. Báðir þóttust rétt kosnir til stöðunnar og báðir þóttust óskeikulir. Hvor um sig ákallaði alla rétttrúaða menn að hjálpa sér og herja á hinn; las hvor um sig fordæmingarpulur gegn hinum svo að fyrnum og fádæmum sætti,

<sup>1</sup>1. Móse 15: 1.



en lýsti því yfir að sælu-vist væri þeim vís í himnaríki er sér fylgdi að málum. Þetta atvik veikti stórum veldi páfans. Þessir and-stæðingar höfðu fult í fangi að veita hvor öðrum árásir, og var því John Wycliffe í friði um tíma. Bölbænir og fordæmingaskjöl bárust frá páfa til páfa og voðalegir blóðstraumar runnu til þess að veita fylgi á báðar hliðar. Glænir og svívirðingar voru daglegir viðburðir innan kirkjunnar. Á meðan þessu fór fram var siðbótamaður-inn í ró og næði hjá söfnuði sínum í Lutterworth; vann hann þar stöðugt að því að benda mönnum frá hinum stríðandi páfum og hinum óguðlegu deilum upp til Jesú Krists— friðarhöfðingjans.

[70]

Wycliffe fylgdi dæmi meistara síns að því leyti að hann flutti kenningar sínar og gleðiboðskap hinum fátæku. Hann lét sér þó ekki nægja að útbreiða sannleikann meðal alþýðunnar í sínu eigin umdæmi í Lutterworth, heldur ásetti hann sér að láta boðskapinn berast út um allt England. Til þess að koma þessu fram stofnaði hann prédikarafélag; voru það óbrottnir, alþýðlegir menn og guðhræddir; þeir elskuðu sannleikann og þráðu ekkert fremur en að vinna að útbreiðslu hans. Þessir menn fóru út í allar áttir; þeir prédikuðu á strætum og gatnamótum í stórbæjum og á verzlunartorgum og úti um þjóðvegi. Þeir leituðu upp hina öldruðu, hina sjúku og fátæku og fluttu þeim gleðiboðskap hins algóða Guðs.

En mesta afreksverk Wycliffes átti að verða þýðing hans á ritningunni á enska tungu. Í bók sem heitir: “Um sannleik og þýðing ritningarinnar” skýrði hann frá því að hann ætlaði sér að þýða biblíuna til þess að hver einasta manneskja á Englandi gæti lesið á því máli sem hann skildi hið undraverða orð Drottins.

En verk hans hætti fyr en varði. Þó hann væri tæplega sextugur að aldri og hraustur að heilsu upphaflega, hafði hann átt erfiða daga, unnið yfir megn fram, lagt á sig lestur og lærdóm og orðið fyrir alls konar of-sóknum óvina sinna; heilsa hans var því farin að lamast og hann varð gamall fyrir aldur fram. Hann veiktist af hættulegri sýki. Þessar fréttir veittu flökkumunkunum ósegjanlega gleði. Nú héldu þeir að hann mundi ein-læglega iðrast þeirrar mótstöðu er hann hafði veitt kirkunni og þeir flýttu sér til hóbýla hans til þess að geta borið vitni um afturhvarf hans. Fulltrúar frá fjórum trúar-bragðaflokkum og fjórir veraldlegir valdsmenn þyrptust í kring um manninn, sem var í andarslitrunum. “Dauð-inn er á vörum þínum” sögðu þeir “Láttu hjarta þitt hrærast af misgerðum þínum og afturkallaðu í nærveru

[71] vorri alt það, sem þú hefir sagt oss til móðgunar”. Sið-bótamaðurinn  
 [72] hlustaði þegjandi á mál þeirra um stund; síðan bað hann vini sína að  
 [73] reisa sig upp í rúminu; hann horfði framan í andstæðinga sína með  
 stöðugu augnaráði, þar sem þeir biðu öruggir eftir iðrunarorðum  
 hans og afturköllun; loksins sagði hann við þá með sömu sterku,  
 stöðugu röddinni, sem svo oft hafði komið þeim til að óttast: “Eg dey  
 ekki; eg held áfram að lifa; og eg skal aftur kunngjöra hið óguðlega  
 athæfi flökkumunkanna”. Munkarnir urðu bæði hryggir og hissa og  
 flýttu sér á brott frá hinum veika manni.

Orð Wycliffes komu fram. Hann lifði til þess að fá löndum sínum  
 í hendur voldugasta vopnið sem til var gegn páfavillunni og Róma-  
 borgarvaldinu. — Það var biblí-an, hinn himinsendi túlkur frelsis,  
 upplýsinga og gleðiboð-skapar til allra þjóða á jarðríki. Margir voru  
 steinarnir og stórir á veginum að þessu takmarki. Wycliffe var farinn  
 að heilsu; hann vissi að starfskraftar hans gátu ekki enzt nema fá ár;  
 hann sá mótstöðuna sem hann hlaut að mæta; en styrktur af lofordum  
 Guðs orðs hélt hann áfram við verk sitt, hvað sem á vegi kynni að  
 verða. Á meðan hann var í broddi lífsins, með fullu fjöri og ólömuðu  
 þreki, hafði hann verið valinn og undirbúinn af Guði, sem sérstakur  
 þjónn hans, til þess að framkvæma einmitt þetta mikla og áriðandi  
 hlutverk. Á meðan ófrið-urinn geysaði um öll hin kristnu lönd, starf-  
 aði siðabóta-maðurinn að þessu verki í ró og næði á heimili sínu í  
 Lutterworth, án þess að gefa gaum þeim dynjanda og því stórviðri,  
 sem fram fór úti fyrir.

Loksins var verkið af hendi leyst, — fyrstu ensku þýðing biblí-  
 unnar var lokið. Öllu enskumælandi fólki var veittur aðgangur að  
 Guðs orði. Nú lét siðbótamaðurinn sig litlu varða fangelsi eða pínu-  
 pósta. Hann hafði fengið þjóð sinni í hendur ljós, sem aldrei átti  
 að slokna. Með því að gefa löndum sínum biblíuna á þeirra eigin  
 máli hafði hann gert meira til þess að brjóta fjötra fávízk-unnar og  
 ólífnaðarins, meira til þess að frelsa land sitt og lyfta því upp en  
 nokkurn tíma hafði veirð gert á orustu-völlum í frægustu stríðum og  
 styrjöldum.

Prentlistin var enn óþekt; var það því aðeins með löngum tíma  
 og mikilli fyrirhöfn að hægt var að gera afrit af biblíunni. Svo mikill  
 var áhugi manna að ná í bókina að margir urðu til þess að verja  
 [74] öllum tíma sínum til þess að gera afrit af henni; en eftirspurnin var  
 svo mikil að tæplega höfðu afritsmennirnir við að sinna pöntunum.

Sumir hinna auðugri kaupenda vildu fá biblí-una alla skrifaða; aðrir keyptu einungis afrit af ýmsum pörtum hennar. Oft gengu mörg heimili í félag til þess að kaupa eina biblíu. Þannig komst biblía Wycliffes smám saman á mörg heimili út á meðal fólksins.

Wycliffe birtist eins og björt stjarna á hinum myrkva himni miðaldanna. Enginn hafði verið fyrir-rennari hans, sem hann gæti stuðst við eða lagað sig eftir að því er siðbóttaaðferð snerti. Hann var alinn upp eins og Jóhannes skírari til þess að framkvæma sérstakt hlutverk og var boðberi nýrrar aldar eða tímabils. Samt sem áður var regla og niðurröðun í siðbótastarfi hans; í verkum hans kemur fram fullkomleiki og eining, sem síðari tíma siðbótamenn hafa ekki komist lengra í og sem sumir náðu ekki, jafnvel 100 árum síðar. Svo breiður og djúpur var sá grundvöllur er hann lagði, svo varanleg og haldgóð var grindin í musteri því er hann bygði, að ekki var þörf á neinum breytingum þegar aðrir komu síð-ar og lögðu hendur á starfið.

Wycliffe var meðal hinna allra atkvæðamestu sið-bótamanna. Í fjölhæfni og gáfum, í hugsanaskýrleik, í staðfestu fyrir sannleikann, í einbeittni að verja hann voru þeir fáir er við hann jöfnuðust af síðari tíma mönn-um, sem við siðbótastörf fengust. Lífernir hans var svo hreint; hin ópreytandi lærdómsþrá og lestrarfýsn og hin mikla starfselja; hin óviðjafnanlega ráðvendni og kristi-lega ást og trú á Drottinn einkendu hina fyrstu siðbóta-menn. Og þetta er því aðdánlegra þegar tillit er tekið til þess hve mikil fávízka og spilliag átti sér stað á þeim öldum sem framleiddu þessa menn.

Mannkostir Wycliffes eru vitnisburður um þá ment-un og það umbreytingar afl sem hið heilaga Guðs orð hefir í sér fólgið. Það var biblían sem gerði hann það sem hann var. Tilraunirnar til þess að skilja hinn mikla sannleika opinberunarinnar veitir afl og þrótt og árvekni og skerpir öll skilningarvit. Það gerir sjóndeildarhringinn víðari og bjartari; það skerpir hina andlegu sjón og þroskar dómgreindina. Lestur biblíunnar göfgar huga hvers manns, tilfinningar hans og þrá meira en nokkuð annað. Það veitir staðfestu í áformum, hugrekki og þrek; það siðfágar manneðlið og helgar sálina. Einlæg guðinnblásin rannsókn ritninganna, sem flytur hugsun hins lesanda manns nær hinni takmarkalausú og alfull-komnu hugsun vor algóða föður, veitir heiminum full-komnari menn, sterkari og starfsamari andlega og líkam-lega og auk þess miklu göfgari

menn og betri en nokkru sinni hafa framleiðst fyrir lestur og lærdóm veraldlegrar heimspeki: “Útskýring orðs þíns upplýsir, gjörir fávísa vitra”,<sup>1</sup> segir sálmaskáldið.

Kenningar Wycliffes héldu áfram að útbreiðast um tíma. Fylgjendur hans voru nefndir Wycliffingar eða Lollardar; þeir útbreiddu gleðiboðskapinn ekki einungis út um alt England, heldur til annara landa. Þegar nú leiðtogi þeirra var fallinn frá, prédikuðu þeir með enn þá meiri áhuga en fyr og fólk þyrptist til þeirra úr öllum áttum og hlustaði á kenningar þeirra. Sumir hinna heldri — og jafnvel drotningin — snerust til hinnar sönnu trúar. Víða sáust mikil merki og áhrif þessara kenninga í lífi manna og breytni og skurðgoðalíkneskin frá Rómaborg voru tekin úr kirkjunum. En brátt skall á vægðarlaus stormur ofsóknanna og ógnaði þeim er svo djarfir höfðu gerst að veita móttöku biblíunni, sem reglu og mælisnúru fyrir lífi sínu. Stjórnendurnir á Englandi vildu styrkja sitt veraldlega vald með fylgi páfavaldsins í Róm og veigruðu sér ekki við því að fórna til þess siðabótamönn-unum. Í fyrsta skifti á Englandi var gefið út bann gegn boðendum fagnaðarerindisins þar í landi. Hver píslarvætt-isdauðinn rak annan. Talsmenn sannleikans voru ofsóttir, þíndir og kvaldir. Þeir stóðu uppi varnarlausir og gátu ekkert annað en hrópað í angist sinni til Guðs síns í himninum. Þeir voru ofsóttir sem óvinir kirkjunnar og landráðamenn, en héldu þó áfram að prédika á leyndum stöðum, leituðu þeir hælís þar sem bezt gekk á heimilum hinna fátæku og földu sig jafnvel oft í helium og jarð-sprungum.

[76] Þrátt fyrir ofsóknir og hefnigirni voru þeir rólegir, staðfastir, einlægir, þolinmóðir og trúir Drotni sínum og mótmæltu eindregið spillingu þeirri, sem átti sér stað í ríkiskirkjunni, og þessu héldu þeir áfram um komandi aldir. Hinir kristnu á fyrri öldum höfðu aðeins part af sannleikanum, en þeir höfðu lært að elska Guð og hlýða boðum hans, og þeir voru fúsir að þola ofsóknir og hörmungar hans vegna; eins og lærisveinar Krists fórnudu þeir hinum veraldlegu gæðum fyrir málefni Krists. Þeir sem leyfi fengu eða frið til þess að dvelja á heimilum sínum, skutu ánægðir skjólshúsi vfir hina ofsóttu bræður sína, og þegar þeir voru svo einnig reknir burt tóku þeir því með jafnaðargeði að hrekjast um landið sem útlagar. Að vísu verður því ekki neitað að þúsundir manna voru

<sup>1</sup>Sálm. 119: 130.

hræddir með ofsóknum prestanna til þess af afneita trú sinni, til þess að kaupa sér frelsi og flýja skelfingu; fóru þeir úr fangelsunum í iðrunarklæðum, til þess að auglýsa afturhvarf sitt. En hinir voru margir — og meðal þeirra menn af tignum ættum ekki síður en lágum — sem báru óskelfdir vitnisburð sannleikans í fangaklefunum í “Lorrards turninum”, og mitt í kvölum og eldi glöddust yfir því að þeir væru taldir meðal þeirra, sem verðugir væru þess að verða “hluttakandi í píslum Krists”.

Það var fyrir áhrif þess er Wycliffe skrifaði að Jóhann Húss frá Bæheimi hóf baráttu sína gegn róm-verska valdinu og gerðist siðbótamaður. Þannig var það í þessum tveimur löndum, þótt langt sé á milli, að sæði sannleikans festi rætur. Frá Bæheimi breiddist starfið ut til annara landa. Hugum manna var bent á hið Iöngu gleymda orð Drottins. Guðleg hönd var að undirbúa veginn fyrir hið mikla siðabótastarf.

## Húss og Jerome

Gleðiboðskapurinn var fluttur í Bæheimi þegar á níundu öld. Biblían var þýdd og guðspjónustur fóru fram á tungumáli þjóðarinnar. En eftir því sem vald páfans magnaðist bar minna á Guðs orði. Gregorius VII., sem hafði sett sér það fyrir markmið að brjóta niður tign kon-unga, var engu síður ákafur í því að leiða fólkið í þræl-dóm. Var því gefið út páfabann við því að halda opin-berar guðspjónustur á máli Bæheimsmanna. Páfinn lýsti því yfir að það væri velþóknanlegt hinum alvalda kon-ungi himins og jarðar að tilbeiðsla hans og dýrkun færi fram á máli sem þjóðin ekki skildi, og kvað hann margar trúarvillur og margt ilt hafa leitt af því að þetta boð hefði ekki verið haldið. Þannig skipaði páfinn svo fyrir að ljós Drottins skyldi slökt og fólkinu skyldi vera haldið í myrkri. En Guð hafði sjálfur útvalið aðra leið til þess að vernda kirkju sína hér á jörðinni. Margir þeirra sem fylgdu Valdensunum og Albigensunum, sem reknir voru frá heimilum sínum á Frakklandi og ítaliu og ofsóttir á allar lundir, flýðu til Bæheims. Þótt þeir þyrðu ekki að kenna opinberlega, þá útbreiddu þeir Guðs ríki trúlega í leyni. Þannig var hin rétta trú vernduð öldum saman.

Fyrir daga Húss voru menn í Bæheimi, sem risu upp og for-dæmdu opinberlega þá spillingu, sem átti sér stað í kirkjunni og þá kúgun sem fólkið varð að þola. Starf þeirra vakti yfirgripsmikla eftirtekt. Prestavaldið varð óttaslegið og boðendur fagnaðarerindisins voru of-sóttir. Þeir urðu að flytja orð Drottins í skógum og á fjöllum uppi; voru þangað sendir eftir þeim hermenn til ofsóknar og margir þeirra voru sviftir lífi. Að nokkrum tíma var sú skipun út gefin að hver sá er viki frá boðum rómversku kirkjunnar skyldi vægðarlaust brendur á báli. En samtímis því að hinir kristnu menn létu líf sitt horfðu þeir fram í tímann með von um sigur máli sínu. Einn þeirra sem fluttu þá kenningu að “sannarleg sáluhjálp fengist einungis fyrir trúna á Jesúm Krist og hann kross-festan”, sagði á deyjanda degi: “Ofsóknir fjandmanna sannleikans gegn oss, buga oss um stundar sakir, en þeir ráða ekki að eilífu. Sá mun upp rísa meðal alþýðunnar,

sem hvorki beitir sverði né ofbeldi og gegn honum munu þeir ekki standast". En þá var langur tími til komu Lúters, en sá var í nánd, sem bar þann vitnisburð gegn rómverska valdinu, og opnaði augu þjóðanna.

Jóhann Húss var af fátækum alþýðumanna ættum; misti hann snemma föður sinn og varð munaðarlaus. Móðir hans áleit að góð mentun og guðsótti væri bezti arfur, sem foreldrar gætu eftirlátið börnum sínum; þetta hvorttveggja reyndi hún því að veita syni sínum. Húss stundaði nám við héraðsháskóla og bjó sig síðan til náms við háskólann í Prag; fékk hann þar styrk sem kölluð var ölmusa. Móðir hans fylgdi honum til Prag. Hún var félaus ekkja og átti engan veraldlegan auð til þess að láta syni sínum í té, en þegar þau nálgudust hina miklu borg féll hún á kné og bað Guð fyrir föðurlausa drengnum sínum; bað um blessun hans og vernd. Þá hefir móðurina ekki grunað hvernig þeirri bæn mundi svarað.

Á háskólanum skaraði Húss brátt fram úr öðrum vegna sinnar frábæru ástundunar og hinna miklu gáfna, en mannkostir hans og prúðmenska áunnu honum virð-ing og álit allra manna. Hann var einlægur fylgjandi rómversk-kaþólsku kirkjunnar og leitaði stöðugt þeirrar blessunar, sem hún þykist veita. Einhverju sinni var það á kirkjulegri hátíð að hann gerði játningu sína; lagði hann þá síðustu aurana sem hann átti í eigu sinni í guðskistuna og var í hópi þeirra sem leituðu syndakvitt-unar þeirrar, sem kirkjan heitir. Þegar hann hafði lokið undirbúningsnáminu tók hann að lesa guðfræði og ásetti sér að verða kaþólskur prestur; fékk hann brátt á sig mikið álit og varð innan skamms handgenginn hjá hirð konungsins. Hann var gerður að háskólakennara og síð- ar að háskólastjóra við menta- stofnun þá, er áður hafði veitt honum mentun. Á fáum árum höfðu hagir ölmusu-piltsins í skólanum breyst þannig að hann var orðinn augasteinn þjóðar sinnar og nafn hans var orðið víðfrægt um alla Evrópu.

En það var á öðrum svæðum sem Húss hóf siðabóta-starf sitt. Nokkrum árum eftir að hann var vígður til prests var hann skipaður prédikari í bænahúsinu Bethlehem. Sá er þann söfnuð stofnaði hafði lagt mikla áherzlu á að þar skyldi prédika á máli landsmanna sjálfra. Þrátt fyrir mótstöðu rómversku kirkjunnar hafði útbreiðsla Guðs orðs á þessu máli ekki með öllu orðið bæld niður í Bæheimi. En fólk var mjög illa að sér í biblíunni og lestir af verstu tegund voru algengir

meðal allra stétta manna. Þessa lesti fordæmdi Húss hlífðarlaust og óhik-að; vitnaði hann í Guðs orð til þess að sýna fram á að sannleikur sá og hreinleiki er hann heimtaði væri í sam-ræmi við það.

Borgari einn í Prag er Jerome hét og síðar varð mjög handgenginn Húss, hafði flutt með sér frá Englandi verk Wycliffes. Drotningin á Englandi, sem hafði snúist til kenninga Wycliffes, var bæheimsk konungs dóttir, og var það einnig fyrir áhrif hennar að verk Wycliffes náðu mikilli útbreiðslu í ættlandi hennar. Húss las þessi rit með næmri eftirtekt. Hann sannfærðist um að höfundur þeirra væri einlægur, kristinn maður, og hneigðist hann brátt að þeim kenningum er hann flutti. Hafði Húss þegar óafvitandi leiðst út á þá braut, sem átti að leiða hann í burt frá rómversku kirkjunni.

Um þetta sama leiti komu tveir óþektir menn til Prag frá Englandi. Þeir voru lærðir menn og höfðu með-tekið Ijós þekkingarinnar og sannleikans og komið til Prag til þess að útbreiða það þar. Þeir byrjuðu með því að ráðast á vald páfans, en yfirvöldin tóku brátt í taumana og bönnuðu þeim málfrelsi, en með því að þeir vildu ógjarna hætta starfi sínu, urðu þeir að taka til annara ráða. Með því að þeir voru listamenn ekki síður en prédikarar reyndu þeir að boða fólkinu áhugamál sín á þann hátt. Á almennum stað máluðu þeir tvær myndir; önnur þeirra sýndi innreið Krists í Jerúsalem, “hógværan ríðandi á asna”,<sup>1</sup> og lærisveina hans fylgjandi honum í slitnum klæðum og berfætta. Á hinn myndinni sást páfinn í fullum skrúða með þrefalda kórónu, ríðandi á skrautlegum hesti með dýrum reiðtýgjum; fóru á undan honum flokkur manna með bumbum og hljóðfærslætti, en á eftir komu heilir herskarar kardinála og skriflærðra manna í alls konar veraldlegu skrauti.

Þarna var prédikun, sem allir hlutu að veita athygli, í hvaða flokki eða stöðu sem þeir voru. Fjöldi fólks þyrptist þangað sem myndirnar voru til þess að horfa á þær og tala um þær. Engum gat dulist siðferðiskenningin sem þarna var flutt á þögulan hátt, og margir urðu djúpt snortnir af þeim hinum mikla mismun hógværðarinnar og lítillætisins sem kom í ljós hjá meistaranum Jesú Kristi og hinu mikla drambi og hroka páfans hins vegar, sem þóttist vera þjónn Krists. Herrann auðmjúk-ur og lítillátur, þjónninn drambsamur og hrokafullur. Afar mikil hreyfing komst á í borginni Prag, og svo kvað

<sup>1</sup>Matt. 21: 5.



ramt að því að hinir ókunnu menn sáu sér ekki annað fært en að flýja. En kenningin sem þeir höfðu flutt og boðað gleymdist ekki. Þessi mynd hafði djúp áhrif á huga Húss og kom honum til þess að lesa nákvæmar biblíuna og ritverk Wycliffes. Þótt hann væri jafnvel ekki enn til þess búinn að fallast á allar kenningar Wycliffes, þá sá hann betur og greinilegar villur páfa-dómsins og hið verulega eðli hans en áður, og fordæmdi nú með meiri ákafa hrokann, drambið og spillingu klerka-valdsins.

Frá Bæheimi skein ljós sannleikans til Þýzkalands. Óeirðir sem áttu sér stað í háskólanum í Prag urðu til þess að hundruð námsmanna frá Þýzkalandi fóru þaðan. Margir þeirra höfðu fengið fyrstu þekkingu sína á biblí-urnni af kenningum Húss, og þegar þeir komu heim beindu þeir geislum þekkingarinnar og sannleikans út um alla ættjörðu sína.

Fréttin um það sem gerst hafði í Prag barst ti! Rómaborgar og var nú Húss stefnt til þess að mæta fyrir páfanum. Að hlýða boði páfans var sama sem að ganga út í opinn dauðann. Konungurinn og drotningin í Bæheimi, háskólastjórinn, ýmsir háttsettir embættismenn og stjórnin í landinu tóku saman höndum og báðu páfann þess fyrir hönd Húss að hann mætti vera kyr í Prag og senda fulltrúa til þess að mæta fyrir páfan-um. Í stað þess að veita þetta hélt páfinn áfram að rann-saka málið; fordæmdi hann Húss og setti bann á borgina Prag.

Á þeim dögum var slíkt bann ægilegt í mesta máta. Reglurnar sem því fylgdu að framfylgja banninu voru allar sniðnar á þann hátt að vekja ótta og skelfingu hjá því fólki, sem skoðaði páfann sem fulltrúa sjálfs Drottins almáttugs, sem hefði í hendi sér lyklavald himnanna og helvítis og hefði umboð til þess að fordæma menn bæði tímanlega og eilíflega. Það var trú manna að hlið himna-ríkis væru lokuð fyrir fólki frá þeim stöðum, sem slíkt bann var lagt á. Þangað til páfanum þóknaðist að aftur-kalla bannið var þeim sem þar dóu haldið frá sælubú-stöðum hinna framliðnu. Sem útvortis teikn þessa voða banns var á slíkum stöðum forboðin prédikun Guðs orðs í allri mynd. Kirkjum var lokað; hjónavígslur fóru fram utan kirkju; hinum dauðu var neitað greftrunar í kirkju-görðum og var þeim holað ofan í óvígða mold án allra kirkjulegra athafna, úti á víða vangi. Þannig var það að með boðum og reglum, sem höfðu sterk

tök á ímynd-unaraffli fólksins reyndi rómverska kirkjan að stjórna samvizku manna og hafa alt í eigin hendi.

Hingað til hafði Húss verið aleinn í starfi sínu; en nú kom fram Jerome og studdi hann í siðbótastarfinu; hafði hann áður orðið gagn-tekinn af ritum Wycliffes, en hann kyntist og las á Englandi. Hér eftir voru þessir tveir menn óaðskiljanlegir samstarfsmenn og dauðinn fékk ekki slitið þá heldur. Jerome var gæddur frábærum gáfum, óvið-jafnanlegri mælsku; aðdánlegum lærdómi og þekkingu, og ávann honum þetta alment fylgi fólksins. En í þeim atriðum sem þá eru nauðsynleg þegar mest á reynir var Húss honum enn þá fremri. Hin mikla stilling og dómgreind Húss kom honum að góðu liði til þess að halda aftur af Jerome, sem var ákafur í land og fullur hita. En Jerome beygði sig með barnslegri undirgefni undir ráð hans; því hann skildi það hversu hygginn hann var og heilráður. Sameinað starf þessara manna veitti siðbótinni byr undir báða vængi. Drottinn [82] lét bjart ljós skína í hugum þessara útvöldu manna, og lét þá skilja margar af páfavillunum í Rómaborg. En þeir urðu ekki hluttakendur alls þess ljóss er heiminum veittist síðar. Fyrir verk þessara sinna útvöldu þjóna leiddi Drottinn fólkið út úr myrkri villukenninga hins rómverska páfa-dóms; en þeir áttu margskonar erfiðleikum að mæta, og hann leiddi þá áfram fet fyrir fet jafnótt og þeir voru færir um að halda áfram. Þeir voru ekki færir um að sjá bjartasta ljósið alt í einu. Þeir voru eins og menn sem dvalið hafa í myrkvastofu; þeir eru ekki færir um að koma út í dagsljósið um miðjan dag og horfa á hina sterku geisla himinsólarinnar. Hefði þannig verið farið að við þá, hefðu þeir, ef til vill hörfað til baka. Þess vegna opinberaði Drottinn leiðtogum sínum smátt og smátt, jafnótt og fólkið gat skilið og meðtekið kenningar þeirra.

Öld eftir öld átti það fyrir þjóðunum að liggja að eignast nýja og nýja leiðtoga, til þess að leiða fólkið áfram lengra og lengra á vegum sannleikans og þekk-ingarinnar í siðabótaáttina.

Með meiri og meiri ákafa þrumaði Húss gegn sví-virðingum þeim, sem fólkið varð að þola.

Aftur var borgin Prag bannfærð og Húss flýði til ættborgar sinnar. Nú var hann hættur að vitna um sann-leikann í hinu litla bænahúsi Bethlehem; hann átti það fyrir sér að liggja að vitna frá þeim stað þar sem fleiri heyrðu mál hans — fyrir öllum heiminum, áður en hann léti líf sitt sem píslarvottur fyrir sannleika Drottins.

Til þess að bæta úr því böli sem Evrópa þjáðist af var kallað til þings í Konstanz. Þing þetta var kall-að samkvæmt óskum Sigismundar af einum hinna þriggja manna er um páfadóminn keptu; var það Johann páfi XXIII. sem fyrir því gekst og kom hann á þingið með margar kærur og klaganir og var illa liðinn af mörgum. Samt sem áður hélt hann innreið sína í Konstanz með mik-illi viðhöfn og fylgdi honum mikill skari skriftlærðra manna og stórir hópar annara er líf hans áttu að verja og veita honum fylgi. Allir heldri menn og stjórnendur borgarinnar fóru á móti honum og veittu honum viðtöku með hinni mestu dýrð. Yfir höfði hans var gullinn him-inn, er fjórir dómara báru; páfamerkið var borið á und- an honum og skrautklæddir kardinálar og aðalsmenn róð-uðu sér í tigulegar fylkingar.

[83]

[84]

Samtímis var annar á ferð er stefndi til Konstanz. Húss vissi vel um þá hættu, sem hann var staddur í. Hann fór frá vinum sínum og kvaddi þá þannig að hann gaf í skyn að hann mundi aldrei sjá þá aftur; hann lagði í ferð sem hann var sannfærður um að binda mundi enda á örlög sín. Þrátt fyrir það þótt hann hefði fengið griðaloforð frá konunginum í Bæheimi og sömuleiðis frá Sigismundi og ferðin hefði því átt að vera hættulítill, þá ráðstafaði hann samt öllu þannig að hann bjóst auðsjá-anlega við dauða sínum.

[85]

Á ferð sinni varð Húss hvarvetna var við útbreiðslu kenninga sinna og gat honum ekki dulist það hversu mikið fylgi mál hans hafði. Fólkið þyrptist hópum saman þang-að sem hann kom til þess að sjá harm og heyra, og sum-staðar urðu lögreglumenn að fylgja honum um borgirnar.

Þegar Húss kom til Konstanz var honum veitt fult frelsi. Fyrst og fremst hafði hann loforð keisarans um óhultleik og auk þess hét páfinn honum vernd; en þvert á móti þessum háleitu og helgu drengskaparloforð-um, var siðbótamaðurinn brátt tekinn fastur, eftir skipun páfans og kardinálanna og honum kastað í viðbjóðslega myrkvastofu. Síðan var hann fluttur í sterkan kastala hinu megin við fljótið Rín og hafður þar sem fangi. Páf-inn græddi lítið á svikum sínum, því hann var brátt tekinn fastur og fluttur í sama fangelsið.

<sup>1</sup> Hafði hann verið fundinn sannur að sök frammi fyrir þinginu um svívirði-legustu glæpi, auk morðs, hórdóms og alls konar ólifnað-ar, “glæpi sem ekki var hægt að nefna á nafn”, eftir því sem þingið

<sup>1</sup>Bonnechose, 1. bindi, bls. 247.

lýsti yfir. Var hann loksins sviftur skruða sín-um og honum kastað í fangelsi. Þeir sem á móti páfanum voru sættu ekki betri meðferð, þeir voru einnig dæmdir frá öllum sínum kröfum og nýr páfi settur í embætti.

[86] Þrátt fyrir það þótt páfinn sjálfur hefði verið sekur um verri glæpi en Húss hafði nokkru sinni borið á klerk-ana, og sem hann hafði heimtað iðrun fyrir, þá hélt samt sami dómstóllinn sem fann páfann sekan áfram að for-dæma siðbótamanninn. Ofsóknirnar gegn Húss vöktu mikla og almenna gremju í Bæheimi, Voldugir höfðingj- ar fluttu sterk og öflug mótmæli gegn þeim svívirðing-um er ættu sér stað. Keisarinn, sem ekki vildi láta það viðgangast að loforðin um grið væru rofin setti sig upp á móti kærnum gegn Húss.

Loksins var Húss leiddur fram fyrir rannsóknar-réttinn; var hann þá veikburða og aðfram kominn af sjúkdómum og illri meðferð eftir fangelsisvistina, þar sem hann hafði fengið hitasótt vegna loftleysis og alls-konar óheilnæmis; hafði sú sótt nálega leitt hann til dauða. Hann stóð frammi fyrir keisaranum og var í sterkum hlekkjum; keisaranum sem hafði gefið honum drengskapar loforð fyrir vernd og öryggi. Rannsóknin stóð lengi yfir og var Húss frá byrjun til enda stöðugur í vitnisburði sannleikans, og frammi fyrir fjölmönnum skara hinna æðstu veraldlegu og kirkjulegu embættis-manna flutti hann hátíðleg og einörð mótmæli gegn þeirri spillingu sem ætti sér stað meðal klerkavaldsins. Þegar honum var boðið að velja um það að taka aftur orð sín og kenningar eða missa lífið, kaus hann það heldur að deyja píslarvættisdauða.

Í síðasta skifti var Húss leiddur fram fyrir dóminn. Var það stór flokkur manna og barst mikið á. Þar var keisarinn sjálfur, konunglegir menn ríkisins og fulltrúar stjórnarinnar; kardinálarnir, biskuparnir og klerkarnir; auk þess ótölulegur fjöldi manna sem komið hafði til þess að sjá og heyra hvað fram færi. Frá öllum kristnum löndum höfðu verið fengin vitni til þess að koma fram við hina fyrstu miklu fórn, í hinni löngu baráttu fyrir samvizkufrelsi manna.

Þegar Húss var kallaður fram í síðasta skifti og fullnaðarúrskurð átti að fella í máli hans, afsagði hann með öllu að víkja hársbreidd frá sannleikanum og kenn-ingum sínum. Hann hvesti eldleg augu á hinn einvalda keisara, sem hafði svo svívirðilega rofið loforð sín, og sagði hátt og einarðlega: “Eg ásetti mér af eiginn fúsum og frjálsum vilja að mæta fyrir þessum rétti, með opin-berri vernd og friðhelgi keisara

þc-ss, sem hér er staddur”.<sup>1</sup> Sigismundur keisari varð dreyrrauður, því allra augu störfu á hann.

Húss var dæmdur til dauða og var tafarlaust byrjað á þeim vanvirðingarathöfnum, sem dóminum fylgdu. í háðungar skyni var fanginn færður í prestsskrúða og gerðu biskuparnir það. Þegar hann tók við prestskáp-unninn sagði hann: “Drottinn vor Jesús Kristur var færður í hvít klæði í háðungar skyni, þegar Herodes hafði farið með hann til Pilatusar”.<sup>2</sup>

[87]

Enn þá var Húss gefinn kostur á því að afturkalla kenningar sínar; sneri hann sér þá til fólksins og mælti: “Hvernig ætti eg þá að horfast í augu við skapara minn? Hvernig ætti eg þá að geta litið það fólk, sem eg hefi boðað hinn hreina og óblandaða gleðiboðskap? Nei, eg met sáluhjálpi þeirra meira virði en þennan lítilfjörlega líkama, sem nú hefir verið dæmdur til dauða”.

Nú var hann afklæddur einni kápunni eftir aðra, og mælti hver biskup fordæmingarorð um leið og hann framkvæmdi sína vanhelgu athöfn. Loksins settu þeir húfu á höfuð honum eða þrístrendan pappírsstrók; voru þar málaðar á alls konar viðbjóðslegar myndir af djöflinum og þessi orð: “Erki vantrúarmaður”. Orðin voru prentuð að framan, þar sem mest bar á þeim. “Með mestu ánægju”, sagði Húss, “skal eg bera kórónu fyrirlitning-arinnar þín vegna, frelsari minn, sem sjálfur hefir mín vegna borið þyrnikórónu”.

Þegar Húss hafði þannig verið færður í fyrirlitningarskrúða, sögðu hinir háu herrar: “Nú felum vér sál þína Djöflinum á vald”. “Og eg”, svaraði Jóhann Húss, og horfði til himins, “fel þér anda minn Drottinn minn og frelsari Jesús Kristur, því þú hefir endurleyst mig”.<sup>1</sup>

Nú var Húss fenginn í hendur hinum veraldlegu yfirvöldum og farið með hann til aftökustaðarins. Ótölulegur fjöldi fólks fylgdi á eftir; hundruð vopnaðra manna; prestar og biskupar í skrautklæðum sínum og íbúarnir í Konstanz. Þegar hann hafði verið bundinn við tré og alt var reiðubúið til þess að kveikja bálið, var píslarvotturinn enn þá einu sinni eggjaður á að forða lífi sínu með því að afturkalla villukenningar sínar. “Hvaða villukenningar?” svaraði Húss. “Hvaða villukenningar á eg að afturkalla? Eg veit mig ekki sokan um neinar

<sup>1</sup>Sjá Bonnechose, II. bindi, 84. bls.

<sup>2</sup>Wylie, 3. bók. 7. kap.

<sup>1</sup>Bonnechose, II. bindi, 86. bls.

[88] villukenningar. Eg kalla Guð á himnum til vitnis um það að alt sem eg hefi skrifað og prédikað hefir verið til þess að frelsa sálir manna frá glötun; og þess vegna er mér það einkar ljúft og skal gera það með óblandaðri gleði að inn-sigla með blóði rit mín og prédikanir”.<sup>1</sup> Þegar logarnir blossuðu umhverfis hann byrjaði hann að syngja: “Jesús, sonur Davíðs, miskunna þú mér”. Hélt hann þannig áfram þangað til rödd hans þagnaði eilíflega.

Þegar líkami Húss var brunninn til ösku, var askan og jörðin, þar sem hún var, tekin upp og henni kastað í fljótið Rín, og barst hún eftir fljótinu fram til sjávar. Of-sóknarmenn hans héldu það í einfeldni sinni að þeir hefðu tekið upp með rótum áhrifin af kenningum hans og sann-leika þess er hann prédikaði. Ekki grunaði þá það að askan sem þá barst eftir ánni út í hið víðáttumikla haf, bæri með sér sæði kenninganna til allra landa og allra þjóða heimsins. Að í þeim löndum jafnvel sem þá voru óþekt yrði hún til þess að framleiða ávexti er vitni bæru hinum mikla sannleika. Röddin sem talað hafði í dóms-og rannsóknarsalnum í Konstanz, átti sér bergmál, sem hljóma skyldi um allar aldir. Húss var úr sögunni líkamlega, en sannleikur sá er hann kendi og dó fyrir getur aldrei liðið undir lok. Fyrirmynd hans í staðfestu og óbifanlegri trú varð til þess að styrkja og staðfesta fjölda manns í baráttunni fyrir sannleikanum, þótt við þeim blasti ofsókn, hörmungar og dauði.

Líflát Húss hafði orðið öllum heimi ómótmælanlegt vitni um grimdina í Rómaborg og spillinguna þar. Þótt óvinir sannleikans vissu það ekki, þá höfðu þeir í raun rétttri unnið því málefni gagn er þeir hugðust að eyði-leggja.

En önnur brenna átti fram að fara í Konstanz. Blóði annars vitnis átti að úthella fyrir sakir sannleikans. Þegar Jerome kvaddi Húss, er hann fór af stað til þess að mæta fyrir dóminum, hafði hann hvatt hann til stað-festu og hugrekkis og hafði sagt að ef hann yrði í nokk-urri hættu staddur, skyldi hann tafarlaust koma honum til liðs og aðstoðar. Þegar Jerome Heyrði að Húss hefði verið varpað í myrkvastofu, hugðist hinn trúi lærisveinn að efna loforð sitt og drengskaparheit, án nokkurrar und-anfærslu. Hann lagði af stað með einn fylgdarmann til Konstanz, án þess að hafa nokkurt fyrirheit um grið.

[89]

<sup>1</sup>Wylie, 3. bók, 7. kap.

Þegar þangað kom sannfærðist hann um að hann hefði aðeins stofnað sjálfum sér í hættu, án þess að honum væri á nokkurn hátt mögulegt að frelsa Húss. Hann flýði úr borginni, en var tekinn fastur á leiðinni og flutt-ur til baka í hlekkjum og undir gæzlu nokkurra hermanna. Þegar Jerome mætti fyrst frammi fyrir dómstólnum og hann reyndi að svara þeim ákærum sem á hann voru bornar, þá var kallað svo hátt að hann kom ekki upp nokkru orði: “Brennið hann! brennið hann!”<sup>1</sup> Honum var varpað í myrkvastofu; hneptur þannig í hlekk að hann kvaldist af stórkostlega og fékk enga næringu nema vatn og brauð. Eftir nokkra mánuði varð hann veikur af þeirri grimd og því illa viðurværi er hann hafði í fang-elsinu og var líf hans í stórhættu: óvinir hans héldu að ef honum yrði slept út, kæmist hann ef til vildi undan þeim; tóku þeir því það ráð að fara skár með hann í fang-elsinu og héldu honum þar í heilt ár.

Árangurinn af dauða Húss hafði ekki orðið sá sem páfavaldið vonaðist til. Griðarof það sem framið var á honum hafði vakið almenna gremju. Þess vegna var það að rannsóknardómurinn áleit að það væri öruggara að þröngva Jerome til að afturkalla kenningar sínar, en að lífláta hann, ef mögulegt væri að fá hann til þess. Hann var leiddur fram fyrir dómstólinn og látinn velja um þá tvo kosti að taka aftur orð sín og iðrast eða missa lífið á báli. Dauðdagi hefði verið náðargjöf þegar hann var fyrst tekinn fastur, í samanburði við þær hörmungar, sem hann hafði orðið að líða. En nú var hann brotinn og beygður af veikindum og illri meðferð í fangelsinu, áhyggjum og ofsóknum, þar sem hann hafði verið rifinn brott frá vinum og vandamönnum; auk þess var hann gagntekinn af angist út af dauða Húss; hann misti því kjarkinn frammi fyrir hinu mikla ráði og lét til þess leiðast að afturkalla kenningar sínar. Hann lofaði því að fylgja kaþólskri trú og samþykki gerðir dómstólsins, þar sem honum var fyrirskipað að fordæma kenningar John Wycliffes og Húss, að undanteknum þó “hinum heilaga sannleika”, sem þeir hefðu boðað.<sup>2</sup>

Með þessu móti reyndi Jerome að þagga niður rödd samvizku sinnar og sleppa við dóminn; en þegar hann var aftur kominn í einveruna í myrkvastofunni, sá hann greinilega hvað hann hafði

[90]

<sup>1</sup>Bonnechose, I. bindi, 234. bls.

<sup>2</sup>Sama bók, II. b. 141. bls.

gert. Þá hugsaði hann í næði um trú þá og hugrekki það er Húss hafði sýnt og hugsaði jafnframt um það hvernig hann sjálfur hafði neitað sann-leikanum, og hann bar saman breytni þeirra. Hann hugsaði um hinn guðlega meistara, sem hann hafði sjálfur heitið að þjóna, meistara, sem sjálfur hafði liðið dauða á krossinum. Áður en hann tók aftur kenningar sínar hafði hann fundið huggun, í öllum sínum þjáning-um, í þeirri fullvissu að vera Guði þóknanlegur; en nú kvaldist sála hans af iðrun og efasemdum. Hann vissi það að enn þá meiri afturkallanir yrðu heimtaðar af honum, áður en hann fengi fullkominn frið við rómversku völdin, og brautin sem hann var að leiðast út á gat ekki endað öðruvísi en í fullkomnu fráfalli. Hann ákvarðaði hvað gera skyldi. Hann ásetti sér að afneita ekki Drotni sínum, til þess að sleppa við stundar þjáningar.

Brátt var hann aftur leiddur fram fyrir rannsóknar-réttinn. Auðmýkt hans hafði ekki verið fullnægjandi fyrir dómarana. Blóðþorsti þeirra, sem espaðist við dauða Húss, heimtaði fleiri fórnir. Jerome gat ekki bjargað lífi sínu nema með því að hafna algerlega sann-leikanum og undantekningarlaust. En hann hafði ásett sér að halda trú sinni hvað sem það kostaði og fylgja trúbróður sínum á bálið, ef svo vildi verða. Hann aftur-kallaði hina fyrri afneitun sína og sem deyjandi maður krafðist hann þess hátíðlega að fá leyfi til þess að verja sig. Dómendurnir óttuðust áhrif orða hans og heimtuðu að hann aðeins játaði eða neitaði því sem honum væri boðið. Jerome mótmælti slíkri grimd og ranglæti: “Þér hafið haldið mér í myrkvastofu í þrjú hundruð og fjöru-tíu daga” sagði hann, “og það í reglulegum kvalastað, þar sem er loftleysi, óþrifnaður og banvæni, ódaun og alls konar hörmungar, en ómótmælanlegur skortur alls þess er sönnu lífi tilheyrir; síðan leiðið þér mig fram fyrir þennan dómstól; hlustið þar á kærur fjandmanna minna, en neitið mér um áheyrn til varnar.” ... “Ef þér væruð virkilega vitrir menn og ljós heimsins, eins og þér þykist vera, þá munduð þér gæta þess vandlega að syndga ekki gegn réttlætinu. Að því er mig snertir, þá er eg að eins vesall og dauðlegur maður. Líf mitt er að eins lítils virði og þegar eg grátbæni yður um að fella ekki ranglátan dóm, þá hefi eg ekki eins mikið í huga mína eigin velferð og yðar sjálfra”.<sup>1</sup>

[91]

<sup>1</sup>Bonnechose, II. bindi, 146. og 147. bls.



Bæn hans var loksins veitt. Frammi fyrir dómurum sínum féll Jerome á kné og flutti Drotni sínum heita bæn um það að hinn heilagi andi mætti stjórna hugsunum hans og orðum; að hann mætti ekki segja neitt, sem gagnstætt væri sannleikanum eða nokkuð það sem óverð-ugt væri meistara hans. Á þeim degi voru honum upp-fyllt fyrirheiti Drottins, er hann gaf hinum fyrstu læri-sveinum sínum: “Mín vegna munuð þér leiddir verða fyrir landshöfðingja og konunga En er þeir framselja yður, þá verið ekki áhyggjufullir um, hvernig eða hvað þér eigið að tala; því að ekki eruð það þér, sem talið, heldur andi föður yðar, er í yður talar”.<sup>1</sup>

Orð Jeromes vöktu aðdáun og undrun, jafnvel meðal óvina hans. Í heilt ár hafði hann verið hneptur í myrkva-stofu og hvorki getað lesið né notið dagsljóssins, líðandi alls konar hörmungar líkamlega og áhyggjur andlega. Samt voru röksemdafærslur hans frambornar með svo miklum skýrleik og krafti að líkast var sem hann hefði haft óhindrað tækifæri til lesturs og lærdóms. Hann benti áheyrendum sínum á hina mörgu helgu menn, sem dæmdir hefðu verið af ranglátum dómurum. Svo að segja hjá hverri einustu kynslóð hafa þeir verið uppi, sem reynt hafa að hefja upp þjóð sína, en verið kastað út og ofsóttir; en þessir sömu menn hafa síðar verið viðurkendir sem boðendur sannleikans. Sjálfur Kristur var dauðadæmdur sem illræðismaður frammi fyrir ranglátum dómstóli.

Þegar Jerome hafði verið neyddur til þess að afturkalla kenningar sínar, hafði hann fallist á fordæmingu á kenningum Húss. Nú lýsti hann yfir iðrun sinni og bar vitni um sakleysi og heilagt líferni píslarvottsins: “Eg þekti hann frá því hann var barn”, sagði Jerome. “Hann var hinn ágætasti maður; réttlátur og heilagur í líferni sínu; en hann var fordæmdur þrátt fyrir sakleysi sitt. .... Einnig eg — eg er reiðubúinn til þess að deyja. Eg mun ekki veigra mér við því að þola þær hörmungar, sem mér eru fyrirhugaðar af óvinum mínum og ljúgvitnum, sem á degi dómsins verða að standa reikningsskap at-hafna sinna og athæfis, frammi fyrir hinum alvalda og mikla Guði, sem aldrei blekkist af neinum”.<sup>1</sup>

Jerome iðraðist sárlega þeirra gjörða sinna að hann skyldi hafa afneitað sannleikanum. Hann hélt áfram ræðu sinni á þessa leið:

<sup>1</sup>Matt. 10: 18-20.

<sup>1</sup>Bonnechose, II. bindi, 151. bls.

“pótt eg iðrist allra synda, sem eg hefi drýgt síðan eg man eftir mér fyrst, þá liggur engin þeirra eins þungt á hjarta mínu og sú synd, sem leggur mig til jarðar með óútmálanlegum sársauka og sálarangist; sú syndin sem eg drýgði á þessum stað, þeg-ar eg samþykkti þann óguðlega dóm, sem feldur var yfir Wycliffe og hinum heilaga píslarvotti Jóhanni Húss, meistara mínum og vini. Já, eg iðrast þeirrar syndar af einlægni frá djúpi sálar minnar og lýsi því yfir með skelf-ingu að eg sveik þá af heigulskap og lét óttann fá yfir-hönd yfir mér, þegar eg fordæmdi kenningar þeirra, til þess að forðast dauða. Eg bið því og grátbæni almátt-ugan Guð að hann virðist að fyrirgefa mér syndir mínar, og sérstaklega þessa synd, sem viðurstyggilegust er allra minna yfirsjóna”. Síðan benti Jerome á dómarana og sagði ennfremur einarðlega: “Þér hafið fordæmt Wycliffe og Jóhann Húss; ekki fyrir þá sök að þeir ógnuðu kenn-ingum kirkjunnar, heldur fyrir þá sök að þeir bannfærðu svívirðingar þær, sem klerkarnir höfðust að — skraut þeirra og tildur, dramb þeirra og stærilæti og allan ólifn-að prestanna og hinna lærðu”.

Innan stundar var kveðinn upp yfir honum dauða-dómur. Hann var leiddur út þangað sem Jóhann Húss hafði látið líf sitt. Hann söng andlega söngva á leiðinni til aftökustaðarins og andlit hans ljómaði af ánægju og friði. Hann horfði í anda á frelsara sinn og ógnir dauð-ans hurfu honum með öllu. Þegar aftökumaðurinn, sem átti að kveikja í eldinum, fór aftur fyrir hann sagði písl-arvotturinn hátt og greinilega: “Komdu fram djarflega, kveiktu í viðarhrúgunni fyrir framan mig, fyrir augum mínum. Hefði eg verið hræddur þá hefði eg ekki ver-ið hér”.

Síðustu orðin sem hann mælti, þegar logarnir bloss-uðu umhverfis hann, voru bænir til Guðs: “Drottinn, almáttugi faðir”, sagði hann, “miskunna þú mér og fyrir-gef mér syndir mínar, því þú veizt það í alvizku þinni að eg hefi ávalt elskað sannleika þinn”.<sup>1</sup> Nú heyrðist ekki lengur til hans, en varirnar sáust bærast, því hann hélt áfram bænum sínum. Þegar hann var brunninn til ösku, voru leifarnar og jörðin þar sem hann var brendur teknar eins og leifarnar af Húss og þeim kastað í fljótið Rín.

Þannig voru hinir trúu ljósberar Drottins ráðnir af dögum; en ljós sannleikans, sem þeir höfðu boðað lifði, það sloknaði ekki —

<sup>1</sup>Bonnechose, II. bindi, 151. og 152. bls.

ljós hins mikla fordæmis er þeir gáfu með hugrekki sínu, gat ekki sloknað. Menn gætu með eins miklum árangri reynt að stöðva sólina á göngu hennar, eins og það að varna þeim degi að birtast heiminum, sem jafnvel þá var að renna upp mannkyninu.

Líflát Húss hafði kveikt bál gremju og mótmæla og skelfinga í Bæheimi. Öll þjóðin fann til þess að hann hafði orðið að bráð illvilja prestanna og sviksemi keis-arans. Því var lýst yfir að hann hefði verið trúfastur boðberi Guðs orðs og sannleikans, og dómstóllinn sem dæmdi hann til dauða var sakaður um morð. Kenningum hans var nú veitt miklu meira athygli en nokkru sinni fyr. Samkvæmt skipun páfans höfðu rit Wycliffes verið dæmd til þess að brennast. En það af þeim sem bjargað hafði verið frá því kom nú í ljós og fyrir almennings-sjónir; voru þau nú lesin í sambandi við heilaga ritningu eða þá hluta hennar sem fólkið gat náð í; leiddust á þenn-an hátt margir út á braut sannrar trúar.

Morðingjar Húss stóðu ekki hjá þegjandi og aðgerða-lausir, þegar þeir sáu sigur þess málefnis er hann hafði barist fyrir. Páfinn og keisarinn tóku saman höndum til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu hreyfingarinnar og var nú herlið Sigismundar sent til Bæheims.

Uppreist, óeirðir og blóðsúthellingar ráku hvað ann-að. Útlendar hersveitir ruddust inn í Bæheim og inn-byrðis sundrung hélt áfram að lama þjóðina. Þeir sem fuslega og fast héldu við náðarboðskapinn voru látnir sæta ofsóknum og eltir með morðvopnum.

Eins og hinir fyrri trúbræður þeirra, sem hræddust skelfingar afsóknanna og beygðu sig fyrir valdi róm-versku kirkjunnar, þannig tóku sumir nú til þeirra ráða, en hinir, sem ekki létu afvegaleiðast né skelfast mynduðu sérstaka kirkju, er þeir nefndu “Hina sameinuðu bræður”.

[96]

Þetta varð til þess að allir flokkar snerust gegn þeim og formæltu þeim. Samt sem áður héldu þeir fast við stefnu sína. Þótt þeir yrðu að flýja ofsóknirnar og hafast við úti í helium og skógum þegar þeir lásu Guðs orð, þá héldu þeir þó stöðugt áfram í tilbeiðslu til hans.

Þeir fengu vitneskju um hvað á seiði var með því að senda menn út í ýmsar áttir til njósna. Fréttu þeir á þann hátt að til og frá voru menn innan um hina sem viðurkendu sannleikann; nokkrir í einni borginni og nokkrir í annari; en slíkir menn voru ofsóttir hvar sem þeir komu fram, alveg eins og bræður þeirra sem flúið höfðu. Þeir komust að því að í Alpafjöllum var gömul kirkja, sem hafði Guðs

orð fyrir grundvallar kennirgu sína og barðist gegn hjáguðadýrkun rómversku valdanna. Þessar fréttir fengu þeim ósegjanlegrar gleði, og bréfa-viðskifti voru hafin við hina kristnu Valdensa.

Bæheimsbúar voru stöðugir í trúnni alla þá löngu hörmunganótt, sem myrkur ofsóknanna þjakaði þeim. Þegar svartnættið var sem mest, horfðu þeir í anda þangað sem dagsins og birtunnar var von, eins og þreytt-ur ferðamaður horfir í anda eftir komandi degi. Þeir áttu nú í vök að verjast, en þeir mundu eftir orðum Jóhanns Húss, endurtekin af Jerome, að öld mundi líða áður en af degi birti.

Þeir sem Húss fylgdu voru nefndir Taboritar, og skoðuðu þeir þessi orð eins og orð Jósefs voru hinum her-leiddu Gyðingum. “Nú mun eg deyja; en Guð vissulega vitja yðar og flytja yður úr þessu landi”.<sup>1</sup> Síðasti hluti fimtánda aldarinnar sýndi árangurinn af starfi þesasra trúu bræðra, þá fjölgaði allmikið í kirkju þeirra. Þótt þeir fengju þá alls ekki að vera í friði, þá voru kjör þeirra samt tiltölulega góð og ofsóknirnar engar í samanburði við það sem verið hafði. Í byrjun sextánda aldar voru kirkj-ur þeirra orðnar tvö hundruð í Bæheimi og Moravia.<sup>2</sup>, þannig þroskuðust þeir, sem sloppið höfðu við ofsóknir, sverð og eld; þeir lifðu þá stund að sjá roða af þeim degi er Húss hafði spáð um.<sup>1</sup>

[97]

<sup>1</sup>Wylie, 3. b., 19. bls

<sup>2</sup>Gilletts, “Líf og æfi Jóhanns Húss”, 3. útg., II, bindi, 570 bls.

<sup>1</sup>Wylie, 3. b., 19. bls

## Lúter yfirgefur Rómversku kirkjuna

Fremstur allra sem til þess voru kallaðir að leiða kirkjuna út úr myrkri páfavillunnar inn í ljós hreinni og sannari kenningar, var Martin Lúter. Hann var vilja-sterkur, ákafamaður og guðhræddur, en kunnir engan að hræðast nema Drottinn sjálfan og viðurkendi engan trú-arbragða grundvöll nema hina heilögu ritningu; Lúter var sá maður, er mest og bezt mátti treysta á þeim tíma; hann var sá maður sem þörf var á einmitt þegar hann kom fram. Fyrir verk hans framkvæmdi Drottinn mikið starf fyrir siðabótina í kirkjunni og upplýsingu mannkynsins.

Eins og aðrir boðberar fagnaðarerindisins var Lúter kominn af alþýðufólki og fæddur í fátækt. Fyrstu ár æfi sinnar átti hann heima á fátæku bændaheimili á Þýzkalandi. Faðir hans var snauður námu- maður og fleytti fram fjölskyldu sinni á daglaunum sínum, en honum tókst að setja son sinn til menta. Hann ætlaðist til að hann yrði lög- maður; en Guð hafði ákveðið að gjöra hann að byggingameistara við hið mikla musteri, sem margar aldir þurfti til að byggja. Erfiðleikar, skortur og óút-málanleg sjálfsafneitun var það sem fyrir Lúter átti að liggja; en í þeim skóla hafði alvirk Guðs ákveðið að gera hann hæfan fyrir það mikla lífsstarf er honum var á hendur falið.

Faðir Lúters var viljasterkur og hugsandi maður; hann var þrek- mikill og sjálfstæður í mesta máta; ráð-vandur, ákveðinn og einbeitt- ur í öllu. Hann gerði sér glögga grein fyrir lífsskyldum sínum og framfylgdi þeim hvað sem það kostaði. Skynsemi hans og djúphygni komu honum til þess að vantreysta páfakenningunum og munkareglunum. Honum gramdist það meira en með orðum verði lýst þegar Lúter sonur hans gekk í klaustur, án þess að fá samþykki hans. Liðu síðan tvö ár þannig að þeir feðgarnir voru ósáttir; jafnvel eftir að þeir settust að nafninu til, hafði faðir hans þó sömu skoðanirnar.

Foreldrar Lúters lögðu mikið í sölurnar til þess að menta börn sín og koma þeim til náms. Þau reyndu að kenna þeim þekkinguna á Guði almáttugum og sannleika hinnar kristnu trúar, jafnframt kristi- legu líferni. Lúter heyrði föður sinn oft biðja Guð þess að sonur hans

[98]

mætti ávalt geyma nafn Drottins í huga sér og hjarta, og að sá tími mætti koma að hann yrði til þess að útbreiða guðlegan sannleika. Foreldrar barnanna gerðu alt, sem þeirra þröngu kringumstæður leyfðu, til þess að þau gætu þroskast og mentast og styrkst í öllu því sem gott var og siðsamlegt. Þau voru samtaka og einlæg í því að börnin þeirra yrðu Guði þóknanleg í líferni sínu og framferði, og ríki hans til útbreiðslu og eflingar. Þau voru vilja-sterk og einbeitt, og voru ef til vill stundum of hörð við börn sín. En þótt hinn mikli siðbótamaður vissi ef til vill að þeim hefði þar skjátlást, þá fann hann í fari þeirra miklu fleira og meira er hann dáðist að og vildi fylgja, en hitt sem honum féll ekki í geð.

Lúter var látinn byrja skólanám þegar hann var mjög ungur; var þar farið illa með hann að ýmsu leyti; ónærgætni og jafnvel ofbeldi var oft og einatt beitt við hann. Svo gjörsnauð voru foreldrar hans, að þegar hann varð að fara á skóla í fjarlægð hafði hann ekkert að kaupa fyrir viðurværi og varð því að syngja fyrir dyrum manna á götum úti til þess að afla sér daglegs brauðs; og samt leið hann oft af skorti. Mjög sennilega hefir það verið meðfram af þessum ástæðum að hann varð þunglyndur og geðveill; hann sökti sér niður í trúarbragða hugsanir og sál hans fylltist angist og ótta. Hann gekk til hvíldar að kveldi eftir unnið dagsverk, og skoðaði í huga sér með skelfingu þá dimmu framtíð er hann hlyti að eiga í vændum; hann óttaðist sjálfur Guð almáttugan eins og væri hann strangur, vægðarlaus dómari, grimm-ur og miskunnarlaus harðstjóri, fremur en mildur himn-eskur faðir.

[99] En þrátt fyrir þetta þunglyndi og þessa sálarangist var Lúter fyrirmynd í líferni sínu að því er siðferði og ráðvendni snerti; sál hans var í eðli sínu hrein og hjarta hans var snortið af öllu því sem háleitt var og göfugt. Hann hungraði og þyrsti eftir þekkingu, og hið stað-fasta mikla eðli hans varð til þess að hann leitaði fremur þess varanlega og sanna, en hins sem ekki var nema yfir-borðstildur og til þess að sýnast.

Þegar hann var 18 ára fór hann á háskólann í Erfurt. Voru þá framtíðarhorfur hans bjartari og hagur hans betri í alla staði en verið hafði á fyrri námsárum hans. Foreldrar hans höfðu með starfsemi og sparnaði komist í bærilegar kringumstæður og ætluðu þau nú að styrkja hann við námið í öllu sem hann þurfti. Áhrif mikilsvirtra vina hans höfðu einnig orðið til þess að þunglyndi hans minkaði.

Hann las nú með áfergju verk allra beztu höf-unda og færði sér í nyt af alefli dýpstu hugsanir þeirra og kenningar; gerði hann þannig fjársjóðu þeirra að sínum eiginn. Jafnvel á meðan hann var undir harðstjórn sinna fyrri kennara, hafði það komið í ljós að í honum bjó eitthvað meira en minna að því er gáfur og hæfileika snerti; en nú, þegar breyttar voru allar kringumstæður til hins betra, þroskaðist hugur hans eins og blóm er sólin vermir eftir regn og kalsa. Minnið var frábærlega gott; viljaprekið óviðjafnanlegt og rökleiðsluaflið takmarkalaust. Af þessu leiddi það að Lúter óx brátt í álitum sammemnda sinna og féлага. Sjálfstjórn sú sem hann hafði yfir að ráða þroskaði skilning hans og hvatti huga hans til starfa, og hinn glöggi skilningur sem hann hafði á því er hann las. sá, heyrði og hugsaði um, bjó honum brautir í þeirri lífsbaráttu sem fyrir honum átti að liggja.

Lúter óttaðist Guð í hjarta sínu, og hélt það honum staðföstum í áformum sínum og hreinum í breytni sinni, annars vegar, en auðmjúkum í bænnum og einlægum í trú hins vegar. Hann gerði sér glögga grein fyrir þeirri þörf, er hann stöðugt hafði á guðlegri aðstoð og hann lét það aldrei bregðast að byrja hvern einasta dag með bæn til síns himneska föður; en hjarta hans leitaði jafnan ná-lægðar Drottins og styrks frá honum: “Að biðja Guð í einlægni”, sagði hann oft, “er betri helmingur námsins”.

Einhverju sinni vildi það til að Lúter var að skoða bækur í bókasafni háskólans og rakst þar þá á latneska biblíu. Þá bók hafði hann aldrei séð fyr. Hann vissi jafnvel ekki að hún væri til. Hann hafði heyrt part af guðspjöllunum og pistlunum, sem lesin voru upp fyrir fólkinu við opinberar guðspjónustur og hafði hann haldið að það væri öll biblían; annað Guðs orð væri ekki til. Hann fann bæði til undrunar og ótta, þegar hann fletti þessari helgu bók. Hjarta hans barðist hraðara og blóðið streymdi fjörugar um líkama hans, þegar hann fór að lesa sjálfur orð lífsins; og hann hætti lestrinum öðru hvoru og sagði við sjálfan sig: “Ó, að Guð gæfi mér slíka bók til eignar!”<sup>1</sup>

Lúter þráði það einlæglega að verða laus við syndir sínar og fá frið við Guð, og þess vegna var það að hann tók það fyrir að ganga í klaustur. Þar varð hann að vinna hin lægstu verk og ganga betlandi húsa á milli. Hann var á þeim aldri, þegar menn venjulega þrá mest

<sup>1</sup>Siðabótasaga 16. aldarinnar, eftir D’Aubigné, 2. b. 2. kap

virðingu og álit og voru því þessi störf í hæsta máta sær-andi og þungbær hans verulega eðli. En hann bar og þoldi niðurlægning sína með stilling og undirgefni, trúandi því að þetta væri sér nauðsynlegt vegna synda sinna.

Hann varði hverju augnabliki sem hann gat frá sínum daglegu störfum til þess að lesa og stytti oft svefn-tíma sinn á þann hátt; sá hann jafnvel eftir þeim stutta tíma sem hann hafði til máltíða. Guðs orð var það sem hann lagði stund á að lesa framar öllu öðru. Hann hafði fundið biblíu, sem var fest við hlekk í klausturveggnum. Í henni las hann mörgum stundum. Sannfæring hans fyrir syndum sínum óx dag frá degi og reyndi hann stöð-ugt að afplána þær með sínum eigin verkum og fá þannig frið við Guð og fyrirgefning. Hann lét alt á móti sér sem hugsast gat; fastaði, vakti og kvaldi sjálfan sig, og reyndi á þann hátt að yfirbuga allar illar tilhneigingar, sem honum fanst hann hafa sér til syndar; en sem honum fanst munkalífið ekki hreinsa sig frá á neinn hátt. Hann veigraði sér við engum pintingum, sem hann hélt að verða mættu til þess að ávinna honum þann hreinleika sálar og hugsunar, sem gerði hann hæfan að mæta frammi fyrir augliti Drottins og standast dóm hans. “Eg var vissulega guðhræddur munkur”, sagði hann síðar, “og fylgdi regl- um þeirrar deildar sem eg tilheyrði strangar en eg geti lýst með orðum. Ef munkur gæti nokkru sinni áunnið sér himnaríkissælu með verkum sínum, þá hefði eg vissulega átt það skilið Hefði eg haldið þessu áfram miklu lengur, þá hefði eg líklega kvalið og pínt sjálfan mig til dauða”.<sup>1</sup> Vegna alls þess sem Lúter hafði orðið að þola og lagt á sig, förlaðist honum heilsa og kraftar hans bil-uðu; hann þjáðist af yfirliðum, og læknaðist hann aldrei af þeim til fullnustu. En hvað sem hann lét á móti sér og hvernig sem hann reyndi að öðlast frið og ró með eigin verkum, tókst honum það aldrei. Hann var kominn að dyrum örvæntingarinnar.

Þegar Lúter sýndist öll von úti, vakti Drottinn upp vin og aðstoð-armann honum til líknar. Hinn guðhræddi maður Staupitz opnaði huga Lúters fyrir sannleika Guðs orðs og bað hann að gleyma sjálf-um sér; hætta þessum eilífu sjálfspintingum fyrir brot gegn boðum Guðs, en snúa sér í þess stað til Jesú Krists, sem fyrirgefur syndir manna og frelsar frá þeim: “Í stað þess að pinta sjálfan þig fyrir syndir þínar skaltu varpa áhyggjum þínum upp á Krist, kasta þér

<sup>1</sup>D'Aubigné, 2. bindi, 3. kap.



í faðm frelsara þíns. Treystu honum, sem lifði heilögu lífi; treystu honum sem dó fórnardauða. .... Hlustaðu á Guðs son; hann gerðist maður til þess að tryggja þér guðleg gæði; elskaðu hann sem elskaði þig að fyrri bragði”.<sup>2</sup> Þannig mælti þessi sendiboði miskunnarinnar. Orð hans höfðu djúp áhrif á huga Lúters. Eftir erfiða baráttu gegn langvarandi villu, varð honum mögulegt að skilja sannleikann og friður færðist loks yfir hans óróu sál.

Lúter var enn þá sannur sonur páfakirkjunnar og kom honum ekki til hugar að hann mundi nokkru sinni breyta frá því. Samkvæmt vísdomsráði Guðs var því þannig hagað að hann ferðaðist til Rómaborgar. Hann fór þangað fótgangandi og gisti í klaustrum á leiðinni. Á munkaþingi í ítálíu óx honum í augum skrautið og skart-ið og viðhöfnin sem þar var. Munkarnir þar höfðu mikl-ar tekjur og lifðu í vellystingum praktuglega og hvern dag í dýrðlegum fagnaði. Þeir bjuggu í skrautlegum bú-stöðum og héldu sig sem bezt í öllu. Með djúpum sárs-auka bar Lúter þetta saman við allar þær pintingar og alla þá sjálfsafneitun sem hann sjálfur hafði lagt á sig. Hugur hans var að komast á ringulreið.

[102]

Loksins sá hann í fjarska sjöhæða borgina. Hann fleygði sér til jarðar í djúpri guðhræðslu og sagði: “Heilaga Rómaborg; eg heilsa þér”<sup>1</sup> Hann kom inn í borgina; skoðaði kirkjurnar, hlustaði á hinar einkenni-legu sagnir, sem prestarnir og munkarnir fluttu og for í gegn um allar reglur sem heimtaðar voru. Alstaðar bar honum það fyrir augu, er fylti hann undrun og viðbjóði. Hann sá að ójöfnuður átti sér stað meðal allra flokka, klerka og munkar; hann heyrði klúryrði hrökkva af vörum þeirra manna, er helgaðir voru Drotni; hann varð frá sér numinn af guðlasti því, sem hann heyrði til þeirra, jafn-vel í sjálfri messunni. Þegar hann var í félagsskap við munkar og borgarana, var hann sjónar-og heyrnarvottur að alls konar ólífnaði og svívirðum. Hvert sem hann sneri sér, jafnvel inni í helgustu stöðum kirkjunnar sjálfrar heyrði hann guðlast og sá syndsamlegar athafnir. “Enginn getur gert sér í hugarlund hvílíkar syndir eru drýgðar og hvílík ódæði eru framin í Rómaborg”, skrifaði hann við þetta tækifæri. “Enginn getur trúað þessu nema því að eins að hann sjái það og heyri sjálfur. Til dæmis er það siður manna þar

<sup>2</sup>D’Aubigné, 2. bindi, 3. kap.

<sup>1</sup>D’Aubigné, 2 bók, 6. kap.

að segja: “Ef helvíti er til, þá er Rómaborg byggð yfir það; Róm er djúp, sem öll spilling kemur frá”.<sup>1</sup>

Samkvæmt páfaskipun hafði það nýlega verið ákveð-ið að þeir áynnu sér sárstaka náð í augum Guðs, sem skriðu á hnjánum upp “Pílatúsar stigann”, sem sagt var að Kristur hefði gengið niður eftir þegar hann fór frá rómverska dómstólnum, og átti þessi stigi að hafa fluzt á yfirnáttúrlegan hátt frá Jerusalem til Rómaborgar.

[103] Einhverju sinni var Lúter í hjartans einlægni og undirgefni undir Guðs vilja að klifra upp þennan stiga; heyrðist honum þá skyndilega sem sagt væri við hann með þrumandi rödd: “Hinn réttláti mun lifa fyrir trú”.<sup>2</sup> Hann stökk á fætur og flýtti sér í burtu með ótta og iðrun. Þessi orð tóku svo föstum tókum á sál hans og samvizku að hann gleymdi þeim aldrei. Upp frá þeim tíma sá hann það glöggar en nokkru sinni fyr, hversu heimskulegt það væri að treysta sáluhjálpi sinni sem verðlaunum fyrir sín eigin verk; upp frá þeim tíma sá hann glöggara nauðsyn þess að trúa og treysta á fórn-ardauða Krists. Augu hans höfðu opnast, og villukenn-ingum páfavaldsins tókst aldrei frammar að villa þeim sjónir. Þegar hann sneri heim frá Rómaborg, hafði hann einnig snúið við að því er hjartalag hans og hugsun snerti, og upp frá þeim tíma varð hafið milli hans og rómversku kirkjunnar dýpra með degi hverjum. Þangað til hann sleit sig frá þeirri kirkju fyrir fult og alt.

Eftir að Lúter kom frá Róm var hann við háskól-ann í Wittenberg sæmdur nafnbót sem doktor í guðfræði. Nú gat hann fremur en nokkru sinni áður varið tíma sínum og starfi við lestur heilagrar ritningar, og hafði það lengi verið hans heitasta ósk. Hann hafði svarið þess dýran eið að lesa vandlega og kenna trúlega Guðs orð, ekki fyrirmæli og kenningar páfans. Þetta loford var æfilangt. Nú var hann ekki lengur blátt áfram munkur eða kennari, heldur viðurkendur boðandi þeirra sanninda, sem biblían hafði inni að halda. Hann hafði verið kall-aður sem hirðir til þess að gæta hjarðar Drottins, sem hungraði og þyrsti eftir sannleikanum. Hann hélt því fram óhikað að kristnir menn ættu ekki að viðurkenna neinar aðrar kenningar en þær, sem byggðar væru á sann-leika hinnar heilögu ritningar. Þessi orð voru öxi reidd að rótum þess trés, sem uppi hafði haldið valdi

<sup>1</sup>D’Aubigné, 2 bók, 6. kap.

<sup>2</sup>Róm. 1: 17.

páfanna. Þessi orð höfðu í sér fólgin frumatriði siðbótarinnar; hjarta hennar og sál.

Lúter sá hvílík hættu var í því fólgin að manna-setningar yrðu teknar fram yfir orð hins almáttuga. Hann réðist vægðarlaust á gruff og guðleysi hinna skóla-lærðu manna, og barðist gegn þeim heimspekingum og guðfræðingum, sem árum saman höfðu haft vald yfir fólkinu og leitt það í blindni. Hann fordæmdi slíka lær-dóma ekki einungis sem gagnslausa, heldur einnig sem skaðlega, og reyndi að snúa huga áheyrenda sinna frá blekkingum heimspekinganna og guðfræðinganna að hinum eilífa sannleika, sem boðaður var af spámönnun-um og postulunum.

Dýrmætur var sá boðskapur er Lúter flutti hinum sannleiksþyrsta mannfjölda, sem flyktist umhverfis hann; aldrei fyr höfðu þeir heyrt slíkar kenningar sem þessar. Gleðiboðskapur um elskandi frelsara; fullvissa um frið og fyrirgefning fyrir hans frelsandi blóð gladdi hjörtu þeirra og fyllti þá ódauðlegri von. Í Wittenberg var lifnað ljós, sem dreifa skyldi geislum sínum til endimarka jarð-arinnar og átti að verða bjartara og bjartara eftir því sem tímar liðu fram.

[104]

En ljós og myrkur eiga ekki saman. Milli sannleika og villu er mikið djúp staðfest. Að vernda annað og mæla með því er sama sem að ráðast á hitt og eyðileggja það. Sjálfur frelsari vor sagði: “Eg er ekki kominn til að flytja frið, heldur sverð”.<sup>1</sup> Og fáum árum eftir byrjun siðabótarinnar sagði Lúter: “Guð stjórnar mér ekki; hann hryndir mér áfram, hann ber mig áfram til starfa; eg er ekki minn eiginn herra. Eg þrái að lifa friðsömu lífi; en mér er hrundið út í uppreistir og óeirðir”.<sup>2</sup> Hann var nú rétt um það leyti að hefja það stríð, sem hann átti í vændum.

Rómverska kirkjan hafði gert Guðs orð að verzlun-arvöru. Borð peningavíxlaranna voru reist upp<sup>3</sup> við hlið altarisins og loftið var þrungið verzlunarhljómmum þeirra sem keyptu og seldu. Undir því yfirskyni að verið væri að safna fé til St. Péturs kirkjunnar í Rómaborg voru syndsamlegar athafnir blátt áfram boðnar til sölu opinberlega af yfirvöldum páfans. Fyrir þá peninga sem fengust fyrir glæpi átti að byggja hús drottins honum til dýrðar!

<sup>1</sup>Matt. 10: 34.

<sup>2</sup>D'Aubigné, 5. bók, 2. kap.

<sup>3</sup>Matt. 21: 12.

Tetzel hét sá er af yfirvöldunum var til þess útvalinn að selja syndalausnir á Þýzkalandi. Með sterkri ósvífni lýsti hann yfir og boðaði hina mestu óhæfu og lýgi. Hann sagði undrasögur af öllu tagi til þess að afvegaleiða auð-trúa og hjátrúarfullan lýð.

[105] Þegar Tetzel kom til borgar eða bæjar, sendi hann mann á undan sér sem átti að boða komu hans á þennan hátt: “Náð Guðs og hins heilaga föður (páfans) er við borgarhlið yðar”. Og fólkið fagnaði þessum guðlastandi hræsnara, eins og þar kæmi Guð sjálfur frá himnum ofan. Hin óguðlega verzlun var hafin í kirkjunni; Tetzel fór upp í prédikunarstólinn og lofaði syndakvittanir sem hina mestu náðargjöf Guðs. Hann lýsti því yfir að með fyrir- gefningar vottorðum sínum gæti hann fyrirgefið allar syndir þeirra sem kaupa vildu, ekki einungis þær syndir sem þegar væru drýgðar, heldur gætu menn keypt fyrir-gefning þeirra synda sem þeir framvegis hefðu tilhneig-ing til og drýgðu, ef þeir aðeins vildu greiða nógu hátt verð fyrir þær; og hann bætti því við að jafnvel “iðrun væri ekki nauðsynleg”.<sup>1</sup> Og hann fór lengra en þetta; hann fullvissaði tilheyrendur sína um að hann gæti ekki einungis selt syndafyrirgefningar hinum lifandi, heldur einnig þeim dánú. Á því augnabliki sem peningarnir kæmu í syndalausnar kistuna, losnaði sú sál sem féð væri greitt fyrir, úr hreinsunareldinum og liði frjáls og frí upp í bústað himinsællunar.<sup>2</sup>

Syndakvittunar kenningunni hafði verið mótmælt af lærðum mönnum og guðræknum í Rómaborg, og þeir voru margir sem enga trú höfðu á þessum staðhæfingum svo ósvífnar sem þær voru og gagnstæðar allri skynsemi og opinberun. Enginn prestur þorði að bera fram mót-mæli gegn þessari guðlausu verzlun; en hugir manna voru farnir að vakna til óróleika og efasemda og margir voru þeir sem spurðu sín á milli í einlægni hvort það væri mögulegt að Guð veki ekki upp einhvern til þess að hreinsa kirkju hans og afmá þessa vanhelgun.

Lúter var enn fastheldinn við páfatrúna; en hann fylltist heilagri vandlætingu og óútmálanlegri gremju yfir þeirri svívirðilegu verzlun og því óheyrða guðlasti, sem syndakvittunin hafði í för með sér. Margir í hans eiginn söfnuði höfðu keypt syndakvittanir og þeir fóru brátt að koma til prestsins síns og gera játningar um ýmsar

<sup>1</sup>D'Aubigné, 3. bók, 1. kap.

<sup>2</sup>Sjá Hagenbach: Siðabótasaga, 1. b., 96. bls.

syndir, sem þeir höfðu drýgt, og biðja hann um kvittanir fyrir þeim; ekki fyrir þá sök að þeir iðruðust og vildu bæta ráð sitt, heldur vegna kenninga þeirra sem syndakvittunar söluna hafði með höndum. Lúter neitaði þeim um syndakvittun og varaði þá við því að nema með því móti að þeir iðruðust og bættu ráð sitt, hlytu þeir að farast í syndum sínum. Þeir fóru þá með skelfingu til Tetzels með þær klaganir að prestur þeirra neitaði að leysa þá frá syndum og sumir kröfðust þess með harðri hendi að hann fengi þeim peningana til baka. Tetzal varð æfareið-ur; hann formælti svo að aldrei hafði neitt slíkt heyrst fyr; lét kveikja bál á almennum stað og lýsti því yfir að hann hefði “fengið skipun frá páfanum að brenna alla vantrúarmenn, sem dirfðust að setja sig upp á móti hans allra helgasta vilja og settu stein í veg syndakvittan-anna”.<sup>1</sup>

[106]

Nú kom Lúter óhikað fram og hóf starf sitt fyrir sannleikann. Hann prédikaði í kirkjunni með þrumandi orðum og varaði menn við þessum villukenningum. Hann útmálaði fyrir fólkinu viðurstygðareðli syndarinnar og sýndi fram á hversu ómögulegt það er fyrir mennina að minka sektir sínar eða leysa sjálfa sig frá syndahegningu. Ekkert nema iðrun syndanna gagnvart Guði og trúin á Krist til þess að afplána þær getur frelsað mennina. Náð Krists verður ekki keypt fyrir fé; hún er gjöf til trúaðra manna. Hann ráðlagði fólkinu að kaupa ekki syndakvitt-anir, heldur snúa sér í trú til hins krossfesta frelsara. Hann sagði sína eigin sorgarsögu, þegar hann leitaði sálu sinni friðar með alls konar píntingum og niðurlæging og fullvissaði áheyrendur sína um það að einungis með því að snúa huganum frá sjálfum sér og til Krists í einlægri trú og með óbilandi trausti, hefði hann öðlast frið og gleði.

Þegar Tetzal hélt áfram verzlun sinni og yfirskyns-verkum, ásetti Lúter sér að koma fram með enn þá sterkari mótmæli gegn þeirri himinhrópandi svívirðu. Honum veittist bráðlega tækifæri til þess. Kastalakirkj-an í Wittenberg hafði marga fornhelga menjagripi að geyma; voru munir þessir á tilteknum helgidögum sýndir almenningi. Var við það tækifæri veitt full syndakvittun öllum þeim er gengu í kirkju og játuðu syndir sínar. Þess vegna fylktist fjöldi folks til kirkjunnar þá dagana. Ein slík aðalhátið var allraheilagra messa, og var hún nú í nánd. Daginn áður var Lúter að undirbúa sig með

<sup>1</sup>D'Aubigné, 3. b., 4. kap

mannfjölda þeim, sem til kirkjunnar ætlaði; en þegar til kirkjunnar kom festi hann upp á kirkjuhurðina mótmæli gegn syndakvittunar kenningunni og vezluninni, og voru mótmæli hans skrifuð í 95 greinum. Hann lýsti því einnig yfir að hann væri viljugur til þess að

[107] verja þessar mótmælagreinar sínar næsta dag á háskólanum, gegn

[108] hverjum þeim er dirfðist að koma fram og andmæla þeim.”

[109] Þetta tiltæki Lúters dró að sér athygli manna hvar-vetna. Mótmæli hans voru lesin af öllum, sem í þau náðu

— og marglesin af flestum. Fólk talaði um þau og kapp-ræddi þau fram og aftur. Allmikil æsing varð út af þessu, bæði í háskólanum og borginni alment. Með þessum staðhæfingum var það sýnt að vald til syndafyrirgefningar eða til þess að hegna fyrir syndir hafði aldrei verið veitt páfanum né nokkrum öðrum jarðneskum manni. Alt þetta syndakvittunar fargan var svikræði; bragð til þess að græða fé á hjátrú og hégiljum fólksins. Það var ráð djöfulsins til þess að glata sálum þeirra manna, sem nógu trúgjarnir væru til þess að trúa þessari lýgi og yfir-skyni. Það var einnig sýnt skýrt og greinilega að náðar-boðskapur Krists væri æðsti og fullkomnasti helgidómur kirkjunnar og að náð drottins, sem þar birtist veittist öllum þeim er í einlægni hjarta síns iðruðust synda sinna.

Þótt andi Drottins hefði hvatt Lúter til þess að hefja þetta starf, átti það ekki fyrir honum að liggja að fullkomna það án þess að mikilli og öflugri mótstöðu væri að mæta. Óvinir hans ofsóttu hann og svívirtu; þeir ranghermdu tilgang hans og reyndu að sverta mannorð hans á alla vegu í augum almennings, og átti hann í vök að verjast, eins og sá er ógnandi öldur streyma að úr öll-um áttum. Og þessi mótstaða hafði sín áhrif. Hann hafði treyst því örugglega að leiðtogar fólksins, bæði í kirkj-unni og í skólunum mundu taka þessu með fögnuði og styrkja hann að málum í siðbótastarfinu. Hann hafði hlotið hughreystinga og uppörfunar orð frá mönnum í háum embættum og höfðu þau vakið honum von, traust og hugrekki. Hann hafði þegar í byrjun séð í huga sér bjartari dag framundan, bæði fyrir kirkjuna og þjóðina í heild sinni. En nú höfðu hughreystingarorðin snúist upp í álas og fordæmingar.

Þegar Lúter skoðaði afstöðu sína skalf hann eins og lauf í vindi. Hann var þarna aleinn í baráttu gegn voldugasta afli, sem veröldin átti til. Hann efaðist jafn-vel um það stundum að hann hefði verið sendur af Guði til þess að berjast einn á móti yfirvöldum hinnar

voldugu kirkju: “Hver var eg”, skrifar hann, “að eg skyldi dirfast að setja mig upp á móti valdi páfans, vitandi það að fyrir honum skjálfa sem strá konungar jarðarinnar og allur heimur?” Enginn getur ímyndað sér þær hörmungar sem eg leið þessi tvö fyrstu ár og hversu þunglyndur — jafn-vel geðveikur eg var stundum orðinn. <sup>1</sup> En almættið hélt yfir honum verndarhendi, svo hann örvænti ekki algjör-lega. Þegar mannleg aðstoð brást, sneri hann sér ein-ungis til Drottins og fann að hann gat óhultur kastað öll-um sínum áhyggjum upp á hann og leitað trausts hjá honum. [110]

Lúter skrifaði það sem hér fer á eftir til manns nokkurs, sem vinveittur var siðabótinni: “Vér getum ekki skrifað heilaga ritningu með gáfum eða lærdómi ein-ungis. Fyrsta skylda vor er sú að byrja með bæn; að biðja hinn alvalda Guð að veita oss af sinni miklu náð og miskunsemi fullkominn og réttan skilning á hans heilaga orði. Enginn getur fullkomlega skýrt eða þýtt Guðs orð, nema siálfur Guð, sem er höfundur þess, eins og hann sjálfur hefir sagt með þessum orðum: “Þeir munu allir verða af Guði fæddir”. <sup>2</sup> Vér megum einskis vænta fyrir sakir vors eiginn verðleika eða vegna vors eiginn skilnings, vér verðum að treysta á Guð einan og áhrif hans heilaga anda. Þessu er yður óhætt að trúa, því það er sagt af þeim sem reynslu hefir”. <sup>3</sup> Hér er mikið til þess að læra af fyrir þá, sem finna til þess að þeir hafa verið sérstak-lega kallaðir til þess að kenna sannleika Guðs orðs nú á dögum. Þessi sannleikur hlýtur andvitað að æsa óvin-áttu Djöfulsins og þeirra manna, sem dálæti hafa á þeim lilbúningi, sem hann hefir fundið upp. Í baráttunni gegn hinu illa valdi þarf á einhverju fullkomnara að halda en einungis skynseminni og mannlegri vizku.

Þegar óvinir vitnuðu í venjur og forna siði, eða í vald og yfirráð páfans, sló Lúter þá út af laginu með biblí-unni og engu öðru. Þar voru röksemdir sem þeir stóðust ekki og gátu ekki svarað og þess vegna var það að hjá-trúarþrælar og kreddukenningamenn kröfðust þess að hann væri líflátinn, eins og Gyðingar höfðu krafist þess að Kristur væri líflátinn: “Hann er vantrúarmaður”, sögðu hinir rómversku ofstækismenn. “Það er dauðasynd gegn kirkjunni að láta það viðgangast að slíkur vantrúar-maður sé á lífi eina einustu klukku- [111]

<sup>1</sup>D’Aubigné, 3. bók, 6. kap.

<sup>2</sup>Jóh. 6: 45.

<sup>3</sup>D’Aubigné, 3. bók, 7. kap.

stund lengur. Látum tafarlaust reisa honum gálga”.<sup>1</sup> En Lúter varð ekki æði þeirra að bráð. Drottinn hafði ætlað honum ákveðið starf og englar himinsins voru sendir honum til verndar. Samt var það svo að margir þeirra sem meðtekið höfðu hið himneska Ijós í kenningum Lúters, urðu að þola ofsókn-ir Satans og hatur hans, og liðu þeir sumir hörmungar og píslarvættisdauða með óútmálanlegu hugrekki fyrir sakir sannleikans.

Hvervetna var að vakna löngun til andlegra fram-fara; hvervetna var augljós slíkur þorsti og slíkt hungur eftir réttlætinu að ekki hafði neitt líkt því átt sér stað um margar aldir. Augu þjóðarinnar, sem svo lengi höfðu einblínt á mannasetningar og veraldlega meðalgangara, horfðu nú á Krist og hann krossfestan og fylltust menn iðrun og sterkri trú á hann og fórnardauða hans.

Þessi útbreidda vakning jók enn þá meira ótta og hatur klerka-valdsins. Lúter fékk stefnu að mæta í Rómaborg, og átti hann þar að standa fyrir máli sínu, kærður um villutrú. Þetta fékk vinum hans ótta og skelfingar. Þeir vissu vel hvílík hætta honum væri búin í þeirri spiltu borg, þar sem fólkið var þegar drukkið af blóði píslarvotta þeirra, er fyrir Kristis sakir höfðu verið líflátnir. Þeir mótmæltu því að hann færi til Rómaborg-ar og beiddust þess að hann fengi mál sitt rannsakað í Þýzkalandi.

Þessu varð loksins komið til leiðar og var fulltrúi páfans útnefndur til þess að rannsaka mál Lúters. Í upplýsingum þeim sem páfinn gaf þessum fulltrúa sínum var því lýst yfir að Lúter hefði þegar verið dæmdur sem trúarvillu maður. Var fulltrúanum því falið “að rannsaka og dæma málið tafarlaust”. Ef Lúter sæti fast við sinn keip og fulltrúanum mishepnaðist að ná honum á vald sitt, þá var honum veitt vald og umboð “að gera hann útlægan í öllum stöðum Þýzkalands, og að dæma einnig útlæga, formæla og fordæma og setja út af sakra-mentinu alla þá er nokkuð hefðu saman við hann að sælda”.<sup>2</sup>

[112]

Um þetta leyti, þegar Lúter var allra mest þörf á samhygð og ráðum einlægra vina, sendi forsjón Guðs Melankton til Wittenberg. Hann var ungur að aldri, hæg-látur, hógvær og kurteis í framgöngu og hafði djúpa dómgreind til að bera; víðtæka þekkingu og sannfær-andi mælsku. Hann var siðferðishreinn og einlægur að eðlis-fari og

<sup>1</sup>D'Aubigné, 3. bók, 9. kap

<sup>2</sup>D'Aubigné, 4. bók, 2. kap.



ávann sér álit og aðdáun hjá öllum sem honum kyntust undantekning-  
arlaust. Hann sameinaði skarpar gáfur við þrúðmannlega framkomu  
í hvívetna. Hann varð brátt einlægur lærisveinn Drottins og varði  
öllum stundum til þess að lesa hans heilaga orð; varð hann því ein-  
hver trúfastasti vinur Lúters og mikilsverður aðstoð-armaður hans.  
Hógværð hans, stilling, varfærni og ná-kvæmni voru eiginleikar sem  
mikils voru virði þegar þeir í framkvæmdum sameinuðust hinum  
andlega ákafa og hugrekki Lúters. Samband þeirra og samvinna  
jók stórum styrk siðabótastarfsins, og skapaði það Lúter ómetanlegt  
traust.

Í Ágsborg hafði verið ákveðinn staðurinn, þar sem málið átti  
að koma fyrir, og lagði Lúter á stað fótgang-andi þangað. Miklar  
áhyggjur báru menn í brjósti sér hans vegna. Opinberar hótanir höfðu  
heyrst um það að hann skyldi verða handtekinn á leiðinni og myrtur;  
grát-bændu því vinir hans hann um það að fara ekki. Þeir hvöttu  
hann jafnvel til þess að yfirgefa Wittenberg um stund og leita sér  
hælis hjá þeim, sem fúsir væru að skjóta yfir hann skjólshúsi. En  
hann vildi ekki hlaupa þaðan af hólmi, sem Guð hafði ætlað honum  
að berjast. Hann varð að halda áfram trúlega að vernda sannleikann  
og halda honum fram þrátt fyrir alla storma haturs og ofsókna, sem  
á honum kynnu að skella.

Það voru páfafulltrúanum mikil gleðitíðindi þegar hann frétti að  
Lúter væri kominn til Ágsborgar. Hinn erfiði villutrúarmaður, sem  
æst hafði upp allan heiminn virtist nú vera kominn svo að segja í  
hendur páfans í Rómaborg og hugsaði fulltrúinn sér að hann skyldi  
nú ekki ganga sér úr greipum. Lúter hafði ekki getað fengið sér  
loforð um friðhelgi. Höfðu vinir hans ámint hann um að koma ekki  
fram fyrir fulltrúa páfans án þess og reyndu þeir sjálfir að fá það fyrir  
hann hjá keisar-anum. Páfafulltrúinn hafði ásett sér, ef mögulegt væri  
að fá Lúter til þess að afturkalla kenningar sínar, og ef það tækist  
ekki ætlaði hann að láta flytja hann til Róma-borgar og fara sömu  
leiðina og Húss og Jerome. Þess vegna fékk hann stjórnara sinn til  
þess að koma Luter til að mæta án loíorðs um friðhelgi og fela sig  
honum á vald í fullu trausti um drengskap hans og mannúð. Þessu  
neitaði Lúter með öllu. Hann mætti ekki fyr en hann hafði meðtekið  
skjalið með loforði keisarans, undirritað af honum sjálfum; þá fyrst  
kom hann fram fyrir fulltrúa páfans.

Af hyggindum hafði hinn rómverski umboðsdómari ætlað að vinna Lúter til þess að koma fram vamarlaus-um, treystandi drenglyndi og réttlæti; og meðan hann reyndi það kom hann fram prúðmannlega og kurteislega; þegar þeir áttu tal saman þóttist fulltrúinn vera honum mjög vinveittur; en hann krafðist þess að Lúter legði málið að öllu leyti á vald rómversku kirkjunnar og beygði sig atugasemdalaust undir dóm hennar og legði málið þannig frá sér án nokkurra mótmæla eða varna, tafa eða spurninga. Hann hafði ekki gjört sér rétta hug-mynd um lyndiseinkunnir manns þess er hann átti við-skifti við í þetta sinn. Lúter kvaðst bera djúpa virðingu fyrir kirkjunni; hann sagði að þrá sín eftir sannleika; fúsleiki sinn til þess að svara hverju því sem á móti kenningum sínum væri haft og vilji sinn til þess að leggja málið undir úrskurð vissra leiðandi háskóla; alt þetta væri þess vottur að hann bæri mikla virðingu fyrir hinni sönnu kirkju. En á sama tíma kvaðst hann andmæla eindregið aðferð páfans, þar sem hann færi fram á að kenningar væru afturkallaðar, án þess að sannað væri að þær væru rangar.

Eina svarið sem hann fékk við þessu var: “Taktu kenningar þínar aftur! taktu þær aftur! “ Lúter sýndi fram á að heilög ritning vitnaði með sér og kvaðst hann hvorki geta tekið aftur sannleikann, né heldur vilja gjöra það. Páfa fulltrúinn gat ekki haft neitt á móti afstöðu Lúters, né svarað honum með neinum skynsamlegum rökum, en í þess stað jós hann yfir hann æruleysis meið-yrðum og smánarorðum, háði og ósvífni; blandaði hann orð sín með tilvitnunum í fornar venjur og orðatiltæki kaþólskra manna, en leyfði Lúter ekkert málfrelsi.

[114] Þegar Lúter sá að þess konar réttarfærsla var með öllu þýðingarlaus, fékk hann því loksins framgengt með naum-indum að sér yrði leyft að svara skriflega.

Þegar réttur var settur næst kom Lúter fram með greinileg, ákveðin og stutt svör og skýringar á skoðunum sínum, og studdi mál sitt með mörgum bibíutilvitnunum. Þetta skjal las hann fyrst upphátt og afhenti það síðan fulltrúanum. Hann tók við því, fleygði því frá sér með fyrirlitningu og lýsti því yfir að það væri þýðingarlaus orðaþvæla og óviðeigandi tilvitnanir. Nú varð Lúter reiður og lét hinn hrokafulla guðsmann mæta eigin vopn-um — það voru kenningar og fornvenjur kirkjunnar, og sýndi hann nú miskunnarlaust hversu vel þessi yfirskyns-dómari stæði að vígi.

Þegar fulltrúinn sá að rökfærslum Lúters varð ekki svarað, misti hann algerlega vald á tilfinningum sínum og hrópaði í reiði sinni: “Taktu til baka staðhæfingar þínar! annars sendi eg þig til Rómaborgar, þar sem þú verður að mæta fyrir dómurum, sem settir eru til þess að rannsaka mál þitt. Eg set þig og alla fylgjendur þína út af sakramentinu; sömuleiðis hvern þann er nokkru sinni dirfist að veita þér lið eða leggja þér líknarhönd, og skal eg giöra þá alla ræka úr kirkjunni”. Og svo end-aði hann mál sitt á þessa leið með raiklum þóttasvip og reiði: “Taktu aftur kenningar þínar, eða þú þarft ekki að mæta aftur”.<sup>1</sup>

Lúter fór tafarlaust út úr dómsalnum með vinum sínum og lýsti hann því þannig yfir þegjandi að engrar afturköllunar væri frá sér að vænta. Þetta fór á alt ann-an veg en páfa fulltrúinn hafði búist við. Hann hafði haldið að hann gæti hrætt Lúter með ofbeldi til þess að beygja sig í augmýkt undir vilja hans. Nú leit hann á einn fylgjenda sinna eftir annan þegar hinir voru farnir, og stóð uppi í algerðu ráðaleysi, þar sem honum hafði svo giörsamlega mistekist.

Framkoma Lúters við þetta tækifæri hafði bæði mikil áhrif og góð. Mannfjöldinn sem málið heyrði hafði haft tækifæri til þess að bera saman þessa tvo menn og gátu menn nú dæmt með eigin hugsun um framkomu beggja og einnig um styrkleik og sannindi þess málstaðar, sem hvor um sig hafði. Og þar var hinn mesti munur! [115]

Annars vegar var siðabóta maðurinn, yfirlætislaus og blátt áfram, með guðlegan styrkleika og sannleikann sér við hlið; hins vegar var fulltrúi páfans, drambsamur, þóttafullur, ósanngjarn; hann hafði ekki eina einustu til-vitnun fram að færa úr biblíunni sínum málstað til styrkt-ar, en heimtaði samt með ofbeldi að andstæðingur hans skyldi taka aftur kenningar sínar, eða hann skyldi verða sendur til Rómaborgar og líða þar hegningu.

Þrátt fyrir það þótt Lúter hefði verið heitið frið-helgi, hugsaði hinn rómverski fulltrúi sér að leggja hendur á hann og setja hann í varðhald. Vinir Lúters sögðu honum að þýðingarlaust væri að tefja lengur og skyldi hann því tafarlaust snúa heim aftur til Wittenberg, en mesta varfærni skyldi höfð til þess að ekki yrði upp-víst um fyrirætlanir hans. Hann lagði því af stað frá Ágsborg fyrir dögum, á hestbaki og fylgdi honum aðeins einn maður, sem dómarrinn útvegaði

<sup>1</sup>D'Aubigné, 4. bók, 8. kap. (London útg. ).

honum. Hann komst slysaust út úr bænum, þótt erfitt væri að rata hinar mörgu og villigjörnu götur í myrkrinu. Árvakrir og grimmir óvinir sátu á svikráðum við hann og ætluðu sér að ráða hann af dögum. Hann efaðist um að hann gæti sloppið frá þeim snörum sem þeir höfðu búið honum. Hann var því hræddur um líf sitt á meðan hann var að komast út úr borginni. En í hrygð sinni og vandræðum sneri hann sér í bæn til Drottins. Hann kom að litlu hliði á borgarmúrnum. Það var opnað fyrir honum og komst hann þar út, ásamt fylgdarmanni sínum, án nokkurrar hindrunar. Þegar flóttamennirnir voru komnir út, héldu þeir áfram ferð sinni, og áður en páfa fulltrúinn vissi að Lúter hafði farið, voru þeir komnir svo langt að þeir náðust ekki. Djöfullinn og útsendarar hans voru sigraðir í þetta skifti; maðurinn sem þeir héldu að þeir hefðu í hendi sér var sloppinn; hann var horfinn eins og fugl sem sleppur úr snöru veiðimannsins.

[116] Þegar það fréttist að Lúter væri sloppinn, varð fulltrúinn frá sér numinn af undrun og reiði. Hann hafði vonast eftir að hljóta mikinn heiður fyrir hyggindi sín og embættisdugnað í viðskiftum sínum við þennan kirkju-lega ófriðarsegg; en vonir hans höfðu brugðist. Hann skrifaði bréf til Friðriks Saxastjórnara og lýsti þar reiði sinni; fordæmdi hann Lúter þar biturlega og krafðist þess að Friðrik skyldi senda hann til Rómaborgar eða gera hann útlægan frá Saxlandi að öðrum kosti.

Lúter krafðist þess sér til varnar að páfa fulltrúinn sýndi í hverju villur hans væru folgnar, og átti hann að sanna það með biblíunni sjálfri; lofaði hann því hátíðlega að hann skyldi afturkalla kenningar sínar, ef hægt væri að sýna að þær kæmu nokkursstaðar í bága við Guðs orð. Hann lýsti því jafnframt yfir að það gleddi sig að hann hefði talist þess verður að líða fyrir hið heilaga málefni.

Stjórnandinn í Saxlandi hafði enn sem komið var litla þekkingu á þessum kenningum, en hann var djúpt snortinn af þeirri einlægni, því afli og þeirri skerpu, sem Lúter sýndi í orðum sínum; og eins lengi og ekki hafði verið sannað að hann hefði á röngu að standa, réð Friðrik það af að koma fram sem verndari hans. Sem svar við kröfu páfa fulltrúans skrifaði hann þetta: “ ‘Með því að doktor Martin hefir mætt frammi fyrir yður í Ágsborg, ættuð þér að vera ánægður. Vér áttum ekki von á því að þér ætluðust til þess að hann tæki aftur orð sín fyr en þér hefðuð sannað að hann hefði á röngu að standa.

Engir hinna lærðu manna í umdæmi mínu hafa skýrt mér frá því að kenningar Martins séu óguðlegar, ókristilegar eða í þeim séu trúarvillur'. Meira að segja neituðu yfirvöldin að senda hann til Rómaborgar eða að gera hann útlægan úr ríkinu".<sup>1</sup>

Rit og kenningar siðbótamannsins breiddust óðfluga út um öll hin kristnu lönd. Þau komust til Hollands og Svisslands. Afrit af skrifum hans komust til Frakklands og Spánar. Á Englandi var kenningum hans fagnað sem orði lífsins. Til Belgiu og Ítalíu breiddust verk hans einnig. Þúsundir manna vöknúðu til lifandi meðvitundar í gleði, von og trú og nýju lífern, sem áður höfðu sofið svefni andvaraleysisins.

Lúter skrifaði þannig um páfann í ávarpi sem hann sendi til keisarans og höfðingjanna á Þýzkalandi: "Það er skelfilegt að hugsa sér mann, sem þykist vera ímynd Krists hér á jörðinni, koma fram með hroka og í svo mik-illi veraldlegri dýrð að enginn keisari né konungur getur jafnast við. Er þetta að feta í fótspor hins snauða Jesú, eða hins lítilláta Péturs? Menn segja að hann sé lávarð-ur heimsins! En Kristur, sem hann þykist þjóna, hefir sagt: "Mitt ríki er ekki af þessum heimi". Getur vald þjónsins orðið meira en vald þess er hann þjónar?"<sup>1</sup>

[117]

Og þannig skrifaði Lúter um háskólana: "Eg er mjög hræddur um að reyndin verði sú að háskólarnir verði hin víðu hlið til helvítis, nema því að eins að þeir gæti þess stöðugt að skýra Guðs orð og gróðursetja það í hjörtu nemendanna og æskunnar. Eg ræð engum til þess að láta barn sitt þangað sem Guðs orð er ekki aðal-atrðið. Á öllum stofnunum þar sem ekki er skýrt Guðs orð látlaust og stöðugt, hlýtur loftslagið að verða spilt".<sup>2</sup>

Þetta ávarp komst mjög víða um þýzkaland og hafði afarmik- il áhrif á fólkið. Öll þjóðin varð snortin og fjöldi fólks varð svo gagntekið að það þyrptist í kring um sið-bótafánana. Andstæðingar Lúters brunnu af hefni-girni og skoruðu á páfann að taka alvarlega í taumana og láta hann finna vald kirkjunnar í Róm. Það boð var látið út ganga að allar hans kenningar skyldu fordæmdar taf-arlaust. Sextíu daga frestur var veittur siðbótamannin-um og fylgjendum hans; að þeim tíma liðnum átti að setja þá alla út af sakramentinu, ef þeir bættu ekki ráð sitt.

<sup>1</sup>D'Aubigné, 4. bók, 10. kap.

<sup>1</sup>D'Aubigné, 6. bók, 3. kap.

<sup>2</sup>D'Aubigné, 6. bók, 3. kap.

Nú voru alvarlegir tímar fyrir siðbótina. Öldum saman höfðu bannfæringar páfakirkjunnar haft svo mikla ógnun í för með sér að voldugustu stjórnendur veraldar-innar höfðu orðið að beygja sig undir þær í auðmýkt. Voldug ríki höfðu stunið undir bölvun og grimdarþunga bannfæringanna og eyðileggingu þeirra. Þeir sem fyrir bannfæringunum urðu voru venjulega álitnir sem afhrak veraldar og allir hræddust að hafa nokkuð saman við þá að sælda. Þeim voru bannaðar allar samgöngur við með-bræður sína og við þá breytt eins og útlaga og óbóta-menn; þeir voru ofsóttir af öllum og létu venjulega líf sitt í þeim hörmungum. Lúter var ekki ókunnugt um þau ósköp, sem yfir hann mundu dynja; en hann lét sér hvergi bregða; hann hélt hug og þori treystandi Kristi og Guði sínum, sem nógu sterkum til verndar og hlífðar. Hann hafði óbilandi trú og var reiðubúinn til þess að deyja píslarvættisdaða. Með því hugarfari skrifaði hann það sem hér fer á eftir: “Hvað ske muni veit eg ekki; ekki heldur hirði eg um að vita það. Látum eldingunni slá niður þar sem verða vill; eg hræðist ekki og hefi ekkert að hræðast. Ekki svo mikið sem eitt laufblaft fellur til jarðar án vilja vors himneska föður. Hversu miklu fremur mun hann þá ekki vernda oss! það er auðvelt að deyja fyrir orð Drottins, þar sem Orðið sem varð hold hefir sjálft tekið á sig fórnardauða. Ef vér deyjum í Kristi, þá lifum vér með honum, og með því að ganga í gegn um það sem hann hefir gengið í gegn um, komumst vér þangað sem hann er og dveljum þar að eilífu”.<sup>1</sup>

Þegar Lúter fékk bannbréf páfans, varð honum þetta að orði: “Eg fyrirlít þetta bann og mótmæli því sem fölsku, ósönnu og óguðlegu það er sjálfur Kristur sem fordæmdur er í þessu banni. Það gleður mig að verða að líða jafn mikið ranglæti og þetta fyrir rétt-látt málefni; eg finn þegar til meira frelsis í hjarta mínu; því nú loksins veit eg það að páfinn er Antikristur og að veldisstóll hans er háseti Djöfulsins sjálfs”.<sup>1</sup>

Samt sem áður varð bannið frá Rómaborg ekki árang-urslaust. Fangelsi, píslir, og morð voru vopn, sem vel voru til þess valin að þvinga til hlýðni. Hinir veikluðu og hjátrúarfullu skulfu og nötruðu af ótta við banni páf-ans; og þótt menn bæru djúpa samhygd með Lúter yfir-leitt, þá fanst mörgum sem lífið væri of mikils vert til þess

<sup>1</sup>D'Aubigné, 6. bók, 9. kap (London, 3. útg., Walther, 1840).

<sup>1</sup>D'Aubigné, 6. bók, 9. kap (London, 3. útg., Walther, 1840).

að legg. ja það í hættu fyrir sakir siðbótarinnar. Alt virtist benda til þess að verki siðbótamannsins væri þeg-ar lokið.

Lúter átti í hörðu og ströngu stríði við sjálfan sig, en þó ákvað hann það loksins að segja alveg skilið við rómversku kirkjuna. Það var um það leyti sem hann skrifaði þetta: “Eg finn það betur og betur með degi hverjum, hversu erfitt það er að losa sig við þær hégiljur, sem manni hafa verið innrættar í æsku. Ó, hvílíkur sárs-auki það er, sem það hefir bakað mér, þótt biblían væri mín megin til þess að réttlæta það í sjálfu sér að eg skyldi dirfast að setja mig aleinn upp á móti páfanum og halda því fram að hann væri Antikristur! Hvílíkar hörmungar það eru sem hjarta mitt hefir orðið að þola! Ó, hversu oft eg hefi spurt sjálfan mig þeirrar spurningar með beiskju, sem svo oft var á vörum páfakennendanna: “Ert þú einn sá sem rétt skilur? Getur það skeð að allir aðrir skilji rangt? Hvernig fer það, ef þannig reynist að lok-um að það sért þú sjálfur, sem fer villur vegar og sem flækir í villum þínum margar aðrar sálir, sem fyrir þá sök glatist að eilífu? “Þannig hugsaði eg með sjálfum mér og með hinum vonda, þangað til Kristur með sínu óskeikula orði styrkti hjarta mitt og veitti því vígi gegn þessum öflum efasemdanna”.<sup>1</sup>

[119]

Páfinn hafði hótað Lúter því að hann yrði settur út af sakramentinu ef hann iðraðist ekki og tæki aftur kenningar sínar og nú var þessi hótun framkvæmd. Nýtt bann var gefið út og var því þar lýst yfir að Lúter væri með öllu rekinn úr rómversku kirkjunni. Var hann þar fordæmdur sem útskúfaður frá himni og bölvður á jörðu, og sama banni var lýst yfir öllum þeim sem þíðast kynnu kenningar hans. Nú var hin mikla deila hafin.

Mótstaða er það sem allir þeir verða að mæta, sem Drottinn hefir útvalið sem sérstakt verkfæri til þess að boða sannleika hans í þeim efnum sern sérstaklega eiga við þá öld, sem siðbótamennirnir lifa á. Þannig var það á dögum Lúters; þá var um sérstakan sannleika að ræða, sem átti við þá tíma og mjög mikla þýðingu hafði. Nú á vorum tímum er aftur sérstakur sannleikur, sem þarf að boða í trúarefnum vorra daga. Hann sem alt giörir samkvæmt sínum heilaga vilja, hefir látið sér þóknast að vekja upp menn, sem lifað hafa í ýmsum kringumstæð-um og fá þeim í hendur verkefni til framkvæmda, sem sérstaklega hefir þurft að vinna á þeim tímum, sem þeir lifðu

<sup>1</sup>Líf og starf Lúters, eftir Martyn, bls. 372 og 373.

[120] á hver um sig, og samkvæmt þeim kringumstæðum, sem þeir hafa haft. Ef þeir skildu og virtu það ljós, sem þeim var veitt, þá birtist þeim yfirgripsmeiri sannleikur. En það er ekki sannleikurinn, sem páfakennendurnir sótt-ust eftir, þegar þeir börðust gegn kenningum Lúters. Enn þá eru menn hneigðir til þess að fara eftir kenningum og hugmyndum manna í stað þess að taka gott og gilt orð Drottins; í þessu efni er engin breyting frá því, sem var á fyrri öldum. Þeir sem flytja sannleikann nú á dögum þurfa ekki að vænta þess að mæta betri viðtökum en hinir sem sannleikann boðuðu í fyrri daga. Hin mikla deila milli sannleikans og lýginnar, milli Krists og Djöf-ulsins mun aukast og harðna eftir því sem nær dregur lokum veraldarsögunnar.

Jesús sagði við lærisveina sína: “Ef þér heyrðuð heiminum til, þá mundi heimurinn láta sér þykja vænt um sitt eigið; en af því að þér heyrið ekki heiminum til, en eg hefi útvalið yður af heiminum, vegna þess hatar heimurinn yður. Minnst orðsins sem eg hefi talað til yðar: Ekki er þjónn meiri en húsbóndi hans. Hafi þeir ofsótt mig, þá munu þeir líka ofsækja yður; hafi þeir varðveitt mitt orð, munu þeir og varðveita yðar”.<sup>1</sup> Og enn fremur sagði Drottinn vor með skýrum orðum: “Vei yður, er allir tala vel um yður, því að á sama hátt breyttu feður þeirra við falsspámennina”.<sup>2</sup> Andi heimsins er ekki fremur í samræmi við anda Krists en hann var í fyrri daga, og þeir sem kenna Guðs orð hreint og óblandað þurfa ekki að vænta þess að þeir mæti betri viðtökum nú, en þeir gerðu þá. Mótstöðu aðferðin gegn sannleikanum getur breyzt; óvináttan getur orðið minni á yfirborðinu, af því hún er lymskari, en sama mótstaðan er

[121] enn við lýði og verður til veraldarinnar enda.

---

<sup>1</sup>Jóh. 15: 19, 20.

<sup>2</sup>Lúk. 6: 26



## Lúter frammi fyrir ríkisþinginu

Nýr keisari, Karl V., hafði tekið við ríkjum á þýzka-landi og sendimenn frá Rómaborg hröðuðu ferðum sínum til þess að flytja honum heillaóskir og fá hann til þess að beita valdi sínu á móti siðabótinni. Aftur á móti bað stjórnandinn á Saxlandi keisarann að taka engar alvar-legar ákvarðanir gegn Lúter, og þessum manni átti keisarinn tign sína að miklu leyti að þakka. Fór Saxlands stjórnandinn fram á það að Lúter væri yfirheyrður áður en nokkur dómur félli, “frammi fyrir dómstóli guð-hræddra og óhlutdrægra dómara”.<sup>1</sup>

Nú höfðu allir málspartar augu sín á hinu mikla þingi er saman átti að kalla frá þýzku ríkjunum í borginni Worms, stuttu eftir að Karl keisari tók við völdum. Mik-ilsverð stjórnsmál og önnur stór málefni voru til umræðu á þessu ríkisþingi. Undirstjórnendur hinna ýmsu lands-hluta áttu nú í fyrsta skifti að mæta hinum unga, einvalda keisara á mikilsverðum fundi. Frá öllum pörtum lands-ins höfðu komið fulltrúar frá ríki og kirkju. Þar voru lávarðar, drambsamir og afbrýðissamir, sem erft höfðu tign sína og töldu hana allri tign æðri; þar voru göfug-bornir kirkjuhöfðingjar, klæddir alls konar veraldlegu skrauti, og þóttafullir af hinni miklu tign og sjálfsáliti; þar voru skrautklæddir hirðmenn; alls konar herfóringjar og stórmenni. Þar voru sendiherrar frá útlöndum og fjarlægum þjóðum — alt var þetta samankomið í Worms. Samt sem áður var það mál saxneska siðabótamannsins, sem mestum og dýpstum ákafa olli á þessu þingi.

Karl keisari hafði fyrir fram gert stjórnandanum á Saxlandi að-  
vart um það að koma með Lúter með sér á þingið, og heitið honum  
vernd; hafði hann lofað því að mál hans skyldi rætt hindrunarlaust  
og hlutdrægnislaust af þeim mönnum, sem um það væru færir að  
dæma rétt um deiluatriðin. Lúter hlakkaði til að mæta keisaranum.

Alexander hét sá er páfinn hafði sérstaklega trúað fyrir þessu máli fyrir sína hönd; hann sá að páfinn mundi ekki geta komið sínu máli fram á þennan hátt. Og þess vegna andmælti hann því af öllum mætti að Lúter kæmi fram í þinginu í Worms. Um sama leyti

[122]

<sup>1</sup>D'Aubigné, 6. bók, 11. kap.

var auglýst bannið á Lúter og því lýst yfir að hann væri rekinn úr kirkjunni; þetta atriði og ákafi páfafulltrúans kom keisaranum til þess að láta undan. Hann skrifaði því stjórn-andanum á Saxlandi og sagði honum að ef Lúter vildi ekki taka aftur kenningar sínar, þá yrði hann að vera kyr í Wittenberg.

Alexander páfafulltrúi var ekki ánægður með þetta, heldur beitti hann allri sinni slægð og allri sinni frekju til þess að fá Lúter dæmdan á þinginu. Loksins hafði páfafulltrúinn svo mikil áhrif á keisarann að hinn síðar-nefndi sagði hinum að skýra mál sitt fyrir þinginu. “Nú var upp runninn merkur dagur fyrir páfavalðið. Þingið var afar fjölmengt og málefnið var ósegjanlega mikils virði. Nú átti Alexander að bera fram mál rómversku kirkjunnar. Hann var frábærlega mælskur og hafði hon-um aldrei tekist betur en í þetta skifti. Almættinu hafði þóknast að láta þann koma fram með mál kirkjunnar í Róm, sem til þess væri færastur allra mælskumanna, frammi fyrir hinni hátíðlegustu samkomu og hæsta dóm-stóli, áður en þessi sama kirkia yrði fordæmd”.<sup>1</sup>

Ræða páfafulltrúans hafði afar djúp áhrif á þingið. Þar var enginn Lúter staddur til þess að koma fram með hreint og óblandað orð Drottins og hrekja ræðu páfafull-trúans. Engin tilraun var til þess gerð að verja siðbóta-manninn. En sá sigur sem þegar sýndist unninn var undanfari ósigurs. Hér eftir átti mönnum að verða aug-ljósari mismunurinn milli sannleikans og lýginnar; upp frá þeim degi átti það aldrei fyrir rómversku kirkjunni að liggja að standa á jafn föstum fótum og áður. Þetta var nokkurs konar dómsdagur hennar.

[123] Þótt sumir á þinginu hefðu ekki hikað við að fá Lúter í hendur hinni hefnigjörnu rómversku kirkju, þá voru þeir samt margir, sem sáu siðferðis hnignun kirkj-unnar og sárnaði hún, og heljarafi hennar, og þráðu það af einlægni að þýzka þjóðin mætti losna undan þeirri nið-urlægingu er hún hlaut að þola vegna spillingar og fé-sýki klerkanna. Páfafulltrúinn hafði lýst banninu á þann hátt sem gerði það sanngjarnt. En nú vakti Guð upp mann á þinginu til þess að koma fram og lýsa rétt hinum illu aðferðum þeirrar harðstjórnar, sem páfinn gerði sig sekan í. George hertogi frá Saxlandi reis upp með drenglyndi og hugrekki á þessari hátíðlegu samkomu og lýsti

<sup>1</sup>Wylie, 6. bók, 4. kap.

með hræðilegri nákvæmni blekkingum og óguð-leik páfadómsins og hinum voðalegu afleiðingum þess.

Öflugri og sterkari fordæmingu páfasvívirðinganna hefði Lúter ekki getað borið fram sjálfur. Og það sem gaf ræðu hans meiri þunga og sannfæringarkraft var það að hann var svarinn óvinur Lúters.

Ef augu þingmannanna hefðu verið opin, þá hefðu þeir getað séð engla Drottins standa mitt á meðal þeirra. dreifandi ljósgeislum sannleikans út í myrkur villukenn-inganna og opnandi huga og hjörtu manna til móttöku sannleikans. Það var kraftur Drottins, sannleikans og vizkunnar, sem stjórnaði jafnvel óvinum siðbótarinnar og ruddi þannig braut hinu mikla verki, sem bráðlega átti að vinnast. Martin Lúter var ekki viðstaddur, en rödd annars, sem enn þá var voldugri en Lúter, hafði látið til sín heyra á þessu þingi.

Þingið heimsaði nú að Lúter kæmi fram þar á staðnum; keisarinn varð við þeirri kröfu og Lúter var stefnt að mæta. Stefnunni fylgdi loforð um vernd og það ábyrgðist að Lúter kæmist hindrunarlaust á óhultan stað. Þessi boð voru borin til Wittenberg af sendisveíni, sem það var falið á hendur að fylgja Lúter til Worms.

Lúter átti ekki að fara aleinn í þessa hættulegu ferð; auk keisarasveinsins ákváðu þrír trúustu vinir hans að fara með honum. Melankton vildi endilega fara; hann unni Lúter af öllu hjarta og þráði mjög að fylgja honum, þótt ferðin endaði í fangelsi eða á bálínu, ef verkast vildi. En honum var neitað um að fara. Ef það ætti fyrir Lúter að liggja að missa lífið í sambandi við þessa ferð, þá urðu hinir ungu og hraustu samverkamenn hans að taka starfið sér á herðar og halda því áfram. Þegar Lúter kvaddi Melankton sagði hann: “Komi eg ekki aftur, og óvinir mínir stytti mér aldur, þá halt þú áfram að kenna og vertu stöðugur í sannleikanum; starfaðu í staðinn minn”.<sup>1</sup>

[124]

Þegar Lúter kom til Worms kom múgur og marg-menni saman við borgarhliðin að fagna honum. Jafnvel hafði aldrei eins margt fólk komið saman til þess að fagna keisaranum sjálfum. Páfakirkjumenn höfðu ekki búist við að Lúter mundi dirfast að koma til Worms og mæta fyrir þessu þingi, og skaut þeim því skelk í bringu þegar hann kom. Keisarinn kallaði tafarlaust saman ráðgjafa sína til þess að ákveða hvaða stefna skyldi tekm í málinu. Einn af biskupunum, sem

<sup>1</sup>D'Aubigné, 7. bók, 7. kap.

var eindreginn á bandi páfans sagði: “Vér höfum lengi borið saman ráð vor um þetta mál. Mín ráð eru þau að yðar hátign sjái svo um að vér losnum við þennan mann tafarlaust. Lét ekki Sigismundur brenna Jóhann Húss? Vér erum að engu leyti til þess skyldugir að standa við það loforð, sem vér höfum gefið, að hann skuli vera verndaður. Þegar um villutrúarmann er að ræða hafa þess konar loforð ekkert gildi”. “Þetta er fjarstæða”, svaraði keisarinn, “Vér verðum að halda orð vor og eiða hver sem í hlut á”.<sup>2</sup>

Það var því ákveðið að siðbótamaðurinn fengi að skýra mál sitt frammi fyrir þinginu og að honum skyldi veitt áheyrn.

Næsta dag var Lúter boðaður til þess að mæta. Embættismaður ríkisins var útnefndur til þess að fylgja honum inn í þingsalinn, og þó var það með mestu erfiðis-munum að hann komst þangað. Allar götur voru fullar af áhorfendum; allir vildu sjá munkinn, sem hafði þorað að setja sig upp á móti valdi páfans.

[125] Loksins var Lúter kominn fram fyrir þingið. Keisarinn sat í hásætinu. Umhverfis hann voru öll mestu stórmenni landsins, Aldrei hafði nokkur maður mætt fyrir hátíðlegri rétti, né voldugri skara, en þeim sem Lúter átti nú að verja mál sitt fyrir: “Þessi viðburður í sjálfu sér var sigurboði sannleikans yfir villu páfadóms-ins. Páfinn hafði bannfært þennan mann og nú stóð hann frammi fyrir dómstóli, sem með því að dæma í mál- inu, setti sjálfan sig upp yfir vald og skipanir páfans. Páfinn hafði bannfært hann og lýst því yfir að hann væri og skyldi vera útskúfaður frá öllu mannlegu félagi, og samt var honum stefnt með kurteisum orðum og veitt móttaka af hinum tignasta dómstóli veraldarinnar. Páf-inn hafði fordæmt hann og mælt svo fyrir að hann skyldi þegja og honum ekki leyft að mæla orð að eilífu, en nú átti hann að flytja ræðu frammi fyrir mörgum þúsundum manna, sem saman höfðu safnast frá öllum löndum og landshlutum hins kristna heims. Stórkostleg bylting hafði þannig átt sér stað fyrir áhrif Lúters. Rómverska valdinu hafði þegar að nokkru leyti verið hrundið af stóli; og það var umkomulaus munkur, sem hafði komið þessu öllu til leiðar”.<sup>1</sup>

Lúter var leiddur beint fram fyrir hásæti keisarans. Djúp þögn ríkti í þingsalnum, sem troðfullur var af fólki. Síðan stóð upp emb-

<sup>2</sup>Sama bók, 7. b., 8. kap.

<sup>1</sup>D’Aubigné, 7. bók, 8. kap.

ættismaður ríkisins, benti á safn af ritum Lúters og heimtaði að siðabótamaðurinn svaraði tveimur spurningum; í fyrsta lagi hvort hann kannaðist við að þetta væru rit hans og í öðru lagi hvort hann væri til þess fús að afturkalla þær kenningar, sem hann hefði haldið þar fram. Þegar lesin höfðu verið nöfn ritanna, svaraði Lúter því að viðvíkjandi fyrri spurningunni væri það að segja að ritin væru eftir sig: “Að því er seinni spurningunni viðvíkur”, sagði hann, “sé eg það að um trú er að ræða og sáluhjálp manna, og orð Guðs, sem er mesti og dýrmætasti fjársjóður vor bæði á himni og jörðu; væri það því óhyggilegt af mér að svara án umhugsunar. Svo mætti fara að eg héldi ekki fram eins miklu og kring-umstæðurnar krefjast eða að eg héldi fram meiru en sannleikurinn krefst og syndgaði þannig á móti þessum orðum Krists: “Hlver sá sem afneitar mér fyrir mönnum, honum mun eg afneita fyrir föður mínum á himnum”, þess vegna bið eg yðar hátign, í einlægni og undirgefni, að veita mér tíma til umhugsunar, til þess að svar mitt geti orðið þannig að eg ekki syndgi gegn hinu heilaga orði Drottins”.<sup>1</sup>

Næsta dag átti Lúter að koma fram og svara til fullnustu. Um tíma lá við að hann misti kjarkinn, þegar hann hugsaði um hina voldugu höfðingja og hin miklu völd og brögð, sem hann átti við að etja og í samsæri höfðu svarist gegn kenningum sannleikans. Trú hans veiklaðist; hann varð gagntekinn af ótta og skelfing horfði honum í augu. Örvæntingar ský huldu fyrir honum alt útsýni og földu fyrir sjónum hans auglýsning Drottins. Hann þráði að fá sannfæring fyrir því að Drottinn her-skaranna væri í verki með honum. Hann fleygði sér flötum til jarðar í örvæntingu og úthelti hjarta sínu og sál sinni með þessum sundurslitnu grátbænum, sem eng-inn getur skilið nema Guð einn:

“Ó, þú almáttugi og eilífi Guð. Ó, hversu hræðilegur er þessi heimur! Sjá, hann opnar munn sinn til þess að svelgja mig lifandi, og eg hefi ekki nógu mikið traust á þér. Ef alt mitt traust á að vera bygt á þessum heimi, þá er úti um mig Mín síðasta stund er þegar komin: hún hefir verið ákveðin ó, Guð, hjálpa þú mér gegn allri slægð veraldarinnar; bænheyr mig og veit mér þetta; þú einn getur það — því þetta er ekki mitt verk, heldur þitt. Eg hefi hér ekkert starf að vinna; eg hefi hér ekk-ert til þess að sækjast eftir né verja fyrir

<sup>1</sup>D'Aubigné, 7. bók, 8. kap.

yfirgangi þessara völdugu manna hér í heimi En verkið er þitt, .... og það er réttlátt mál og eilíft. Ó, Drottinn, hjálpa þú mér! Trúfasti og óumbreytanlegi Guð, eg byggi ekki traust mitt á neinni mannlegri veru ... Alt það sem mannlegt er breytist, alt mannlegt breytist þú hefir útvalið mig til þess að vinna verk þitt. Vertu hjá mér, fyrir sakir þíns elskulega sonar Jesú Krists, sem er skjól mitt og skjöldur vernd mín og verja og mitt sterka vígi”.<sup>1</sup>

Hin alvittra forsjón hafði látið Lúter gera sér grein fyrir þeirri hættu, sem hann var staddur í, hafði látið hann finna til þess að hann gat ekki treyst sjálfum sér og hlaupið hugsunarlaust út í hættu. Það var þó ekki ótti fyrir persónulegum kvölum sjálfs hans, sem skelfdi hann; ekki ótti fyrir dauðanum, sem virtist vofa yfir honum og vera óumflýjanlegur. Hann var kominn að því takmarki, þar sem ekki var um annað að gera en annað hvort hrökkva eða stökkva, og hann fann til síns eiginn vanmáttar. Vegna veikleika hans gat það verið að mál-efnið liði og tapaði. Hann grátbændi ekki Drottinn um það að bjarga honum sjálfum, heldur að vernda málefnið —

[127] sannindi gleðiboðskaparins. Friðurinn kom aftur yfir sálu hans og

[128] hann gladdist yfir því að mega vitna um orð Drottins frammi fyrir

[129] stjórnendum veraldarinnar.

Þegar aftur var farið með hann inn á þingið, sást ekki á honum vottur um neinn ótta né skelfingu. Hann var rólegur og friður ríkti yfir honum; hann kom fram með hugrekki sem mikill og göfugur maður; hann stóð eins og vitni Guðs meðal hinna völdugu manna á jarðríki. Embættismaður stjórnarinnar krafðist þess nú að hann svaraði þeirri spurningu, hvort hann vildi afturkalla kenn-ingar sínar. Lúter svaraði lágt og auðmjúklega, án alls ofsa eða mótþróa. Framkoma hans var róleg og vakti virðingu, en hann virtist hafa svo mikið traust og gleði til að bera að allir undruðust:

“Allra virðulegasti keisari; háttvirtu stjórnendur; náðugu lávarðar”, sagði Lúter. “Eg mæti frammi fyrir yður á þessari stund, samkvæmt þeirri skipun sem þér gáfuð mér í gær; og í nafni Guðs miskunnar bið eg yðar miklu hátign og yðar mikilleik að hlusta allra mildileg-ast á vörn þess málefnis, sem eg er viss og sannfærður um að er rétt og satt. Ef það kynni að henda mig af fá-vizku að eg misbyði réttarfarinu, þá bið eg yður að fyrir-gefa mér það; því eg hefi

<sup>1</sup>D’Aubigné, 7. bók, 8. kap.

ekki verið alinn upp í konunga höllum, heldur í einveru klaustursins”.<sup>1</sup>

Síðan hélt hann áfram að tala um spurninguna. Hann lýsti því yfir að orð þau er hann hefði ritað væru ekki öll sama eðlis. Í sumum þeirra kvaðst hann hafa talað um trú og góðverk, og jafnvel óvinir sínir segðu að þau væru ekki einungis meinlaus, heldur jafnvel gagnleg. Að afturkalla þau orð væri sama sem að fordæma sannleika, sem öllum kæmi saman um; það gæti ekki komið til nokkurra mála. Annað sem hann hefði ritað væru staðhæfingar, þar sem hann setti sig upp á móti spillingu og svívirðum páfakenninganna. Það að afturkalla þau orð væri sama sem að styrkja harðstjórnina í Rómaborg og opna dyrnar fyrir fleirum og stærri syndsamlegum athöfnum. Enn þá væri eftir sig sú tegund rita, þar sem hann hefði ráði. st á einstaka menn, sem hefðu varið þá ósvinnu sem tíðkað-ist; að því er þau rit snerti kvaðst hann fúslega geta íátað að hann hefði farið lengra en góðu hófi gegndi.

[130]

Hann kvaðst ekki halda því fram að hann væri ámælis-lauss; en þó kvaðst hann ekki samvizku sinnar vegna geta tekið þessi rit aftur, því það væri til þess að auka dirfsku hjá óvinum hinnar guðlegu opinberunar, og gætu þeir þá notað tækifærið til þess að ofsækja með enn meiri grimd þjóna Drottins. “Samt sem áður er eg að eins maður en ekki Guð”, sagði hann. “Eg mun þess vegna verja sjálfan mig eins og Kristur gerði og segja: “Hafi eg eitthvað rangt sagt, þá berið vitni um þau rangindi”..... Í nafni Guðs miskunnar bið eg yður, allra hæsti keisari og yður hávirðulegu herrar og yður alla sem hér eruð, hver sem er stétt yðar eða staða, að sanna með ritum spá-mannanna og postulanna að eg hafi vikið út frá sannleik-anum. Jafnskjótt og eg er sannfærður um það, skal eg afturkalla hverja einustu villu, og verða fyrsti maður til þess að taka mínar eigin bækur og kasta þeim á bálið”.<sup>1</sup>

Lúter hafði talað á þýzku; nú var þess krafist af honum að hann endurtæki sömu ræðu á latínu. Þótt hann væri aðfram kominn vegna fyrri áreynslu, þá hlýddi hann þessu og flutti aftur ræðu sína með sama skýrleik og krafti og hann hafði gert áður. Almætti Guðs stjórnaði tungu hans og veitti honum þrek og krafta.

<sup>1</sup>D'Aubigné, 7. bók, 8. kap.

<sup>1</sup>D'Aubigné, 7. bók., 8. kap.

Hugir margra stjórnendanna veru svo blindaðir af villukenningum og hjátrú, að þeir sáu ekki í fyrstu kraft þann er fólst í röksemdum Lúters, en þegar hann endur-tók ræðu sína opnuðust augu þeirra og þeir skildu greini-lega hvað hann fór.

Þeir sem vísvitandi lokuðu augum sínum fyrir ljós-inu og höfðu ásett sér að láta ekki sannfærast um sann-leikann, urðu æfa reiðir yfir því hversu mikill kraftur og sannfæring fylgdu orðum Lúters. Þegar hann þagn-aði sögðu þeir í reiði sinni sem orð höfðu fyrir þinginu: “Þú hefir ekki svarað spurningunni, sem til þín var beint .... Þér er skipað að koma með skýrt og ákveðið svar. .... Viltu eða viltu ekki afturkalla rit þín og kenningar? “

[131] Lúter svaraði: “Með því að yðar hávirðugheit og mikla vald krefst þess að eg svari skýrt og skorinort, skal ekki standa á því; svar mitt er þetta: Eg get ekki gefið trú mína á vald páfans né dómstólanna, þar sem það er eins skýrt og dagsljósið að þeim hefir oft skjátlást og þeir komið hvorir í bága við aðra. Þess vegna er það að nema því að eins að eg verði sannfærður um það með vitnisburði heilagrar ritningar, eða með skýrum rök-semdum; nema eg fái sönnun fyrir því gagnstæða á þann hátt sem eg hefi sagt og samvizka mín með því bjóði mér það samkvæmt orði Drottins, þá hvorki get eg afturkallað kenningar mínar né heldur vil eg gera það. Því það er óvarlegt fyrir kristinn mann að tala á móti sannfæringu sinni. Hér stend eg, annað get eg ekki; Guð hjálpi mér. Amen”.<sup>1</sup>

Allur þingheimur var sem steini lostinn um tíma og enginn kom upp nokkru orði. Þegar Lúter svaraði fyrst hafði hann talað lágt, með virðingu og jafnvel undirgefni í látbragði og framkomu. Rómverjar skildu þetta þannig að það væri vottur um linun og Lúter væri að því kom-inn að gefast upp. Þeir skildu beiðni hans um frest að-eins sem fyrirboða um afturköllun. Hugrekki það og styrkur sá sem hann nú sýndi, janfnframt rökfærslum hans og skýrleika, fyltu alla undrun. Keisarinn komst við af aðdáun og sagði: “Þessi munkur talar með óbif-andi sannfæringu og ósigrandi hugrekki”. Margir þýzkir heldri menn og stórmenni hlustuðu og horfðu á þennan fulltrúa þjóðar sinnar með fögnuði og stolti. Páfavaldið frá Róm hafði í raun og sannleika orðið undir. Málstaður þess var sérstaklega ískyggilegur. Það reyndi að beita ofbeldi, en forðaðist að vitna í Guðs orð. Heit-

<sup>1</sup>D'Aubigné, 7. bók, 8. kap.



ingar voru hér það sama sannfæringarafl, sem rómverska kirkjan var vönust að beita.

Talsmaður þingsins hóf máls og sagði: “Viljir þú ekki afturkalla kenningar þínar, þá koma þeir keisarin og stjórnendur landsins sér saman um það hvað gera skuli við óbetranlegan villutrúarmann”.<sup>1</sup>

Vinir Lúters, sem með djúpri gleði höfðu hlustað á ræðu hans, fylltust ótta og skelfingu við þessi orð, en sjálfur sagði Lúter öruggur og rólegur: “Guð minn veri verndari minn, því eg get ekkert afturkallað”.<sup>1</sup>

Nú var honum sagt að fara af þinginu, á meðan stjórnendurnir bæru saman ráð sín. Menn höfðu það á meðvitundinni að um einhverja mikilvæga breytingu væri nú að ræða. Staðfesta Lúters í því að neita að afturkalla orð sín gat haft þær afleiðingar, sem áhrif hefðu á kirkjuna um komandi aldir. Það var ákveðið að veita honum eitt tækifæri enn til þess að afturkalla kenningar sínar. Í síðasta skifti var hann enn leiddur inn á þingið. Enn þá var hann spurður hvort hann vildi afturkalla orð sín: “Eg get engu öðru svarað”, sagði hann, “en því, sem eg hefi þegar svarað”. Það var nú auðsætt að ekki var hægt að sveigja hann til hlýðni; hvorki með loforðum né hótunum fékst hann til þess að beygja sig undir vald páfans í Róm.

[132]

Fulltrúar páfans höfðu getað látið konunga og keisara og stjórnendur skelfast vald sitt og lúta því, en hér var umkomulítill munkur sem bauð því byrginn, og gramdist þeim það meira en með orðum verði lýst. Þá fýsti að láta hann finna til valds síns og reiði sinnar, með því að kvelja úr honum lífið; en Lúter skildi það í hversu mikilli hættu hann var staddur, og hafði gætt þess að tala við alla með kristilegri stillingu og gætni. Enginn sjálfspótti heyrðist í orðum hans; enginn ofsi fylgdi þeim og engar flækjur voru þeim samfara. Hann hafði svo að segja gleymt sjálfum sér og hinum miklu og voldugu mönnum, sem umhverfis hann voru, og fundið að eins til þess að hann stæði frammi fyrir augliti þess, sem væri eilíflega æðri páfum, prestum, konungum og keisurum. Það var eins og Kristur sjálfur hefði talað fyrir munn Lúters, með þeim krafti og því valdi að það gagnátók með hátíðleik hugi allra; óvina jafnt sem vina. Andi Drottins hafði verið nálægur á þessu þingi og hafði haft áhrif á hjörtu hinna

<sup>1</sup>D'Aubigné, 7. bók, 8. kap.

<sup>1</sup>D'Aubigné, 7. bók, 8. kap.

lærðu stjórnenda þjóðarinnar. Nokkrir stjórnendanna lýstu óhikað yfir að Lúter hefði á réttu máli að standa; margir voru sannfærðir um málstað hans og snerust til sannrar trúar í svipinn, en hjá sumum var-aði hún ekki lengi. Þar var enn einn flokkur manna, sem ekki hafði látið í ljósi skoðun sína; þeir sem honum til-heyrðu höfðu rannsakað biblíuna sjálfir, og þeir urðu síð-ar eindregnir starfsmenn siðabótarinnar.

[133] Friðrik stjórnandi hafði biðið með eftirvæntingu eftir því að Lúter mætti fyrir þinginu, og hlustaði hann á ræðu hans með hrærðu hjarta. Hann fann til gleði og ánægju yfir því hversu hugrakkur og einlægur Lúter var og hversu mikið vald hann hafði á sjálfum sér; sömuleiðis hversu hann virtist ákveðinn í því að verja skoðanir sínar og kenningar. Hann bar saman í huga sér þá, sem deilan var á milli, og sá hann þá að speki páfanna, konunganna og höfðingjanna hafði orðið að engu, þegar hún mætti afli hins mikla sannleika. Páfavaldið hafði biðið ósigur, sem allar þjóðir á öllum öldum hlytu að viðurkenna.

Tvær ósamhljóða skoðanir komu nú fram meðal þeirra, sem á þinginu voru mættir. Sendiherrar og full-trúar páfans kröfðust þess enn að vernd sú er Lúter hafði verið heitin skyldi að engu virt og ekki haldin. “Aska hans ætti að kastast í fljótið Rín”, sögðu þeir, “eins og aska Jóhanns Húss fyrir heilli öld”. En höfðingjarnir og stjórnendurnir á Þýzkalandi mótmæltu slíkum svikum, þrátt fyrir það þótt þeir væru páfatrúar og svarnir óvinir Lúters; töldu þeir slíkt vera óafmáanlegan blett á þjóð-inni og til hnekkis fyrir heiður hennar. Þeir bentu á þær illu afleiðingar, sem dauði Jóhanns Húss hafði haft í för með sér og lýstu því yfir að þeir dirfðust ekki að steypa Þýzkalandi í aðra eins ógæfu aftur eða leiða slíka smán yfir hinn unga stjórnanda.

Svar Karls keisara sjálfs við þeirri uppástungu að svíkja loforðið við Lúter, var á þessa leið: “Þótt orð-heldni og samvizkusemi væru að öðru leyti útlæg gerð af allri jörðinni, þá ætti slíkt aldrei að koma neinum stjórn-anda til hugar”.

Enn þá var lagt fast að honum af þeim sem mest höt-uðu Lúter, og röggсамlegast ráku erindi páfans, að fara með Lúter eins og Sigismundur hafði farið með Jóhann Húss. — Það er að segja að fá hann í hendur kirkjuvaldinu til dóms og meðferðar. En Karl V. mundi þann atburð í sögunni, þegar Jóhann Húss hafði á opin-berri

samkomu bent á hlekki sína og minti keisarann á griðarofin, og hann sagði hátt og einarðlega: “Eg ætla mér ekki að þurfa að bera samskonar kinnroða og Sigismundur!”<sup>1</sup>

Samt sem áður hafði Karl keisari af ásettu ráði mót-mælt þeim sannleika sem Lúter hélt fram: “Eg hefi staðfastlega ákveðið að fylgja fordæmi fyrirrennara minna”,<sup>2</sup> skrifaði hann. Hann hafði ákveðið að víkja ekki úr vegi venjunnar, jafnvel til þess að tala sannleik-ann og taka málstað hins rétta. Hann ætlaði að halda fast við páfatrúna vegna þess að forfeður hans gerðu það, þrátt fyrir alla hennar grimd og spillingu. Hann tók þannig þá stefnu að hafna fyrirfram öllu ljósi, sem kæmi í bága við það myrkur, sem feður hans höfðu haldið fast við, og sömuleiðis ásetti hann sér að gera enga skyldu, sem þeir höfðu ekki gert.

[134]

Margir eru þeir þann dag í dag, sem þannig bíta sig fasta í venju forfeðra sinna. Þegar Drottinn sendir þeim auka ljós, neita þeir að veita því móttöku, vegna þess að það hafi ekki veizt forfeðrum þeirra, og því megi þeir ekki taka því. Vér höfum öðrum skyldum að gegna en feður vorir; vér lifum á öðrum tímum og köllun vor og ábyrgð er því alt önnur en þeirra. Vér réttlætum ekki s jálfa oss í augum Drottins með því að fylgja að öllu forfeðrum vorum, þegar um skyldustörf vor er að ræða; vér eigum að leita í Guðs orði að því hverjar séu skyldur vorar og reyna að finna sannleikann sjálfir. Ábyrgð vor er meiri en forfeðra vorra. Vér njótum þess ljóss er þeir nutu og vér höfum erfitt frá þeim, en vér njótum einnig aukins ljóss, sem oss skín nú frá orði Guðs, og á því berum vér ábyrgð að færa oss það í nyt.

Innan skamms skipaði páfinn Lúter að hverfa heim, og hann vissi að þá yrði ekki langt eftir fordæmingunni að bíða. Ógnandi ský hvíldu yfir honum, en þegar hann fór frá Worms var hjarta hans fult af gleði og lofgjörð: “Sjálfur Djöfullinn hélt vörð um páfabústaðinn”, sagði hann. “En Kristur hefir brotið stórt skarð í þann múr og Satan varð að játa að Drottinn er voldugri en hann”.<sup>1</sup>

Þegar Lúter var farinn hugsaði hann sér að rita keisaranum, til þess að vera viss um að staðfesta sín yrði ekki misskilin sem upp-reist; hann skrifaði honum á þessa leið: “Guð, sem er rannsakar

<sup>1</sup>Lenfont's saga um þingnefndina I Konstanz, 1. bindi, 422. bls.

<sup>2</sup>D'Aubigné, 7. bók, 9. kap.

<sup>1</sup>D'Aubigné, 7. bók, 9. kap.

[135]

hjartnanna, er mér vitni þess að eg er reiðubúinn að hlýða yðar hátign í allri undir-gefni, í meðlæti og mótlæti, í lífi og í dauða undantekningarlaust, nema því að eins að það komi í bága við Guðs orð, því af krafti þess lifum vér. Í öllum hörmungum þessa lífs skal trú mín vera óhagganleg, því það hefir engin áhrif á sáluhjálp manna hvort þeir vinna eða tapa í veraldlegum eignum. En þegar um eilífðarmálin er að ræða, þá er það ekki vilji Drottins að vér beygjum oss undir vald mannanna. Því slík undirgefni í andlegum eignum er veruleg tilbeiðsla og heyrir því einungis til skapara vorum. <sup>1</sup>

Á leiðinni frá Worms var jafnvel tekið á móti Lúter með enn þá meiri viðhöfn en þegar hann kom þangað. Konunglegir klerkar buðu velkominn hinn bannfærða munk, og borgaralegir embættismenn heiðruðu manninn sem keisarin hafði fordæmt. Hann var beðinn að halda ræður, og þrátt fyrir bannfæringuna fór hann samt upp í ræðustólinn: “Eg hefi aldrei lofað því að setja Guðs orð í fjötra”, sagði hann. “Ekki heldur kom mér til hug-ar að gjöra það”. <sup>1</sup>

Ekki var langt liðið frá því hann fór frá Worms og þangað til páfa fulltrúarnir lögðu fast að keisaranum að gefa út bann gegn honum. Í þessu banni var Lúter for-dæmdur sem “Satan sjálfur í mannsgerfi og klæddur í munkakápu”. <sup>2</sup> Því var lýst yfir að þegar griðaloforðið hefði verið haldið og sá tími væri útrunninn, sem það næði yfir, þá skyldu ráð tekin til þess að stöðva verk hans. Öllum var bannað að hýsa hann; að gefa honum mat eða drykk eða að veita honum nokkra líkn eða aðstoð leynt eða ljóst, í orði eða verki. Hann var ófriðhelgur og átti að handsama hann hvar sem hann næðist og fá hann í hendur yfirvöldunum. Fylgjendur hans átti einnig að setja í fangelsi og eignir þeirra að vera gerðar upptækar. Ritverk hans átti að brenna og loksins var því lýst yfir að hver sem gerði sig sekan í því að hjálpa honum eða brjóta bannið að nokkru leyti, skyldi sjálfur undir sama banni. Stjórnandinn í Saxlandi og þeir embættismenn sem vinveittastir voru Lúter höfðu farið frá Worms skömmu eftir að hann fór þaðan og bann keisarans var samþykkt á þinginu. Nú var glatt á hjalla hjá hinum róm-versku páfafulltrúum. Nú töldu þeir það víst að dauða-dómur siðbótarinnar hefði verið uppkveðinn.

<sup>1</sup>D'Aubigné, 7. bók, 11. kap.

<sup>1</sup>D'Aubigné, 7. bók, 11. kap.

<sup>2</sup>Martyn, 1. hefti, 420. bls.

Drottinn hafði fundið ráð til þess að þjónn hans kæm-ist undan yfirvofandi hættu á tímum neyðarinnar. Vakað hafði verið yfir öllum hreyfingum Lúters og trúfast hjarta hafði ákveðið að bjarga honum. Það lá í augum uppi að páfavaldið í Róm mundi ekki gera sér gott af neinu minna en dauða hans. Það var að eins með því að fara í felur, að hægt var að bjarga honum úr ljónskjaft-inum. Drottinn veitti Friðrik Saxlandsstjórna hugvit til þess að finna ráð er bjargaði siðbótarmanninum. Stjórnandinn fékk vini sína í lið með sér og fundu þeir ráð til þess að leyna Lúter fyrir vinum og fjandmönnum. Þegar hann var á ferðinni heim var hann tekinn fastur, fluttur burt frá félögum sínum og farið með hann í skyndi í gegn um skóg til kastalans í Wartburg. Bæði handtekn-ing hans og leynd voru svo óskiljanleg flestum að jafnvel Friðrik sjálfur vissi ekki lengi hvert hann hafði verið fluttur eða hvar hann var falinn. Þetta var alt af yfir-lögðu ráði; Á meðan Friðrik Saxlandsstjórna vissi ekki hvar Lúter var, gat hann auðvitað ekki sagt til hans. Hann var viss um það með sjálfum sér að honum liði vel, og það var honum nóg.

[136]

Vorið leið, sumarið leið, og haustið leið; veturinn kom og Lúter var kyr í fangelsinu. Alexander og fylgjend-ur hans voru frá sér numdir af gleði, þar sem þeir með sjálfum sér voru sannfærðir um að ljós náðarboðskapar-ins væri svo að segja sloknað. En þeim skjátlaðist. Lúter var að tendra ljós sitt með uppsprettu sannleik-ans, og það ljós átti fyrir sér að liggja að skína miklu bjartara en nokkru sinni fyr.

Lúter var öruggur og leið vel í fangelsinu í Wartburg og fagnaði hann nú frelsinu frá hita og hávaða þess stríðs, sem hann hafði átt í. En ekki var það lengi, sem hann var ánægður með kyrðina og rósemina. Hann var vanur starfsömu lífi og stríði og tók það því nærri sér að vera kyr og aðgerðarlaus. Á þessum dögum einverunnar skoðaði hann kirkjuna í huga sér og hrópaði upp í örvænt-ingu: “Mikil skelfing; enginn er sá á þessum síðustu og verstu dögum sem standi upp beinn og óbifandi frammi fyrir Drotni og frelsi Ísraelslýð”.<sup>1</sup>

Nú fór hann aftur að hugsa um sjálfan sig, og hann hélt að hann yrði kærður um hugleysi fyrir það að flýja af hólmi; og hann ámælti sjálfum sér fyrir eigingirni og hroka. Samt sem áður kom hann

<sup>1</sup>D'Aubigné, 9. bók, 2. kap.

[137] meiru til leiðar á hverjum einasta degi en mögulegt virtist einum manni. Penni hans var aldrei að-gerðarlaus. Óvinir hans töldu sér trú um að hann hefði verið látinn þagna, en urðu þó brátt forviða á þeirri sönn-un sem þeir fengu fyrir því að hann var enn starfandi. Fjöldi flugrita birtist frá honum út um allt þýzkaland. Auk þess vann hann samlöndum sínum ómetanlegt gagn með því að þýða nýja testamentið á móðurmál þeirra— þýzku. Frá þessum stað hélt hann áfram nálega í heilt ár að útbreiða náðarboðskapinn og finna að spillingu þeirrar aldar.

En það var ekki einungis til þess að bjarga Lúter frá óvinum hans, eða til þess að veita honum ró og næði að Drottinn hafði hagað því svo að hann yfirgaf í bráðina opinber störf. Það var enn þá meira virði en þetta hvort-tveggja, sem af því leiddi. Þar sem Lúter var einmana og afskektur var hann útilokaður frá áhrifum annara og lofi mannanna. Hann var á þann hátt frelsaður frá hroka -og stærilæti, sem oft fylgir sigurvinningum, í hvaða mynd sem er.

Þegar menn gleðjast yfir því frelsi sem sannleikur-inn flytur þeim, er þeim hætt við að upphefja þá sem Drottinn notar sem verkfæri til þess að brjóta hlekki villukenninganna og hindurvitranna. Djöfullinn reynir að snúa hugsun mannanna og tilfinningum frá Guði og binda þær við jarðneskar athafnir; hann kemur mönnum til þess að dýrka verkfærið, en fyrirlíta höndina sem því stjórnar og ræður fyrir öllum viðburður alvirkunnar. Það er of algengt að kirkjulegir leiðtogar gleyma því þannig að þeir eiga alt sitt Guði að þakka og eru aðeins verkfæri í hans hendi; þeim er hætt við að leggja áherzlu á mannlegan kraft og snúast til sjálfsdýrkunar. Þeir reyna því að stjórna hugsun og samvirkum fólksins, sem verður það á að líta upp til þeirra til leiðsagnar, í stað þess að snúa sér til Guðs. Verkum Drottins er oft seinkað einmitt fyrir þetta hugarfar þeirra sem eiga að leysa þau af hendi. Frá þessu ætlaði Guð að vernda siðabótina. Hann vildi láta það starf bera vitni um sig en ekki um mennina. Augu manna hvíldu á Lúter, sem framberanda sannleik-ans; hann var nú látinn vera fjarlægur þeim til þess að augu þeirra mættu líta þann, sem öllu stjórnar — höfund sannleikans.

[138]

## Siðabótin heldur áfram á þýzkalandi

Hið óskiljanlega hvarf Lúters fékk mönnum mik-illa áhyggja um alt þýzkaland. Alstaðar var spurst fyrir um hann; alls konar sögur komust á gang og sumir héldu að hann hefði verið myrtur. Menn voru mjög áhyggju-fullir út af þessu; ekki einungis nánustu vinir hans, held-ur einnig þúsundir annara manna, sem ekki höfðu opinberlega skipað sér undir merki siðbótarinnar. Margir voru þeir sem sóru þess dýran eið að þeir skyldu hefna Lúters, ef hann hefði verið ráðinn af dögum, eins og þeir töldu víst að væri.

Rómversku leiðtogarnir sáu það sér til mikillar skelfingar hversu tilfinning þjóðarinnar var orðin æst gegn þeim. Þótt þeir gleddust í fyrstu yfir því að Lúter mundi vera líflátinn, þá þorðu þeir ekki annað innan skamms en að fara í felur fyrir reiði fólksins. Óv, nir Lúters mættu jafnvel ekki eins hættulegri mótstöðu af áhrifum hans eigin verka þótt þau væru dirfskufull, eins og nú fyrir þá sök að hann var horfinn. Þeir sem í bræði sinni höfðu ætlað að lífláta hinn djarfa siðbótamann voru nú dauðskelkaðir þegar þeir héldu að hann væri hjálpar-laus í fangelsi. “Eini möguleikinn til þess að bjarga oss”, sagði einn þeirra, “er sá að leita með logandi ljósi að Lúter um allan heim og finna hann aftur, til þess að þjóðin sem þráir hann fái vilja sínum framgengt”. Páfa-bannið virtist vera þýðingarlaust með öllu. Fulltrúar páfans fylltust djúpri gremju þegar þeir fundu það út að bannið hafði miklu minni áhrif á þjóðina, en hvarf Lúters og forlög hans.

Þegar þær fréttir heyrðust að hann væri heill á húfi glöddust [139] menn að vísu, þótt það fylgdi fréttinni að hann væri í fangelsi; en [140] fylgi manna við hann og ákafi þeirra fyrir kenningum hans óx dag frá degi og var aldrei meiri en nú. Þeim fjölgaði stöðugt sem gengu í [141] lið með hinum hugrakka manni, er dirfst hafði að rísa upp og verja orð Drottins. Siðabótin útbreiddist og henni óx fylgi eftir því sem lengur leið. Sæði það sem Lúter hafði sáð bar ávöxt um alt land og lét á sér bera hvervetna. Fjarvera hans kom því til leiðar sem honum hafði verið ómögulegt með nærveru sinni. Nú fundu aðrir leiðtogar

til ábyrgð-ar þeirrar sem á þeim hvíldi, þegar þessi mikli aðalleiðtogi var úr sögunni. Nú tóku þeir til starfa með nýjum kröftum og auknum áhuga; meiri staðfestu og öruggari trú; þeir komu nú fram hiklaust og með fullum áhuga og ætluðu sér að gera alt er í þeirra valdi stæði til þess að það verk, sem svo göfuglega var byrjað, skyldi ekki verða fyrir neinni hindrun.

En Satan var ekki iðjulaus. Hann reyndi nú þá aðferð sem hann hefir reynt gegn öllum öðrum siðbóta-hreyfingum — nefnilega það að villa fólkinu sjónir og eyðileggja það með því að ginna það á falsaðri vöru fyrir þá réttu; lýgi undir fölsku yfirskeyni í stað sannleikans. Eins og falskristar voru uppi á fyrstu tímum kristninnar. Þannig risu upp falsspámenn á sextánda öldinni.

Nokkrir menn, sem mjög höfðu orðið fyrir trúar-bragða áhrifum, ímynduðu sér að þeir hefðu fengið sér-staka köllun frá Guði og sérstaka opinberun; héldu þeir því fram að þeir hefðu umboð frá Guði sálfum til þess að fullkomna siðabótina hér í heimi, sem þeir sögðu að Lúter hefði að eins byrjað af veikum mætti. Í raun og sannleika voru þeir að rífa niður það sem þeir þóttust vera að byggja upp og sem Lúter hafði svo vel byrjað. Þeir höfðu hinn mikla sannleika, sem var grundvöllur siða-bótarinnar — nefnilega það að Guðs orð sé allsnægjandi regla fyrir breytni og líferni manna, og fyrir þessa óskeik-ulu reglu komu þeir með hinn breytilega og óvissa mælikvarða eigin tilfinninga og ímyndunarafis. Þegar þeir þannig lögðu til hliðar þessa vissu reglu til aðgreiningar réttu og röngu, þá var Djöflinum opnaður vegur til þess að ráða yfir hugsun manna og leiða þá eftir eigin vild og geðþótta.

[142]

Einn þessara spámanna hélt því fram að hann hefði fengið fyrirskipanir og kenningar frá Gabriel engli. Námsmaður nokkur sem gekk í félag við hann yfirgaf nám sitt og lýsti því yfir að sjálfur Drottinn hefði veitt sér þekkingu til þess að útskýra hans heilaga orð. Ýmsir aðrir, sem að eðlisfari voru ofstækismenn, gengu í félag við þá. Atferli þessara ofstækismanna olli miklum hreyfingum. Prédikanir Lúters höfðu vakið fólkið af svefni, svo það fann til þess hvar sem var, hversu nauðsynlegt var að koma á siðabót, og nú voru sumir einlægir menn af-vegaleiddir af þessum nýju falsspámönnum.

Leiðtogar þessarar hreyfingar fóru til Wittenberg og prédikuðu kenning sína og héldu fram valdi sínu við Melankton og samverkamenn hans: “Vér erum sendir frá Guði”, sögðu þeir, “til þess að



fræða fólkið; vér höf-um oft náíð samtal við sjálfan Guð almáttugan; vér vit-um hvað fram muni koma; í stuttu máli vér erum spá-menn og lærisveinar og fylgjum kenningu Lúters”.<sup>1</sup>

Siðbótamennirnir urðu hissa og vissu ekki hvað þeir áttu að segja. Þetta var atriði sem þeim hafði aldrei komið til hugar né gert sér grein fyrir og þeir vissu ekki hvað þeir áttu til bragðs að taka. Melankton sagði: “Vissulega hvílir óskiljanlegur andi yfir þessum mönn-um; en hvaða andi er það? Að öðru leyti verðum vér að forðast að kæfa niður anda Drottins og hins vegar ber oss að forðast að láta leiðast af anda Djöfulsins”.

Ávextir hinna nýju kenninga komu brátt í ljós. Fólk-ið fór að vanrækja biblíuna eða jafnvel kasta henni frá sér með öllu. Skólarnir komust allir á ringulreið. Náms-menn hættu að hlýða nokkrum reglum; vanræktu nám sitt með öllu og yfirgáfu háskólana. Þeir sem héldu sjálfa sig til þess alfæra að standast alt og halda áfram siðabótinni, gerðu ekkert annað en að koma henni á barm glötunar-innar. Nú komu fulltrúar rómversku kirkjunnar aftur ár sinni fyrir borð og sögðu með trausti sigurvegarans: “Eina atrennu enn, og þá er fullkominn sigur fenginn fyrir oss”.<sup>1</sup>

Lúter heyrði það til Wartborgar hvað skeð hafði, og tók hann sér það mjög nærri. “Eg hefi altaf búist við því að Djöfullinn mundi leggja þessar snörur fyrir oss”, sagði hann. Hann skildi greinilega hið sanna eðli þess-ara falsspámana og sá hættuna, sem sannleikskenningin var í. Mótstaða páfans og keisarans hafði ekki haft eins mikil áhrif á hann eða valdið honum eins djúpra áhyggja og það sem hann nú varð að reyna fyrir þessar ástæður, Frá þeim sem þóttust vera vinir siðbótarinnar komu hennar verstu óvinir og hættulegustu. Einmitt sjálfur sannleikurinn, sem fengið hafði honum svo mikillar ánægju og huggunar var nú hafður til þess að vekja upp sundrung og skapa glundroða í kirkjunni.

Í siðabótastarfinu hafði Lúter fengið hvatning frá anda Drottins; hann hafði orðið fyrir svo miklum áhrif-um að hann hafði farið miklu lengra en honum hafði komið til hugar. Hann hafði í upphafi ekki ætlað sér að koma fram með neinar verulegar breytingar. Hann hafði aðeins verið verkfæri í höndum takmarkalauss valds. Samt sem

<sup>1</sup>D'Aubigné, 9. bók, 7. kap.

<sup>1</sup>D'Aubigné, 9. bók, 7. kap.

áður skalf hann stundum sem lauf í vindi, þegar hann hugsaði um starf sitt. Einu sinni hafði hann sagt þessi orð: “Ef eg vissi til þess að kenningar mínar yrðu að tjóni einum einasta manni, hversu lítilmótlegur sem hann væri og lágt settur; — sem auðvitað er ómögulegt, því hér er um sjálfan náðarboðskapinn að ræða — þá vildi eg fremur eiga að láta lífið tíu sinnum en að bæta ekki fyrir það, eða afturkalla það”.<sup>1</sup>

Og nú var svo komið að jafnvel í sjálfri Wittenberg, þar sem var hjarta siðabótarinnar, voru menn óðum að falla fyrir öflum ofstækisins og lögleysunnar. Þessar voðalegu afleiðingar stöfuðu ekki af kenningum Lúters, en um alt Þýzkaland var hann kærður um að það væri honum að kenna. Gagntekinn af gremju sagði hann þá stundum: “Er það þá mögulegt að þetta verði endir siða-bótarinnar?”<sup>1</sup>

[144] Þegar hann glímdi við Guð í bænum sínum, streymdi aftur friður inn í hjarta hans: “Starfið er ekki mitt, heldur þitt”, sagði hann. “Þú lætur það ekki viðgangast að verk þitt eyðileggist af spillingu og hjátrú eða of-stæki”. En þegar hann hugsaði um það að hann var ein -mana og afsæktur, langt frá þeim stöðvum, þar sem verið var að berjast fyrir siðabótamálum, þá fanst hon- um lífið verða óbærilegt. Hann gat ekki haldist þarna við lengur; hann varð að fara til Wittenberg.

Nú for hann tafarlaust af stað í þessa hættulegu ferð. Hann var í banni ríkisins, óvinum hans var það heimilt að lífláta hann hvar sem þeir fyndu hann; vinum hans var forboðið að veita honum líkn eða lið, skjól eða athvarf í nokkurri mynd. Ríkisstjórinn framfylgdi hin-um allra ströngustu aðferðum við alla þá er kenningum hans fylgdu. En hann sá það að boðskapur Drottins var í hættu og í hans nafni tók hann sig upp án nokkurs ótta til þess að berjast fyrir sakir sannleikans. Hann hóf nú starf sitt með mestu varfærni og í mestu niðurlægingu, en þó með óbifandi staðfestu og ákveðinn í starfi sínu. “Með Guðs orði verðum vér að kollvarpa því sem hrófað hefir verið upp með ofbeldi”, sagði hann. “Eg ætla mér ekki að beita ofbeldi gegn hinum hjátrúarfullu og van-trúuðu; engin hindrun á að eiga sér stað; frelsið er brenni-depill trúarinnar”.<sup>1</sup>

<sup>1</sup>D'Aubigné, 9. bók, 7. kap.

<sup>1</sup>D'Aubigné, 9. bók, 7. kap.

<sup>1</sup>D'Aubigné, 9. bók, 8. kap.

Það varð brátt hljóðbært í Wittenberg að Lúter væri kominn aftur og ætlaði að fara að prédika. Fólk þyrptist að úr öllum áttum og kirkjan þar sem hann prédikaði var svo full að fjöldi varð frá að hverfa. Þegar hann kom upp í ræðustólinn talaði hann stillilega og var-lega í mesta máta; eggjaði þó til trúar og staðfestu og setti ofan í við þá, sem létu afvegaleiðast. Um suma þá sem gripið höfðu til ofbeldis í því að afnema kaþólskar messur, sagði hann:

“Þessar messur eru illar og Guði vanþóknanlegar; þær ættu að vera lagðar niður og eg vildi óska að í stað þeirra kæmi alstaðar kveldmáltíð Drottins; en látum oss ekki hrekja neinn frá þeim með ofbeldi. Vér verðum að láta þetta mál vera í hendi Drottins; orð hans verður að framkvæma en ekki vér. Þér spyrjið ef til vill hvers vegna. Það er vegna þess að eg hefi ekki hjörtu manna í hendi mér svo sem leirkerasmiðurinn heldur á kerinu. Vér höfum rétt til þess að tala, en vér höfum ekki rétt til þess að framkvæma. Látum oss prédika; hitt heyrir Guði til. Ef vér beitum ofbeldi, hvað gæti eg unnið með því? Yfirskin, fettur og brettur, helgisiðir, stælingar, mannasetningar og hræsni eru afleiðingarnar af slíkri að-ferð. En því fylgdi engin hjartans einlægni; engin sönn trú, enginn kærleikur. Þar sem þetta þrent brestur, þar brestur alt, og eg vildi ekki gefa eyris virði fyrir þess konar ávexti. Guð afrekar meira aðeins með orði sínu en eg og þú og allur heimur getur gert með sameinuðu afli sínu. Guð snertir hjartað og vinnur það og þegar hjartað er unnið þá er alt unnið”.<sup>1</sup>

[145]

Dag eftir dag í heila viku hélt Lúter áfram að prédika fyrir athugulum áheyrendum og altaf var húsfullir. Guðs orð, hreint og óblandað sefaði ofsa þann sem æsinga-mennirnir höfðu kveikt; kraftur gleðiboðskaparins leiddi aftur til sjálfs sín hið afvegaleidda fólk og vísaði því á leið sannleikans.

Lúter lét sér ekkert ant um að mæta ofstækismönnum þeim, sem svo miklu illu höfðu komið til leiðar. Hann vissi að þeir voru menn sem ekki höfðu heilbrigða dóm-greind; hann vissi að þeir vöru menn sem ekki höfðu taumhald á tilfinningum sínum og ástríðum; þeir þóttust vera sérstaklega upplýstir frá Guði, en þoldu þó ekki hin minstu andmæli, og jafnvel ekki hinar allra vægustu að-finningar eða ráðleggingar. Með hroka þóttust þeir vera æðri og vita meira en aðrir menn og kröfðust þess að allir tækju það gott og gilt sem þeir

<sup>1</sup>D'Aubigné, 9. bók, 8. kap.

kendu og gerðu, án mótmæla eða rannsókna. En þegar þeir kröfðust þess að fá að tala við Lúter, þá lét hann það eftir þeim og kom til fundar við þá; og svo fullkomlega og auðsælega opinberaði hann yfirsýn þeirra að þessir falsspámenn hypjuðu sig tafarlaust í burtu frá Wittenberg.

Þegar Lúter kom frá Wartburg, lauk hann við þýðingu sína á nýja testamentinu, og var gleðiboðskap-urinn litlu síðar fenginn þýzku þjóðinni á hennar eigin máli. Þessari þýðingu var veitt móttaka með hinum mesta fögnuði af öllum þeim er unnu sannleikanum; en henni var hrundið frá sér með fyrirlitningu af þeim, sem mest dýrkuðu mannasetningar og hégiljur.

[146] Prestarnir voru í háa lofti yfir því að alþýða manna gæti nú talað við þá um Guðs orð og ráðstafanir Drottins, og yfir því að vanþekking sjálfra þeirra skyldi þannig vera opinberuð. Vopn hinnar mannlegu röksemdafærslu voru aflaus gegn sverði andans. Rómverska kirkjan stefndi saman öllum sínum foringjum til þess að finna ráð á móti útbreiðslu biblíunnar; en bannfæringar, laga-boð, píslir og hnefaréttur voru til einskis. Því meiri áherzlu sem kirkjan lagði á það að hindra útbreiðslu heil-agrar ritningar, því ákafara varð fólkið að vita hvað í henni væri og hvað hún boðaði; ákafinn óx daglega eftir því að sjá það og lesa með eigin augum. Fólkið hafði með sér biblíuna hvar sem það fór, las hana og marglas, og hætti ekki fyr en það hafði lært utan að marga kafla. Lúter sá hversu vel nýja testamentinu var tekið, og byrjaði hann því tafarlaust á því að þýða gamla testa-mentið líka og gefa það út í pörtum eða smá heftum jafn-ótt og hann þýddi.

Ritum Lúters var jafn vel tekið í bæjum og bygðum: “það sem hann og félagar hans rituðu, útbreiddu aðrir, Munkar sem fundu til þess að klaustureiðarnir voru ólög-legir og þráðu að losna við kyrsetulífið og lifa aftur starfandi lífi, en voru of fávitrir til þess að prédika orð Drottins, ferðuðust um landið; komu í smábæi og þorp og seldu þar bækur Lúters og vina hans. Heilir hópar þessara ferðasala voru þegar um alt Þýzkaland”.<sup>1</sup>

Þessi rit voru lesin af ríkum jafnt sem fátækum með hinn mestu athygli; lærðir ekki síður en fáfróðir sóktust eftir þeim. Kennararnir í borgunum lásu þau á nóttunni upphátt í áheyrn þeirra, sem í því

<sup>1</sup>D'Aubigné, 9. bók, 11. kap.

skyni komu saman. Þeir sem sannfærðir urðu um sannleika Guðs orðs, fylltust brennandi þrá til þess að láta aðra njóta þeirrar sömu sælu, sem þeir nutu sjálfir; sögðu þeir því öllum sem þeir kyntust það sem þeir höfðu lesið og lært, og þannig barst gleðiboðskapurinn mann frá manni.

Fólk af öllum stéttum hafði nú fengið biblíuna og las hana með mestu athygli og varði það kenningar sið-bótarinnar gegn þeim er hana ofsóttu. Páfakirkjan hafði haft bá reglu að láta prestana eina eða munkana lesa Guðs orð. Krafðist hún þess nú af þeim að þeir kæmu fram með þekkingu sína og mótmæltu þessari nýju kenningu. En bæði vegna vanþekkingar á sannleika biblíunnar og alveldi Guðs, mishepnaðist klerkunum það algerlega að bæla niður kenningar þeirra, sem þeir höfðu lýst yfir að væru fáfróðir og trúlausir, og þeir féllu flatir fyrir rök- sendum þeirra hvar og hvenær sem var: [147] “Því var mið-ur”, sagði kaþólskur höfundur, “að Lúter hafði kent fólkinu að treysta engum og engu nema hinu heiiaga Guðs orði”.<sup>1</sup> Fjöldi fó ks safnaðist saman til þess að hlusta á menn sem ekki voru mikið lærðir og heyra þa rökræða við hina mælsku guðfræðinga. Hin vanvirðulega fávízka þessara miklu manna kom greinilega í ljós þegar röksemdum þeirra mættu hinar einföldu kenningar Guðs orðs. Óbreyttir verkamenn, hermenn, konur og jafnvel börn vissu meira í biblíunni og kenningum hennar, en þessir lærðu klerkar.

Þegar rómversku klerkarnir sáu afl sitt þannig lam-að, sneru þeir sér til dómaranna um liðveizlu og reyndu öll möguleg ráð til þess að ná aftur töglum og högldum. En fólkið hafði fundið það í hinum nýju kenningum, sem það hafði hungrað og þyrst eftir, og það sneri nú ger-samlega bakinu við þeim, sem svo lengi höfðu fætt sálir þess á hismi og kent því kreddur og mannasetningar í staðinn fyrir Guðs orð.

Þegar kennendur sannleikans voru ofsóttir, minfust þeir orða frelsarans sem sagði: “En er þeir ofsækja yður í þessari borg, þá flýið í hina”.<sup>2</sup> Ljósið þrengdist al-staðar í gegn um myrkrið. Flóttamennirnir fundu ein-hversstaðar opnar dyr og athvarf og þeir prédikuðu Krist og boðskap hans hvar sem þeir komu; stundum í kirkj-unum, eða ef þeim var neitað um þær, þá í húsum ein-stakra manna eða

<sup>1</sup>D’Aubigné, 9. bók, 11. kap.

<sup>2</sup>Matt. 10: 23.

undir beru lofti. Hvar sem þeir komu fram og fólk hlustaði á þá fanst mönnum sem væri musteri helgað Drotni. Sannleikurinn sem þeir boðuðu með svo miklum krafti og einlægni, breiddist út með ómótstæðilegu afli og áhurfum.

Það var árangurslaust þótt kirkiuleg völd og verald-leg harðstjórn gengju í samband til þess að bæla niður sannleikann, sem þau kölluðu villutrú. Það var árangurs-laust þótt yfirvöldin köstuðu þeim í myrkvastofu og beittu við þá alls konar píslum, svo sem eldi, sverði og öðrum kvölum. Þúsundir trúfastra manna innsigliðu trú sína með blóði og píslarvættisdauða og samt hélt starf þeirra áfram. Ofsóknirnar urðu einungis til þess að út-breiða sannindin og ofstæki

[148] það sem djöfullinn reyndi að hafa til þess að bæla niður með sannleikskenninguna varð aðeins til þess að gera enn þá sýnilegri muninn

[149] milli verka Djöfulsins og verka Guðs.

## Mótmæli höfðingjanna

Einhver dýrðlegasti vitnisburður, sem nokkru sinni kom fram með siðbótinni, voru mótmæli hinna kristnu höfðingja í Þýzkalandi á þinginu í Speier 1529. Hugrekk-ið, trúin og staðfestan hjá þessum guðsmönnum ávann hugsunar-og samvizkufrelsi, sem áhrif hafði um langar aldir á eftir. Mótmæli þeirra urðu til þess, að kirkja siða-bót-arinnar fékk nafnið: Mótmælendakirkja. Grundvall-ar atriði hennar eru einmitt mótmæli.<sup>1</sup>

Ógnar tímar og dimmir dagar voru nú upp runnir fyrir siðabótina. Þrátt fyrir framfarirnar í Róm, sem gerðu Lúter útlægan og bönnuðu kenningu og útbreiðslu boðskapar hans, hafði þó trúarbragðalegt umburðarlyndi átt sér stað í Þýzkalandi. Guðs almætti hafði veikt þau völd sem vildu halda til baka sannleikanum. Karl V. vildi bæla niður siðabótina, en oftast þegar hann hafði reitt hnefann til höggs hafði hann fallið máttlaus niður. Aftur og aftur komu fram merki um það að hver sá er dirfðist að andmæla eða setja sig upp á móti páfaboðun-um frá Róm, mundi verða bældur niður; en þegar sem allra ískyggilegast leit út kom fram herlið Tyrkja að austan, eða þá Frakkakonungur eða jafnvel páfinn sjálf-ur kom með ófriði gegn Þýzkalandi, vegna þess að þeir sáu ofsjónum yfir vexti og viðgangi hins mikla ríkis. Þannig var það að mitt í deilum og styrjöldum þjóðanna hélt siðabótin áfram að blómgast og útbreiðast.

Loksins kom þó þar að hinir völdugu kaþólsku herr-ar komu á sættum sín á milli, til þess að geta beitt sam-eiginlegu afli gegn siðabótinni. Þingið í Speier 1526 hafði veitt hverju ríki út af fyrir sig fult frelsi í trúmálum, þangað til aðalþingið kæmi saman; en jafnskjótt og þessi yfirlýsing var gerð kallaði keisarinn saman þing í Speier 1529 í þeim tilgangi að bæla niður villutrú. Hugmyndin var að fá höfðingjana til þess með góðu ef hægt væri að úrskurða á móti siðbótinni, en ef það tækist ekki, þá ætl-aði Karl að grípa til vopna í því skyni.

[150]

---

<sup>1</sup>D'Aubigné, 13. bók, 6. kap.

Þetta var fagnaðarstund páfaveldisins; fulltrúar þess komu fram á þinginu í Speier afarfjölmennir og lýstu opinberlega yfir fjandskap sínum gegn siðabótinni og öll-um þeim er henni fylgdu. Melankton mælti á þessa leið: “Vér erum hismi og hrat veraldarinnar, en Kristur lítur í náð sinni á fólk sitt og mun vernda það”.<sup>1</sup> Þeim stjórnendanna, sem náðarboðskapnum fylgdu og mættir voru á þinginu, var bannað að prédika hann á heimilum sínum. En fólkið í Speier hungraði og þyrsti eftir Guðs orði; og þrátt fyrir bannið þyrptist fjöldi manns til bænagerða í kirkju stjórnandans á Saxlandi.

Þetta hratt málunum áleiðis. Keisarinn sendi yfir-lýsingu til ríkisþingsins þess efnis, að með því að leyfið um samvizkufrelsið hefði orðið orsök í ýmsri óreglu, þá væri þess krafist af keisaranum að leyfið væri afturkall-að. Þetta gjöræðisverk olli germju og hita innan hinnar evangelisku kirkju.

Trúarbragðafrelsi hafði verið leyft með lögum, þau ríki, sem höfðu aðhylst siðabótina, voru ákveðin í því að óhlýðnast banninu og heimta rétt sinn. Lúter var enn þá í banni því sem yfir honum var lýst í Worms, og fékk hann ekki að vera á kirkjuþinginu í Speier. En í stað hans voru þar samverkamenn hans, sem Drottinn hafði vakið upp til þess að halda á lofti sannindum hans á tímum neyðarinnar. Hinn göfugi maður Friðrik Sax-landsstióri var dáinn, en hann hafði jafnan haldið hlífðar-hendi yfir Lúter. Jóhann hét bróðir Friðriks og eftir-maður og hafði hann fagnað siðabótinni og tekið henni tveim höndum. Þótt hann væri friðsæll maður þá lét hann ekki á sér standa að koma fram með drenglyndi og hug-rekki þegar um trúarfrelsi var að ræða.

[151] Prestarnir kröfðust þess að þau ríki sem viðurkenna höfðu siðabótina skyldu beygja sig undir rómverska valdið.

Siðbótamennirnir aftur á móti kröfðust þess frelsis, sem veitt hafði verið. Þeir vildu ekki samþykkja það að Róm beygði aftur undir vald sitt þau ríki, sem höfðu með mik-illi gleði meðtekið orð Drottins.

Þannig var málum miðlað um síðir að þar sem siða-bótin hafði ekki verið lögleidd, skyldi framfylgja ákvæð-unum í Worms hlífðar-laust, og þar sem þegar hafði verið innleiddur boðskapur siðabótarinnar og ekki væri hægt að bæla hann niður nema með uppreist eða

<sup>1</sup>D'Aubigné, 14. bók, 5. kap.



hættu, þar skyldu að minsta kosti ekki leyfð frekari siðabótastörf. Siða-bótamennirnir máttu ekki hreyfa við neinu atriði, sem deilur gæti vakið; þeir máttu ekki setja sig upp á móti helgimessum og það var harðlega bannað að nokkur kaþólskur maður tæki þá trú er Lúter boðaði. <sup>1</sup> Þetta var samþykkt á kirkjuþinginu, og var það hinum kaþólsku höfðingjum mikið fagnaðarefni.

Væri þessum ráðstöfunum stranglega framfylgt var hvorki hægt að útbreiða siðbótina þar sem hún var, né heldur var hægt að byrja kenningu hennar, þar sem hún hafði enn ekki verið boðuð. <sup>1</sup> Málfrelsi var bannað; sam-tal um þessi efni var óleyfilegt, og urðu siðbótamennirnir tafarlaust að beygja sig undir þessi svokölluðu lög. Það var sem ljós þessa heims hefði nú slókt verið. Aftur hafði rómverska klerkavaldið með óskeikulleika kenning-unni náð föstum tókum með öllum sínum viðurstygðum; og ekki var um það að efast að brátt yrðu fundin ráð til þess að reyna að eyðileggja það starf, sem þegar hafði verið hafið, og sem nú var verið að veikja og lama, Ráðin til þess voru ofstæki og sundrung.

Þegar þeir sem náðarboðskapnum fylgdu komu sam-an til þess að ráða ráðum sínum, vissu þeir ekki hvað til bragðs ætti að taka. Þeim höfðu fallist hendur í bráðina og horfðust þeir í augu við ofsóknir og skelfingu. Þeir spurði hverir aðra á þessa leið: “Hvað getum vér gert? “ Hér var um velferðarmál mannkynsins að ræða. Áttu foringjar siðabótarinnar að láta undan og beygja sig undir þetta bann? Ekki hefði mátt miklu muna á þessum afskaplegu reynslutímum, til þess að foringjar siðabótar-innar tækju til óheillaráða. Þeir hefðu getað komið fram með margar og sterkar ástæður fyrir því að uppgjöf væri eina úrræðið. <sup>1</sup>

[152]

Til allrar hamingju viðurkendu menn það að grund-völlurinn, sem þetta var bygt á, væri rangur. Hvaða grundvöllur var það? Það var hinn svokallaði réttur páf-ans í Róm, til þess að ráða yfir samvizkum manna, og vald hans til þess að fyrirbjóða frjálssa rannsókn. Það að sam-þykkja þessa svokölluðu samninga, hefði verið viðurkenning fyrir því að siðbótin og trúarfrelsið ætti einungis að vera bundið við Saxland, en á öðrum stöðum hins kristna heims átti frjálss rannsókn og játning hinnar end-urbættu trúar að vera glæpur, og allir

<sup>1</sup>D'Aubigné, 13. bók, 5 kap.

<sup>1</sup>D'Aubigné, 13. bók, 5 kap.

<sup>1</sup>Wylie, 9. bók, 15. kap.

sem í því gerðu sig seka yrðu að sæta fangelsisvist og trúarvilludómum. Var það mögulegt að þeir sem fyrir siðabótinni stóðu samþykktu trúarfrelsi aðeins á vissum stöðum eða svæðum? Var það mögulegt að þeir ættu að samþykkja að ekki skyldu fleiri snúast til hinna nýju sannleikskenninga? Það að gera þetta hefði verið að svíkja málefni kristindómsins og náðarboðskaparins, einmitt á þeim tíma þegar mest reið á að standa stöðugur og óbifanlegur.<sup>1</sup> Heldur en að gera sig seka í slíku vildu þeir leggja alt í sölurnar, jafnvel ríkið, kórónur sínar og líf sitt.<sup>2</sup>

“Vér skulum berjast á móti þessu banni”, sögðu hinir heldri menn, sem siðabótinni fylgdu. “Þegar um samvizkuspursmál er að ræða er ekki hægt að þvinga með atkvæðamagni”. Og fulltrúarnir sögðu: “það eru ákvarð-anir frá 1526, sem vér erum bundnir við; þeim eigum vér að þakka þann frið, sem ríki vort hefir notið og nýtur. Væri þeim ákvörðunum breytt, þá kæmi upp í Þýzkalandi alls konar sundrung og ógæfa. Þetta ríkisþing hefir ekkert vald til þess að afnema trúarfrelsi; það verður að bíða til aðalkirkjuþings.<sup>2</sup> Það er skylda ríkisins að vernda trúarfrelsi og samvizkufrelsi, og lengra en þetta getur það ekki farið að því er trúarbrögð snertir. Hvaða kirkju-vald, sem reynir að beita valdi sínu þannig að þvinga til vissra helgisiða með borgaralegum lögum, fórnar aðal-grundvelli þeim, sem hin kristna kirkja er byggð á og hefir svo drengilega barist fyrir.

[153] Ferdinand konungur var fulltrúi keisarans á ríkis- þinginu; hann sá það að þessi aðferð mundi orsaka afar-mikla sundrung, nema því að eins að stjórnendurnir fengi-ust til þess að samþykkja hana og veita henni fylgi sitt. Hann reyndi því að sannfæra þá með góðu, því hann vissi að ef beita ætti ofbeldi við slíka menn, þá mundu þeir verða enn ákveðnari í stefnu sinni. Hann grátbændi þá um að fallast á bannið, og kvaðst geta fullvissað þá um að þeir gætu á þann hátt náð hylli og vináttu keisarans. En þessir trúföstu menn viðurkendu annað æðra vald en hið jarðneska og þeir svöruðu stillilega: “Vér skulum hlýða öllum þeim boðum keisarans, sem að því stuðla að halda við friði og heiðra Guð vorn”.<sup>1</sup>

<sup>1</sup>Wylie, 9. bók, 15. kap.

<sup>2</sup>D'Aubigné, 13. bók, 5. kap

<sup>2</sup>D'Aubigné, 13. bók, 5. kap

<sup>1</sup>D'Aubigné, 13. bók, 5. kap.

Á ríkisþinginu lýsti konungurinn því yfir að síð-ustu við ríkisstjórn og vini hans, að bannið yrði bráð-lega samið og gefið út sem alríkisbann, og að engar und-anfærslur væru mögulegar frá því að hlýða úrskurði meiri hlutans. Þegar hann hafði þannig mælt, fór hann burt af ríkisþinginu, og veitti siðabótamönnunum ekkert tækifæri til svars eða umhugsunar. Þeir sendu nefnd til konungsins og báðu hann að koma aftur, en það var árang-urslaust. Hann svaraði beiðni þeirra að eins á þessa leið: “Þetta mál er útkljáð; undirgefni er eina ráðið”.<sup>2</sup>

Með því að Ferdinand hafði afsagt að taka tillit til samvizku og sannfæringar þeirra foringja, sem siðbótinni fylgdu, ákváðu þeir að skeyta því ekki þótt hann væri fjarverandi, heldur koma fram með mótmæli sín fyrir þjóðþinginu tafarlaust. Hátíðleg yfirlýsing var því sam-in og lesin upp á ríkisþinginu. Var hún á þessa leið:

“Vér mótmælum í viðurvist þeirra, sem hér eru staddir, frammi fyrir Guði, sem er vor eiginn skapari, verndari, frelsari og endurlausnari; frammi fyrir honum sem á vorum tíma verður dómari vor; vér mótmælum í viðurvist allra manna og allra skepna og lýsum því yfir að hvorki vér sjálfir né fólk vort, samþykkjum né fylg. i-um banni því, sem hér er til umræðu í nokkru því, sem er gagnstætt Guði; hans heilaga orði, vorri sönnu samvizku eða sáluhjálp vorri”.

“Meira að segja, vér bætum því við að vér stað-hæfum, að þegar hinn almáttugi Guð kallar mann til þekkingar á sér, hvers vegna skyldi hann þá ekki hafa kallað þennan? Engin kenning er til nema sú, sem er samþýðanleg við Guðs orð Drottinn fyrirbýður nokkra aðra kenningu ... Heilög ritning ætti að vera skýrð og gerð skiljanleg. Þessi heilaga bók, sem er í öllu nauðsynleg hinum kristna manni, auðskilin og til þess ætluð að dreifa myrkrinu. Vér erum ákveðnir í því með náð Drottins að halda áfram að prédika hið hreina og ákveðna orð hins heilaga Guðs, eins og það er í ritningunni — í gamla og nýja testamentinu, án þess að bæta nokkru við það, sem vera mætti á móti því. Þetta orð er hinn eini sannleikur; það er hin áreiðanlega regla og mælisnúra fyrir allri breytni og öllu líferni og öllum kenningum, og getur aldrei brugðist oss né blekt oss. Sá sem byggir á þeim grundvelli getur staðist öll öfl helvítis, þar sem allur

[154]

<sup>2</sup>D'Aubigné, 13. bók, 5. kap.

hégómi sem fyrir kemur gagnvart honum fellur eins og hismi til jarðar fyrir augliti Guðs”.

“Af þessum ástæðum höfnum vér því oki, sem á oss er lagt”. “Samt sem áður vonumst vér eftir því að hans hátign, keisarinn, komi fram gagnvart oss eins og kristn-um manni sæmir, sem elskar Guð yfir alla hluti fram. Og vér lýsum því yfir að vér erum til þess búnir að auð-sýna yður, náðugu herrar, alla auðsveipni, undirgefni, og hollustu sem réttlæti og samvizka vor telur rétt að vera og skyldugt”.

1

Þetta hafði djúp áhrif á ríkisþingið. Meiri hluti þeirra sem par voru undruðust og skelfdust hina miklu dirfsku, sem lýsti sér í framkomu mótmælendanna. Fram-tíðin rann upp þeim fyrir hugskots-sjónum óróasöm og full af mótþróa. Þeim virtist sem sundrung, deilur og blóðsúthellingar væru óhjákvæmilegar. En siðabótamennirnir voru sannfærðir um málstað sinn; þeir treystu vernd Guðs síns hins almáttuga og voru fullir hugrekkis og styrkleika.

Grundvöllurinn undir þessum frægu mótmælum eru sjálft hjarta og líf mótmælendatrúarinnar. Mótmælend-ur settu sig upp á móti tvennum mannlegum villukenn-ingum að því er trú snerti; hin fyrri er frekja hinna óhlutvöndu dómara, en hin síðari hið takmarkalaus vald kirk junnar. Gegn þessu kom mótmælendatrúin með kraft samvizkunnar, sem æðra vald en dómara, og veldi Guðs orðs yfir hinni sýnilegu kirkju. Í fyrsta lagi neita mótmælin veraldlegu valdi í trúarefnum og guðlegum jnálum og segja með spámönnunum og postulunum: “Fremur ber að hlýða Guði en mönnum”. Frammi fyrir kórónu Karls V. hefja mótmælin á loft kórónu Jesú Krists. En þau fara lengra; þau leggja grundvöllinn að þeirri kenningu að allar mannlegar setningar skuli lúta í lægra haldi fyrir spámönnum Drottins”.<sup>1</sup> Mótmælendurnir höfðu einnig lýst því yfir að þeir hefðu fullkominn rétt til þess að lýsa yfir og prédika sannfæring sína um sann-leikann. Þeir sögðust ekki einungis trúa og hlýða, heldur einnig kenna það sem Guðs orð fyrirskipaði; og þeir neituðu heimild klerka og dómara til þess að hindra slík-ar kenningar. Mótmælin í Speier voru helgir vitnisburðir gegn trúarbragða ofsóknum og yfirlýsing

[155]

[156]

[157]

<sup>1</sup>D'Aubigné, 13. bók, 6. kap.

<sup>1</sup>D'Aubigné, 13. bók, 6. kap.

réttar allra manna til þess að tilbiðja Guð í samræmi við raddir sinn-ar eigin samvizku.

Yfirlýsingin hafði verið gerð. Hún var rituð á minni þúsunda, sem heyrt höfðu og hún var skráð í bók Drottins á himnum, þar sem engar mannlegar ofsóknir gátu raskað henni né afnumið hana. Allur hinn sannkristni heimur í Þýzkalandi meðtók þessi mótmæli sem rétta trúarjátningu. Alstaðar sáu menn í þessari yfirlýsingu roða fyrir nýjum degi. Einn af foringjunum á þinginu í Speier mælti á þessa leið við mótmælendurna: “Megi náð hins miskunnsama Guðs, sem hefir veitt yður þrek til þess að játa trú yðar óhikað og hreinskilnislega, einnig veita yður staðfestu til þess að halda áfram sem sann-kristnir menn til daganna enda”.<sup>1</sup>

Ef siðabótamennirnir hefðu verið haltrandi og reynt að sækjast eftir hylli heimsins, eftir að þeir voru búnir að ryðja brautina að nokkru leyti, þá hefðu þeir verið ótrúir bæði Guði og sjálfum sér, og þá hefðu þeir eyðilagt siða-bótina sjálfa í byrjun. Reynsla þessara göfugu siðabóta-manna er lærdómsrík um allar komandi aldir. Vegir Djöfulsins til þess að vinna á móti guðsríki eru þann dag í dag hinir sömu og þeir voru þá. Óvinurinn er eins mikið á móti því að biblían sé höfð sem regla og mælisnúra fyrir líferni manna og hann var á sextánda öldinni. Á vorum tímum er mikill munur á kenningum manna og lífsreglum í hinum kristna heimi, frá því sem var, og stór þörf er á afturhvarfi til hinnar sönnu mótmælenda trúar; þörf á afturhvarfi til grundvallar trúarinnar, sem er biblían og biblían ein; hún og ekkert annað er reglan fyrir trú manna og skyldum. Djöfullinn vinnur enn þann dag í dag með öllum þeim meðulum sem hann hefir yfir að ráða, til þess að eyðileggja trúarbragðafrelsi. Afl antikristsins, sem mótmælendurnir í Speier hrundu frá sér, er nú að reyna með auknum og endurvöktum kröft-um að ná yferráðunum aftur. Sama staðfestan við Guðs orð, sem fram kom á tímum siðabótarinnar er hin eina von um siðabót á vorum dögum.

Siðabótin átti það fyrir sér að liggja að láta meira til sín taka meðal hinna voldugu manna hér í heimi. Höfð-ingjum þeim sem siðabótinni fylgdu hafði verið synjað um áheyrn af Ferdinand konungi; en þeim auðnaðist að bera mál sitt fram fyrir keisarann og þing hinna sam-einuðu stórmenna kirkju og ríkis. Til þess að bæla niður

[158]

<sup>1</sup>D'Aubigné, 13. bók, 6. kap.

þær óeirðir, sem orðið höfðu eftir kirkjubingið í Speier í Þýzkalandi, kallaði Karl V. saman ríkisþing í Augsburg, og lýsti hann því yfir að hann ætlaði sjálfur að stjórna því. Þangað var mótmælenda foringjunum stefnt.

Siðabóta leiðtogarnir höfðu ákveðið að bera fram mál sitt á reglulegan hátt og formlega, með tilvitnunum í heilaga ritningu og mæta þannig frammi fyrir kirkju-þinginu. Yfirlýsingu þeirra átti Lúter og Melankton að semja, ásamt samverkamönnum þeirra. Þar áttu mót-mælendur að koma fram með trúarjátningu sína og komu þeir síðan saman til þess að undirrita skjalið með eigin hendi. Þegar hin kristnu stórmenni komu saman til þess að undirrita trúarjátninguna mælti Melankton á þessa leið: “Guðfræðingar og prestar ættu að stíla þetta skjal; látum aðra einungis skera úr veraldlegum málum”. Johann af Saxlandi svaraði þá og sagði: “Guð forði þér frá því að útiloka mig frá því. Eg er reiðubúinn til þess að gera það sem er rétt, án þess að hugsa hið minsta um þær afleiðingar, sem það kann að hafa á mitt veraldleg? vald. Eg þrái að játa trú mína á hinn almáttuga. Kóróna mín og ríkisvöld mín eru mér einskis virði í samanburði við kross Jesú Krists”. Þegar hann hafði þannig mælt ritaði hann nafn sitt undir trúarjátninguna. Þá tók ann- ar stjórnandi sér pennann í hönd og sagði: “Ef heiður frelsara míns Jesú Krists krefst þess, þá er eg reiðubúinn að leggja í sölnurnar líf og eignir; eg vildi heldur glata mínum veraldlegu virðingum, tapa þegnum mínum og ríki; eg vildi heldur flýja land feðra minna með staf í hendi, en að viðurkenna nokkra aðra trú en þá, sem inni-felst í þessari trúarjátningu”.

[159]

<sup>1</sup> Þannig var trú og þrek þessara guðsmanna.

Hinn ákveðni tími nálgadist þegar mæta átti frammi fyrir Karli keisara V. Hann sat í háseti sínu og öll stórmenni umhverfis hann og voru nú siðabótamennirnir kall-aðir fram fyrir hann, til þess að bera fram mótmæli sín. Trúarjátning þeirra var lesin upp. Á þessari hátíðlegu samkomu voru sannindi fagnaðarerindisins greinilega fram sett og bent var hiklaust á villukenningar páfakirkjunnar. Sá dagur hefir réttilega verið nefndur hinn mesti dagur siðbótarinnar, og einn hinna dýrðlegustu daga í sögu kristninnar og mannkynsins yfir höfuð.

<sup>2</sup>

<sup>1</sup>D'Aubigné. 14. bók, 6. kap.

<sup>2</sup>D'Aubigné. 14. bók, 7. kap.

Á dögum Páls postula var boðskapurinn, sem hann varð að þola fangelsisvist fyrir, boðaður stjórnendum og höfðingjum keisara-dæma. Þannig var það í þessu tilfalli, að þær kenningar sem keisarinn hafði fyrirboðið að pré-dika í kirkjum, voru nú boðaðar opinberlega. Það sem margir höfðu álitnið að væri jafnvel ekki ómentuðu fólki sæmilegt að hlusta á, var nú lesið upp í áheyrn stórmenna og lávarða landsins. Konungar og ríkisráðendur hlýddu á þennan boðskap; krýndir stjórnendur voru þar sem prédikuðu, og ræðan var hinn eilífi sannleikur Drottins. Hlöfundur einn kemst þannig að orði um þetta: “Síðan á dögum postulanna, hefir aldrei verið unnið stórkostlegra verk né dýrðlegri trúarjåtning fram borin”.<sup>2</sup>

Sumir af stjórnendum Þýzkalands snerust til hinnar réttu trúar — siðabótarinnar. Sjálfur keisarinn lýsti því yfir að greinar trúarjåtningaráttinnar eins og hún hefði ver-ið lesin upp væru ekkert annað en sannleikurinn. Trúar-jåtningin var býdd á margar tungur og send út um alla Evrópu, og hefir hún verið viðurkend af miljónum manna kynslóð eftir kynslóð, sem trúarjåtning þeirra.

Eitt af því, sem Lúter hélt fram einarðlegast og ákveðnast var það að ekkert veraldlegt vald skyldi beðið um vernd fyrir siðabótina og aldrei skyldi gripið til vopna hennar vegna. Hann gladdist mjög yfir því að stjórn-endur landsins skyldu aðhyllast siðabótina og trúarjåtninguna; en þegar þeir stungu upp á því að bindast félags-skap siðabótinni til varnar sagði hann: “Kenning gleði-boðskaparins á aðeins að njóta verndar frá hinum alvalda Guði... Því minna sem menn skifta sér af þeim efnum, því glöggara koma í ljós afskifti Drottins og vernd hans. Allar opinberar afsóknir eru afleiðing af lítilmótlegum ótta og syndsamlegu vantrausti”<sup>1</sup>

Þegar völdugir óvinir gengu í félag til þess að eyði-leggja siðabótina, og þúsundir sverða virtust vera dregin úr slíðrum á móti henni, þá ritaði Lúter þetta: “Djöf-ullinn sendir reiðiskeyti sín; óguðlegir klerkar sverjast í samsæri og oss er ógnað með stríði. Eggjum fólkið á það að halda fast og hugrakklega við sannleikann frammi fyrir háseti Drottins, með trú og bænum til þess að óvinir vorir verði að láta oss í friði, sigraðir af Guðs anda. Það sem vér helzt þörfnumst; það sem oss ríður mest á er ein-læg bæn. Látum fólkið vita að vér

<sup>2</sup>D'Aubigné. 14. bók, 7. kap.

<sup>1</sup>D'Aubigné, 10. bók, 14. kap. (London útgáfa).

erum nú augliti til auglitis við sverðseggjarnar og reiði Djöfulsins, og fáum það til þess að biðja”.<sup>1</sup>

Frá hinum þögulu stöðvum bænagjörðanna kom sá kraftur, sem hristi veröldina með sterkum siðabótaöldum. Hinir trúu þjónar Drottins voru þar biðjandi með heilagri ró og treystu fyllilega almætti hans og fyrirheitum. Meðan baráttan stóð yfir í Augsburg, leið enginn dagur án þess að Lúter beiddist fyrir þrjár klukkustundir í skemsta lagi og til þess valdi hann þær stundir, sem hent-ugastar voru til lesturs. Drottinn heyrði bænahróp þjóna sinna. Hann veitti stjórnendum og prestum nað og hugrekki til þess að halda fast fram trú sinni gegn myrkravöldum þessa heims. Drottinn segir: “Sjá, eg set hornstein í Síon, valinn og dýrmætan”.<sup>2</sup> Mótmælend-urnir höfðu í siðabótaverki sínu bygt á Kristi og öll hlið helvítis megnuðu ekkert

[161] gegn þeim.

---

<sup>1</sup>D'Aubigné, 10. bók, 14. kap. (London útgáfa).

<sup>2</sup>1. Pét 2: 6.



## Siðabótin í öðrum löndum

Siðabótin var ekki einungis bundin við störf Luthers; ekki var hún heldur svo takmörkuð að hún næði ekki út fyrir landamæri Þýskalands. Þegar aðgangur hafði verið opnaður fólkinu að biblíunni, þá breiddust hinar marg-víslegu kenningar hennar út um öll lönd í Evrópu. Sumar þjóðir tóku boðskap hennar með djúpri gleði, eins og send-ingu frá himnum ofan; annarsstaðar hepnadist páfaveldinu að miklu leyti að hindra útbreiðslu hennar, og var þar þekkingarljós manna á Guðs orði svo að segja með öllu útilokað, með allri sinni blessun.

Fáeinum vikurn eftir að Lúter fæddist í námu-mannskofa á Saxlandi, fæddist barn í hjarðmanns kofa í Alpafjöllum; það var piltur og nefndur Ulrik Zwingli; var hann til þess útvalinn að koma á siðabótahreyfingunni í Svisslandi. Það var með hann eins og Lúter að þegar hann var ungur maður varð hann prestur í róm-versku kirkjunni; en hann lagði alla krafta sína fram til þess að komast að hinum réttu sannindum Guðs orðs, því hann vissi það vel að sá sem trúað er fyrir hjörð Drottins, verður að hafa mikla þekkingu.<sup>1</sup> Fyrst byrjaði hann kenningu sína í Einsiedeln og síðar í Zurich og hélt því fram að Guðs orð væri hin eina regla og mælisnúra fyrir trú vorri, lífernir og framferði, og það væri eitt óskeikult. Sömuleiðis að fórnardauði Krists væri hin eina fullkomna fórn. Bráðlega mætti hann mikilli mót-stöðu, en verk hans og samverkamanna hans komu starf-inu í mikla hreyfingu í Svisslandi.

Áður en nafn Lúters þektist á Frakklandi sem siða- bótamanns, hafði þegar runnið upp dagsbrún hins mikla starfs. Einn hinna fyrstu manna, sem það ljós sá, var hinn aldurnhigni maður Lefevre, sem var kennari við há skólann í Paris. Hann byrjaði að kenna lærisveinum sín-um biblíuskýringar og hlustuðu sumir þeirra á kenningar hans rneð mikilli gaumgæfni. Eftir hann látinn héldu lærisveinar hans kenningunni áfram. Einn þeirra manna var William Farel. Hann var háttsettur í kirkjunni; biskup í Meaux, samstarfsmaður siða-

[162]

<sup>1</sup>Wylie, 8. bók, 5. kap.

bótarpostulanna, og náðu kenningar hans um náðarboðskapinn hylli manna úr öllum áttum og af öllum flokkum; bændur og verka-menn þýddust þær; höfðingjar og tiginbornir menn einnig.

Systir Franz konungs I., sem þá var stjórnandi á Frakklandi, tók mótmælenda trú. Konungurinn sjálfur, og drotningin, móðir hans, virtust um tíma vera kenningunni hliðholl og vöknudu þegar vonir í brjósti siðabóta-mannanna um það að Frakkland mundi verða griðland fagnaðarerindisins. En vonir þeirra rættust ekki í því efni. Voðalegar ofsóknir og skelfingar biðu lærisveina Krists á Frakklandi. Svo öldum skifti börðust sannleikurinn og villukenningarnar um yfirráðin. Hugrakkir menn kröfð-ust fullkomins kenningafrelsis og geislar sannleikans og trúarhitans dreifðust út frá Meaux í allar áttir. Margir báru vitni sannleikanum um leið og þeir létu líf sitt á bál-inu. Þegar þessir trúföstu, kristnu píslarvottar töluð í fyrir mönnum, rétt áður en þeir létu lífið, heyrðu þá þús-undir manna, sem aldrei höfðu heyrt gleðiþboðskapinn fyr. Að lokum sigraði þó ranglætið og hinn himneski sannleik-ur var útskúfaður með öllu.

Þjóðin hlaut óheilla uppskeru af því sem hún hafði sáð. Andi Guðs yfirgaf þá þjóð, sem fyrirlitið hafði náð-argjafir hans og miskunnsemi. Hörmungarnar fengu yfirhönd og allur heimurinn sá árangurinn af því að úti-loka vísvitandi ljós sannleikans. Stríðið á móti Guðs orði, sem stóð yfir á Frakklandi um margar aldir, endaði með hinni voðalegu stjórnarbyltingu árið 1793.

Kenningar Lúters féllu í frjóan jarðveg á Hollandi og trúfastir postular risu þar upp til þess að pré-dika náðarboðskapinn. Frá einu fylki í Hollandi kom Menno Simons fram sem prédikari; hafði hann [163] verið prestvígður. Lestur biblíunnar og rit Lúters höfðu haft þau áhrif [164] á hann að hann gekk undir merki siðabótakenn-inganna. í tuttugu og fimm ár ferðaðist hann ásamt konu sinni og börnum og varð að [165] þola alls konar basl og bágindi; auk þess sem hann komst oft í hinn mesta lífsháska.

Hvergi var siðabótakenmngunum betur tekið en á Hollandi, og samt urðu kenningar hennar óvíða fyrir skelfilegri ofsóknum en einmitt þar. Að lesa biblí-una, að hlusta á hana eða prédika úr henni, eða jafnvei að tala um hana, varðaði dauðadómi. Að biðja til Guðs í einrúmi, að neita því að falla fram fyrir skurðgoðum, eða að syngja sálm var einnig dauðasök. Þúsundir manna voru þannig lifláttnar á stjórnartíð Karls V. og Filippusar II.

En eftir því sem æði og ofsi þeirra, sem ofsóttu krist-indóminn óx og magnaðist, eftir því voru siðabótamenn-irnir og píslarvottarnir einbeittari. Það voru ekki ein-ungis hraustir karlmenn, heldur einnig veiklaðar konur og ístöðulitlar stúlkur, sem komu fram eins og sannar hetjur með óbilandi kjarki og hugrekki. Eins og á þeim dögum þegar heiðindómurinn reyndi að gjöreyða kristindómin-um, eins var það nú að því leyti að blóð hinna kristnu píslarvotta varð að sæði, sem bar margfaldan ávöxt. Loksins kom þar að trúarbragðafrelsi fékst á Skotlandi, fyrir aðgerðir hins göfuga stjórnanda Vilhjálms af Oraníu.

Í Piedmont fjöllunum; uppi á frakknesku hásléttun-um og á ströndunum á Hollandi steig andi siðabótarinnar áfram stórum skref-um fyrir áhrif þess blóðs, sem hennar vegna var úthelt. En í löndunum þar norður af átti siða-bótin friðsamari viðtökum að fagna. Þegar námsmenn frá Wittenberg komu heim til sín aftur, fluttu þeir siða-bótakenningarnar til Norðurlanda. Rit Lúters breiddu einnig út ljós þekkingarinnar. Hinar óbrotnu, harðfengu þjóðir á Norðurlöndum, létu af þeim siðum er spillingu og ólifnað höfðu í för með sér; þeim siðum, sem voru undir áhrifum hins ólöglega líferniss og hjátrúar rómversku kirkjunnar; þessar þjóðir tóku fegins hendi móti hinum hreinu og óbrotnu kenningum guðspjallanna. Þeim féllu vel í geð hinar lífgandi og skiljanlegu kenningar hinnar sönnu trúar.

Tausen, siðabótapostulinn mikli í Danmörku var bóndasonur. [166] Hann fór til Köln til þess að mentast, og var þar einn sterkasti staður rómversku kirkjunnar. Hann varð þar brátt óánægður yfir þeirri þoku og óskilj-anleik, sem hvíldi yfir öllu kennjngakerfi lærðu mann-anna. Hann náði í rit Lúters og las þau með djúpri hugs-un og einlægri athygli. Svo mikið fanst honum um þessi rit að hann afréð að fara til hins þýzka siðabótamanns og læra beinlínis af honum. Innan skamms tíma var hann orðinn einn af nemendum við háskólann í Wittenberg. Þegar hann kom aftur til Danmerkur prédikaði hann Krist, sem hina einu sáluhjálþ syndugra manna.

Tilraunir páfafulltrúanna til þess að reyna að koma í veg fyrir kenningar hans, urðu einmitt til þess að út-breiða þær, og áður en langt leið lýsti danska þjóðin því yfir að hún tæki siðabóta trúna.

Í Svíþjóð komu einnig fram ungir menn, sem staðið höfðu við uppsprettulindirnar í Wittenberg og fluttu lífs-ins vatn til samlanda sinna. Tveir hinna svensku siða-bótamanna nutu beinnar kenslu hjá Lúter sjálfum og Melankton; þeir hétu Olaf ur og Lárentius Petri.

Og þann sannleik sem þeir lærðu létu þeir sér ant um að kenna og útbreiða. Olafur Petri varði með mikilli mælsku og þekk-ingu kenningar siðabótarinnar gegn páfanum, frammi fyrir konunginum og leiðandi stórmönnum þjóðarinnar. Árangurinn af þeirri kappræðu varð sá að Svía konungur tók mótmælenda trú og skömmu síðar lýsti þjóðþingið því yfir að þjóðin skyldi vera mótmælendatrúar. Svíþjóð var nú orðin öruggasta vígi siðabótarinnar.

Lúter hafði opnað biblíuna fyrir þýzku þjóðinni, en á sama tíma hóf Tyndale það starf á Englandi. Biblía Wycliffes hafði verið þýdd af latínu og voru í henni marg-ar villur. Hún hafði aldrei verið prentuð og kostnaðurinn að skrifa hana upp var svo mikill að engir gátu keypt afrit af henni nema stórmenni og auðmenn; og með því að þessi biblía var undir ströngu eftirliti kirkjunnar, var hún tiltölulega mjög óvída. Árið 1516, ári áður en mótmæl-endasetningar Lúters birtust, hafði Erasmus gefið út sínar grísku og latnesku þýðingar af nýja testamentinu. Nú var Guðs orð í fyrsta skifti í sögunni prentað á sínu upphaflega máli. Í þessum bókum voru margar fyrri villur leiðréttar, og var biblían yfir höfuð gerð miklu auð-skildari. Nú sáu [167] margir lærðir menn Guðs orð í nýju ljósi, og varð þetta til þess að gefa siðabótinni byr undir báða vængi. En alþýðunni var enn að mestu leyti fyrir-munað að lesa orð Drottins. Tyndale varð til þess að fullkomna verk Wycliffes; hann þýddi biblíuna á tungu þjóðar sinnar. Hann var mesti lærdómsmaður; ákafur leitarmaður eftir sannleikanum; hann hafði lesið biblíuna á grísku eftir Erasmus. Hann prédikaði hiklaust sann-færing sína og krafðist þess að allar kenningar skyldu byggjast á biblíunni sjálfri. Páfinn hélt því fram að biblían væri undir kirkjuna gefin, þar sem kirkjan væri móðir biblíunnar, og gæti því kirkjan ein skýrt hana. Þessu svaraði Tyndale þannig: “Vitið þér hver kendi gamminum að finna bráð sína? Ef svo er, þá vitið það einnig að hinn sanni Guð kendi sínum hungruðu börnum að finna föður sinn í orði hans. Svo langt er frá því að þér hafið gefið oss biblíuna að þér hafið öllu heldur dulið fyrir oss sannleika hennar. Það eruð þér sem brennið þá, er sannleikann kenna; og ef þér gætuð munduð þér einnig brenna biblíuna sjálfa”.<sup>1</sup>

Mikla eftirtekt vakti prédikun og kenning Tyndales, og marg-ir snerust til sannrar trúar. En prestarnir voru ekki aðgerðalausir,

<sup>1</sup>D'Aubigné, 18. bók, 4. kap.

og jafnskjótt og hann fór reyndu þeir að eyðileggja verk hans og áhrif, bæði með hótunum og blekkingum. Því miður hepnaðist þeim þetta, of oft: “Hvað á nú að gera?” sagði hann. “Á meðan eg sái á einum stað, eyðileggur óvinurinn akurinn um leið og eg yfirgef hann. Eg get ekki verið alstaðar. Eg vildi bara að Guð gæfi að þjóðin ætti biblíuna á sínu eigin máli; þá gæti hún af sjálfsdáðum staðist villukennendurna. Án biblíunnar er það ómögulegt að kenna fólkinu sannleikann varanlega”.<sup>1</sup>

Nú fékk hann nýtt áform. “Það var á máli Ísraels-manna”, sagði hann, “sem sálmarnir voru sungnir í musteri Jehova, og ætti þá ekki náðarboðskapurinn að vera fluttur á ensku í voru landi? Ætti kirkjan að vera fátækari af ljósi um hádegi tilveru sinnar en um dögum? Kristnir menn verða að lesa biblíuna á sínu eigin móður-máli”. Hinir lærðu kennendur kirkjunnar voru skiftir að skoðunum sín á meðal. Aðeins með ljósi biblíunnar gátu þeir komist að rétttri niðurstöðu: “Einn fer eftir kenningum þessa og annar eftir hins. Þessir höfundar mótmæla hverir öðrum. Er oss það þá mögulegt að dæma um hver fer með sannleika og hver ekki?... Hvernig? .... Vissulega með Guðs orði”.<sup>1</sup>

[168]

Nú var hann ákveðinn í því að þýða nýja testamentið á ensku, til þess að þjóðin gæti lesið það á sinni eigin tungu. Og hann tók til starfa umsvifalaust. Hann var ofsóttur og varð að flýja heimkynni sitt; fór hann þá til Lundúnaborgar og hélt þar áfram starfi sínu í næði um alllangan tíma. En einnig þar var hann ofsóttur af heiftaræði páfaflokksins og það svo að hann varð að flýja á ný. Nú virtist sem hann væri útskúfaður á öllu Englandi og ákvað hann því að leita hælís í Þýzkalandi. Þar byrjaði hann að láta prenta nýja testamentið. Tvisvar sinnum varð verkið að hætta vegna þess að prentun var forboðin; en þegar prentun var bönnuð í einum staðnum fór hann til annars. Loksins komst hann til Worms, þar sem Lúter hafði fyrir fáum árum varið sannleika náðarboð-skaparins frammi fyrir ríkisþinginu. Það var forn bær, og voru þar fjölda margir vinir siðabótarinnar. Þar hélt Tyndale áfram verki sínu hindrunarlaust. Brátt voru fullprentuð 3000 eintök af nýja testamentinu, og svo vel gekk það ut að það var endurprentað áður en árið var liðið.

<sup>1</sup>D'Aubigné, 18. bók, 4. kap.

<sup>1</sup>D'Aubigné, 18. bók, 4. kap.

Tyndale var svikinn í hendur óvina sinna, og var um eitt skeið í fangelsi í marga mánuði. Loksins varð hann að líða píslarvættisdaða og vitnaði hann um sannleiks-gildi trúar sinnar á dánardægri. En vopnin sem hann eftir lét hafa gert mörgum hermönnum Drottins það mögulegt að berjast fyrir málefni hans, og enn þann dag í dag eru þau vopn notuð með beztum árangri.

[169] Latimer hélt því fram á ræðustóli að biblían ætti að vera prédikuð fólkinu á þess eigin tungu. Barnes og Frith, sem voru trúfastir vinir Tyndals, risu nú upp til þess að vernda sannleikann. Á eftir þeim komu Ridley og Cramner. Þessir ensku siðabótamenn voru hámentaðir, og flestir höfðu þeir verið í miklu álitu hjá róm-versku kirkjunni fyrir guðrækni og þekkingu. Mótstaða þeirra gegn páfatrúnni orsakadist af því að þeir sann-færðust um villukenningar páfans. Þegar þeir kyntust leyndardómum Babýlonar, urðu þeir enn þá ákveðnari í mótstöðu sinni.

Aðal kjarni kenninga þessara manna var óskeikul-leiki ritningarinnar, sem algildrar mælisnúru fyrir breytni og líferni manna. Þetta var sama kenningin sem þeir höfðu flutt Valdensarnir, Wycliffe, Lúter, Zwingle og aðrir samkennendur þeirra. Þeir neituðu rétti páfanna, kirkju-þinganna, kirkjufedranna og konunganna til þess að ráða yfir trúfrelsi og samvizkum manna. Biblían var það, sem þeir reiddu sig á, og samkvæmt kenningum hennar próf-uðu þeir allar fyrirskipanir og staðhæfingar. Trúin á Guð og hans heilaga orð var styrkur þessara helgu manna, þegar þeir létu líf sitt sem píslarvottar fyrir sannleikann. “Verið hugrakkir”, sagði Latimer við þá, sem dæmdir voru ásamt honum til píslarvættisdaða, rétt um það leyti sem þeir voru að missa lífið í bálinu. “Í dag kveikjum vér það bál, fyrir náð og miskunsemi Drottins, sem aldrei sloknar á Englandi”.<sup>1</sup>

Á Skotlandi var aldrei með öllu bælt niður það siða-bótastarf, sem þeir höfðu byrjað, Columba og sam-starfsmenn hans. Hundruðum ára eftir að ensku kirkj-urnar beygðu sig undir vald Rómaborgar, héldu skozku kirkjurnar sjálfstæði sínu. Samt sem áður náði páfakirkjan sér þar niðri á tólftu öld og í engu landi lét hún eins grimmi-lega kenna á járngreipum sínum og þar. Hvergi var myrkrið meira. Samt sem áður skein þar ljós í myrkrinu, og boðaði dagkomu. Lollarðar hétu þeir, sem komu þangað frá Englandi með biblíuna og

<sup>1</sup>Verk Hugh Latimere, 1. bindi, 13. bls. (útg.: “Parker Society”).

kenningar Wycliffes, og unnu þeir mikið að því að halda við hinni réttu trú; þar voru menn líflátnir sem píslarvottar á hverri öld.

Þegar hin mikla siðabót hófst komu fram rit Lúters og síðan nýja testamenti Tyndals. Án þess að rómversku kirkjuöldin veittu því eftirtekt komust þessi rit út um öll lönd; hvorki fjöll né torfærur hindruðu þau. Þessi rit voru eins og blástur að földum neista, sem nú logaði upp og lýsti og vermdi á Skotlandi og upprætti þannig verk þau, sem rómverska kirkjan hafði gert í síðastliðnar fjórar aldir, með ofbeldi sínu og harðstjórn. Og blóð píslarvottanna veitti hreyfingunni nýtt afl. Páfaleiðtog-arnir vöknúðu við vandan draum, þegar þeir sáu hver hætta var á ferðum, og létu nú kæra, rannsaka og lífláta suma hina göfugustu sona Skotlands. Það var rétt eins og þessir píslarvottar hefðu reist upp altari þar sem þeir prédikuðu frá deyjandi, svo hátt og snjalt að um alt land heyrðist; og djúp tilfinning gagntók sálir manna, sem veitti þeim þrek til heilagra og staðfastra áforma; þeir strengdu þess heilagt heit að kasta af sér oki rómversku kirkjunnar.

[170]

Hamilton og Wishart, sem báðir voru hinir hugrökk-ustu menn og fyrirmynd að öllu leyti og af háum ættum, voru líflátnir af ofsóknarmönnum og margir aðrir sam-hliða þeim. En upp af bálkesti Wisharts reis sá, er hærra talaði en svo að rödd hans yrði kæfð; hann átti að slá rothöggið í höfuð páfaveldisins á Skotlandi.

Þetta var John Knox. Hann hafði snúið frá hinum leyndardómsfullu kenningum kirkjunnar og síðum hennar og leitað sálu sinni svölunar í hinu sanna orði Guðs. Kenningar Wisharts höfðu gert hann ákveðinn í því að yfir-gefa rómversku kirkjuna með öllu og ganga í lið með hinum ofsóttu mótmælendum.

Félagar hans margbeiddu hann að takast á hendur prestsembætti, en hann veigraði sér við þeirri ábyrgð sem því fylgdi, og var það ekki fyr en hann hafði skoðað huga sinn í einrúmi svo mörgum dögum skifti að hann lét til leiðast og varð við bón þeirra. En þegar hann loksins hafði tekist það starf á hendur, ruddist hann áfram með ósigrandi staðfestu og hiklausum kjarki á meðan honum entist aldur til. Píslarvættis brennurnar, sem blossuðu umhverfis hann urðu aðeins til þess að hvetja hann til ennþá öflugri mótstöðu og veita verkum hans enn þá meiri áhrif.

Þegar hann stóð augliti til auglitis við drotninguna á Skotlandi bar John Knox óbifandi vitnisburð sannleika Drottins, og hafði þó mörgum djörfum siðabótamanni fall-ist hugur þegar hann mætti

[171] henni. Knox varð hvorki numinn frá sannfæring sinni með smjaður-yrðum og blíð-mælum, né hótunum og hörkubrögðum. Drotningin ákærði hann um trúvillu; hún hélt því fram að hann hefði eggjað fólkið á að taka trú, sem fyrirboðin væri af ríkinu og lögum landsins; hefði hann þannig brotið bæði Guðs og manna lög og hindrað þegna ríkisins frá því að hlýða stjórnendunum. Þessu svaraði Knox þannig:

“Með því að rétt trúarbrögð eiga ekki uppruna sinn að rekja til veraldlegra yfirvalda né stjórnenda, heldur frá Guði almáttugum einum saman, þá eru þegnarnir ekki skyldugir að binda trúarbragða skoðanir sínar við fyrir-skipanir þeirra. Því það er sannleikur sem hægt er að sýna að einmitt stjórnendurnir eru oft ófróðastir í mál-efnum hinna sönnu trúarbragða Guðs. Ef alt sæði Abrahams hefði haft trú Faraós, hvar væru þá trúarbrögð heimsins þann dag í dag? Viljið þér segja mér það frú mín góð? Af þessu getið þér séð það, kæra drotning, að þegnarnir eiga ekki ávalt að fylgja þeirri trú, sem yfir-völdin skipa þeim að fylgja, þótt þeir í öðrum efnum eigi að hlýða þeim, þar sem um veraldleg lög er að ræða”.

Maria drotning svaraði og sagði: “Þér þýðið kenningar ritningarinnar á einn veg og hinir rómversku klerk-ar þýða þær á annan veg; hvorum á eg að trúa og hvora á eg að dæma? “

“Þér eigið að trúa Guði”, svaraði siðabótamaðurinn. “Hann talar skýrt og skiljanlega í orði sínu; og þegar um eitthvað er að ræða, sem Guðs orð minnst ekki á, skuluð þér hvorugum trúa. Guðs orð er auðskilið og greinilegt; og sé um nokkum dulleik að ræða á nokkrum stað, þá skýrir heilagur andi það þeim mun betur á öðrum stöðum, og hann er aldrei ósamkvæmur sjálfum sér. Þess vegna getur ekki verið um neitt að villast nema fyrir þeim sem gera það af ásettu ráði og þrákelkni að halda áfram í fá-vizkunni”.<sup>1</sup>

Þannig fórust hinum hugrakka siðabótamanni orð, þar sem hann svo að segja horfðist í augu við dauðann frammi fyrir sjálfri drotningunni, og með þessum óbil-andi kjarki hélt hann fast við skoðun sína og barðist bar-áttu hins góða málefnis með stöðugu bænahaldi, þangað til Skotland var frelsað frá páfavaldmu.

Á Englandi var það þannig að þegar því var lýst yfir að ríkiskirkjan skyldi vera mótmælendakirkja, þá mink-uðu ofsóknirnar, en þær lögðust þó ekki niður. Margar af kenningum rómversku kirkjunnar

<sup>1</sup>Laing, “Verk John Knox”, 2. bindi, 281. bls., útgefið 1895.



höfðu verið for-dæmdar, en allmargar reglur hennar voru látnar í friði og þeim haldið við. Óskekulleik páfans var hafnað, en í hans stað var konungurinn gerður að hinum æðsta manni kirkjunnar. Í kirkjunni var enn þá langt frá því að fylgt væri hinu einfalda og óbreytta eðli hins sanna náðarboð-skapar. Hinn mikli grundvöllur fullkomins trúarfrelsis hafði enn ekki skilist til fulls. Réttur hvers einasta manns til þess að tilbiðja Guð sinn samkvæmt eigin samvizku var enn ekki viðurkendur. Allir urðu að viðurkenna það sem ríkiskirkjan fyrirskipaði og kendi, bæði í trúar-játningu og tilbeiðslu aðferð. Þeir sem frá því breyttu urðu að sæta ofsóknum að meira eða minna leyti í mörg hundruð ár.

[172]

En svo var það nú eins og það hafði verið á dögum postulanna, að ofsóknirnar urðu til þess að útbreiða gleði-boðskapinn.

Í hinni viðurstyggelegustu myrkvastofu, innan um alls konar illgerðarmenn, fanst John Bunyan, eins og hann drykki svalandi veigar frá sjálfum uppsprettum himn-anna, og þar skrifaði hann sína dásamlegu sögu “För pílagrímsins frá landi eyðileggingarinnar til hins himn-eska hásetis”. Í meira en tvö hundruð ár hefir rödd hans talað hátt og hvelt frá Bedford myrkvastofunni og veitt hjörtum mannanna þrek og starfskrafta. “För pílagríms-ins” eftir Bunyan og “Yfirfljótanleg náð gagnvart stór-syndurum” hafa vísað mörgum leið á veg lífsins.

Á seytjándu öldinni voru þúsundir presta reknir frá embættum sínum. Fólkinu var forboðið að sækja nokkr-ar trúarbragðasamkomur nema þær, sem viðurkendar væru af hinni lögskipuðu kirkju, og voru viðlagðar píslir og háar sektir, fangelsi og útleð ef frá væri vikið. Fólkið var ofsótt, því var misþyrmt og það var smánað á allan hugsanlegan hátt, og ekkert var að sjá fram undan nema sömu ofsóknirnar og sömu skelfingarnar. Loksins flýðu sumir frá Englandi og leituðu friðsemi og næðis á ströndum hins hollenzka þjóðríkis.

Mitt í ofsóknum og erfiðleikum var fólkið trúfast og óhikandi. Það treysti loforðum Drottins og hann brást því ekki á tímum hörmunganna. Englar hans voru mitt á meðal þess því til hughreystingar og styrktar. Og þeg-ar Guðs fingur virtist benda út yfir Atlanzhafið á land, þar sem það gæti myndað sér sitt eigið ríki og búið börnum sínum dýrðlega arfleifð frjálsrar trúar, tók það sig upp hiklaust og fylgdi vegum forsjónarinnar.

[173]

Þessir menn voru nefndir hreintrúaðir menn (Puritans); höfðu þeir gengið í heilagt safnaðar samband, sem frjálst fólk frelsara síns, til þess að breyta í öllu eftir líferni hans og lífa saman eftir því sem hann opinberaði þeim að rétt væri. Þetta fólk var gagntekið af sönnum siðabóta-anda, sem er grundvöllur mótmælendatrúarinn-ar. Með þetta takmark í huga lagði þetta fólk af stað frá Hollandi, til þess að leita sér heimkynnis í Norður Ameríku — hinum nýja heimi.

Þegar tíðindin bárust til ýmsra landa í Evrópu um land, þar sem öllum væri frjálst að njóta ávaxta af eigin verkum og hlýða röddum eigin samvizku, þá streymdu þúsundir manna til hins nýja heims. Nýlendum fjölgaði óðum. Massachusetts samþykkti sérstök lög, þar sem allir voru boðnir og velkomnir og öllum var veitt aðstoð af al-manna fé, ef þeir voru kristnir menn, frá hvaða landi sem þeir komu til þess að flýja ófrelsi, stríð eða hungurdauða eða ofsóknir andstæðinga sinna. Þannig voru hinir of-sóttu og undirokuðu með lögum boðnir velkomnir gestir ríkisins. <sup>1</sup>

Innan tuttugu ára frá því að hinir fyrstu innflytj-endur lentu við Plymouth, höfðu þúsundir pílagraíma sezt að í Nýja Englandi. Af þessum útlögum var lagður grundvöllurinn að borgaralegu og trúarlegu frelsi, sem verið hefir ávalt síðan hin mesta frægð hinnar amerísku þjóðar.

[174]

---

<sup>1</sup>Martyn 5. bindi, 17. bls.

## Whitefield og Wesleybræður

Málefni Drottins, sem þannig var með heiðri og stað-festu varið og útbreitt á seytjándu öldinni; það að sann-leikurinn sé framfara-gjarn; að kristnir menn ættu að vera reiðubúnir til þess að taka á móti öllu andlegu ljósi, sem skín frá Guðs heilaga orði; þessu málefni gleymdu afkomendur hinna trúföstu manna. Mótmælendakirkj-urn-ar, sem svo mikillar blessunar höfðu notið að þeim auðnaðist að sjá hið rétta ljós Guðs orðs á dögum siða-bótarinnar, þær brugðust í því tilliti að halda áfram á brautum sannleikans og siðabótanna. Þótt fá-einir trú-fastir menn risu upp hér og þar öðru hvoru, sem prédik-uðu trúarsannindin, þá létu flestir sér það nægja að trúa eins og feður þeirra höfðu trúað og lifa eins og þeir höfðu lifað. Trúarbrögðunum hnignaði aftur svo mjög að þau urðu mestmegnis líflausar reglur, villukenningar og hjá-trú, sem hefði eyðilagst með öllu, ef kirkjan hefði haldið áfram að fara eftir ljósi Guðs orðs. Kirkjan prédikaði og verndaði hégiljur, í stað þess að halda fast við þá trú, sem hinum helgu mönnum hafði verið gefin. Þannig voru smánuð þau grund-vallaratriði, sem siðabótamennirnir höfðu boðað, lifað fyrir, liðið fyrir og látið lífið fyrir.

Á átjándu öldinni, sem var öld andlegs náttmyrkurs, komu þeir fram Whitefield og Wesley sem ljósberar Drottins. Undir stjórn ríkiskirkjunnar á Englandi hafði fólkið hörfað aftur til baka í trúarlegt kæruleysi. Nátt-úrulögin voru talin hin æðstu trúarbrögð og þau lásu klerkar og lærðir menn með ástundun; með því var guð-fræði þeirra svo að segja lokið. Hærri flokkar mannfé-lagsins gerðu gys að guðfræðinni og stærðu sig af því að þeir væru hafnir upp yfir það, sem þeir kölluðu ofstæki.

[175]

Lægri flokkarnir voru fávitrir í mesta máta og mjög gefnir til lasta, en kirkjan hafði nú tapað öllu hugrekki og allri alvöru til þess að koma til bjargar hinum fótum troðna málstað sannleikans.

Hin mikla kenning um réttlætning af trúnni, sem Lúter kendi svo greinilega, hafði svo að segja fallið nið-ur með öllu; en rómverska kenningin um réttlætning af verkunum var komin í staðinn. Whitefield

og Wesley-fylgjendur, sem voru meðlimir hinnar viðurkendu kirkju, sóttust í einlægni eftir því að þóknast Guði, og hafði þeim verið kent það að sú velþóknun fengist með góðum verk-um, dygðugu líferni og með hlýðni við boð kirkjunnar.

Þegar Karl Wesley varð veikur í eitt skifti og bjóst við að deyja, þá var hann spurður hvað það væri, sem hann byggði á sáluhjálpi sína; svar hans var þetta: “Eg hefi gert mitt bezta til þess að þóknast Guði”. Svo hefir honum víst fundist sem vinur hans er spurði hafi ekki verið allskostar ánægður með svarið, og bætti hann því við þessum orðum, eftir stutta þögn: “Hvað er þetta; eru ekki tilraunir mínar nægilegt vonarefni um sáluhjálpi? Mun Guð ekki taka tilraunir mínar gildar? Eg hefi ekkert annað á að byggja”. Slíkt var myrkur það sem um-kringdi kirkjuna og huldi friðþægingar kenninguna, rændi Krist þeirri dýrð sem honum bar og sneri hugum manna frá hinni einu sáluhjálpar von — blóði hins krossfesta endurlausnara.

Eftir að John og Karl Wesley voru vígðir til prests-þjónustu, voru þeir sendir sem trúboðar til Vesturheims. Á skipinu voru nokkrir Herrnhútar. Veður var afar ilt, og þegar John Wesley stóð augliti til auglitis frammi fyrir dauðanum, fann hann að hann átti ekki fulla vissu fyrir friði við Guð almáttugan; þjóðverjar aftur á móti voru svo rólegir og fullir trausts að hann dáðist að og skildi það ekki.

Þegar þeir voru á ferðinni heim aftur fékk Wesley skýringar á biblíunni hjá þýzkum prédikara, og veitti það honum skýrari skilning. Hann sannfærðist um það að hann yrði að hverfa frá öllu trausti á eigin verk til sálu-hjálpar, og setja allt traust sitt á “lamb Guðs, sem burtu ber heimsins syndir”. Á fundi Herrnhúta í Lundúnaborg, var lesin upp yfirlýsing frá Lúter með skýringu á þeim breytingum, sem heilagur andi gerði í hjarta hins trúaða manns. Þegar Wesley hlustaði á þetta, kviknaði trú í sálu hans: “Eg fann til undarlegs hita í hjarta mínu”, sagði hann; “eg fann það að eg treysti á Krist og hann einan mér til sáluhjálpar; og eg fékk vissu fyrir því að hann hefði tekið burtu syn lir mínar; jafnvel mínar og frelsað mig frá lögmáli syndarinnar og dauðans”.<sup>1</sup>

Wesley hafði um margra ára skeið neytt allra krafta til þess að leita Guðs; hafði hann valið til þess vegi sjálfs-afneitunar, ásakana og lítillækkunar. Nú hafði hann fundið Guð; og hann hafði fundið

<sup>1</sup> Whitehead, “Life of John Wesley”, 52. bls.

það að sú náð sem hann reyndi að ávinna sér með bænum og föstum, með ölmusu-gjöfum og sjálfsafneitun, var gjöf sem ekki fékst “fyrir peninga né nokkurt veraldlegt verð”.

Þegar Wesley var einu sinni orðinn staðfastur í trúnni á Krist, brann sál hans af þrá til þess að veita öðrum þekkinguna, sem hann sjálfur hafði öðlast; hann þráði heitt og innilega að koma út í allar áttir þekkingunni um hina gefnu náð Guðs mikla gleðiboðskapar. “Eg skoða allan heiminn sem minn söfnuð” sagði hann. “Eg skoða það sjálfsgæða skyldu mína að kunngjöra öllum sem vilja heyra, gleðiboðskap sáluhjálparinnar”.<sup>2</sup>

Whitefield og Wesley bræður höfðu verið búnir undir verk sitt með langvarandi og beiskri sannfæringu um það, hversu vonlaust væri um þeirra eiginn hag, með því að treysta á réttlætning verkanna; og til þess að þeir gætu staðist hörmungarnar eins og góðir liðsmenn Krists, höfðu þeir orðið að þola eldraunir háðunganna, aðhlátursins og ofsóknanna, bæði á háskólanum og eins þegar þeir tóku við prestskap. Þeir og nokkrir aðrir menn sem fylgdu skoðun þeirra voru í háði nefndir meþódistar af hinum óguðlegu samnámsmönnum þeirra — en nú á dögum er það nafn talið virðulegt af einni hinni stærstu kirkjudeild á Englandi og í Vesturheimi.

Meþódistar þeirra daga — bæði prestarnir og söfn-uðurinn — urðu fyrir aðhlátri og ofsóknum, bæði frá þeirra hálfu sem kirkjunum tilheyrðu og hinum, sem opin-berlega játuðu það að þeir væru trúlausir; var þetta gert með ranghermi og misskilningi. Þeir voru teknir fastir og dregnir fyrir lög og dóm — var sá dómur ekki neitt réttarfar [177] nema að nafninu til — sannarlegur réttur var sjaldgæfur í þá daga. Þessir menn urðu oft að sæta illri meðferð af höndum ofsóknarmannanna, fóru skríls-flokkar hús úr húsi og eyðilögðu eignir og húsbúnað, rændu því sem þeim sýndist o. s. Írv., svívirtu þeir oft konur, misþyrmdu börnum og meiddu menn. Stundum voru festar upp auglýsingar á almanna færi, þar sem menn er viljugir væru til þess skyldu gefa sig fram á vissum stað og vissum tíma, til þess að brjóta glugga og ræna hús meþódista. Þessi opinberu brot á lögum Guðs og manna voru látin viðgangast án nokkurrar hegningar. Regluleg ofsókn fór fram gegn fólki, sem ekkert hafði til saka unnið nema

<sup>2</sup> Whitehead, “Life of John Wesley”, 74. bls.

það að reyna til þess að snúa mönnum frá syndsamlegum verkum og illu líferni til hreinleika og trúar.

Hin mikla andlega afturför, sem hafði átt sér stað á Englandi rétt fyrir daga Wesleys, var að miklu leyti sprottin af syndalausn-arkenningunni. Margir héldu því fram að Kristur hefði í eitt skifti fyrir öll og fyrir alla menn borið byrði syndarinnar og borgað þá skuld, væru því kristnir menn lausir við hana og hvítþvegnir; Kristur hefði afnumið siðferðislögin og kristnir menn væru ekki skyldir að hlýða þeim; þeir héldu því fram að trúaðir menn væri frelsaðir frá “lögmáli góðra verka”. Aðrir viðurkendu að vísu að siðferðislögin væru eilíflega í gildi, en héldu því fram hins vegar að ónauðsynlegt væri fyrir presta að eggja fólkið til hlýðni við þau vegna þess að þeir sem Guð hafði fyrirhugað til frelsunar mundu, sam-kvæmt hinu ómótstæðilega afli guðlegrar náðar, leiðast sjálfkrafa til guðræðni og hreinlífis, “en hinir, sem dæmd-ir væru til eilífrar glötunar, gætu ekki með neinum ráðum hlýtt hinum guðlegu lögum”.

Sem svar gegn því að með dauða Krists hefðu boð-orðin verið afnumin og siðalögin með, sagði Wesley þetta: “Siðferðislögin í hinum tíu boðorðum sem postularnir héldu fram afnam Kristur ekki, það var ekki tilgangur-inn með komu hans að afnema neitt af þeim. Þetta eru lög, sem aldrei geta orðið úr gildi numin, þau standa stöð-ug “eins og hið trúfasta vitni á himnum”.... þessi lög eru frá alda öðli “rituð — ekki á steintöflur” heldur á hjörtu allra mannanna barna, þegar þau koma frá hendi skapara síns. Og þótt þau rit sem einu sinni voru skráð af fingri Guðs, séu nú afmáð að miklu leyti fyrir áhrif syndarinnar, þá samt verða þau aldrei með öllu afmáð á meðan vér getum að nokkru leyti gert greinarmun ills og góðs. Lög þessi verða að vera í gildi meðal allra þjóða um allar aldir; þau eru hvorki bundin við stund né stað og þau geta ekki breyzt, heldur eru þau sama eðlis og hinn eilífi, alstaðar nálæg sem hinn óumbreytanlegi Guð sjálfur; þau eru lög milli Guðs og manna og verða það svo lengi sem afstaða mannanna til Guðs er sú sem hún er og verður altaf. — — “Eg er ekki kominn til þess að afnema, heldur til þess að fullkomna” Á því leikur enginn efi að hugsun frelsarans á bak við þessi orð er (þegar alt er tekið til greina á undan og eftir), — eg er til þess kominn að fullkomna lögin, þrátt fyrir allan ófullkomleik mannanna; eg er til þess kominn að leiða það í ljós, sem í myrkrum var hulið og skýra það fyrir mönnum sem þeir skildu ekki eða misskildu í lögnum;

eg er til þess kominn að lýsa því yfir hversu áriðandi séu allir partar þess-ara laga, öll boðorðin; eg er kominn til þess að sýna hæð og dýpt og hinn óskiljanlega hreinleika og guðdómleika laganna í öllum atriðum”.<sup>1</sup>

Wesley lýsti því yfir að fullkomið samræmi væri milli lögmálsins og fagnaðarerindisins. “Það er þess vegna hið nánasta samband sem hugsast getur milli lögmálsins og guðspjallanna. Annars vegar dregur lögmálið sig stöð-ugt í hlé og bendir oss til fagnaðarerindisins, hins vegar leiða guðspjöllin oss til nákvæmari uppfyllingar lögmáls-ins. Lögmálið skipar oss t. d. að elska Guð, að elska náunga vorn, að vera auðmjúkir, lítillátir, eða heilagir. Vér finn-um til þess að vér getum ekki uppfyllt þessi boðorð, meira að segja ‘að fyrir oss mennina séu þessi boðorð ómögu-leg’, en vér sjáum hvar Guð lofar að veita oss þessa élsku og gera oss auðmjúka, lítilláta og heilaga; vér meðtökum þessi guðspjöll, þennan gleðiboðskap; vér njótum þeirra samkvæmt trú vorri, og ‘réttlæti lögmálsins uppfyllist á oss’ fyrir trú sem vér höfum á Jesú Kristi”. ....

“Meðal allra verstu óvina náðarboðskaparins”, sagði Wesley, “eru þeir sem opinberlega og greinilega dæma lögmálið sjálft og ‘tala illa um það’; þeir sem kenna mönnum að brjóta (að leysa [179] upp, að losa) skuldbindinguna ekki að eins undan einu boðorðinu, hvort sem það er það mesta eða minsta, heldur öllum boðorðunum í einu. Það undrunarverðasta af öllu í sambandi við þessa blekkingu, er það að þeir sem yfirgefið hafa lögmálið trúa því í raun og sannleika að þeir heiðri Krist með því að varpa fyrir borð hans eigin lögmáli, og að þeir séu að víðfrægja köllun hans á sama tíma sem þeir eyðileggja kenningar hans. Þessir menn heiðra hann á sama hátt og Júdas gerði þegar hann sagði: ‘Heill sért þú, meistari, og kysti hann’. Og Kristur getur alveg með sama rétti sagt við sérhvern þeirra: ‘Svíkur þú mannsins son með kossi?’ það er ekkert annað en að svíkja hann með kossi að tala um blóð hans, en taka burtu kórónu hans; að ganga fram hjá nokkrum hluta af lögmáli hans, undir því yfirskyni að með því séu boðuð guðspjöll hans. Enginn getur heldur komist undan þessari kærui, sem prédikar trú á nokk-urn þann hátt, sem beinlínis eða óbeinlínis styður að því að vanrækja nokkra grein

<sup>1</sup>Wesley works, 25. ræða.

hlýðninnar; sem prédikar Krist á þann hátt að hann rýrir gildi eða veikir á nokkurn hátt hið allra minsta boðorðanna”.<sup>1</sup>

Sumir voru þeir sem héldu því fram að prédikun fagnaðarboðskaparins uppfylti alt lögmálið; þeim svaraði Wesley þannig: “Vér neitum þessu með öllu. Það full-komnar ekki hið allra fyrsta atriði lögmálsins, sem sé það að sannfæra menn um syndina, að vekja þá til meðvitund-ar, sem sofa á barmi glötunarinnar. Postulinn Páll segir: “Fyrir lögmálið fæst þekking syndarinnar”. Og það er ekki fyr en maðurinn er orðinn sannfærður um synd sína, að hann finnur innilega til þeirrar þarfar að leita fyrir-gefningar fyrir endurleysandi blóð Jesú Krists.... “Heil-ir þurfa ekki lækni við”, segir postulinn sjálfur, “heldur hinir sem vanheilir eru”. Það er þess vegna heimskulegt að bjóða þeim lækni sem heilir eru, eða sem að minsta kosti ímynda sér að þeir séu heilir. Fyrst verður að sannfæra þá um það að þeir séu veikir, annars þakka þeir ekki fyrirhöfnina. Það er jafn heimskulegt að bjóða þeim Krist sem eiga heilt hjarta, sem aldrei hefir enn orðið sundurkramið”.<sup>2</sup>

- [180] Þannig reyndi Wesley eins og meistari hans, að “mikla lögmálið og heiðra það”, jafnframt því sem hann prédikaði náðarboðskapinn. Trúlega leysti hann það verk af hendi sem Guð hafði fengið honum, og dýrðlegir voru þeir ávextir, sem honum auðnaðist að sjá. Þegar hann leit yfir sinn liðna, langa æfi dag, eftir hálfrar aldar trú-boðsstarf, voru einlægir fylgjendur hans fleiri en hálf miljón manna. En fjöldi sá er fyrir áhrif starfs hans hafði hafist upp frá glötun og niðurlægingu syndarinnar, til herra og hreinna líferins; og tala þeirra, sem fyrir prédikanir hans höfðu fengið dýpri og dýrðlegri reynslu, verður aldrei opinber mönnum fyr en alt Guðs fólk safnast saman frelsað og endurleyst í ríki Drottins. Líf hans er fyrirmynd, sem meira er virði hverjum kristnum manni en metið verði. Ó, að hans mikla trú, og lítillæti; hans óþreytandi áhugi og sjálfsafneitun; hin mikla undirgefni þessa staðfasta þjóns frelsarans mætti endurspegl-ast í kirkju vorra daga!
- [181]

<sup>1</sup>Wesley works, 25. ræða.

<sup>2</sup>Wesley works, 3 5. ræða.



## Fyrirboðar morgunsins

Einn hinn dýrðlegasti og jafnframt helgasti sann-leikur sem birtist í biblíunni, er endurkoma Krists, til þess að fullkomna endurlausnarverkið. Pílagrínum Drottins, sem svo lengi hafa dvalið “í landi skugga og dauð-ans” er gefin dýrmæt von og óviðjafnanleg gleði í því hughreystandi fyrirheiti að hann “sem er upprisan og lífið” birtist hér aftur á jörðinni til þess að “safna saman sínum tvístruðu”. Kenningin um endurkomu Krists er sjálfur hornsteinninn undir kenningum hinnar heilögu ritningar. Frá þeim degi þegar vorir fyrstu foreldrar sneru með hrygð í huga frá Eden, hafa börn trúarinnar biðið eftir komu hins fyrirheitna til þess að brjóta veldi óvinarins og leiða þau aftur til hinnar töpuðu paradísar. Helgir menn í fornöld sáu í huga sér komu Messíasar í allri sinni dýrð, og var það uppfylling allra þeirra vona. Enok, sem var að eins sjöundi liður frá þeim sem í Eden dvöldu; Enok sem lifði hér á jörð í guðsótta þrjár aldir, honum var veitt sú náð að sjá álangdar komu frelsarans. “Sjá”, sagði hann, “Drottinn kemur með sínum heilögu þúsundum, til að halda dóm yfir öllum, og til að sanna alla óguðlega menn seka í öllum þeim óguðlegu verkum, sem þeir hafa óguðlega drýgt, og í öllum þeim hörðu orð-um, sem hinir óguðlegu syndarar hafa talað gegn honum”.<sup>1</sup> Öldungurinn Job sagði á hinum döpru dögum neyðarinnar, með fullu trúnaðar trausti: “Eg veit að lausnari minn lifir og að hann mun síðastur ganga fram á foldu. Og eftir að þessi húð mín er sundur tætt og alt hold er af mér, mun eg líta Guð. Eg mun líta hann mér til góðs; já, augu mín munu sjá hann, og það eigi sem andstæðing, — hjartað brennur af þrá í brjósti mér”.<sup>1</sup>

[182]

Þegar frelsarinn ætlaði að fara frá lærisveinum sín-um, hughreysti hann þá í sorgum þeirra með þeirri full-vissu að hann mundi koma til þeirra aftur. “Hjarta yðar skelfist ekki; trúið á Guð og trúið á mig. Í húsi föður míns eru mörg híbýli; væri ekki svo, hefði eg sagt yður það. Því eg fer burt að búa yður stað; og þegar eg er farinn

<sup>1</sup>Júdas 14: 15.

<sup>1</sup>Job. 19: 25-27.

burt, og hefi búið yður stað, kem eg aftur og mun taka yður til sjálfs mín, til þess að þér séuð og þar sem eg er”.<sup>2</sup> “En er mannsins sonur kemur í dýrð sinni og allir englar með honum, þá mun hann sitja í há-sæti dýrð-ar sinnar, og allar þjóðir munu safnast saman frammi fyrir honum, og hann mun skilja þá hverja frá öðrum, eins og hirðirinn skilur sauðina frá höfrunum”.<sup>3</sup>

Englarnir sem dvöldu eftir að Kristur var uppnum-inn endurtóku loforðin við postulana um endurkomu hans. “Þessi Jesús, sem var upp numinn frá yður til himins, mun koma á sama hátt og þér sáuð hann fara til himins”.<sup>4</sup> Og postulinn Páll talar, fyrir munn heilags anda, á þessa leið: “Því að sjálfur Drottinn mun með kalli, með höfuð-engils raustu og með básúnu Guðs, stíga niður af himni”.<sup>5</sup> Og spámaðurinn á eyjunni Patmos segir: “Sjá, hann kemur í skýjunum, og hvert auga mun sjá hann”.<sup>6</sup>

Um endurkomu hans snýst öll sú dýrð, sem hefir fyrir aðalefni uppfylling alls þess, “sem Guð hefir talað fyrir munn sinna heilögu spámanna frá upphafi”.<sup>7</sup> Þá mun og hin langvarandi stjórn hins illa, “konungdómur þessa heims”, breytast í konungsríki “Drottins vors og hans smurða, og hann mun ríkja um aldir alda”.<sup>8</sup>

Koma Krists hefir á öllum öldum verið einka von allra trúrra fylgjenda hans. Fyrirheit frelsarans þegar hann varð upp numinn, um það að hann mundi koma aftur, birti upp framtíðina fyrir augum lærisveina hans og fylti hjörtu þeirra með gleði og von, svo sterkri að hvorki sorgir né reynsla gátu bugað né yfirunnið. Mitt í þraut-um og ofsóknum var “hin blessaða von” um endurkomu hins mikla Guðs og frelsara vors Jesú Krists þeim alt í öllu.

[183]

Á hinni hrjóstrugu eyju heyrði sá lærisveinninn sem Jesús elskaði loforðið: “Já, eg kem skjótt”, og með heil-agri þrá svarar hann með þeirri bæn kirkjunnar, sem hún hefir haft á öllum pílgrímsöldum sínum: “Kom þú, Drottinn Jesú! “<sup>1</sup>

<sup>2</sup>Jóh. 14: 1-3.

<sup>3</sup>Matt. 25: 31, 32.

<sup>4</sup>Postulas. 1: 11.

<sup>5</sup>1. Þess. 4: 16.

<sup>6</sup>Opinb. 1: 7.

<sup>7</sup>Postulas. 3: 21.

<sup>8</sup>Opinb. 11: 15.

<sup>1</sup>Opinb. 22: 20.

Frá fangelsunum, bálköstunum og gálgunum, þar sem heilagir menn og píslarvottar báru vitni sannleikan-um, hljóma í gegn um aldirnar staðfestingarorð um trú þeirra og von Þeir áttu von á því að “Drottinn kæmi frá himnum ofan í skýjunum, íklæddur dýrð föður síns”, “til þess að gefa hinum réttlátu sitt ríki”. Valdensarn-ir báru sömu von í brjósti.<sup>2</sup> Wycliffe horfði með eftir-væntingu til þess tíma er frelsarinn kæmi aftur og bygði á því von kirkjunnar.<sup>3</sup>

Spámennirnir skýra ekki einungis frá því hvernig og til hvers Kristur birtist aftur hér á jörðinni, heldur einnig gefa þeir mönnum bendingar, sem hægt er að fara eftir, til þess að vita hvenær sá tími nálgast. Jesús segir: “Og tákn munu verða á sólu, tungli og stjörnum”.<sup>4</sup> “Sólin mun sortna og tunglið eigi gefa skin sitt; og stjörnurnar munu hrapa af himni, og kraftarnir, sem eru í himninum, munu bifast. Og þá munu menn sjá mannsins son kom-andi í skýjum með miklum mætti og dýrð”.<sup>5</sup> Höfundur Opinberunarbókarinnar skýrir þannig frá fyrstu einkenn-um endurkomu Kristis: “Og mikill landskjálfti varð, og sólin varð svört sem hærusekkur, og alt tunglið varð sem blóð”.<sup>6</sup>

Þessi merki sáust fyrir byrjun nítjándu aldar. Sem uppfylling þessara spádóma skeði það árið 1755 að ein-hver voðalegasti jarðskjálfti varð, sem nokkrar sögur fara af. Þótt þetta sé venjulega kallaður Lisabon jarðskjálft-inn, þá náði hann samt um mestan hluta Evrópu, Afríku og Ameríku; hans varð vart á Grænlandi, í Vesturheims-eyjunum, á eyjunni Madera, í Noregi, Svíþjóð, Bretlandi og Írlandi. Hann fór yfir svæði, sem ekki var minna en fjórar miljónir fermíllur. Í Afríku var jarðskjálftinn ná-lega eins ákafur og í Evrópu. Mikill hluti af Algier eyði-lagðist og skamt frá Marokko sökk með öllu bær með átta eða tíu þúsund íbúum. Geysi mikil jarðskjálfta alda fór yfir strendur Spánar og Afríku, svo borgir hrundu og stórtjón varð af.

[184]

Það var á Spáni og í Portugal, sem eyðileggingin var mest. Í Cadiz er sagt, að jarðskjálftabylgjan hafi um eitt skeið orðið sextíu feta há. “Sum af hæstu og stærstu fjöllum í Portugal hristust stöðugt

<sup>2</sup>Taylor: “Rödd kirkjunnar”, bls. 129-132.

<sup>3</sup>Sama bók. bls. 123-134.

<sup>4</sup>Lúk. 21: 25.

<sup>5</sup>Mark. 13: 24-26.

<sup>6</sup>Opinb. 6: 12.

og ákaft, og var svo að orði kveðið að þau hefðu færst af grunni. Sum þeirra klofnuðu ofan frá tindum niður að rótum á mjög einkennilegan hátt, og féllu stór stykki þeirra niður í dal-ina. Eldar loguðu upp úr þessum fjallasprungum”.<sup>1</sup>

Í Lisabon “heyrðist þrumuhljóð niðri í jörðinni, og að augnabliki liðnu kom svo snarpur kippur að mikill hluti borgarinnar hrundi. Hér um bil á sex mínútum fórust um sex þúsund manns. Sjórinn þornaði fyrst og varð þurt land langt út frá strönd. Því næst valt hafald-an að landi, fimmtíu feta há eða meira, fram yfir það sem venjulegt var”. “Meðal annars einkennilegs, sem fyrir kom í Lissabon meðan á þessum ósköpum stóð, má telja eyðileggingu hinnar nýju skipakvíar, sem var öll bygð úr marmara og kostaði ógrynni fjár. Þar hafði fjöldi fólks safnast saman til þess að forða sér, því þar var öllu álitnið óhætt; en alt í einu sökk skipakvíin með öllu saman og aldrei skaut upp einu einasta líki af þeim sem þar fórust”.<sup>1</sup>

Jarðskjálftakippnum fylgdi það að á augabragði hrundi hver einasta kirkja og klaustur; svo að segja allar opinberar byggingar, og meira en einn fjórði partur af öllum húsum. Hér um bil tveimur klukkustundum eftir kippinn kom upp eldur víðsvegar í borginni og geysaði með svo miklu afli í heila þrjá sólarhringa að borgin var með öllu gjöreydd. Jarðskjálftinn kom á helgidegi, þegar allar kirkjur og klaustur voru full af fólki og komst örfátt undan.<sup>2</sup> “Skelfing fólksins var meiri en svo að með orðum verði lýst. Enginn grét; þetta var þyngra böll en svo að tárur tæki. Fólkið streymdi hlaupandi í allar áttir ur öllum áttum, frávíta af skelfing og undrun, berj-andi sér á brjóst og andlit og hrópandi hástöfum: ‘Ógn og skelfing, heimurinn er að forganga!’ Mæður gleymdu börnum sínum og hlupu um strætin með róðukrossa í fanginu. Til allrar ógæfu hlupu margir í kirkjurnar sér til varnar, en kveldmáltíðarnautn var til einskis; árang-urslaust [185] héldu menn dauðahaldi um ölturu kirknanna; líkneski, prestar og [186] fólk grófst lifandi í sameiginlegri skelfingagröf”. Það hefir verið [187] áætlað að um níutíu þús-und manna hafi mist lífið þar á einum degi.

Tuttugu og fimm árum síðar birtist annað táknið, sem talað er um í opinberunarbókinni; það voru myrkvar á sól og tungli. Það sem gerði þetta merkilegra var það að nákvæmlega hafði verið frá sagt

<sup>1</sup>Lyell, Sir Charles, “Principles of Geology”, bls. 495 (gefin út í N. Y. 1858).

<sup>1</sup>Lyell, Sir Charles, “Principles of Geology”, bls. 495 (gefin út í N. Y. 1858).

<sup>2</sup>Encyclopædia Americana, grein um Lisabon, athugasemd (gefin út 1831).

um það hvenær þessi spádómur yrði uppfylltur. Þegar frelsarinn talaði við lærisveina sína á Olúfjallinu, eftir að hann hafði skýrt fyrir þeim hina löngu reynslutíð kirkjunnar, — hin 1260 ár páfaofsóknanna, sem hann hafði lofað að skyldu verða stytt, — mintist hann þannig á ýms atriði um komu sína og ákvað tímann þegar fyrstu merki um endurkomu sína mundu birtast. “En á þeim dögum, eftir þessa þrenging, mun sólin sortna og tunglið eigi gefa skin sitt”.<sup>1</sup> Hinir 1260 dagar eða ár enduðu árið 1798; þá hafði páfaofsókn-in endað fyrir fjórðungi aldar; eftir páfaofsóknirnar átti sólin að formyrkvast, samkvæmt orðum Krists sjálfs.

19. maí 1780 er í sögunni nefndur “hinn myrkvi dag-ur”. Síðan á dögum Móses hefir aldrei komið dagur, sem einkent hefir lengra, svartara og yfirgripsmeira myrkur en þá. Lýsing þess atburðar af vörum þeirra manna, sem sjálfir voru vitni að, er ekkert annað en blátt áfram berg-mál af orðum Drottins, sem spámaðurinn Jóel skrifar um, tuttugu og fimm hundruð árum áður en þeir spádómar komu fram: “Sólin mun breytast í myrkur og tunglið í blóð, áður en hinn mikli og hræðilegi dagur Drottins kem-ur”.<sup>2</sup>

Maður sem heima átti í Massachusettes og sjálfur var vitni að þessu, lýsir því á þessa leið: “Um morguninn reis sólin upp björt og skær, en bráðlega formyrkvaðist hún. Skýin virtust síga niður og voru þau biksvört og leyndardómsfull; eldingar leiftruðu og þrumur drundu og örlítið regn féll. Um klukkan níu þyntust skýin og urðu koparlit og alt breyttist að útliti; menn, skepnur, jörð-in, klettar, tré, byggingar, vötn og alt varð einkenni-legt og ólýsanlegt af ljósblæ, sem var eins og glampi frá öðrum heimi. Fáum mínútum seinna breiddist þykt og biksvart ský yfir allan himininn, nema örmjóa rönd rétt við sjóndeildarhringinn og varð þá álíka dimt og venju-lega er klukkan níu að sumarkveldi

[188]

“Ótti, skelfing og áhyggjur fyltu smámsaman hugi manna. Konur stóðu í húsdryum og horfðu sorgbitnar út í bláinn; menn komu heim frá vinnu sinni úti á landinu; trésmiðir skildu eftir verkfæri sín og járnsmiðir sömuleið-is og kaupmaðurinn yfirgaf búð sína. Skólum var lokað og börnin hlupu heim til sín óttaslegin. Ferðamenn beiddust gistingar þar sem þeir komust til næstu húsa: ‘Hvað er á

<sup>1</sup>Mark. 13 : 24.

<sup>2</sup>Jóel 2 : 31.

ferðinni?’ spurðu menn hverir aðra áhyggjufullir. Það var eins og fellibylur væri á ferðinni, sem ef til vill myndi gjöreyða landið; eða að kominn væri dómsdagur, þegar allir og alt ætti að mæta frammi fyrir dómstóli hins alvalda.”

“Fólkið kveikti á kertum og arineldar loguðu eins bjartir og þeir gerðu á tunglsljóslausum kveldum um haust. ... Fuglarnir flýðu inn í skýli sín, og sofnuðu; nautgripirnir hlupu í hópum í öll skjól og hömuðu; frosk-ar sungu einkennilega; fuglarnir hljómuðu kveldsöngva sína og leðurblökur flögruðu um. En fólkið vissi að ekki var komið kveld í venjulegum skilningi”.<sup>1</sup>

Eftir þetta niðamyrcur, á að gizka einni eða tveimur klukkustundum fyrir kveldtíma, rofaði til og sást til him-ins. Sá þá til sólar, þótt sólin væri í nokkurs konar móðu. “Eftir sólarlag breiddust skýin yfir aftur, eins svört og ægileg og fyr; varð það svo að segja í einni svipan”. “Ekki var myrcur næturinnar síður skelflegt en verið hafði að deginum. Þrátt fyrir það þótt tunglið væri svo að segja í fyllingu, var ómögulegt að sjá skil á neinu nema með ljósi. Þegar ljósin sáust í fjarlægð, var eins og þau væru litlir, glóandi hnettir, í svo þykku myrkri að geislarnir gætu tæpast þrengst í gegn um það”.<sup>2</sup>

[189] Maður sem var sjónarvottur að þessu lýsir því þann-ig: “Eg gat ekki varist þeirri hugsun um tíma, að þó alt það sem ljós gaf frá sér í alheiminum hefði verið vafið í blæjur, sem enginn geisli hefði komist í gegn um, þá hefði ekki getað verið niðdimmara en var”.<sup>1</sup> Þótt tunglið sæist fullkomlega um klukkan níu um kveldið, “þá hafði þau alls engin áhrif til þess að dreifa hinum dauðadimmu skugg-um”. Eftir miðnætti létti myrkrunu, og þegar tunglið sást þá fyrst, var það eins og blóðhnöttur.

Kristur hafði boðið fólki sínu að taka eftir merkjum endurkomu sinnar og gleðjast þegar það sæi tákni komu konungs síns: “Þegar þetta byrjar að koma fram”, sagði hann, “þá lítið upp og hefjið upp höfuð yðar, því að lausn yðar er í nánd”. Hann bentí fylgjendum sínum á trén með útsprungnum frjóknöppum að vori til og sagði: “þegar þau fara að skjóta frjóöngum, þá sjáið þér og vitið af sjálfum

<sup>1</sup>Thomas, “Massachusetts Spy” eða “American Oracle of Liberty”, 10. bindi, nr. 472. (25. mat 1780).

<sup>2</sup>“The Essex Antiquarian”, Salem, Mass., í apríl 1899, (3. bindi).

<sup>1</sup>Bréf frá Dr. Samuel Tenny frá Exeter, N. H., í des. 1875 (í “Massachusetts Historical Society Collections”, 1792, 1. Ílokki, 1. bindi, bls. 97).

yður, að sumarið er í nánd. Þannig skul-uð þér og vita, að þá er þér sjáið þetta fram koma, er guðsríki í nánd”.<sup>2</sup>

Til þess að búa menn undir það að mæta fyrir augliti Drottins, varð að koma til leiðar miklu siðabótaverki. Guð sá það að margir af þeim er þóttust trúa á hann, voru ekki að búa sig undir eilífðina; og af náð sinni ætlaði hann að senda aðvörun til þeirra að vekja þá upp af svefni andvaraleysisins og leiða þá til þess að búa sig undir komu frelsarans.

Þessi aðvörun kemur í ljós í Opínberunarbókinni í fjórtánda kapítula. Þar er kunngjörður þrefaldur boðskapur, eins og hann væri fluttur af himneskum verum og mannsins sonur birtist jafnskjótt á eftir, til þess að “bera út sigð sína og skera þrúgurnar af vínviði jarðarinnar”. Fyrsti boðskapurinn kunngjörir hinn kom-anda dóm. Spámaðurinn sá engil fljúgandi um miðhim-ininn, og hélt hann á eilífum fagnaðarboðskap til að boða þeim sem á jörðinni búa, og sérhverri þjóð og kynkvísl og tungu og lýð segjandi hárrí röddu: “Óttast Guð og gefið honum dýrð, því að kominn er stund dóms hans og tilbiðjið hann, sem gjört hefir himininn og jörðina og hafið og uppsprettur vatnanna”.<sup>3</sup>

Þessi boðskapur er sagður að vera “eilífur fagnaðar-boðskapur”. Það að prédika fagnaðarboðskapinn hefir ekki verið falið englum, heldur hefir mönnum verið trúað fyrir því. Heilögum englum hefir [190] verið fengið það hlut-verk að stjórna því starfi; þeir hafa þá köllun að vinna að því mikla starfi mönnunum til sáluhjálpar; en hinn verulegi boðskapur fagnaðarerindisins er framkvæmdur af þjónum Krists á jörðinni.

Það voru ekki hinir lærðu guðfræðingar, sem skildu þennan sannleika og unnu að því að útbreiða hann. Hefðu þeir verið trúir varðmenn, árvakrir og bænærknir og leit-ast við að skilja ritningarnar, þá hefðu þeir vitað hvað nóttunni líður. Spádómarnir hefðu þá opinberað þeim það sem átti að ske. En þetta var ekki starf þeirra og boðskapurinn var fluttur af þeim mönnum, sem lægra voru settir. Jesús sagði: “Stutta stund er ljósið enn á meðal yðar; gangið á meðan þér hafið ljósið”.<sup>2</sup> Þeir sem yfirgefa ljósið, sem Drottinn hefir veitt þeim, eða van-rækja að öðlast það á meðan þeir geta náð í það, eru

<sup>2</sup>Lúk. 21 : 27, 30, 31.

<sup>3</sup>Opínb. 14 : 6, 7.

<sup>2</sup>Jóh. 12 : 35.

yfir-gefnir í myrkri. En frelsarinn segir: “Eg er ljós heims ins, hver sem fylgir mér mun ekki ganga í myrkri, heldur hafa ljós lífsins”.<sup>3</sup> Hver sá sem hefir það eitt markmið að gera Guðs vilja, og fylgir einlæglega öllu því ljósi, sem þegar hefir verið gefið, mun sjá meira ljós. Slíkri sál verður send skínandi himnesk stjarna til þess að leiða hana í allan sannleika.

[191]

---

<sup>3</sup>Jóh. 8 : 12.



## Stórkostleg trúarvakning

Stórkostleg trúarvakning er fyrir sögð í spádóminum við boðun hins fyrsta engils um hina nálægu endurkomu Drottins í 14. kap. Opinberunarbokarinnar. Engill sést fljúga “um miðhimininn, og hélt hann á eilífum fagnað-arboðskap til að boða þeim sem á jörðinni búa og sér-hverri þjóð og kynkvísl og tungu og lýð”. “Með hárrí röddu” flutti hann boðskapinn: “Óttist Guð og gefið hon-um dýrð, því að kominn er stund dóms hans, og tilbiðjið hann, sem gert hefir himininn og jörðina og hafið og upp-sprettur vatnanna”.<sup>1</sup>

Það í sjálfu sér að sagt er að engill flytji þessa að-vörun er eftirtektavert. Með hreinleika, dýrð og krafti hins himneska sendiboða, hefir guðlegum vísdómi þókn-ast að upphefja eðli þess verks, sem vinnast átti með boð-skapnum, og þess máttar og þeirrar dýrðar, sem það átti að hafa í för með sér. Og flug engilsins “um miðhim-ininn”, hin “háa rödd”, sem flytur boðskapinn og sú til-kynning til allra “sem á jörðunni búa” — “sérhverrar þjóðar og kynkvíslar og lýðs” — alt þetta gefur til kynna hraðann og hina heimsvíðu útbreiðslu hreyfingarinnar.

Boðskapurinn sjálfur gefur það til kynna hvenær þessi hreifing muni eiga sér stað. Því er lýst yfir að það verði nokkur hluti “hins eilífa fagnaðarboðskapar” og . boðskapurinn tilkynnir byrjun dómsins. Fagnaðarboð-skapur endurlausnarinnar hefir verið fluttur um allar aldir, en þetta er sá hluti fagnaðarboðskaparins, sem ekki gat verið fluttur fyr en á síðustu dögum, því ekki fyr en þá gat það verið rétt að stund dómsins væri komin. Spá- dómarnir flytja hvern viðburðinn á fætur öðrum, sem eru inngangur að byrjun dómsins. Þessu er sérstaklega þann-ig varið að því er bók Daníels snertir; en þeim hluta spá-dóma sinna sem snertu hina síðustu daga var Daníel boðið að loka “og innsigla þangað til endirinn kemur”. Boðskapur um dómsdag gæti ekki verið fluttur oss fyr en sá tími kemur, með því að slíkur boðskapur yrði að byggjast á uppfylling spádómanna; en

[192]

<sup>1</sup>Opinb. 14 : 6, 7.

þegar endirinn kemur segir spámaðurinn að: “Margir munu rannsaka hana og þekkingin mun vaxa”.<sup>1</sup>

Páll postuli varaði kirkjuna við því að vonast eftir komu Krists á sínum dögum. “Látið engan villa yður á nokkurn hátt, því að ekki kemur hann nema fráhrifið komi fyrst og maður syndarinnar birtist”.<sup>2</sup> Það er ekki fyr en eftir hið mikla fráfall og eftir að “maður syndarinnar” hefir stjórnað lengi að vér getum vænst komu Krists. “Maður syndarinnar”, sem einnig er nefndur “leynardómur guðleysisins”, “sonur glötunarinnar” og “hinn glataði”, táknað páfavaldið, sem átti að halda völdum í 1260 ár, samkvæmt spádómunum. Þetta tímabil endaði árið 1798. Koma Krists gat ekki átt sér stað fyr en þá. Páll tekur með varúð sinni yfir hið kristna tímabil niður til ársins 1798. Það er eftir þann tíma, sem endur-koma Krists á að vera boðuð.

Enginn slíkur boðskapur hefir átt sér stað á liðnum öldum; Páll kendi hann ekki, eins og vér höfum tekið fram. Marteinn Lúter ákvað dómsdag hér um bil þrjú hundruð árum eftir sinn dag. En síðan 1798 hefir bók Daníels verið opnuð; þekking á spádómunum hefir vaxið og margir hafa kunngjört hinn hátíðlega boðskapur að dómsdagur sé í nánd.

Jafnframt hinni miklu siðabót sextánda aldar, birtist endurkomu hreyfingin í ýmsum kristnum löndum. Bæði í Evrópu og Ameríku voru bænærknir og trúaðir menn, sem leiddust til þess að lesa spádómanna og rekja hinar innblásnu frásagnir, og sáu þeir öll merki þess að hinir síðustu tímar væru nálægir. Í ýmsum löndum voru kristinfélög til og frá, sem í raun og veru komust að þeirri niðurstöðu við [193] lestur ritningarinnar að endurkoma lausn-ans væri í nánd.

Árið 1821, þremur árum eftir að Miller hafði komist að niðurstöðu með skýringu sína á spádómunum, þar sem bent var á dómsdag, var það að Dr. Joseph Wolff, “trú-boði heimsins”, byrjaði að lýsa því yfir að koma frelsar-ans væri nálæg.

Wolff trúði því að endurkoma Drottins væri nálæg, og var þýðing hans á spádómunum þannig að hann lagði mikla áherzlu á að þetta mundi ske innan fárra ára frá því sem Miller hafði til tekið. Þeim sem héldu því fram að samkvæmt ritningunni “vissi enginn maður daginn né stundina”, og að “menn eigi ekki að vita neitt um það

<sup>1</sup>Daníel 12 : 4.

<sup>2</sup>Þess. 2, 3.

hversu nærri endurkoman sé” svaraði Wolff á þessa leið: “Sagði Drottinn vor að um þann dag og þá stundu skyld-um vér aldrei vita ? Sagði hann oss ekki einmitt tímatákn til þess að vér skyldum að minsta kosti vita hvenær koma hans væri nálæg, alveg eins og maður veit að sumarið er í nánd er trén taka að skjóta frjóöngum? Matt. 24, 32. Er oss aldrei ætlað að vita um það tímabil, þrátt fyrir það þótt Drottinn sjálfur hvetji oss ekki einungis til þess að lesa spádóma Daníels, heldur einnig til þess að skilja þá?

Auk þess er það ekki ætlun Drottins að segja með þessu að nálæging þess tíma skuli menn ekki vita, heldur hitt að daginn og stundina muni enginn þekkja nákvæm-lega. Hann segir að nóg skuli menn vita með því að taka eftir táknum tímanna, til þess að undirbúa oss svo að vér getum veitt honum viðtöku, eins og Nói undirbjó örkina”.<sup>1</sup>

Um tuttugu og fjöggra ára skeið, milli 1821 og 1845 ferðaðist Wolff víða um lönd ; hann var í Afríku ; Egypta-landi og Abessíníu; í Asíu, þar á meðal í landinu helga, Syríu, Persíu, Bokhara og Indlandi .... hann ferðaðist meðal hinna viltustu þjóða án þess að hafa vernd frá nokkrum Evrópiskum yfirvöldum; varð hann á þeim ferð-um að þola alls konar erfiðleika og leggja sig í hinar mestu hættur. Hann var húðstrýktur, sveltur, seldur sem þræll og þrisvar sinnum dæmdur til dauða. Hann var ofsóttur af ræningjum, og stundum lá við að hann léti lífið af þorsta. Einu sinni var hann rændur öllu sem hann átti og varð að ferðast þannig hundruð mílna um fjöll og firnindi á móti hríð og hörku; gekk hann berfættur á freðinni jörð og snjó.

[194]

Þegar hann var varaður við að ferðast vopnlaus þar sem væru villumenn og óvinasveitir, svaraði hann og sagði: “Eg er vopnaður”, — bænin, áhugi fyrir málefni Krists og traust á hjálp hans eru vopn mín”. “Auk þess hefi eg ást á Guði og mönnum í hjarta mínu og biblíuna í hendinni”.<sup>1</sup> Hann hafði með sér biblíuna á ensku og hebresku hvar sem hann fór. Um eina af hinum síðari ferðum sínum fer hann þessum orðum: “Eg .... hafði biblíuna opna í hendinni; eg fann það að eg hlaut kraft frá þessari bók, og að afl hennar mundi veita mér sigur”.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Wolff, “Researches and Missionary Labors”, bls. 404. 105.

<sup>1</sup> Adams, W.H.D. “In Perils Oft”, bls. 192.

<sup>2</sup> Sama bók, bls. 201.

Þannig hélt hann stöðugt áfram störfum sínum, þang-að til boðskapurinn um dóminn var kominn um mikinn hluta hins byggða heims. Á meðal Gyðinga, Tyrkja, Persa, Hindúa og margra annara þjóða og kynkvísla boðaði hann orð Drottins á þeirra ýmsu málum og kunngjörði hvervetna híd komandi ríki Messíasar.

Þegar hann ferðaðist um Bokara komst hann að raun um að boðskapurinn um endurkomu Krists var einnig skilinn af þessari einstæðu og afskektu þjóð. “Arabar og Yemen”, segir hann, “eiga bók sem þeir kalla “Seera”. Í þessari bók er boðuð endurkoma Krists og hans dýrðlega ríkis, og býst þessi þjóð við því að stórkostlegir viðburð-ir muni eiga sér stað árið 1840”.<sup>3</sup> “Eg var sex daga í Yemen”, segir hann, “með börnum Rekabs. Þau drekka engin vín, gróðursetja engan vínvið, sá engu sæði og eiga heima í tjöldum; þau muna eftir hinum gamla góða Jonadab, syni Rekabs, og eg fann á meðal þeirra Ísraels-börn af kynþætti Dans .... sem vonast eftir því ásamt börnum Rekabs að Messías muni bráðlega birtast í skýjum himins”.<sup>4</sup>

[195] Samskonar trú fann annar trúboði meðal Tartara. Tartaraprestur  
 spurði trúboðann hvenær Kristur mundi koma í annað skifti. Þegar  
 [196] trúboðinn sagðist ekkert vita um það, virtist presturinn verða stein-  
 hissa á þeirri fá-vizku hjá manni, sem þættist vera ritningarfróður og  
 [197] biblíukennari; sagði hann sína eigin trú, er hann sagðist byggja á  
 spádómunum, og var hún sú að Kristur mundi birtast aftur um árið  
 1844.

Jafnvel eins snemma og 1826 hófst kenning á Eng-landi um Endurkomu Krists. Hreyfingin þar fékk ekki eins ákveðið form og hún hlaut í Vesturheimi. Alment var það ekki kent hvenær Kristur kæmi; það er að segja tíminn var ekki nákvæmlega ákveðinn; en hinn mikli sannleikur um það að Kristur kæmi bráðlega í allri sinni dýrð var víða boðaður með alvöru. Og þessi kenning ríkti ekki einungis meðal sértrúarmanna og þeirra, sem lausir voru við ríkiskirkjuna. Mourant Brock, enskur rithöf-undur segir að um sjö hundruð prestar úr ensku kirkj-urni hafi lagt það fyrir sig að prédika þennan “fagnaðar-boðskap um ríkið”. Bent var einnig á árið 1844, sem endurkomutíma Krists, meðal manna á Englandi. Bæklingar um endurkomuna, sem út voru gefnir í Banda-ríkjunum, voru sendir

<sup>3</sup>Journal of the Rev Joseph Wolff, bls. 377.

<sup>4</sup>Sama bók, bls. 289.

til Bretlands og þeim víða útbýti þar. Bækur og tímarit um þetta efni voru endurprentuð á Englandi og árið 1842 var það að Robert Winter, sem var enskur maður, en hafði kynst endurkomukenningun-um í Vesturheimi, for aftur heim til ættjarðar sinnar til þess að kunngjöra endurkomu Drottins. Margir gengu í lið með honum og boðskapurinn um dómsdag var fluttur um ýmsa parta Engalnds.

Á Þýzkalandi hafði þessi kenning verið flutt á átjándu öldinni af manni sem Bengel hét og var lútersk-ur prestur og frægur fyrir lærdóm sinn og dómgreind á ritum biblíunnar.

Rit Bengels hafa hlotið mikla útbreiðslu um allan hinn kristna heim; kenningar hans um spádómana voru svo að segja alment viðurkendar í hans eigin ríki Wurtemberg og talsvert einnig í öðrum hlutum Þýzkalands. Hreyfingin hélt áfram eftir dauða hans og var endurkomukenningin flutt í Þýzkalandi á sama tíma sem hún var boðuð annarsstaðar. Snemma var það að nokkrir af þeim sem endurkomunni trúðu fóru til Rússlands og stofnuðu þar nýlendur; er kenningin um endurkomu Krists enn þá flutt í þýzku kirkjunni þar í landi.

Ljosið skein einnig á Frakklandi og Svisslandi. Í Genf, þar sem Calvin og Farel höfðu boðað sannleika siðabótarinnar, útbreiddi [198] Gausen boðskapinn um endurkomuna.

Á Norðurlöndum var kenningin einnig boðuð og vakti hún bæði djúpa hreyfingu og yfirgripsmikla. Margir vöknuðu af svefni andvaraleysisins, játuðu syndir sínar og sneru til hreinna líferniss; þeir leituðu fyrirgefningar í nafni Krists. En prestarnir í ríkiskirkjunni risu upp á móti hreyfingunni, og fyrir áhrif þeirra var það að sumir þeirra sem boðskapinn fluttu voru teknir og þeim varpað í fangelsi. Víða þar sem flytjendur boðskaparins um endurkomu Krists voru þannig sviftir málfrelsi, þóknað-ist Drotni að gera þau kraftaverk að láta lítil börn flytja boðskapinn. Með því að þau voru innan lögaldurs, gátu lög landsins ekki dæmt þau til fangelsis og var þeim leyft að tala án hindrunar.

Hreyfingin var sterkust meðal hinna lægstu stétta þjóðfélagsins, og það var í hinum lítilmótlegu híbýlum verkamannanna, sem fólkið kom saman til þess að heyra kenningarnar. Börnin sjálf sem prédikuðu voru flest frá alþýðufólkinu. Sum þeirra voru ekki eldri en sex eða átta ára; en þó þau í líferni sínu sýndu það að þau elskuðu frelsara sinn og reyndu að lifa samkvæmt hinum heilögu boðum og

kröfum Guðs, þá voru þau samt að öðru leyti aðeins gædd venjulegum skilningi og skerpu barna á þeirra aldri. Þegar þau stóðu frammi fyrir fólkinu og töluðu, var það auðséð að þeim var stjórnað af æðra afli, sem þá veitti þeim aukinn styrk andlega. Málblær og tilburðir breyttust og með hátíðlegum krafti vöruðu þau tilheyrendur sína við komandi dómi og notuðu orð-rétt kenningar ritningarinnar: “Óttist Guð og gefið hon-um dýrðina, því komin er stund dóms hans”. Þessi börn átöldu fólkið fyrir syndir þess; fordæmdu þau ekki ein-ungis ósiðferði og lesti, heldur einnig veraldlegar hugs-anir og andvaraleysi og hvöttu tilheyrendur sína til þess að bæta sem fyrst ráð sitt til þess að umflýja reiði hins komandi dóms.

Fólkið hlustaði með ótta. Hinn sanníærandi kraftur heilags anda talaði í hjarta þess. Margir leiddust til þess að rannsaka ritninguna með nýjum og dýpri áhuga en áður; óráðvendnis-og óhófsmenn létu snúast til siðsam-legs líferniss; aðrir lögðu niður illa siði, og svo mikil áhrif hafði þessi hreyfing að jafnvel prestar ríkiskirkjunnar urðu nauðugir viljugir að viðurkenna að Guðs hönd hlyti að stjórna hreyfingunni.

[199]

[200]

[201]

[202]

## Siðabótin í vesturheimi

það varð hlutskifti William Millers og féлага hans að prédika aðvörunina um endurkomu Krists í Bandaríkjunum. Í því landi urðu miðstöðvar stórkostlegrar endurkomu hreyfingar; það var þar sem spádómurinn um boð-skap fyrsta engilsins uppfylltist á beinastan hátt.

Einlægur og hreinhjartaður bóndi, sem hafði leiðst til að efast um hinn guðlega uppruna ritningarinnar, en þráði það þó einlæglega að komast að raun um sannleikann, var sérstaklega útvalinn af Guði að ryðja braut boðskapnum um endurkomu Krists. Eins og margir aðrir siðabóta-menn hafði William Miller orðið að berjast við fátækt og skort; hafði hann því lært það sem mörgum hefir komið að góðu — þrautseigju og sjálfsafneitun.

Hann var líkamlega hraustur og það lýsti sér þegar í æsku að hann var gæddur meira en meðal andlegum hæfileikum; eftir því sem hann þroskaðist kom þetta enn þá glöggar í ljós; hugsunin var vakandi og þroskuð og hann hungraði og þyrsti eftir þekkingu. Þrátt fyrir það þótt hann nyti ekki æðri mentunar, var hann námfús; hugsaði nákvæmlega það sem hann las og hafði frábær-lega skýra dómgreind; varð hann því einkar víðsýnn maður og sjálfstæður í skoðunum. Siðferði hans var svo hreint að enginn hafði neitt út á lífern hans að setja og mannorð hans að öllu fullkomið; naut hann almenns álits fyrir hreinleika, sparsemi og góðgirni. Með sérstöku þreki og kappi betraði hann snemma efnahag sinn, en hélt þó áfram að bæta sjálfan sig með stöðugum lestri. Hann hafði á hendi ýms embætti, bæði í hernum 202 og í borgaralegu lífi, og fórust honum [203] þau öll vel. Allir vegir auðs og virðinga virtust standa honum opin.

Móðir hans var frábærlega guðhrædd kona og hafði hann vanist á guðrækni í æsku. Á yngri árum sínum hafði hann þó lent í félagi við efasemdarmenn, og höfðu þeir meiri áhrif á hann vegna þess að flestir þeirra voru heiðvirðir menn og fullir mannkærleika. Með því að þeir lifðu í því mannfélagi, þar sem kristilegar stofnanir voru fjölda margar, urðu þeir eðlilega fyrir áhrifum þessara stofnana. Það

manngili sem hafði unnið þeim álit áttu þeir að þakka biblíunni, og samt sem áður var þessum góðu dygðum svo misbeitt að þær urðu til þess að vinna á móti áhrifum Guðs orðs. Með því að umgangast þess í menn, félst Miller að nokkru leyti á skoðanir þeirra. Þýðing og skýring biblíunnar fanst honum þannig vaxin að henni fylgdu óyfirstíganlegir erfiðleikar. Samt sem áður var það þannig að þessi nýja trú hans bauð ekken betra þótt biblían samkvæmt henni væri einskisvirt; var hann því eigi ánægðari en áður. Samt sem áður hafði hann þessar skoðanir hér um bil í tólf ár; en þegar hann var þrájtíu og fjöggra ára kom heilagur andi yfir sál hans og vakti hjá honum meðvitundina um syndasekt hans. Í hinni fyrri trú sinni fann hann enga fullvissu um sæln hinum megin grafarinnar. Framtíðin var dimm og döpur.

Þannig var hann í nokkra mánuði: “Skyndilega birt-ist mínum innra manni eðli frelsarans glögglega og með miklum áhrifum”, sagði hann. “Mér virtist sem svo gæti verið að til væri sá sem væri algóður og svo hluttekning-arsamur að hann gæfi sjálfan sig til fórnar fyrir yfir-sjónir vorar og frelsaði oss þannig frá synd og hegningu. Eg fann það brátt hversu kærleiksrík slík vera væri og fanst mér sem eg gæti sjálfur kastað mér í faðm hennar og treyst miskunn hennar að öllu leyti. En þá reis upp spurning í huga mínum: Hvernig er mögulegt að sanna að slík vera sé til? Utan biblíunnar fann eg engar sann-anir fyrir tilveru slíks frelsara og jafnvel ekki fyrir tilveru eftir dauðann

[204]

“Eg sá það að biblían kendi einmitt þess konar frelsara sem eg þurfti. Og mér fanst það óskiljanlegt að óinn-blásin bók skyldi geta komið fram með kenningar einmitt um frelsara, sem nákvæmlega uppfylti þarfir heimsins sem var undir oki syndarinnar. Eg varð nauðugur viljug-ur að játa það að ritningin híyti að vera innblásin af Guði. Ritningin varð mér til fagnaðar og eg fann vin þar sem Jesús var. Frelsarinn varð mér öllu dýrmætari; og ritningin, sem áður var óglögg og ósamkvæm sjálfri sér, varð nú lampi minna fóta og ljós á mínum vegum. Hugur minn varð ákveðinn og rólegur. Nú fór eg aðallega að lesa biblíuna, og get eg með sannni sagt að eg leitaði í henni með öllum fögnuði. Eg fann það út að mér hafði aldrei verið kendur helmingur ritningarinnar. Eg undr-aðist það að eg skyldi ekki fyr hafa séð hátíðleik hennar og fegurð, og ekki undraðist eg það síður að mér skyldi nokkru sinni hafa verið mögulegt að hafna henni.



Eg fann í henni opinberað alt sem hjarta mitt þráði og lækn-ing allra minna andlegu meina; eg slepti aldrei löngun til þess að lesa nokkuð annað og beitti mínum innra manni til þess að öðlast vísdom frá Guði”.<sup>1</sup>

Miller játaði nú opinberlega trú á það sem hann hafði hafnað og fyrirlitið; en hinir trúlausu félagar hans voru ekki seinir á sér að koma fram með allar þær sannanir, sem hann sjálfur hafði notað á móti hinum guðlega upp-runna biblíunnar. Hann var þá ekki við því búinn að svara þeim; en hann hugsaði sem svo að ef biblían væri guðlega innblásin, þá hlyti hún að vera sjálfri sér samkvæm, og vegna þess að hún hafði verið gefin mönnunum til eftir-breytni, þá hlyti hún að vera þannig að þeir gætu skilið hana. Hann ákvað að lesa biblíuna rækilega með sjálfum sér og komast að raun um hvort ekki væri mögulegt að samþýða allar þær mótsagnir, sem þar virtust vera.

Hann reyndi nú að losa sig við allar fyrri ályktanir; hætta við allar orðabækur eða biblíuskýringar og bera sjálfur biblíuna saman við sjálfa sig með aðstoð spássíu-skýringanna og samhljóðunarinnar.

Hann stundaði þetta nám sitt með staðfestu og reglu-semi. Hann byrjaði á sköpunarsögunni og las vers eftir vers svo hægt og gætilega að hann væri viss um að skilja alt jafnótt fullkomlega. Þegar eitthvað kom fyrir sem honum fanst myrkt, var það regla hans að bera það saman við alt annað, sem að einhverju leyti virtist snerta það málefni, sem um var að ræða. Hvert einasta orð var látið hafa áhrif á efnið og ef skoðun hans var í samræmi við allar samhliða greinar, þá hurfu allir erfiðleikarnir. Þannig var það þegar hann rakst á kafla, sem var tor-skilinn, þá fann hann annan kafla í biblíunni, sem var hinum til skýringar. Með því hann las með einlægri bæn um guðlegan skilning, varð það nú glögt og auðskilið íyfir honum, sem honum fanst óskiljanlegt áður. Hann reyndi nú sannleikann í orðum sálmaskáldsins: “Útskýr-ing orðs þín upplýsir, gjörir fávísa vitra”.<sup>1</sup>

[205]

Með takmarkalausri gaumgæfni las hann bók Daníels og Opinberunarbókina, og notaði sömu aðferð til skiln-ings og skýringar og hann hafði gert við aðra parta biblí-unnar; fann hann það þá sér til djúprar gleði að hin lík-ingarfullu orð spámansins voru skiljanleg.

<sup>1</sup>S. Bliss, “Memories of Wm. Miller”, 65-C7.

<sup>1</sup>Sálm. 119 : 130.

Hann sá það að spádómarnir, sem þegar höfðu verið uppfyltir, höfðu komið fram bókstaflega: bæði líkingar, dæmisögur og orðatiltæki voru ýmist skýrð tafarlaust þar sem þau voru framsett, eða skýring þeirra kom fram á öðrum stað í ritningunni, og þegar það var þannig útskýrt, átti það æfinlega að skiljast bókstaflega. “Þannig var eg sannfærður um það”, sagði hann, “að biblían er kerfi af opinberuðum sannleika, sem svo er greinilega og einfald-lega framsettur að jafnvel hinn villuráfandi, þótt skiln-inglaus sé, þarf ekki að villast á honum”.<sup>2</sup> Með mikilli staðfestu fann hann hlekk eftir hlekk í keðju sann-leikans, þegar hann gekk rim eftir rim upp stiga hinna miklu spádóma. Himneskir englar leiðbeindu hugsunum hans og opnuðu skilning hans á ritningunum.

Miller fann hina bókstaflegu, persónulegu endurkomu Krists greinilega kenda í ritningunum. Páll postuli segir: “Því að sjálfur Drottinn mun með kalli, með höfuðengils raust og með básúnu Guðs stíga niður af himni og þeir sem í Kristi eru dánir munu fyrst upprísa”.<sup>3</sup> Og frelsar-inn segir: “Og þær munu sjá manns-soninn komandi á skýjum himinsins með mætti og mikilli dýrð”. “Því að eins og eldingin gengur út frá austri og sést alt til vest-urs, þannig mun verða tilkoma manns-sonarins.” “Og hann mun senda út engla sína með hljómsterkum lúðri, og þeir munu safna saman hans út-völdum”.<sup>4</sup>

[206]

Þegar Kristur kemur munu hinir framliðnu, sem réttlátir voru rísa upp og hinir lifandi sem réttlátir eru munu ummyndast. Páll segir: “Sjá eg segi yður leynd-ardóm; Vér munum ekki allir sofna, en allir munum vér umbreytast. Í einni svipan, á einu augabragði, við hinn síðasta lúður; því að lúðurinn mun gjalla og hinir dauðu munu upprísa óförgengilegir og vér munum umbreytast; því að þetta hið förgengilega á að íklæðast óförgengileik-anum, og þetta hið dauðlega á að íklæðast ódauðleikan-um”.<sup>1</sup> Og í bréfi sínu til Þessaloníkumanna segir hann, eftir að hann hefir lýst endurkomu Drottins: “Því að sjálfur Drottinn mun með kalli, með höfuðengils-raust og með básúnu Guðs stíga niður af himni, og þeir sem dánir eru í trú á Krist munu fyrst upprísa; síðar munum vér sem lif-um,

<sup>2</sup>Bliss. “Memories of Win. Miller”, bls. 70.

<sup>3</sup>1. Þess. 4 : 16

<sup>4</sup>Matt. 24 : 30, 27, 31.

<sup>1</sup>1. Kor. 15 : 51-53.

sem eftir erum, verða ásamt þeim hrifnir burt í skýj-um til fundar við Drottinn í loftinu, og síðar munum vér vera með Drotni alla tíma”.<sup>2</sup>

Lýður Drottins getur ekki hlotið ríki hans fyr en Kristur birtist í eigin persónu; frelsarinn sagði: “En er manns-sonurinn kemur í dýrð sinni og allir englarnir með honum, þá mun hann sitja í háseti dýrðar sinnar, og allar þjóðirnar munu safnast saman frammi fyrir honum og hann mun skilja þá hverja frá öðrum, eins og hirðirinn skilur sauðina frá höfrunum; og hann mun skipa sauðun-um sér til hægri handar og höfrunum sér til vinstri handar. Þá mun konungurinn segja við þá til hægri handar: Komið þér hinir blessuðu föður míns og takið að erfð rík-ið, sem yður var fyrirbúið frá grundvöllun heims”.<sup>3</sup>

Vér höfum séð það í þeim ritningargreinum, sem hér er vitnað í, að þegar mannsins sonur kemur þá eru hinir dauðu risnir upp óförgengilegir og hinir lifandi ummynd-aðir. Með þessari miklu breytingu verða þeir undir það búnir að meðtaka ríki Drottins; því Páll segir: “En það segi eg bræður, að hold og blóð getur eigi erft guðsríki; eigi erfir heldur hið förgengilega óförgengileikann”. (I. Kor. 15, 50). Maðurinn, eins og hann er nú, er förgengi-legur, en guðsríki mun verða óförgengilegt og ævarandi. Þess vegna getur maðurinn ekki komist í guðsríki eins og hann nú er; en þegar Jesús kemur, veitir hann fólki sínu ódauðleikann og síðar kallar hann þá til að erfa það ríki, sem þeir hafa aðeins verið erfingjar að.

[207]

Spádómarnir sem allra greinilegast virðast segja fyrir endurkomu Krists eru í bók Daníels 8. kap. og 14. v., og hljóða þannig: “Og hann sagði við hann: Tvö þúsund og þrjú hundruð kveld og morgnar, og þá mun helgidóm-urinn hreinsaður verða”. (Ensk þýðing).

Miller fylgdi þeirri reglu að láta biblíuna ávalt skýra sig sjálfa og með því lærði hann að dagur í henni táknað í líkingarfullum spádómum, eitt ár; hann sá að 2300 spá-dómsdagar eða bókstafleg ár hlytu að ná lengra en til sáttmálans við Gyðinga og þess vegna gátu þau ekki átt við helgidóm þess sáttmála. Miller fylgdi þeirri almennu skoðun að á dögum kristinnar sé jörðin helgidómurinn; skildi hann það því þannig að hreinsun helgidómsins, sem spáð er um í Daníel 8, 14, þýddi hreinsun jarðarinnar með eldi þegar Kristur kæmi í annað sinn. Ef hægt væri því að finna byrjunina á hinum

<sup>2</sup>1. Þess. 4 : 16, 17.

<sup>3</sup>Matt. 25 : 31-34.

2300 dögum, þá ályktaði hann að hægt væri að reikna út endurkomu Krists. Þannig mætti segja fyrir tíma hinnar miklu eyðileggingar; tím-ann þegar þessi heimur með allri sinni dýrð og skrauti og afli, hégóma og glaumi, spillingu og undirokun skyldi líða undir lok; bölvunin yrði numin af jörðinni, dauð-inn deyddur, verðlaun veitt þjónum Drottins, spámönnum og helgum mönnum og þeim sem óttast nafn hans, og þeir skyldu tortímast, sem jörðina eyða.<sup>1</sup>

Miller helt áfram að rannsaka spádómana með enn þa dýpri alvöru; varði hann heium nóttum og dögum til þess að rannsaka það, sem hann hafði áður talið lítils virði, en sá nú að var afar þýðingarmikið. Í áttunda kapítula Daníelsbókar gat hann engin merki fundið til þess, hvenær þessir 2300 dagar byrjuðu. Þótt Gabriel engill segði Daníel að hann ætti að skilja það sem hann sá, hafði hann samt ekki skýrt sýnina fyrir honum nema að nokkru leyti. Þegar spámaðurinn sá hina hræðilegu ofsókn, sem kirkjan átti að verða fyrir, þá örmagnaðist hann. Hann þoldi þá ekki meira, og engillinn yfirgaf hann um tíma; Daníel leið í ómeginn og var veikur um hríð: “En eg Daníel varð sjúkur um hríð, því næst komst eg á fætur og þjónaði erindum konungs; og eg var mjög undrandi yfir sýn þessari, en skildi hana ekki. Og eg heyrði mannrödd milli Úlaíbakka, sem kallaði og sagði: Gabriel, útskýr þú sýnina fyrir þessum manni”.<sup>1</sup>

Samt hefir Guð gefið sendiboða sínum þessi fyrir-mæli: “Útskýr þú sýnina fyrir þessum manni”. Sú skipun verður að uppfyllast. Til þess að hlýða skipaninni kom engillinn eftir nokkurn tíma til Daníels aftur og mælti: “Daníel, nú er eg út genginn, til þess að veita þér glöggan skilning”; “tak því eftir orðinu og gef gætur að vitran-inni”.<sup>2</sup> Eitt mikilsvert atriði var í sýninni í áttunda kapítulanum, sem ekki hafði verið skýrt. Það var atriðið um tímarn, — 2300 daga tímabilið. Þess vegna er það, að þegar engillinn fer að skýra málefnið, leggur hann mesta áherzlu á tímarn:

“Sjötíu sjöundir eru ákveðnar lýð þínum og þinni heilögu borg Vit því og hygg að: frá því, er orðið um endurreisn Jerúsalem út gekk, til hins smurða höfð-ingja, eru sjö sjöundir, og í sextíu og tvær sjöundir skulu torg hennar og stræti endurreist verða, þó að þrengingar-tímar séu. Og eftir þær sextíu og tvær sjöundir mun hinn

<sup>1</sup>Bliss, “Memories of Wm. Miller”, bls. 76.

<sup>1</sup>Dan. 8 : 27, 16.

<sup>2</sup>Dan. 9 : 22, 23, 25-27.

smurði afmáður verða, án þess að hann hafi nokkuð til saka unnið”. “Hann mun gjöra fastan sáttmála við marga á einni sjöundinni, en að hálfnaðri sjöundinni mun hann aftaka slátursfórnina og matfórnina”. (pýðing frá 1866, og er það í samræmi við ensku biblíupýðinguna).<sup>2</sup>

Engillinn hafði verið sendur til Daníels í þeim ákveðnu erindum að skýra fyrir honum það, sem hann hafði ekki skilið í sýninni í áttunda kapítulanum; það er orðin viðvirkjandi tímanum: “Tvö þúsund og þrjú hundr-uð kveld og morgnar, og þá mun helgidómurinn aftur verða kominn í samt lag”. Eftir að engillinn hafði boðið Daníel að “taka eftir orðinu og gefa gætur að vitraninni”, eru fyrstu orð hans þessi: “Sjötíu sjöundir eru ákveðnar lýð þínum og þinni heilögu borg”. Orðið, sem hér er lagt út “ákveðið”, þýðir bókstaflega “afmarkað”. Sjötíu vik-ur, sem tákna 490 ár, eiga samkvæmt orðum engilsins að afmarkast, að því er sérstaklega snertir Gyðingapjóðina En frá hverju voru þau afmörkuð? Með því að 2300 dagarnir voru eina tímabilið, sem á er minst í áttunda kapítulanum, þá hlýtur það að vera tímabilið, sem sjötíu vikurnar áttu að afmarkast af. Sjötíu vikurnar hljóta því að vera nokkur hluti af hinum 2300 dögum, og bæði tímabilin hljóta að byrja samtímis. Engillinn lýsti því greinilega yfir að hinar sjötíu vikur byrji á þeim tíma, þegar boðorðið um endurreisn Jerúsalemsborgar út gekk. Væri mögulegt að finna hvenær það boð var gefið, þá mætti reikna út byrjun hins mikla 2300 daga tímabils.

[209]

Í sjöunda kapítula Ezrabókar má finna þessa ákvörð-un.<sup>1</sup> Í fullkonnustu útgáfu er hún gefin af Artaxerxes Persakonungi, 457 f. Kr. En í 6. kapítula og 14. versu Ezrabókar er sagt að hús Drottins hafi verið by.gt í Jerusalem, “samkvæmt boði Cyrusar og Dariusar og Artaxerxes Persakonungs”. Þessir þrír konungar gáfu tilskip-uninni fullkomleik þann er hún þurfti samkvæmt spádóm-inum, til þess að takmarka byrjun 2300 ára tímabilsins, eftir að þeir höfðu byrjað, endurtekið og fullkomnað skipunina. Ef árið 457 f. Kr. er talið, sem sá tími, þegar tilskipanin var fullkomnuð og þess vegna sem ártal boð-orðsins, þá sést það að öll atriði, sem til voru tekin í spá-dóminum viðvirkjandi hinum sjötíu vikum, hafa verið uppfyllt.

<sup>2</sup>Dan. 9 : 22, 23, 25-27.

<sup>1</sup>Ezra 7 : 12-26.

“Frá þeim tíma er skipunin um uppbygging Jerú-samelsborgar gekk út og alt til hins smurða eru sjö vikur, og þrennar tuttugu og þrjár vikur” (ensk þýðing)—nefni-lega sextíu og níu vikur, eða 483 ár. Tilskipan Artaxerxes gekk í gildi um haustið 457 f. Kr. Frá þeim tíma liðu 483 ár til haustsins 27 e. Kr, og þá var þessi spádómur uppfylltur. Orðið “Messias” þýðir “hinn smurði”. Haustið 27. e. Kr. var Kristur skírður af Jóhannesi og meðtók hann þá smurningu heilags anda. Pétur postuli vitnar um að: “Guð smurði hann heilögum anda og krafti”. Og frelsar-inn sjálfur sagði: “Andi drottins er yfir mér, vegna þess að hann smurði mig til að flytja fátækum gleðilegan boð-skap”.<sup>2</sup> Eftir skírnina fór hann til Galíeu, “prédikaði fagnaðarboðskapinn um guðs ríki og sagði”, “tíminn er fullnaður”.<sup>3</sup>

“Hann mun gjöra fastan sáttmála við marga á einni sjöundinni”. “Vikan”, sem hér er talað um, er hin síðasta af hinum sjötíu. Það eru seinustu sjö árin, sem sérstaklega voru ákveðin Gyðingabjódinni. [210] Á þessum tíma, sem nær frá 27 árum eftir Krist til 34 árum eftir Krist, var gleðiboðskapurinn sérstaklega boðaður Gyðing-um, fyrst af Kristi sjálfum og síðar fyrir munn lærisveina hans. Þegar postularnir fóru af stað til þess að flytja gleðiboðskapinn, lagði Jesús þeim ráð á þessa leið: “Leggið eigi leið yðar til heiðingja og gangið eigi inn í nokkra borg Samverja; en farið heldur til hinna týndu sauða af húsi Ísraels”.<sup>1</sup>

“En að hálfnaðri sjöundinni mun hann afnema slát-ursfórnina og matarfórnina”. Árið 31 eftir Krist, eða hálfu þriðja ári eftir skírnina, var frelsari vor krossfestur. Með hinni miklu fórn á krossinum, endaði tímabil hinna miklu fórna, sem í fjögur þúsund ár höfðu verið tákn Guðs Lambs. Hið frumlega var komið í stað táknins og allar fórnfæringarnar og offrin, er um hönd voru höfð sem tákn, áttu þá að hætta.

Hinar sjötíu vikur, eða 490 ár, sem sérstaklega voru veitt Gyðingabjódinni, enduðu árið 34 eftir Krist, eins og vér höfum séð. Þá innsiglaði þjóðin þá ákvörðun sína, að hrynda frá sér náðarboðskapnum með því að lífláta Stefán píslarvott og ofsækja fylgjendur Krists; þetta var framkvæmt af dómstóli Gyðinganna. Þá var boðskapur sáluhjálparinnar fluttur öllum heimi og ekki takmarkað-ur einung-

<sup>2</sup>Lúk. 4 : 18.

<sup>3</sup>Mark. 1 : 14, 15..

<sup>1</sup>Matt. 10 : 5, 6.

is við hina útvöldu þjóð. Lærisveinarnir voru neyddir til þess að flýja frá Jerúsalem vegna ofsókna. “En þeir, sem nú tvístraðir voru, fóru víðsvegar og boð-uðu orð fagnaðarerindisins”. “En Filippus fór norður til borgarinnar í Samaría og prédikaði þeim Krist”. Pétur, sem leiddur var af hendi Guðs, flutti hundraðshöfðingj-anum í Sesareu, hinum guðhrædda Kornelíusi, fagnaðar-boðskapinn, og Páll postuli með eldmóði sínum, sem snúist hafði til kristinnar trúar, var til þess útvalinn að flytja gleðiboðskapinn “til heiðingja, langt í burtu”.<sup>2</sup>

Fram að þessu hefir hvert eitt og einasta atriði spá-dómanna komið fram óskeikullega, og byrjun hinna sjötíu vikna er ákveðin án nokkurs efa árið 457 fyrir Krist og endir þeirra 34 eftir Krist. Með því að miða við þessi ártöl er það hægðarleikur að finna hvenær hinir 2300 dagar enda. Hinar sjötíu vikur—490 dagar—má draga frá hinum 2300 dögum; eru þá eftir 1810 dagar. Eftir að hinir 490 dagar voru liðnir, áttu enn þá að uppfyllast 1810 dagar. Frá árinu 34 eru 1810 ár til ársins 1844. Þess vegna er það að hinir 2300 dagar, sem getið er um í spádómsbók Daníels 8, 14., enda árið 1844. Við endi þessa mikla spádómstímabils, samkvæmt vitnisburði engils Drottins “á helgidómurinn að komast í samt lag”. Þannig var það að hreinsun helgidómsins, sem nálega alment var talið að mundi verða við endurkomu Krists, hefir verið greinilega til tekin.

[211]

[212]

[213]

Þegar Miller hafði byrjað að lesa biblíuna á þann hátt sem hann gerði það, til þess að sanna að hún væri opinberun frá Guði, hafði honum alls ekki komið til hug-ar að hann mundi komast að þeirri niðurstöðu, sem raun varð á. Sjálfur gat hann tæplega trúað sinni eigin upp-götvun. En sönnun ritningarinnar var skýrari en svo að fram hjá henni yrði gengið.

Og til þess nú að kunngjöra það öðrum, sem hann fann að greinilega var kent í heilagri ritningu, fann hann hjá sér ómótstæðilega skylduþrá. “Þegar eg var að vinna störf mín”, sagði hann, “hljómuðu þessi orð stöðugt í eyr-um mínum: ‘Far þú og boðaðu heiminum hættu þá, sem hann er í’”. Þetta prédikunarefni kom stöðugt upp í huga mínum: “Þegar eg segi við hinn óguðlega, þú hinn óguð-legi skalt deyja! og þú segir ekkert til þess að vara hinn óguðlega við breytni hans, þá skal að vísu hinn óguðlegi deyja fyrir misgjörð sína; en blóðs hans vil eg krefjast af þinni hendi. En hafir þú varað hinn

<sup>2</sup>Postulas. 8 : 4, 5; 22 : 21.

óguðlega við breytni hans, að hann skuli láta af henni, en hann lætur samt ekki af breytni sinni, þá skal hann deyja fyrir misgjörð sína, en þú hefir frelsað líf þitt”.<sup>1</sup> Mér fanst að ef hinir óguðlegu væru vel aðvaraðir, þá mætti svo fara að fjöldi þeirra iðraðist, og að væru þeir ekki aðvaraðir, þá yrði blóðs þeirra krafist af minni hendi”.<sup>2</sup>

Nú byrjaði hann að skýra frá skoðunum sínum í sam-tali sínu við menn þegar tækifæri gafst; það hann Guð að láta áhrif orðsins vinna þannig á huga einhvers pré-dikara að hann fyndi kraft þess og hvöt hjá sér til þess að boða það. En hann gat ekki hrundið frá sér þeirri hugsun að það væri skylda sjálfs hans að aðvara menn. [214] Orðin endurhljómuðu stöðugt í huga hans: “Far þú og kunngerðu heiminum það; blóðs þeirra verður krafist af J?inni hendi”. Níu ár liðu; byrðin hvíldi enn þá sem farg á sálu hans, þangað til árið 1831 að harm skýrði í fyrsta sinni opinberlega frá ástæðum fyrir trú sinni.

Eins og Elisa var kallaður frá verki sínu, þar sem hann var með uxa sína á akrinum, til þess að taka við vígslukápunni og hefja spámannsstarf sitt, þannig var einnig William Miller kallaður frá plóginum til þess að opinbera fólkinu leyndardóma guðsríkis. Með hálfum huga hóf hann starf sitt og leiddi áheyrendur sína fet eftir fet í gegn um spámannstímabilin til endurkomu Krists. Við hverja tilraun óx honum kraftur og hugrekki, þegar hann sá hinn mikla og útbreidda áhuga fyrir því starfi, sem hann hafði með höndum og því orði sem hann kendi.

Það var aðeins samkvæmt beiðni bræðra hans, að hann tók að prédika skoðanir sínar opinberlega; í orðum bræðra sinna heyrði hann Guðs rödd. Hann var nú fimtugur að aldri, óvanur opinberum ræðuhöldum og með glöggri meðvitund um það hversu fjarri væri því að hann væri til þessa starfs hæfur, sem fyrir honum lá. En frá byrjun var starf hans blessað ríkulega og ósegjanlega með frelsun sálna. Eftir fyrstu ræðu hans varð afarsterk trúarvakning, sem sneri heilum þrettán fjölskyldum að undanteknum tveimur einstaklingum. Tafarlaust var skorað á hann að tala á öðrum stöðum og svo að segja alstaðar urðu áhrifin hin sömu; áhugi manna vaknaði fyrir útbreiðslu guðsríkis. Syndarar sneru frá villu síns vegar, kristnir menn fylltust dýpri eldmóði og guðsdýrkun og efasemdarmenn og

<sup>1</sup>Esek. 33 : 8, 9.

<sup>2</sup>Bliss, “Memoirs of Wm. Miller”, 92. bls.



guðleysingjar leiddust til þekking-ar sannleikans á gildi biblíunnar og kristinnar trúar. Vitnisburður þeirra sem hann starfaði á meðal var þannig: “Hann kemst inn að hugsun þess flokks mann-félagsins, sem aðrir menn ná ekki”.<sup>1</sup> Prédikanir hans voru til þess ætlaðar að vekja hugsun fólksins til dýpri meðvitundar á hinum miklu atriðum trúarinnar og hnekkja hinu vaxandi gjálífi og veraldlegum lifnaði þeirrar aldar.

Nálega í hverjum bæ voru tugir manna, og sumstað-ar hundruð, sem snúist höfðu til lífernibetrunar af pré- dikunum hans. Víða voru honum heimilaðar mótmæl-endakirkjur svo að segja af öllum trúarflokkum, og fékk hann oft boð um það að koma frá prestum hinna ýmsu safnaða í senn. Hann setti sér þá ófrávíkjanlegu reglu að starfa aldrei þar, sem hann hafði ekki verið beðinn að koma, og samt leið ekki á löngu áður en honum var ómögu-legt að sinna helmingi þeirra boða, sem hann fékk.

[215]

Margir voru þeir sem ekki féllust á kenningar hans að því er hinn nákvæma endurkomu tíma snerti, en fundu samt til þeirrar þarf-ar, sem þeir höfðu á nærveru Krists og undirbúningi undir hana. Í sumum stórum borgum vakti starf hans afarmikla eftirtekt og áhrif. Áfengis-salar hættu iðn sinni og breyttu vínsölum sínum í samkomusali; spilahús hættu að starfa; trúleysingjar, efa-samdarmenn, algyðistrúarmenn og jafnvel hinir vonlaus-ustu guðsafneitendur snerust til siðbóta, og það sumir menn sem ekki höfðu komið í guðshús svo árum skifti. Bænasamkomur voru stofnaðar innan hinna ýmsu safnaða á ýmsum stöðum og svo að segja á öllum tímum, og komu verzlunarmenn saman um miðja daga til lofgjörðar og bænahalds. Enginn trúarofsi var þessu samfara, held-ur svo að segja almennur helgi-og hátíðablær á öllum og öllu. Verk hans var eins og hinna fyrstu boðenda fagnað-arerindisins að því leyti að það vakti fremur hugsun manna og skilning og samvizku, en að það æsti og vakti óstjórnlegar tilfinningar.

Árið 1833, tveimur árum eftir að Miller byrjaði að kenna opinberlega boðskapinn um endurkomu Krists, birtist hið síðasta tákni sem heitið var af frelsaranum sjálfum, sem merki um endurkomu hans. Jesús sagði: “Og stjórnurnar munu hrapa af himni”.<sup>1</sup> Og Jó-

<sup>1</sup>Bliss, “Memoire of Wm. Miller”, bls, 138.

<sup>1</sup>Matt. 24 : 29.

[216]

hannes segir í Opinberunarbókinni, þegar hann leit það í sýninni, sem boða skyldi dag Drottins: “Og stjörnur himinsins hröpuðu niður á jörðina eins og fíkjutré, skekið af storm-vindi fellir vetraraldin sín”.<sup>2</sup> Þessi spádómur uppfyltist á greinilegan og ómótmælanlegan hátt í stjörnuregninu 13. nóvember 1833. Þá urðu hin mestu og ótrúlegustu stjörnuhröp, sem nokkur saga skýrir frá: “Öll festingin í öllum Bandaríkjunum var þá svo klukkustundum skifti eins og ölduprungið eldhaf! Ekkert frábrigði hefir nokkru sinni skeð í þessu landi síðan það fyrst byggðist, sem eins mikið var dáðst að af einum flokki mannfélags-ins, en horft á með eins miklum kvíða og skelfingu af öðrum”. “Hátíðleikur þessa viðburðar og hin gagntak-andi fegurð er mörgum enn í fersku minni. ... Aldrei hafa fallið þéttar regndropar en loftsteinar féllu þá til jarðar, í austur, vestur, norður og suður voru sömu stór-merkin. Í stuttu máli leit svo út sem allur himininn væri í hreyfingu. ... Þessi viðburður, eins og honum er lýst í riti professors Sillimans, sást um alla Norður-Ameríku. .... Frá því klukkan tvö og þangað til albjart var orðið var himininn alheiður og skýlaus, en stöðugt ljósaleiftur lék með ósegjanlegri fegurð og hraða um alla himinhvelf-inguna.”<sup>1</sup>

“Engin orð geta með neinni nákvæmni lýst þeirri fegurð og dýrð, sem einkendi þessa miklu sýn — enginn sem ekki sá með eigin augum getur ímyndað sér eða haft nokkra hugmynd um þá fegurð. Það var engu líkara en að allar stjörnur himinsins hefðu safnast saman á einn stað rétt uppi yfir höfði manns og sendu allar í einu út frá sér ljósörvar með óreiknanlegum hraða og óútmálan-legri fegurð til allra parta himinhvolfsins — og þó væri altaf nóg eftir; þúsundir stjarna virtust hrapa niður og altaf virtust aðrar þúsundir vera fyrir til þess að hrapa á eftir, rétt eins og þær hefðu verið skapaðar fyrir þessa sýningu”.<sup>2</sup> “Trúrri mynd af hinu aldna fíkjutré, sem kast-ar frá sér fíkjum sínum þegar það svignar fyrir vindi, hefði ekki verið mögulegt að hugsa sér”.<sup>3</sup>

Þannig komu fram síðustu tákni endurkomu Krists, sem hann hafði sagt lærisveinum sínum frá: “þannig skuluð þér og vita að

<sup>2</sup>Opinb. 6 : 13.

<sup>1</sup>Devens, R.M., “American Progress; eða The Great Events of the Greatest Century”, 28. kap., 1-5 bindi

<sup>2</sup>F. Reed, in the Christian Advocate and Journal, 13. des. 1833.

<sup>3</sup>“The Old Countryman”, in Portland ev. Advertiser, 26. nóv. 1833.

þegar þér sjáið alt þetta, þá er hann í nánd, fyrir dyrum”.<sup>4</sup> Á eftir þessum táknum sá Johannes, sem hina stærstu viðburði er verða ættu, himininn sviftast burt eins og bókfell, jörðina skjálfa og hvert fjall og hverja ey færast úr stað, og hina óguðlegu leitast við að flýja burt frá augliti Guðs.<sup>5</sup>

Margir sem horfðu á stjörnuhrapið skoðuðu það sem teikn um komu dómsdags. “Skelfingar virkileik, vissan fyrirboða, teikn miskunnar um hinn ægilega og mikla dag”.<sup>1</sup> Þannig var athygli fólksins beint að uppfylling spádómanna; og margir snerust og gáfu gaum aðvörun-um þeim, sem birtust um endurkomuna.

[217]

Miller vann ekki að störfum sínum hindrunarlaust; hann átti biturri mótstöðu að sæta. Það var með hann eins og hina fyrri siðabótamenn, að sannleika þeim er hann boðaði voru veittar árásir af trúarbragðakennurun-um. Sökum þess að þeir gátu ekki sannað kenningar sínar með ritningunni, urðu þeir að grípa til mannasetninga og kenninga feðranna; en Guðs orð óbreytt var það eina sem kennendur endurkomunnar tóku gilt. “Vér förum eftir ritningunni og ritningunni einni” var orðtak þeirra. Þegar andstæðingar þeirra gátu ekki varið mál sitt með ritningunni, gripu þeir til þeirra ráða að beita háði og aðhlátri. Hvorki tími, fé né gáfur voru spöruð til þess að óvirða þá, sem ekkert annað höfðu til saka unnið en það að líta með fögnuði til þess tíma er Drottinn þeirra birtist aftur og að leitast við að lifa hreinu líferni og hvetja aðra til þess að búa sig undir komu Krists.

Illræðismennirnir reyndu ekki einungis að vinna á móti áhrifum endurkomu boðskaparins, heldur einnig reyndu þeir að ráða þann af dögum sjálfan, er boðskap-inn flutti.

Miller kendi ritninguna og sýndi þeim er til hans heyrðu hvernig kenningar hennar ættu að vera fluttar inn í daglegt líferni; þessar kenningar gagntóku hjörtu þeirra sem trúðu, en vöktu gremju og mótstöðu hjá hin-um, sökum þess að ráðist var á eigingirni þeirra og óhreint líferni: þeir voru hjartanlega ánægðir með sjálfa sig og reiddust öllum aðfinningum; Miller talaði hreint og beint og særðu orð hans eigi sjaldan, þá er honum voru and-stæðir. Mótstaða þeirra sem kirkjunni tilheyrðu kom hinum lægra flokki mannfélagsins til

<sup>4</sup>Matt. 24 : 33.

<sup>5</sup>Opinb. 6 : 12-17.

<sup>1</sup>Opinb. 6 : 12-17.

[218] Þess að grípa til ósæmilegra ráða, og sórust óvinir Millers í félag til þess að taka hann af lífi, er hann fór frá guðsþjónustu. En heilagir englar voru á verði, og einn þeirra í mannlíki tók í handlegg þessum þjóni Drottins og leiddi hann í gegn um hættuna frá hinum æsta skríl. Verki hans var enn ekki lokið og Djöfullinn og útsendarar hans urðu fyrir vonbrigðum í áformum sínum.

Öld eftir öld hafði Guð boðað heiminum aðvaranir með þjónum sínum; en þeim hafði öllum verið tekið með vantrú og andvaraleysi. Þegar óguðleiki þeirra, sem fyrir syndaflóðið lifðu kom Drottni til þess að láta þá farast, lét hann þeim fyrst kunnar fyrirætlanir sínar, til þess að þeim gæfist færi á að bæta ráð sitt og snúa frá villu vega sinna. Um hundrað og tuttugu ár var þeim boðið að iðrast, til þess að reiði Guðs skyldi ekki falla á þá og þeir verða eyðilagðir. En þessi boðskapur hljóm-aði í eyrum þeirra sem hégómi og þeir trúðu ekki, þeir voru forhertir í illverkum sínum og gerðu gys að sendi-boða Drottins; töldu orð hans einskis virði og ásökuðu hann jafnvel um yfirsýn og hroka. “Hvernig dirfist einn maður að setja sig upp á móti öllum stormennum jarðarinnar?” sögðu þeir. Ef boðskapur Nóa var sannur, hvers vegna sá þá ekki allur heimurinn það og trúði honum ? Hvaða gildi hefir staðhæfing eins einasta manns á móti skynsemi allra þeirra þúsunda, sem öðru halda fram? Á dögum Nóa trúðu menn ekki aðvörunum hans og leituðu sér ekki hælís í örkinni.

Þeir sem gys gerðu að Nóa bentu á náttúrulögin; þeir bentu á árstíðirnar, sem fylgdu hver annari í réttri röð; þeir bentu á hinn heiða himinn, sem aldrei hafði opnast til þess að steypa niður þvílíku regni, sem spáð var um. Þeir bentu á hina grænu haga, endurnærða af döggr næturinnar, og þeir sögðu: “Talar hann ekki í dæmisögum?” Í fyrirlitningarskygni lýstu þeir því yfir að prédikari réttlætisins væri æstur ofstækistrúarmaður, og þeir héldu áfram í sínum veraldlegu nautnum, enn þá ákafari en áður; enn þá siðspiltari en fyr. En trúleysi þeirra hindraði ekki það sem um var spáð. Guð sýndi þeim hið mesta langlundargeð, þrátt fyrir þeirra spilta lífernir og veitti þeim nægilegan tíma og tækifæri til þess að iðrast og bæta ráð sitt; en þegar hinn ákvarðaði tími kom féll dómur hans yfir þá, sem hafnað höfðu miskunn-semi hans.

[219] Kristur segir að samskonar trúleysi muni eiga sér stað í sambandi við endurkomu hans. Eins og menn á dögum Nóa “vissu eigi af fyr en flóðið kom og hreif þá alla burt, — þannig mun verða koma mannsins

sonar”.<sup>1</sup> Þegar þeir sem þykjast vera Guðs útvalið fólk sameinast þeim, sem veraldlega eru sinnaðir, lifa lífi þeirra og taka höndum saman við þá í fyrirboðnum skemtunum; þegar sællífi veraldarinnar er flutt inn í sjálfa kirkjuna; þegar hjúskapar klukkurnar gjalla og allir vænta margra ára veraldlegs sællífis — þá munu enda skyndilega allar þeirra fölsku missýnir, eins og þegar elding slær niður af himni.

Eins og Drottinn sendi þjón sinn til þess að vara við hinu komandi flóði, þannig sendi hann útvalda þjóna sína til þess að kunngjóra nálægð hins síðasta dóms. Og eins og samtíðarmenn Nóa hlógu að spádómum prédikarans, er hann flutti boðskap réttlætisins, þannig voru þeir margir á dögum Millers, jafnvel meðal þeirra sem Guði þóttust fylgja, sem gerðu gys að viðvörunarorðum hans.

Og hvernig stóð á því að kenningar og prédikanir Krists um endurkomu hans voru eins óvelkomnar innan kirkjunnar og raun varð á? Þar sem endurkoma Drott-ins flytur dóm og dauða þeim er illu lífi hafa lifað, flyt-ur hún þeim von og fögnuð sem réttilega hafa breytt; þessi gleðiboðskapur hefir verið hughreysting allra Guðs barna um allar aldir. Hvernig stóð á því, að kenningin var orðin eins og höfundur hennar, “ásteytingarsteinn og hrösunarhella” þeim, sem honum þóttust þó fylgja? Það var Drottinn vor sjálfur sem gaf lærisveinum sínum það fyrirheit, sem hér segir: “Og þegar eg er farinn burt og hefi búið yður stað, kem eg aftur og mun taka yður til mín, til þess að þér séuð og þar sem eg er”<sup>2</sup> Það var hinn hluttekningarsami frelsari, sem sá fyrir hrygð og söknuð lærisveina sinna, sem sendi engla til þess að hugga þá með þeirri fullvissu að hann mundi koma aftur sjálfur á sama hátt og hann fór til himna. Þegar lærisveinarnir stóðu undrandi og reyndu að horfa til hins síðasta á þann, sem þeir höfðu elskað, beindist athygli þeirra að þessum orðum: “Galíleumenn, hví standið þér og horfið til himins? Þessi Jesús, sem var upp numinn frá yður til himins, mun koma á sama hátt og þér sáuð hann fara til himins”.<sup>2</sup> Ný von vaknaði í brjóstum þeirra við boðskap englanna. Lærisveinarnir “tilbáðu hann og sneru aftur til Jerusalem með miklum fögnuði. Og þeir voru stöðugt í helgidóminum og lofuðu Guð.<sup>1</sup> Þeir glöddust ekki fyrir

[220]

<sup>1</sup>Matt. 24 : 39.

<sup>2</sup>Postulas. 1:11.

<sup>2</sup>Jóh. 14 : 3.

<sup>1</sup>Lúk. 24 : 52-53.

þá sök að Jesús hafði farið frá þeim, og þeir urðu að berj-ast einir við alla mótstöðu og freistingar heimsins, heldur vegna fullvissu englanna um það að hann, sem hafði horf-ið þeim, mundi koma aftur.

Boðskapurinn um komu Krists átti nú að vera efni fagnaðar og mikillar gleði, ekki síður en þegar hirðarnir boðuðu komu hans í Betlehem. Þeir sem í raun og veru elska frelsarann hljóta að meðtaka með gleði guðs orð, sem segir að sá sem þeir byggi á alla von sína um eilíft líf, komi aftur; ekki til þess að vera smáður, fyrirlitinn og með hann farið eins og átti sér stað þegar hann kom áður, heldur muni hann koma í mikilli dýrð og guðdóms-krafti, til þess að frelsa fólk sitt. Það eru einungis hinir, sem ekki elska frelsarann, sem ekki vilja að hann komi aftur til vor. Og engin sönnun getur verið til fullkomn-ari fyrir því að kirkjan hefir fallið frá Guði, en sú sem birtist í þeirri mótstöðu og þeim óróa, sem kenningin um endurkomu Krists veldur.

Af öllum hinum miklu trúarbragða hreyfingum síð-an á dög-um postulanna, hefir engin hreyfing verið laus-ari við mannlegan ófullkomleik og vélar Djöfulsins, en sú sem átti sér stað sumarið og haustið 1844.

Þegar kallið kom: “Sjá, brúðguminn kemur, gang-ið út til móts við hann”, þá vöknudu þeir sem biðu og “bjuggu lampa sína”. Þeir lásu Guðs orð með hinum mesta áhuga, svo að slíkt var óþekt áður. Þessum boð-skap fylgdi knýjandi kraftur, sem áhrif hafði á sálir manna. Engin efasemd, engin spurning átti sér stað.

Þegar sá tími nálgadist að von væri á frelsaranum, lásu hinir trúðu dæmisöguna um hinar tíu meyjar (Matt. 25, 1-13), “er tóku lampa sína og fóru út til móts við brúðgumann”. Eftir nokkra bið, þegar þessar meyjar “syfjaði og þær sofnuðu” var “um miðnætti kallað: Sjá, brúðguminn kemur, gangið út til móts við hann”. Vegna þess hversu oft þetta heyrðist, var hreyfingin á þessu tímabili kölluð “miðnæturhrópið”.

- [221] Eins og flóðalda færðist þessi hreyfing yfir landið. Frá borg til borgar, frá bæ til bæjar og út í afskekt héruð barst hreyfingin,
- [222] þangað til hinir trúðuðu, sem biðu komu Drottins, fylltust eldlegum
- [223] áhuga. Ofstæki hvarf við þennan boðskap eins og mGrgundögg fyrir upprennandi sól. Trúaðir menn fundu að efasemdir þeirra og áhyggjur hurfu, en von og þrek fylti hjörtu þeirra. Verk þeirra voru því

laus við þann ofsa, sem ávalt er hætt við, þegar mannlegar tilfinningar einar ráða, án stjórnandi áhrifa Guðs anda Þessi hreyfing var lík þeim, sem ein-kendar voru af auðmýkt og undirgefni, þegar menn lutu Guði af einlægni meðal hinna fornu fsraelsmanna, eftir að Guð hafði átalið þjóna sína. Hreyfingin hafði þau ein-kenni, sem sameiginleg eru verkum Guðs á öllum öldum. Ekki var mikið um ákafa gleði, heldur djúpa sjálfsrann-sókn syndajátning og afneitun veraldlegs munaðar. Und-irbúningurinn til þess að mæta frelsaranum var áhyggju-efni órórna sálna. Stöðugar bænir áttu sér stað, og menn helguðu Guði líf sitt hiklaust og opinberlega.

Á þessum tímum var trúin svo sterk að bænum manna var svarað; trúnni var samfara svo mikil sannfæring að hún hlaut sín eigin laun. Eins og skúrir á regn-þyrsta jörð kom andi náðarinnar niður á sálir einlægra manna er leituðu Drottins í bæninni. Þeir sem bjuggust við að standa bráðlega augliti til auglitis við frelsara sinn, fundu til hátíðlegrar gleði, sem engin orð geta lýst. Hinn mótandi, sveigjandi kraftur heilags anda bræddi hjörtu mannanna, þegar blessun hans veittist þeim í ríku-legum mæli, og þeir trúðu með staðfestu og í einlægni.

## Vonbrigði

Þeir sem meðtóku boðskapinn, komu fram með var-færni og hátíðleik, þegar þeir væntu þess að mæta frels-ara sínum. Á hverjum morgni töldu þeir það fyrstu skyldu sína að leita sátta við Guð. Það að vera í sátt og samræmi við frelsara sinn var þeim meira virði en þeirra daglega brauð; og ef ský skygði á hugsanir þeirra, þá voru þeir ekki ánægðir fyr en þeir höfðu losnað við það. Þegar þeir fundu til nálægðar hins fyrirgefandi náðar-anda, þráðu þeir að sjá þann er sálin þeirra elskaði.

En vonbrigði áttu fyrir þeim að liggja. Eftirvænt-ingatíminn leið og Kristur kom ekki til frelsunar fólki sínu. Með staðfastri eftirvæntingu höfðu þeir biðið eftir komu hans, og nú voru þeir eins og María, þegar hún kom að gróf frelsarans og fann hana tóma; hún grét þá og sagði: “Búið er að taka burt Drottinn minn, og veit eg eigi, hvar hann hefir verið lagður”.<sup>1</sup>

Jesús og allir englar himnanna litu með velþóknun á hina trúuðu, reyndu en vonbrotnu menn. Hefði blæjan sem skilur þennan heim frá þeim ósýnilega verið tekin í burtu, þá hefðu sést englar, sem börðust með þess-um trúföstu sálum og vernduðu þær fyrir vélabrögðum hins illa. Hinir vantrúuðu höfðu lengi fundið til skelf-ingar eða ótta fyrir því að boðskapurinn kynni að vera sannur; höfðu þeir fyrir þá sök haldið sig í skefjum. Þegar tíminn var liðinn hvarf ekki þessi ótti með öllu; í fyrstu þorðu þeir ekki að ofmetnast við þá, sem fyrir vonbrigðunum urðu; en þegar lengra leið og ekki sáust nein merki guðlegrar reiði, þá hvarf þeim óttinn smám saman og þeir byrjuðu aftur á háði og smánaryrðum. Stórir hópar þeirra, sem þóttust áður trú á endurkomu Drottins, hurfu frá trú sinni og afneituðu henni. Sumir þeirra sem í einlægni höfðu trú að tóku vonbrigðin svo nærri sér að þeir hefðu helzt viljað geta flúið þennan heim; þeim fór eins og Jónasi, þeir átöldu Drottinn og kusu heldur dauða en líf. Þeir sem bygt höfðu trú sína á skoðunum annara manna, en ekki á sjálfu Guðs orði. voru nú eins fljótir að snúa við blaðinu og breyta skoðun-

[225]

<sup>1</sup>Jóh. 20 : 13.



um sínum. Þeir sem gerðu gys að trúnni unnu þá á sitt mál aftur, sem huglausir voru og ósjálfstæðir; allir þessir flokkar sameinuðust nú og lýstu því yfir að ekki væri nein hætta framár á ferðum og einskis þyrfti að vænta af því sem spáð hefði verið. Tíminn hafði liðið; Drottinn hafði ekki birzt og líkur voru til, eftir álitum þeirra, að heimurinn héldist eins og hann var í þúsundir ára.

Þeir sem trúðu í einlægni hjarta síns, höfðu fórnað öllu fyrir sakir Krists, og var hann þeim nú nálægari en nokkru sinni fyr. Þeir trúðu því að þeir hefðu veitt heim-inum síðustu aðvörun; þeir væntu þess að komast bráð-lega í samfélag við sinn guðdómlega meistara og himneska engla, og höfðu því að miklu leyti haldið sér frá félagi veraldlegra og hégómagjarnra manna, sem ekki meðtóku boðskapinn. Þeir höfðu beðið með djúpri þrá og sagt: “Kom þú, Drottinn Kristur; kom þú sem fyrst”. En hann hafði ekki komið. Og tilhugsunin um að takast nú aftur á hendur veraldleg störf og veraldlegar áhyggjur og þola háð og hrakyrði hinna vantrúuðu, reyndi mjög á trú þeirra og þolgæði.

Samt sem áður voru þessi vonbrigði ekki eins mikil og þau, sem postularnir urðu fyrir, þegar Kristur var hér á jörðu.

Þegar Jesús hélt innreið sína í Jerúsalem, héldu læri-sveinar hans að hann væri að því kominn að setjast á konungsstól Davíðs og frelsa Ísraelslýð frá undirokun. Með djúpri eftirvænting og takmarkalausri gleði keptust þeir hverir við aðra að sýna konungi sínum lotningu. Margir breiddu ytri föt sín sem dúka á veg hans, eða hjuggu kvisti af pálmaviðartrjánum og dreifðu á veginn fyrir hann. Í djúpri gleði tóku þeir undir hverir með öðrum og sungu : “Hóseanna syni Davíðs”. Þegar Faríseamir, sem reiddust og þóttust verða fyrir ónæði af þessum gleðilátum báðu Jesús að þagga niður í þeim, svaraði hann þeim og sagði: “Eg segi yður, að ef þessir þegðu mundu steinarnir hrópa”.<sup>1</sup> Spádómarnir verða að koma fram. Postularnir voru að framkvæma vilja Guðs og áform hans; en samt urðu þeir að þola sárustu vonbrigði. Innan örfárra daga urðu þeir að horfa á meistara sinn í sárustu kvöl; horfa á hann líða píslarvættisdauða og vera lagðan í gröfina. Vonir þeirra höfðu í engu tilliti ræzt og þær dóu allar með Jesú. Það var ekki fyr en hann reis aftur sigrihrósandi upp úr gröfinni að þeir skildu að öllu þessu hafði verið spáð, og að “Kristur átti að

[226]

<sup>1</sup>Lúk. 19 : 40.

líða og rísa upp frá dauðum, og að Jesus—sem eg boða yður —hann er einmitt Kristur”.<sup>2</sup> Fimm hundruð árum áður hafði Drottinn sagt fyrir munn Sakaríasar spámanns: “Fagna þú mjög, dóttirin Zion; lát gleðilátum, dóttirin Jerusalem. Sjá konungur þinn kemur til þín; réttlátur er hann og sigursæll; lítillátur og ríður asna, ungum ösnufofa”.<sup>3</sup> Hefðu lærisveinarnir gert sér grein fyrir því að Kristur átti að líða dóm og dauða, hefðu þeir ekki getað uppfyllt þennan spádóm.

Á sama hátt uppfylti Miller og félagar hans spádóma og fluttu boðskap, sem hið innblásna orð hafði fyrir sagt að kunngjörður skyldi verða heiminum. En þetta hefðu þeir ekki getað, hefðu þeir í fyrstu vitað um pau von-brigði, sem fyrir þeim áttu að liggja, og hefðu þeir vitað að þeir voru að flytja annan boðskap, sem átti að boðast öllum lýðum áður en Drottinn kæmi. Boðskapur fyrsta og annars engilsins kom fram á réttum tíma og urðu því til framkvæmdar, sem ætlað var af Guði að þeir gerðu.

Heimurinn hafði búist við því að ef Kristur kæmi ekki, þá mundi öll endurkomu kenningin falla um sjálfa sig. En þrátt fyrir það þótt margir létu undan vegna freistinganna, þá stóðu samt margir stöðugir í trú sinni. Avextir endurkomukenningarinnar, undirgefnisandinn og sjálfsprófunin, afneitun heimsins og siðbætt lífernir, sem verkinu var samfara, vitnuðu um það, að þetta var Guðs verk. Þeir dirfðust ekki að neita því, að heilagur andi hefði vitnað um boðskap endurkomunnar og þeir gátu ekki fundið neina villu í reikningi þeim, sem

[227] snerti spá- dóms tímabilið. Hinir færustu mótstöðumenn þeirra gátu

[228] ekki eyðilaggt spádóms þýðingar þeirra, eins og þeir komu fram með

[229] þær. Þeir gátu ekki án biblíunnar fengið sig til þess að mótmæla því, er menn höfðu komist að með einlægum lestri, djúpum hugsunum og hjartnæmum bænum, þegar um þá menn var að ræða, sem upplýstir voru af anda Drottins og áttu hjörtu brennheit af lifandi krafti Drottins. Boðskapur þessara manna hafði staðist dýpstu röksemdir og gagnrýni og hina svæsnustu mót-stöðu vel þektra trúarbragða kennara og veraldlegra vitringa; hann hafði staðið eins og bjarg gegn samein-uðum öflum lærdóms og mælsku, samfara háði og árás-um heiðvirðra manna jafnt sem óhlutvandra.

<sup>2</sup>Postulas 17:3.

<sup>3</sup>Zakaríá 9 : 9.

Það var að vísu satt að vonbrigði höfðu átt sér stað að því er viðburðinn snerti; en jafnvel það gat ekki veikt trú þeirra á Guðs orði. Þegar Jónas lýsti því yfir á göt-unum í Ninive að bærinn mundi hrynja innan fjörutíu daga, þá tók Drottinn gilda lítillækkun Ninive-manna og lengdi náðartíma þeirra; samt sem áður var boðskapur Jónasar sendur af Drotni og Nineve var reynd samkvæmt hans vilja. Á sama hátt trúðu endurkomukennendur því að Guð hefði leitt þá til þess að vara menn við degi dómsins.

Guð yfirgaf ekki fólk sitt; andi hans hvíldi enn þá yfir þeim, sem ekki afneituðu tafarlaust því ljósi, sem þeim hafði verið veitt, og fordæmdu ekki kenningar end-urkomunnar. Í pistlinum til Hebraea eru hughreystingar-orð og aðvörunar til þeirra, sem reyndir voru og biðu freistinganna. “Varpið þér eigi frá yður djörfung yðar, er mikla umbun hefir; því þolgæðis hafið þér þörf, til þess að þér úr býtum berið fyrirheitið, er þér hafið gjört Guðs vilja; því innan harla skamms tíma mun sá koma sem koma á, og ekki dvelst honum; en minn hinn réttláti mun lifa fyrir trúna, og skjóti hann sér undan, þá hefir sála mín enga geðþekni á honum; en vér erum ekki undanskotsmenn til glötunar, heldur menn trúarinnar til sáluhjálpar”.<sup>1</sup> Það er auðsætt að þetta er talað til safnað-arins á hinum síðustu dögum og sést það á því að bent er á nálægð endurkomunnar: “Því að innan harla skamms tíma mun sá koma sem koma á, og ekki dvelst honum”. (Heb. 10, 37). Og það er greinilega í spádóm-unum falið að töf muni eiga sér stað að því er virðist og að svo muni líta út sem Drotni mundi dveljast. Fyrir-skipanir þær, sem hér voru gefnar koma sérstaklega heim við reynslu þeirra manna, sem endurkomutrúnni fylgja á vorum dögum.

Fólkið sem hér var ávarpað var í hættu fyrir því að það liði skipbrot á trú sinni. Það hafði fylgt vilja Guðs í því að fara eftir handleiðslu hans, en samt gat það ekki skilið áform hans í því, sem það hafði reynt að undan-förnu; ekki gat það heldur séð veginn framundan sér og það freistaðist til þess að efast um að Guð hefði verið leiðtogi þess. Á þessum tíma áttu þau orð við sem segja: “En hinn réttláti mun lifa fyrir trú”. Þegar hið bjarta ljós “miðnætur-hrópsins” hafði lýst vegu þeirra og þeir höfðu séð spádómsinnsglin brotin upp, og teiknin sem óðum sýndu uppfylling spádómanna um

[230]

<sup>1</sup>Heb. 10 : 35-39.

endurkomu Krists nálgudust, og þeir höfðu gengið beint af augum, eins og að orði er komist. En með því að höfuð þeirra voru nú beygð af vonbrigðum, gátu þeir aðeins haldið sér uppréttum fyrir trúna á Guð og hans heilaga orð. Heim-urinn hæddist að þeim og sagði: “þér hafið orðið fyrir blekkingum; kastið trú yðar og segið að endurkomukenn-ingin hafi verið frá hinum vonda”. En Guðs orð sagði: “Skjóti hann sér undan, þá hefir sála mín enga geð-þekni á honum”. Það að afneita trú sinni og viður-kenna ekki kraft heilags anda, sem verið hafði með boð-skapnum, befði leitt aftur til glötunar. Þeir fengu hug-rekki fyrir orð Páls postula : “Varpið þér eigi frá yður djörfung yðar”, “því þolgæðis hafið þér þörf”. “Því innan harla skamms tíma mun sá koma sem koma á, og ekki dvelst honum”. Það eina sem þeir gátu gert var að glæða það ljós, sem þeim hafði verið gefið af Guði, halda sér fast við fyrirheit hans og halda áfram að leita í orði hans og bíða með þolinmæði eftir meira ljósi.

[231]

## Hvað er helgidómurinn?

Ritningin, sem um fram alt annað hefir bæði verið grundvöllur og máttarstoð endurkomutrúarinnar, var sj.álf yfirlýsing um það að: “Tvö þúsund og þrjú hundruð kveld og morgnar (mundu líða) og þá mundi helgidómur-inn aftur verða kominn í samt lag”. Þessi orð höfðu verið kunnug öllum þeim er trúðu því, að Drottinn mundi bráðlega koma aftur. Þúsundir manna endurtóku þennan spádóm hvað eftir annað, sem einkunnarorð trúar sinnar. Öllum fanst sem að á þeim viðburðum, er þar voru sagðir fyrir, hvíla þeirra björtustu vonir og dýpstu eftirvænt-ingar. Fram á það hafði verið sýnt að þetta spádóms-tímabil endaði haustið 1844. Eins og allir aðrir kristnir menn héldu endurkomutrúarmenn þá, að jörðin, eða ein-hver hluti hennar, væri helgidómurinn. Þeir skildu það þannig að hreinsun helgidómsins þýddi hreinsun jarðar-innar af eldi hins síðasta mikla dags; og að sá tími yrði við endurkomu Kristis; þess vegna komust menn að þeirri niðurstöðu að Kristur mundi koma í heiminn árið 1844.

En hinn væntanlegi tími var liðinn, og meistarinn hafði ekki komið. Hinir trúðu vissu það að Guðs orð gat ekki brugðist; það hlaut að vera þýðing þeirra á spádómunum, sem var skeikul; en í hverju lá villan? Margir komust hjá þeirri erfiðu gátu með því að neita því í fljótfærninni að 2300 dagarnir enduðu árið 1844. Enga ástæðu gátu þeir fært fyrir þessu, nema þá að Kristur hafði ekki komið þegar vonast var eftir honum. Rök-semdafærsla þeirra var þannig að ef hinir tilteknu dagar hefðu endað 1844, þá hefði Kristur komið aftur til þess að hreinsa helgidóminn með því að láta eld fara um jörð- ina, og með því að hann hefði ekki komið, gæti það ekki [232] verið að dagarnir væru liðnir.

Það að taka þessa kenningu góða og gilda var sama sem að hafna reikningi þeim, sem áður var komist að samkvæmt spádómstímanum. Hinir 2300 dagar byrjuðu þegar skipun Artaxerxes um endurreisn Jerúsalemsborg-ar gekk í gildi, en það var um haustið 457 fyrir Kristis burð. Væri gengið út frá þeim tíma í byrjun, þá var full-komið

samræmi í öllum öðrum atriðum, sem skýrð voru í Daníelsbók 9, 25-27, viðvíkjandi því tímabili. Sextíu og níu vikur, eða 483 fyrstu árin af hinum 2300 árum, áttu að ná til daga Messíasar, hins smurða; og skírn Krists og smurning af heilögum anda 27 e. Kr., kom nákvæmlega heim við það sem spáð var. Í miðri sjötugustu vikunni átti Messías að vera burt numinn; hálfu fjórða ári eftir skírn sína var hann krossfestur, um vorið 31 eftir Krist. Hinar sjötíu vikur eða 490 ár áttu sérstaklega við Gyð-inga. Þegar sá tími var liðinn innsiglaði þjóðin útskúfun Krists með því að ofsækja lærisveina hans og postularnir sneru sér til heiðingjanna árið 34 eftir Krist. Þegar liðin voru fyrstu 490 árin af 2300 árunum voru 1810 ár eftir. Frá árinu 34 eftir Krist ná 1810 ár til ársins 1844: “Þá skal helgidómurinn kominn í samt lag” sagði engillinn. Hvert einasta atriði spádómsins hafði komið fram ná-kvæmlega og ómótmælanlega á réttum tíma.

Með þessum reikningi var alt auðskilið og í samræmi að öðru leyti en því að ekki sást að neinn viðburður hefði átt sér stað 1844, er svaraði til spádóminum um hreinsun helgidómsins. Að neita því að hinir tilteknu dagar end-uðu það ár, var sama sem að gera alt málefnið flókið og myrkt og að hafna þeim kenningum, sem fram hafi verið haldið samkvæmt óskeikulum uppfyllingum spádóm-anna.

En Drottinn hafði haldið hendi sinni yfir fólki sínu í hinni miklu endurkomu hreyfingu; kraftur hans og dýrð hafði verið í verki með því, og ómögulegt var að hann léti það viðgangast að starfið endaði í skilningsleysi og vonbrigðum, og yrði því dæmt einskis virði, ofstækisfult og æsingablandið. Á því var engin hætta að hann léti orð sitt vera undirorpið efa og skilningsleysi. Þrátt fyrir það þótt margir hyrfu frá hinum fyrra reikningi sínum viðvíkjandi spádóms-tímabilinu og neituðu því að undir-staða hreyfingarinnar væri rétt, þá voru aðrir, sem ekki vildu gera það sama; þeir vildu ekki afneita trúaratrið-um og reynslu, sem studdust við ritninguna og við vitnis-burð heilags anda. Þeir trúðu því að að þeir hefðu bygt þýðingar eða skýringar sínar á réttum grundvelli, þegar þeir samkvæmt skyldu sinni réðu spádómana, og að það væri skylda þeirra að halda stöðugt við þann sannleika, sem þeir höfðu þegar komist að. Þeir byrjuðu á ný með einlægum bænum og lásu ritningarnar, til þess að leita þess staðar, þar sem þeim hefði skjáttlast. Með því að þeir gátu enga villu fundið í reikningum sínum um spá-dóms tímabilin, rannsökuðu þeir nákvæmar atriðið um helgidóminn.

Í rannsóknum sínum komust þeir að því að enginn staður er til í ritningunni, sem styðji þá almennu skoðun að jörðin sé helgidómurinn; en í ritningunni fundu þeir fullkomna skýringu á helgidóminum, eðli hans, verustað og ætlunarverki; vitnisburður hinna helgu höfunda var svo ljós og fullkominn, að ekki gat verið um neitt að vill-ast. Postulinn Páll segir í bréfinu til Hebrea: “Að vísu hafði nú fyrri sáttmálinn líka fyrirskipanir um þjónust-una og hafði jarðnesk-an helgidóm; því að tjaldbúð var gerð hin fremri, og í henni voru bæði ljósaastikan og borð-i5 og skoðunarbrauðin; og heitir hún “hið heilaga”. En bak við annað fortjaldið var tjaldbúð, sem hét “hið allra-helgasta”. Þar var reykelsisaltarið úr gulli, og sáttmáls-örkin, sem alt í kring var gulli búin; í henni var gullkerið með manna í og hinn blómgaði stafur Arons og sáttmáls-spjöldin; en yfir henni voru kerúbar dýrðarinnar, yfir-skyggjandi náðarstólinn”.<sup>1</sup>

Helgidómurinn sem Páll talar hér um var tjaldbúðin, sem Móses bygði samkvæmt boði Drottins, sem jarðnesk-an dvalarstað handa hinum allra hæsta. “Og þeir skulu gera mér helgidóm, að eg búi mitt á meðal þeirra”.<sup>2</sup> Þannig var sú bending, sem Móse var gefin, þegar hann var uppi á fjallinu hjá Guði. Ísraelsmenn voru á ferð yfir eyðimörkina, og tjaldbúðin var þannig bygð að hægt var að flytja hana úr stað í stað. Samt sem áður var hún stórkostleg bygging. Veggirnir voru úr borðum, sem stóðu upp á endann og voru þau gullbúin og stóðu á silfur-pöllum; en þakið var gert úr mörgum blæjum; voru þær yzt úr skinnum en hið innra úr dýru líni með skrautlegum kerúbsmyndum.

[234]

Auk ytra forgarðsins, þar sem inni brann fórnareld-ur, var tjaldbúðin sjálf, og var henni skift í tvent, var annað nefnt “hið heilaga” en hitt “hið allrahelgasta”; voru þessir helgidómar aðgreindir með fögrum blæjum; samskonar blæjur lokuðu einnig dyrunum til hins helga. Í helgidóminum var ljósa hjálmurinn að sunnanverðu; var hann með sjö lömpum, sem lýstu helgidóminn dag og nótt. Að norðanverðu stóð borðið með skoðunarbrauðunum, og fyrir framan blæjuna, sem aðskildi hið helga frá hinu allrahelgasta, var hið gullna altari reykelsisins og steig þaðan daglega sætur ilmur upp til Guðs, með bænnum Ísraelsmanna. Í hinu allra helgasta var sáttmálsörkin; var það

<sup>1</sup>Heb. 9 : 1-5.

<sup>2</sup>2. Móse 25 : 8.

kista úr dýrum viði, öll gullbúin. Hinar tvær steintöflur, sem Guð hafði skrifað hin tíu boðorð á voru í sáttmálsörkinni. Yfir örkinni var náðarstóllinn og mynd-aði hann lokið á hinni helgu kistu; var það gjört af mikilli iist og hagleik; á því voru tveir kerúbar, sinn á hvorum enda, og voru þeir úr skíru gulli; en nærvera hins allra hæsta var táknuð með nokkurs konar dýrðarskýi á milli kerúbanna.

Eftir að Hebrear höfðu sezt að í Kanaanslandi, var musteri Salomons bygt í stað tjaldbúðarinnar; og þótt það væri stórkostlegri og vandaðri bygging, þá var það bygt með sama fyrirkomulagi og í sömu hlutföllum, og hið innra útbúið á sama hátt. Með þessu lagi var helgi-dómurinn, þangað til hann var eyðilagður af Rómverjum árið 70 eftir Krist — nema þann tíma sem hann var í rústum á dögum Daníels spámans.

Þetta er hinn eini helgidómur, sem nokkru sinni hefir verið til á iörðunni og ritningin veitir nokkrar upplýsing-ar um. Páll postuli lýsti því yfir að þetta væri helgidóm-ur hins fyrra sáttmála. En tilheyrir enginn helgidómur hinum nýja sáttmála?

Þegar sannleiksleitendurnir snéru sér aftur til bréfs-ins til Hebra, þá fundu þeir að bent var á helgidóm hins annars eða nýja sáttmála, í orðum Páls postula, sem þegar hafa verið tilfærð, og þannig hljóða:

[235] “Að vísu hafði nú líka fyrri sáttmálinn fyrirskipanir um þjónustu

[236] og hafði jarðneskan helgidóm”. Og orðið líka gefur það til kynna

[237] að Páll hafi áður minst á helgidóm þenna. Þegar vér lítum aftur á næsta kafla hér á undan finnum vér þar þetta: “En höfuðinntak þess, sem sagt hefir verið, er þetta: Vér höfum þann æðsta prest, er settist til hægri handar hástóls hátignarinnar á himnum, helgipjón helgidómsins og tjaldbúðarinnar, hinnar sönnu, sem Drottinn reisti, ekki maður”.<sup>1</sup>

Þarna er opinberaður helgidómur hins nýja sáttmála. Helgidómur hins fyrra sáttmála var gerður af mönnum; Hann var bygður af Móse; þessi helgidómur aftur á móti er gerður af Guði sjálfum, ekki af mönnum. Í hinum fyrra helgidómi framkvæmdu veraldlegir prestar helgi-störfin; í þessum helgidómi er það Kristur, vor mikli æðsti prestur, sem framkvæmir þau við hægri hönd Guðs. Annar helgidómurinn var á jarðríki, hinn er á himnum.

<sup>1</sup>Heb. 8 : 1-2.



Enn fremur var tjaldbúð sú er Móses byggði gerð eftir fyrirmynd ; Drottinn leiðbeindi honum: “Þér skuluð gera hann í öllum greinum eftir þeirri fyrirmynd af tjaldbúð-inni og eftir þeirri fyrirmynd af öllum áhöldum henn-ar, sem eg mun sýna þér”. Og enn fremur: “Og sjá svo til að þú gjörir þessa hluti eftir þeirri fyrirmynd, sem þér var sýnd á fjallinu”.<sup>2</sup> Og Páll segir að hin fyrri tjaldbúðin hafi verið: “Ímynd komandi tíma, og henni samkvæmt eru frambornar bæði gáfur og fórnir”, og sömuleiðis að þetta séu: “Eftirmyndir þeirra hluta sem á himnum eru”; að prestarnir, sem fram báru fórnirnar samkvæmt lögmálinu voru þeir: “sem veita þjónustu eftir mynd og skugga hins himneska”, og að: “Kristur gekk ekki inn í helgidóm höndum gjörðan, eftirmynd hins sanna helgidóms, heldur inn í sjálfan him-ininn, til þess að birtast fyrir augliti Guðs oss til heilla”.<sup>3</sup>

Helgidómurinn á himnum, þar sem Kristur kemur fram fyrir vora hönd, er hinn mikli frum-helgidómur, en eftir honum byggði Móses sinn helgidóm. Guð sendi þeim anda sinn er bygðu hinn jarðneska helgidóm. Hin frá-bæra list í byggingu hans ber vott um guðlegan vísdom. Veggirnir voru á að líta sem skirt gull og brotnuðu þar í allri sinni dýrð geislarnir frá hinum sjö ljósastikum.

[238]

Borðið með skoðunarbrauðunum og fórnaraltarið ljómaði eins og brent gull; hin íburðarmikla blæja, er myndaði hvelvinguna, með íofnum englamyndum í bláum, purpura og rauðum litum, margfaldaði fegurð helgidómsins. Og á bak við annað tjaldið var hið allra helgasta, hin sýnilega ímynd Guðs dýrðar, og mátti þangað enginn koma né þar dvelja nema æðsti presturinn.

Hin óviðjafnanlega dýrð hinnar jarðnesku tjaldbúð-ar var fyrir mannlegum augum ímynd hins himneska musteris, þar sem Kristur sjálfur birtist sem talsmaður vor frammi fyrir háseti Guðs. Bænastaður konungs konunganna: þar sem “þúsundir þúsunda þjónuðu honum og tíþúsundir tíþúsunda stóðu frammi fyrir honum”.<sup>1</sup> Musterið með dýrð hins eilífa hásetis, þar sem Ser-afarnir, hinir skínandi verðir þess, ljóma af tilbeiðslu, gátu fundið ímynd afar ófullkomna eftirlíking hinnar himnesku dýrðar í þeirri eftirlíking, sem fullkomnust hefir verið gjörð af mannlegum höndum. Samt sem áður var kend-ur mikilsverður sannleikur í hinum jarðneska helgidómi um hinn him-

<sup>2</sup>2. Móse 25 : 9, 40.

<sup>3</sup>Heb. 9 : 23; 8 : 5; 9 : 24.

<sup>1</sup>Dan. 7 : 10.

neska helgidóm og hið mikla verk, sem unn-ið var mönnunum til endurlausnar.

Hinir dýrðlegu staðir í himneska helgidóminum eru táknaðir með hinum tveimur deildum helgidómsins hér á jörðinni. Þegar Jóhannesi postula veittist sú náð í hinni dýrðlegu sýn að sjá musteri Guðs á himnum, þá leit hann þar að: “sjö eldblys brunnu fyrir hásetinu”.<sup>2</sup> Hann sá að “annar engill kom og nam staðar við altarið; hann hélt á gullglóðarkeri, og honum var fengið mikið reykelsi til þess að hann skyldi leggja við bænir allra hinna heilögu á gullaltarið, sem var frammi fyrir hásetinu”.<sup>3</sup> Þarna veittist spámanninum sú náð að sjá fyrri deild helgidóms-ins á himnum, og hann sá þar “hin sjö eldblys” og hið “gullna altari” táknaði hinn gullna ljósastjaka og fórn-araltarið í helgidóminum á jörðinni; og aftur “opnaðist musteri Guðs”<sup>4</sup> og hann leit inn fyrir innra tjaldið og sá hið allra helgasta; þar sá hann örök sáttmála Guðs og var hún táknuð með hinu helga skríni, sem smíðað var sam-kvæmt fyrir sögn Mósesar, og áttu þar að geymast hinar helgu sáttmálstöflur Guðs.

[239]

Þannig var það að þeir sem leituðu sannleikans fundu ómótmælanlega sönnun fyrir tilveru helgidómsins á himnum. Móses gerði hinn jarðneska helgidóm eftir þeirri fyrirmynd, sem honum var birt. Páll kennir að sú fyrirmynd hafi verið hinn sanni helgidómur á himnum og Johannes vitnar að hann hafi séð hann á himnum. Í helgidómi himinsins, verustað Drottins, er háseti hans grundvallað á réttlæti og dómi. Í hinu allra helgasta eru lög hans, hin mikla mælisnúra réttlætisins, sem alt mann-kynið er dæmt eftir. Örkin sem í voru geymdar lögmáls-töflurnar og á henni var náðarstóllinn; frammi fyrir honum flytur Kristur mál vort með blóðfórn sinni. Þannig er táknuð sameining réttlætis og miskunnar í endurlausnar-verkinu. Þessa sameiningu gat einungis alvíska upp-hugsað og almætti komið til leiðar. Það er sameining, sem fyllir alla himnana með aðdáun og lotningu. Kerúb-arnir í hinum fyrra helgidómi horfðu með fjálgleik niður á náðarsætið; þeir voru ímynd þess áhuga, sem hersveitir himnanna sýna í endurlausnarverkinu. Þetta eru leynd-ardómar náðarinnar, sem englana fýsir að skilja — það er að segja að Guð geti verið réttlátur, þegar hann rétt-lætir hinn iðrandi syndara og endurnýjar

<sup>2</sup>Opinb. 4 : 5.

<sup>3</sup>Opinb. 8 : 3.

<sup>4</sup>Opinb. 11 : 19.

afskifti sín af hinu fallna mannkyni; að Kristur gat stigið niður til þess að reisa við ótölulegan fjölda frá hyldýpi eyðilegg-ingarinnar og íklæða þá óflekkuðum skróða réttlætis síns, svo þeir fengju sam-einast þeim englum, sem ekki hafa fallið og fengju eilíflega dvalið í nærveru Guðs. Það skeður ekki fyrir en meðalgangaraverkinu er lokið að “Drottinn Guð mun gefa honum háseti Davíðs föður hans .... og á ríki hans mun enginn endir verða”.<sup>1</sup> Sem prestur situr Kristur nú “hjá föður sínum í háseti hans”.<sup>2</sup> Í hásetinu hjá þeim, sem er eilífur og sjálfum sér full-kominn situr sá sem þetta er skrifað um: “Vorar þján-ingar voru það sem hann bar og vor harmkvæli er hann á sig lagði”; hann sem “freistað var á allan hátt eins og vor, án syndar”, til þess að hann væri “fær um að full-tingja þeim er verða fyrir freistingum”. Og enda þótt einhver syndgi, þá höfum vér árnaðarmann hjá föðurn-um.<sup>3</sup> Hann kemur fram vor vegna með lemstraðan og gegnumstunginn líkama og með flekklaust líf. Hinar særðu hendur, hans stungna síða, hinir meiddu fætur biðja fyrir hinum fallna manni, sem var svo dýru verði keyptur.

[240]

Spurningunni um það hvað helgidómurinn sé er greinilega svarað í heilagri ritningu. Orðið “helgidómur” eins og það er notað í biblíunni, á í fyrsta lagi við tjald-búðina sem Móses bygði, sem ímynd hins himneska, og í öðru lagi á það við “hina sönnu tjaldbúð” á himnum, sem hinn jarðneski helgidómur benti á. Þegar Kristur dó endaði það starf sem var ímynd hins virkilega; “hin sanna tjaldbúð” á himnum er helgidómur hins nýja sátt-mála. Og með því að spádómurinn í Daníelsbók 8 : 14 er á þann hátt uppfyltur, þá er helgidómurinn sem þar er átt við án alls efa helgidómur hins nýja sáttmála.

Í lok hinna 2300 daga árið 1844 hafði enginn helgi-dómur verið hér á jarðríki um margar aldir. Þannig er það án alls efa að átt er við helgidóminn á himnum í spádómsorðum þeim, er þannig hljóða: “Alt að tvö þús-und og þrjú hundruð dögum mun líða, og þá mun helgi-dómurinn hreinsaður verða” (ensk þýðing).

En þeirri spurning sem mest er verð, hefir enn ekki verið svarað. Hvað er hreinsun helgidómsins? Það að slík athöfn hafi átt sér stað í sambandi við hinn jarðneska helgidóm er tekið fram í gamla testa-

<sup>1</sup>Lúk. 1 : 32, 33.

<sup>2</sup>Opinb. 3 : 21.

<sup>3</sup>Jes. 53 : 4; Heb. 4:15; 2 : 18: 1. Jóh. 2 : 1.

mentinu. En getur nokkuð það verið á himnum, sem þurfi hreinsunar við? í 9. kapitula Hebreabréfsins er greinilega bent á hreinsun, bæði hins jarðneska og himneska helgidóms: “Og sam-kvæmt lögmálinu er það nálega alt, sem hreinsast með blóði, og eigi fæst fyrirgefning án blóðs. Það var því óhjákvæmilegt að þessar eftirmyndir þeirra hluta, sem á himnum eru, yrðu hreinsaðar með slíku (blóði fórnardýra), en fyrir sjálft hið himneska þurftu til að koma betri fórnir en þessar”;<sup>1</sup> það er hið dýrmæta blóð Krists.

[241] Hreinsunin verður að fara fram með blóði, bæði við hina virkilegu athöfn og eftirlíkinguna. Að því er eftirlíkinguna snertir verður hreinsunin að fara fram með dýrablóði, en hin með blóði Krists. Páll gefur það sem ástæðu fyrir því að öll hreinsun verði að fara fram með blóði, að án blóðs sé engin uppgjöf syndar möguleg. Uppgjöf eða það að afmá syndina er það sem framkvæma á. En hvernig getur synd átt sér stað í sambandi við helgi-dóm, hvort heldur hann er á himni eða jörðu? Þetta sést á eftirmyndar athöfninni, því verkið sem prestarnir fram-kvæmdu á jarðríki var “eftir mynd og skuggi hins himneska”.<sup>1</sup>

Athöfnin í hinum jarðneska helgidómi var í tveimur atriðum. Prestarnir framkvæmdu fórnir á hverjum degi í helgidóminum, en æðsti presturinn bar fram sérstaka fórn einu sinni á ári í hinu allra-helgasta, til hreinsunar helgidómsins. Daglega komu hinir iðrandi syndarar með fórnir sínar að tjaldbúðardyrnum, þeir lögðu hendur sín-ar á höfuð fórnardýrsins, játuðu syndir sínar, og var það ímynd þess að þeir flyttu syndasekt sína frá sjálfum sér til hins saklausa fórnardýrs. Því næst var dýrinu slátrað. “Og eigi fæst fyrirgefning án úthellingar blóðs”, segir postulinn, “því að líf líkamans er í blóðinu”.<sup>2</sup>

Þegar brotin voru lög Guðs var krafist lífs þess er braut. Blóðið, sem táknaði hið glataða líf syndarans, var af prestinum borið inn í helgidóminn og þar stökt út frammi fyrir fortjaldinu, en á bak við það var örkin, sem í voru geymd lög þau, sem syndarinn hafði brotið, og fórn-ardýrið tók á sig syndabyrði hins brotlega. Með þessari athöfn var syndin í táknum flutt inn í helgidóminn með blóðinu; en síðan átti presturinn að neyta kjötsins, eins og Móses hafði fyrir skipað

<sup>1</sup>Heb. 9 : 22, 23.

<sup>1</sup>Heb. 8:5.

<sup>2</sup>2. Móse 17 : 11.

sonum Arons, er hann sagði: “Og hann (Guð) hefir gefið ykkur hana (syndafórnina) til þess að burttaka misgjörð safnaðarins og friðþægja fyrir þá frammi fyrir Drotni”.<sup>3</sup> Báðar athafnirnar gáfu til kynna flutning syndarinnar frá hinum iðrandi syndara inn í helgidóminn.

Þannig var sú athöfn, sem fram fór dag eftir dag, og ár eftir ár. Þannig voru syndir Ísraelslýðs færðar inn í helgidóminn og sérstök athöfn var nauðsynleg til þess að afmá þær. Guð skipaði svo fyrir að fórn væri fram borin fyrir hverja hinna helgu deilda fyrir sig: “Og hann skal friðþægja þannig fyrir helgidóminn, vegna óhreinleika Ísraelsmanna og vegna misgjörða þeirra í hverju sem þeir kunna að hafa syndgað. Og eins skal hann fara með samfundatjaldið, sem stendur neðal þeirra, mitt í óhreinleika þeirra”. Fórn var einnig fram borin fyrir altarið, til þess að “hreinsa það og helga það, vegna óhreinleika Ísraelsmanna”.<sup>1</sup>

[242]

Á hinum mikla friðþægingardegi á hverju ári, fór presturinn inn í hið allra helgasta til þess að hreinsa helgidóminn. Sú athöfn sem þar var framkvæmd full-komnaði alt ársstarfið. Á friðþægingardaginn voru tveir geithafrar leiddir inn í dyr tjaldbúðarinnar og var þar varpað um þá hlutkesti; var “einn hlutur fyrir Drottinn og hinn annar hlutur fyrir Asasel”.<sup>2</sup> Og hafurinn sem hlutur Drottins féll á, átti að slátrast sem synda-fórn fyrir fólkið; og presturinn átti að fara með blóð hans inn fyrir tjaldið og stökkva því á náðarstólinn og fyrir framan náðarstólinn. Sömu leiðis átti að stökkva blóðinu á fórnaraltarið sem var fyrir framan tjaldið: “Og Aron skal leggja báðar höndur sínar á höfuð hins lifandi hafurs og játa yfir honum öll afbrot Ísraelsmanna og allar mis-gjörðir þeirra, í hverju sem þeir kunna að hafa syndgað; og hann skal leggja þær á höfuð hafursins og senda hann út á eyðimörk með manni, sem til þess er ferðbúinn; og hafurinn skal bera á sér öll afbrot þeirra til óbygða, og hann skal sleppa hafrinum á eyðimörku”.<sup>3</sup> Hafurinn kom aldrei aftur til bústaðar Ísraelsmanna, og maðurinn sem fór með honum varð að þvo sjálfan sig og föt sín úr hreinu vatni áður en hann kom í herbúðirnar aftur.

<sup>3</sup>3. Móse 10 : 17.

<sup>1</sup>3. Móse 16 : 16, 19.

<sup>2</sup>3. Móse 16 : 8.

<sup>3</sup>3. Móse 16 : 21, 22.

Öll athöfnin var til þess gerð og þannig sniðin að hún sannfærði Ísraelsmenn sem bezt um heilagleik Guðs og þá viðurstyggð, sem hann hefði á syndsamlegu lífern, og enn fremur til þess að sýna þeim að þeir gætu ekki tekið þátt í syndsamlegum athöfnum án þess að saurgast af þeim. Allir urðu að auðmýkja sálir sínar á meðan þessi fórnar-athöfn fór fram. Öll störf urðu að hætta og allur söfn-uður Ísraels varð að eyða heilum degi í djúpri auðmýkt fyrir Guði, með bænum, föstum og djúpri sjálfsprófun.

Míkilsverð sannleiksatriði viðvirkjandi friðþægingunni eru kend í eftirmyndar-athöfninni. Líking var notuð í stað syndarans, en syndinni var ekki leynt með blóði fórnardýrsins. Þannig var að farið að syndin var borin fram í helgidóminn. Með blóðfórninni viðurkendi

[243] syndar-inn vald lögmálsins, játaði syndir sínar og afbrot og lýsti

[244] yfir þrá sinni eftir fyrirgefningu vegna endurlausnarans, sem koma

[245] ætti og trúar sinnar á hann. En hann var samt ekki enn þá algerlega laus undan dómi lögmálsins. Þegar æðsti presturinn hafði tekið við fórninni frá fólkinu á friðþægingarhátíðinni, fór hann inn í það allra helgasta með blóðfórnina og stökti blóðinu á náðarstólinn, einmitt þar sem lögmálstöflurnar voru geymdar, til þess að full-nægja kröfum þess. Því næst tók hann syndirnar upp á sjálfan sig og kom þannig fram sem meðalgangari, og bar þær út úr helgidóminum. Hann lagði hendur sínar á hafurinn, játaði þar allar þessar syndir og flutti þær þannig í líkingu frá sjálfum sér til hafursins; hafurinn ber þær síðan í burtu, og voru þær skoðaðar sem afmáðar frá fólkinu að eilífu.

Þannig var sú athöfn er fram fór, “eftir mynd og skugga hins himneska”, og það sem gert var í líkingu í athöfnum þeim, sem fram fóru í hinum jarðneska helgi-dómi, er framkvæmt í virkileika í hinum himneska helgi-dómi. Frelsari vor hóf starf sitt sem æðsti prestur, eftir að hann var upprisinn. Páll postuli segir: “Kristur gekk ekki inn í helgidóm höndum gerðan, eftirmynd hins sanna helgidóms, heldur inn í sjálfan himininn, til þess að birt-ast fyrir augliti Guðs oss til heilla”.<sup>1</sup>

Starf prestsins alt árið í fyrri deild helgidómsins, “fyrir innan tjaldið”, sem myndaði dyrnar og aðskildi hinn helga stað frá forgarðinum, táknaði það embættis-starf sem Kristur byrjaði þegar hann

<sup>1</sup>Heb. 9 : 24.

varð uppnuminn. Það var starf prestsins daglega að frambera fyrir Guði blóð syndafórnarinnar og sömuleiðis reykelsið ásamt bæn-um Ísraelslýðs. Á sama hátt bar Kristur fram sitt eigið blóð fyrir föður sínum vor vegna og framber einnig fyrir honum bænir hinna iðrandi manna, sem trúa, ásamt hinum ljúfa ilm síns eigin réttlætis. Þetta var sú athöfn, sem fram fór í hinum fyrra hluta helgidómsins á himn-um. Þannig fylgdu lærisveinarnir Kristi í anda þegar hann varð uppnuminn og þeir horfðu á eftir honum og hann hvarf þeim úr augsýn; þar dvöldu vonir þeirra: “Sem vér höfum eins og akkeri sálarinnar, traust og örugt”, segir Páll postuli, “og það nær alla leið inn fyrir fortjaldið, þangað sem Jesús gekk inn; hann sem er fyrir- rennarinn, oss til heilla, orðinn æðsti prestur að eilífu”. “Og ekki gekk hann heldur með blóð hafra og kálfa, held-ur með sitt eigið blóð, inn í hið heilaga í eitt skifti fyrir öll, eftir að hafa aflað eilífrar lausnar”.<sup>1</sup>

[246]

Í átján aldir hélt þetta friðþægingarverk áfram í fyrra hluta helgidómsins. Blóð Krists, sem fram er borið eins og fórn fyrir hina trúuðu iðrandi menn, ávann þeim fyrirgefningu og friðþægingu við föðurinn; samt sem áður voru syndir þeirra skráðar á bækur reikningsskapparins. Eins og friðþægingarathöfnin átti sér stað í eftirlíkingar-verkinu í lok hvers árs, þannig er það að áður en endur-lausnarverki Krists er lokið, þá fer fram friðþægingarat-höfn, til þess að burtnema syndina úr helgidóminum. Þetta er sú athöfn, sem byrjaði þegar hinir 2300 dagar enduðu. Á þeim tíma var það, eins og fyrir er sagt af Daníel spá-manni, að æðsti prestur vor fór inn í hið allra helgasta, til þess að framkvæma síðasta atriði sinnar helgu athafnar — að hreinsa helgidóminn. Eins og syndirnar voru fyr meir í trúnni færðar yfir á fórnardýrið og með blóði þess fluttar inn í hinn himneska helgidóm í líkingu, þannig var það í hinum nýja sáttmála að syndir þeirra sem iðr-uðust, eru í trúnni lagðar á herðar Kristi og í virkileika fluttar til hins himneska helgidóms. Og eins og eftirlíkingar hreinsun hins jarðneska helgidóms var fram-kvæmd með því að burtnema þær syndir, sem saurgað höfðu manninn, þannig er það að hin virkilega hreinsun hins himneska verður framkvæmd með því að nema brott eða afmá syndirnar, sem þar eru skrifaðar.

En áður en þetta megi ske verður að skoða bækur þær, sem syndirnar eru skráðar í, til þess að ákveðið verði hverjir þeir séu sem

<sup>1</sup>Heb. 6 : 19, 20; 9 : 12.

með trú sinni á Krist og iðrun verð-skuldi að verða hluttakendur í friðþægingu hans. Hreinsun helgidómsins krefst þess vegna rannsóknarverks — dómsúrskurðar. Þessi athöfn verður að fara fram áður en Kristur kemur til þess að endurleysa fólk sitt; því þegar það skeður, sem spáð er um í Opnberunarbók Jó-hannesar 22 : 12: “Sjá eg kem skjótt og launin hefi eg með mér, til að gjalda hverjum og einum eins og verk hans er”.

- [247] Þannig var það að þeir, sem fóru eftir hinu spámann-lega ljósi, sáu að í stað þess að Kristur kæmi til jarðar-innar að liðnum 2300 dögum, eða árið 1844, þá var það einmitt tíminn þegar hann fór inn í hið allrahelgasta í helgidómi himnanna, til þess að framkvæma síðustu at-höfn friðþægingarinnar, sem undirbúning undir komu hans hingað. Það sást einnig að þrátt fyrir það þótt syndafómirnar bentu til Krists sem fórnarlamb, og þótt æðsti presturinn táknaði Krist sem meðalgangara, þá var hafurinn tákn Satans, höfundar syndarinnar, og á herðar hans verða um síðir lagðar allar syndir þeirra er sannlega iðrast. Þegar æðsti presturinn, sem fyrir áhrif blóð-fórnarinnar, afmáði syndirnar úr helgidóminum, setti hann þær á hafurinn. Þegar Kristur fyrir áhrif síns eigin blóðs afmáir syndir fólksins frá hinum himneska helgi-dómi við endalok embættis síns, setur hann þær á Satan, sem verður samkvæmt hinum síðasta dómi að gjalda hina hinstu sekt og þola hegningu. Hafurinn var fluttur út á eyðimörk eða óbygðir og átti hann aldrei framar að koma þangað sem Ísraelsmenn voru saman komnir. Þannig mun Satan verða að eilífu útlægur gjör frá nærveru Guðs og fólks hans og hann verður með öllu afmáður þegar tími eyðileggingarinnar að síðustu kemur fyrir syndir og syndara.
- [248]



## Í hinu allra helgasta

Atriðið um helgidóminn var sá lykill, sem opnaði leyndardóm vonbrigðanna, sem urðu árið 1844. Hann opnaði svo að greinilega sást fullkomið sannleikskerfi, alt í sambandi og fullu samræmi, sem sýndi að Guðs al-mættishönd hafði stýrt og stjórnað hinum miklu endur-komu hreyfingum; og komu þá í ljós skyldur þær, sem nú hvíldu á mönnunum, þegar þeim hafði verið opinberuð afstaða og verk hans útvalda fólks. Eins og lærisveinar Krists “urðu glaðir er þeir sáu Drottinn” eftir hina hræðilegu nótt angistar og vonbrigða, þannig glöddust þeir nú, sem í einlægri trú höfðu vænst endurkomu hans. Þeir höfðu vænst þess að hann kæmi í mikilli dýrð og verð-launaði sína trúu þjóna; þegar þær vonir rættust ekki höfðu þeir mist sjónar á Jesú og þeir sögðu harmþrungnir eins og María hjá gröfinni: “Búið er að taka burt Drottinn minn, og veit eg eigi hvar hann hefir verið lagður”. Nú sáu þeir hann aftur í hinu allra helgasta, þar sem hann birtist eins og hluttekningarsamur æðsti prestur þeirra og átti innan skamms að koma fram sem konungur þeirra og frelsari. Ljós frá helgidóminum ljómaði upp það sem liðið var, nútíðina og framtíðina. Þeir vissu að Guð hafði leitt þá með sinni óskeikulu forsjá. Þrátt fyrir það þótt þeir, eins og hinir fyrstu lærisveinar, hefðu ekki skilið sjálfir boðskap þann er þeir fluttu, þá var hann samt í öllum atriðum réttur. Þegar þeir boðuðu hann, höfðu þeir uppfyllt áform Guðs, og erfiði þeirra í nafni Drottins hafði ekki verið til einskis. Þeir endurfæddust með lifandi von; þeir fögnuðu með þeirri gleði, sem ekki verður með orðum lýst og í sér hafði mikla dýrð fólgná.

248

[249]

Bæði spádómur Daníels 8 : 14: “Tvö þúsund og þrjú hundruð kveld og morgnar og þá mun helgidómurinn aft-ur verða kominn í samt lag”, og einnig boðskapur fyrsta engilsins: “Óttist Guð og gefið honum dýrðina, því stund hans dóms er komin” benti á starf Krists í hinu allra helgasta; benti á rannsóknardóminn, en ekki á komu Krists til endurlausnar folks hans og eyðileggingar hins illa. Misskilningurinn hafði ekki verið fólgin í misreikningi á spádómstímabilinu,

heldur á þeim viðburðum, sem ske áttu við lok hinna 2300 daga. Vegna þessa misskiln-ingis höfðu hinir trúuðu biðið vonbrigði; samt sem áður var það alt sagt fyrir í spádómunum og alt sem þeir gátu vænst samkvæmt því sem í ritningunni var bent til, hafði komið fram. Einmitt þá, þegar þeir voru að barma sér yfir vonbrigðum sínum, hafði viðburður skeð, sem fyrir hafði verið spáð í boðskapnum og sem hlaut að verða áður en Drottinn gæti birst aftur, til þess að umbuna þjónum sínum.

Kristur hafði komið, ekki til jarðríkis, eins og þeir væntu, heldur eins og sýnt var fram á í eftirlíkingunni hafði hann komið til hins allra helgasta í musteri Guðs í himninum. Honum er lýst af spámanningnum Daníel þannig að hann komi á þessum tíma þangað er “hinn aldr-aði var fyrir”: “Eg horfði í nætursýninni, og sjá, ein-hver kom í skýjum himins, sem mannssyni líktist; hann kom þangað sem hinn aldraði var fyrir og var leiddur fyrir hann”.<sup>1</sup> Þessi koma er einnig sögð fyrir í spádómi Malakíasar: “Bráðlega mun hann koma til mustervis síns, sá Drottinn er þér leitið, og engill sáttmálans, sá er þér þráið, sjá hann kemur, segir Drottinn hersveitanna”.<sup>2</sup> Koma Krists til tjaldbúðar hans var snögg, og óvænt fólki hans; það bjóst ekki við honum þar; það vonaðist eftir honum á jarðríki: “í logandi eldi og lætur hegningu koma yfir þá, sem ekki þekkja Guð og yfir þá, sem ekki hlýða fagnaðarerindi Drottins vors Jesú”.<sup>2</sup>

[250] Þegar Kristur kom í hið allra helgasta, sem æðsti prestur, til þess að hreinsa helgidóminn, þá rættist það sem um var spáð í Daníelsbók 8 : 14; það sem við er átt í Daníelsbók 7 : 13, að koma mannsins sonar þangað sem hinn aldraði var fyrir, og það sem bent er á hjá Malakías um komu Drottins til síns mikla mustervis; þessi atriði öll eiga við sama viðburðinn og um þetta er einnig spáð í frásögninni um komu brúðgumans til brúðkaupsins, sem Kristur skýrir sjálfur í dæmisögunni um hinar tíu meyj-ar og lesa má í 25. kapítula Matteusar guðspjalls.

Í dæmisögunni í 22. kapítula Matteusar guðspjalls er getið um þetta sama brúðkaup; og rannsóknardómur-inn er greinilega skýrður þannig að hann átti að fara fram á undan brúðkaupinu: “Konungurinn kom inn áður en brúðkaupið hófst til þess að skoða gestina og

<sup>1</sup>Dan. 7 : 13.

<sup>2</sup>Malakías 3:1.

2. Þess. 1 : 8.

komast eftir því hvort þeir væru allir skryddir brúð-kaupsklæðum<sup>1</sup>, hinum hreinu skikkjum síns flekklausu líferniss, hvítfáguðum í blóði lambsins<sup>2</sup>. Þeim sem ekki er skryddur brúðkaupsklæði er kastað út, en allir þeir sem við rannsóknardóminn eru meðteknir í ríki Guðs og tald-ir verðugir hluttekningar í hans heilaga konungdómi. Þeir hljóta sæti við hásæti hans. Þessi rannsóknardóm-ur á líferni manna, til þess að ákveða það, hverjir séu hæfir fyrir ríki Guðs, er sá dómur, sem um er talað og er síðasta athöfnin í helgidómnum á himnum.

Þegar rannsóknarverkinu er lokið, þegar mál þeirra allra, sem á öllum öldum hafa játað trúna á Krist hefir verið rannsakað og dæmt, þá fyrst verður náðartíminn úti og dyrum miskunnarinnar lokað. Þannig er því lýst í einni stuttri setningu: “Þeir sem viðbúnir voru gengu með honum inn til brúðkaupsins og dyrunum var lokað” Með þessu komumst vér alla leið til hinna síðustu embætt-isathafna frelsarans, þegar hans mikla verki mönnunum til sáluhjálpar er að fullu lokið.

Þjónustan, sem fram fór í hinum jarðneska helgi-dómi, er, eins og vér höfum séð, eftirmynd þjónust-unnar í hinum himneska; þegar æðstipresturinn á friðþægingardeginum gekk inn í hið allrahelgasta, var þjónustunni í hinu helga lokið. Fyrirskipanir Guðs voru á þessa leið: “Og enginn maður má vera inni í samfundatjaldinu er hann gengur inn til þess að frið-þægja í helgidóminum til þess er hann fer út”.<sup>3</sup> Þegar því Kristur fór inn í það allra helgasta til þess að fram-kvæma hið síðasta atriði friðþægingarinnar, þá var starfi hans [251] í fremri deildinni lokið. En þegar endað var starfið í fremri deildinni, [252] hófst athöfnin í hinna. Þegar æðsti presturinn, í sambandi við líking-arþjónustuna, á friðþæg-ingardaginn yfirgaf verk sitt í hinu helga, [253] fór hann fram fyrir Guð til þess að færa honum blóð fórnardýrsins fyrir hönd alls Ísraels lýðs, þess er í sannleika iðraðist synda sinna. Kristur hafði þannig aðeins fullkomnað eitt at-riði embættis síns þegar hann byrjaði á því næsta, hann hélt áfram að biðja föður sinn fyrir syndurunum og frið-þægja fyrir þá með blóði sínu.

Nú kom fram það sem við er átt í orðunum um Krist í Opin-berunarbókinni, sem töluð eru til kirkjunnar ein-mitt nú á dögum: “Þetta segir sá heilagi, sá sanni, sem hefir lykil Davíðs; hann sem

<sup>1</sup>Sjá Matt. 22 : 11.

<sup>2</sup>Sjá Opinb. 7 : 14.

<sup>3</sup>3. Móse 16 : 17.

lýkur upp svo að enginn læsir og læsir svo að enginn lýkur upp. Eg þekki verkin þín — sjá, eg hefi látið opnar dyr standa fyrir þér, sem enginn getur lokað”.<sup>1</sup>

Ásigkomulag hinna trúlausu Gyðinga skýrir ásig-komulag hinna andvaralausú og trúlausu meðal þeirra, sem játa kristna trú, en hafa hana ekki í hjarta sínu; þeirra sem af ásettu ráði vita ekki um starf vors miskunn-sama æðsta prests. Þegar æðsti presturinn, í eftirlíking-ar athöfninni, gekk inn í helgidóminn átti allur Ísraels lýður að safnast saman umhverfis helgidóminn og auð-mýkja sálir sínar sem fullkornast frammi fyrir Guði, til þess að hann gæti öðlast fyrirgefningu synda sinna og yrði ekki útskúfaður frá Guði. Hversu miklu meira er það vert að vér á þessum dögum, sem svo gagn-ólíkir eru eftirlíkingardegi friðþægingarinnar, skiljum verk vors æðsta prests og vitum hvaða skyldur oss ber að leysa af hendi.

[254] Menn geta ekki afleiðingalaust hafnað þeim aðvör-unum, sem Guð af miskunn sinni veitir þeim. Boðskapur var sendur frá himnum á dögum Nóa, og frelsun mann-anna var undir því komin hvernig þeir tækju á móti þeim boðskap. Sökum þess að þeir höfnuðu þeirri aðvörun hvarf Guðs andi frá hinni syndugu kynslóð og hún fórst í hinu mikla flóði. Á dögum Abrahams hætti miskunn-semi Guðs að áminna hina syndumspiltu íbúa Sódóma, og allir nema Lot ásamt konu sinni og tveimur dætrum fór- ust í eldi þeim, sem sendur var af himni. Þannig var það á dögum Kristis. Sonur Guðs sagði við hina vantrúuðu Gyðinga þeirra tíma: “Sjá, hús yðar skal yður í eyði eftir skilið verða”.<sup>1</sup> Þegar vér lítum á hina síðustu daga, segir hinn sami eilífi kraftur það sem hér er greint um þá sem: “veittu ekki viðtöku kærleikanum til sannleikans, að þeir mættu verða hólpnir. Og þess vegna sendir Guð þeim megna villu, til þess að þeir trúi lýginni, til þess að allir þeir verði dæmdir, sem ekki hafa trúað sannleik-anum, en hafa haft velpóknun á ranglætinu”.<sup>2</sup> Vegna þess að þeir höfnuðu kenningu orða hans, tók hann anda sinn frá þeim og skilur þeim eftir blekkinguna, sem þeir elska.

Þegar liðinn var tíminn, sem endaði 1844, kom tíma-bil mikillar reynslu fyrir þá, sem enn þá héldu fast við trú endurkomunnar. Þeirra eina huggun, að því er snerti hina réttu afstöðu þeirra, var ljós það,

<sup>1</sup>Opinb. 3 : 7, 8.

<sup>1</sup>Matt. 23 : 38.

<sup>2</sup>2. Þess. 2 : 10-11.

sem beindi hugum þeirra til helgidómsins á himnum. Sumir féllu frá trúnni á það, sem þeir höfðu áður útreiknað viðvíkjandi spádóms-tímabilunum, og tileinkuðu mannlegum eða djöfullegum áhrifum hin miklu áhrif heilags anda, sem samfara hafði verið endurkomu hreyfingunni. Aðrir trúðu því staðfastlega að Drottinn hefði með handleiðslu sinni stjórnað þeim í þeirra fyrri reynslu, og þegar þeir biðu og báðu og athuguðu og þráðu að vita vilja Guðs, sáu þeir að hinn mikli æðsti prestur þeirra byrjaði annað þjónustustarf; með því að fylgja honum í trú, komust þeir einnig svo langt að þeir sáu síðustu störf safnaðar-ins. Þeir fengu gleggri skilning á boðskap fyrsta og annars engilsins og voru til þess reiðubúnir að taka á móti og flytja heiminum hina hátíðlegu aðvörun þriðja engilsins, sem um er getið í fjórtánda kapítula Opinber-unarbókarinnar.

[255]

## Hið óumbreytanlega lögmál Guðs

“Og musteri Guðs opnaðist, það sem á himni er, og sáttmálsörk hans birtist í musteri hans”.<sup>1</sup> Sáttmálsörk Guðs er í hinu allra helgasta, hinni annari deild helgidóms-ins. Við þjónustuna í hinni jarðnesku tjaldbúð, þar sem þjónað var “eftir mynd og skugga hins himneska”, var þessi deild aðeins opnuð á hinum mikla friðþægingardeggi til hreinsunar helgidómsins. Þess vegna bendir yfirlýs-ingin um það að musteri Guðs sé opnað á himnum, og hitt að sáttmálsörk hans sást, á það að opnast skuli hið allra helgasta hins himneska helgidóms árið 1844, þegar Kristur fór þar inn til þess að fullkomna friðþægingar-verkið. Þeir sem í trú fylgdu hinum mikla æðsta presti, þegar hann byrjaði þjónustu sína í hinu allra helgasta, sáu sáttmálsörk hans. Þegar þeir lásu og hugsuðu um helgidóminn, höfðu þeir lært að skilja þjónustubreytingu frelsarans, og þeir sáu að hann var nú að framkvæma verk sitt frammi fyrir sáttmálsörk Guðs og friðþægja fyrir synduga menn með blóði sínu.

Í örkinni í hinni jarðnesku tjaldbúð voru hinar tvær steintölfur, þar sem á voru rituð boðorð Guðs heilaga lögmáls. Örkin var aðeins til þess að geyma í henni lög-málstöflurnar og þessir guðlegu helgidómar veittu henni það gildi og þá helgi, sem á henni hvíldi. Þegar musteri Guðs var opnað á himnum, þá sást sáttmálsörk hans í hinu allra helgasta í helgidómi himnanna, eru hin guðlegu lög geymd í heilagri örk — login, sem fram voru borin af vörum Guðs sjálfs í þrumugnýnum frá Sínaí-fjalli og rituð með hans eigin fingri á steintöflurnar.

[256]

Lög Guðs í helgidóminum á himnum eru hin miklu frumlög, en eftirrit það sem skráð var á steintöflurnar og frá er skýrt í Mósebók-unum, er sönn og rétt afritun þeirra. Þeir sem komust til skilnings um þetta mikils-verða atriði, sáu þannig hið helga, óumbreytanlega eðli hinna guðlegu laga. Þeir fundu betur en nokkru sinni áður kraftinn í orðum frelsarans: “Því að sannlega segi eg yður, þangað til himinn og jörð líða undir lok mun ekki einn smástafur eða einn stafkrók-

<sup>1</sup>Opinb. 11 : 19.

ur lögmálsins undir lok líða, unz það alt er komið fram”.<sup>1</sup> Lögmál Guðs, sem er opinberun vilja hans, skýring á eðli hans, hlýtur að vara eilíflega: “eins og hið trúa vitni á himnum”; ekki hefir eitt einasta boðorð verið úr gildi numið; ekki hefir smástaf eða stafkrók verið breytt. Sálmaskáldið segir: “Orð þitt, Drottinn varir að eilífu, það stendur fast eins og himininn”. “Verk hans eru trúfesti og réttvísi, öll fyrirmæli hans eru áreiðanleg, örugg um aldur og æfi”.<sup>2</sup>

Í sjálfu hjarta boðorðanna er fjórða boðorðið, eins og það var fyrst framsett: “Minstu þess að halda hvíld-ardaginn heilagan, sex daga skalt þú erfiða og vinna alt þitt verk, en sjöundi dagurinn er hvíldardagur, helgaður Drotni Guði þínum; þá skalt þú ekkert verk vinna og ekki sonur þinn eða dóttir þín, þræll þinn eða ambátt þín, eða skepnur þínar, eða nokkur útlendingar, sem hjá þér er innan borgarhliða þinna, því að á sex dögum gjörði Drottinn himinn og jörðina, hafið og alt sem í þeim er og hvíldist sjöunda daginn; fyrir því blessaði Drottinn hvíld-ardaginn og helgaði hann”.<sup>3</sup>

Andi Guðs hafði djúp áhrif á hjörtu þeirra, sem orð hans rannsökuðu; þeir sem sannfærðust um það að þeir hefðu í fávizku sinni brotið boðorð Guðs, með því að halda ekki helgan hvíldardag skaparans, byrjuðu að rannsaka ástæðurnar fyrir því, að haldinn var helgur fyrsti dagur vikunnar, í stað þess dags, sem Guð sjálfur hafði helgað; þeir fundu enga sönnun fyrir því í ritning-unni að fjórða boðorðið hefði verið úr gildi numið, eða að hvíldardeginum hefði verið breytt; blessun sú, er helgaði hinn sjöunda dag, hafði aldrei verið á burtu numin. Þeir höfðu einlæglega og samvizkusamlega leitast við að gjöra Guðs vilja; þegar þeir nú sáu að þeir höfðu brotið lögmál Guðs, fyltust hjörtu þeirra djúpri hrygð og þeir sýndu Guði trú sína með því að halda hvíldardag hans heilagan.

[257]

Margar og ákveðnar voru þær tilraunir, sem gerðar voru, til þess að svifta þá trú sinni. Engum gat dulist það, að ef hinn jarðneski helgidómur var ímynd eða eftir-líking hins himneska, þá var lögmálið, sem geymt var í örkinni, nákvæmt eftirrit af lögmálinu í örkinni á himnum, og það, að viðurkenna sannleikann viðvíkjandi hinum himneska helgidómi, hlaut að hafa það í för með sér, að viðurkendar væru kröfurnar í lögmáli Guðs, og þar á meðal sú skylda, að halda

<sup>1</sup>Matt. 5 : 18.

<sup>2</sup>Sálm, 119 : 89; 111 : 7, 8.

<sup>3</sup>2. Móse 20 : 8-11.

helgan hvíldardaginn, sam-kvæmt fjórða boðorðinu. Í þessu var fólgin leyndardóm-ur hinnar miklu og bitru mótstöðu gegn samkvæmri skýr-ingu heilagrar ritningar, sem skýrði embætti Krists í hinum himneska helgidómi. Menn reyndu að loka þeim dyrum, sem Guð hafði opnað, og opna þær dyr, sem hann hafði lokað. Hann hafði sagt: “Sjá, eg hefi látið dyr standa opnar fyrir þér, sem enginn getur lokað”.<sup>1</sup> Kristur hafði opnað dyrnar hins allra helgasta; ljós skein um þær opnu dyr helgidómsins á himnum og sýnt var fram á að fjórða boðorðið væri í lögmálinu, sem þar er greint. Það sem Guð hefir stofnsett, getur enginn maður koll-varpað.

þeir sem meðtekið höfðu ljósið er sýndi meðalgöngu Krists og óraskanleika lögmáls Guðs, sannfærðust um að þetta var sá sannleikur, sem við er átt í fjórtánda kapítula Opinberunarbókarinnar. Boðskapur þessa kapítula hefir inni að halda þrefalda aðvörun, sem á að undirbúa þá er jarðríki byggja undir endurkomu Drottins. Boðskapurinn sem þannig hljóðar: “Komin er stund dóms hans”, bendir til síðasta hlutans af starfi Krists, mönn-unum til sáluhjálpar. Hann boðar sannleika, sem stöð-ugt verður að boða, þangað til frelsarinn hefir lokið frið-þægingarstarfi sínu og kemur aftur til jarðarinnar til þess að taka fólk sitt til sín. Dómstarfið sem byrjaði árið 1844 verður að halda áfram þangað til allir hafa verið dæmdir, bæði lifandi og dauðir, þess vegna varir það þangað til náðartími mannkynsins er á enda. Til þess að menn geti staðist dóminn, fyrirskipar boðskapurinn þeim að “óttast Guð og gefa honum dýrðina”, “og tilbiðja þann, sem gjört hefir himininn og jörðina og hafið og upp-sprettur vatnanna”. Árangurinn af því, að þessum boð-skap sé veitt móttaka er skýrður í þeim orðum, sem hér segir: “Hér reynir á þolgæði hinna heilögu — þeir sem varðveita boð Guðs og trúna á Jesúm”. Til þess að vera undir dómsdag búnir verða menn að halda lögmál Guðs. Það lögmál verður mælisnúra fyrir breytni manna á degi dómsins. Páll postuli segir: “Því að allir þeir, sem syndgað hafa undir lögmáli, munu dæmast af lögmáli . . . á þeim degi, er Guð dæmir hið dulda hjá mönnunum fyrir Jesúm Krist”, og hann segir að “gjörendur lögmálsins munu réttlættir verða”.<sup>1</sup> Trú er nauðsynleg til þess að halda

[258]

<sup>1</sup>Opinb. 3 : 7-8.

<sup>1</sup>Róm. 2 : 12-16.



lögmál Guðs, því “án trúar er ómögulegt að þóknast honum”, og “alt, sem ekki er af trú, er synd”.<sup>2</sup>

Fyrsti engillinn kallar menn til þess að auðsýna Guði lotningu og lofsyngja honum, og tilbiðja hann sem skapara himins og jarðar. Til þess að gjöra þetta, verða menn að hlýða lögmáli hans. Spekingurinn segir: “Ótt-astu Guð og haltu hans boðorð, því að það á hver maður að gjöra”.<sup>3</sup> Án hlýðni við boðorð hans getur engin til-beiðsla þóknast Guði: “Því að í þessu birtist elskan til Guðs, að vér höldum hans boðorð”. “Sá sem snýr eyra sínu frá, til þess að heyra ekki lögmálið — jafnvel bæn hans er andstyggð”.<sup>4</sup>

Skyldan að tilbiðja Guð byggist á því að hann er skaparinn og að allar aðrar verur eiga honum tilveru sína að þakka. Og alstaðar í ritningunni þar sem krafa hans um hlýðni og tilbeiðslu fram yfir guði heiðingjanna, er fram borin, þá er vitnað í bans skapandi mátt: “Því að allir guðir þjóðanna eru falsguðir, en Drottinn hefir gjört himininn”.<sup>5</sup> “Við hvern viljið þér samlíkja mér, að eg sé honum jafn? segir hinn Heilagi. Hefjið upp augu yðar í hæðirnar og litist um. Hver hefir skapað þetta?” “Því að svo segir Drottinn, sá er himininn hefir skapað; — hann einn er Guð, sá er jörðina hefir myndað og hana tilbúið. — — Eg er Drottinn, og enginn annar”.<sup>6</sup> Sálmaskáldið segir: “Vitið að Drottinn er Guð; hann hefir skapað oss og hans erum vér”. “Komið, föllum fram og krjúpum niður; beygjum kné vor fyrir Drotni, skapara vorum”.<sup>1</sup> Og hinar heilögu verur, sem veita Guði lotningu í himninum gefa þá ástæðu, sem hér segir. fyrir því að honum beri hlýðnin: “Verður ert þú, Drottinn og Guð vor, að fá dýrðina og heiðurinn og máttinn, því þú hefir skapað alla hluti”.<sup>2</sup>

[259]

Í fjórtánda kapítula Opínberunarbókarinnar eru menn hvattir til þess að tilbiðja skaparann, og spámaður-inn sýnir flokk, sem heldur boðorð Guðs, vegna hins þrefalda boðskapar. Eitt þessara boðorða bendir bein-línis á Guð sem skapara. Fjórða boðorðið hljóðar þannig: “Sjöundi dagurinn er hvíldardagur, helgaður Drotni

<sup>2</sup>Heb. 11 : 6; Róm. 14 : 23.

<sup>3</sup>Préd. 12 : 13.

<sup>4</sup>1. Jóh. 5 : 3; Orðskv. 28 : 9.

<sup>5</sup>Sálm. 96 : 5.

<sup>6</sup>Jes. 40 : 25; 45 : 18.

<sup>1</sup>Sálm. 100 : 3; 95 : 6.

<sup>2</sup>Opinb. 4 : 11.

Guði þínum því að á sex dögum gjörðl Drottinn himinn og jörð, hafið og alt sem í þeim er, og hvíldist sjöunda daginn; fyrir því blessaði Drottinn hvíldardag-inn og helgaði hann”.<sup>3</sup>

Um hvíldardaginn segir Drottinn enn fremur að hann sé “sam-bandstákn milli mín og yðar, til þess að menn viðurkenni, að eg er Drottinn, Guð yðar”.<sup>4</sup> Og ástæðan sem fram er færð er þessi: “Því að á sex dögum gjörði Drottinn himinn og jörð, en sjöunda daginn hvíldist hann og endurnærðist.”<sup>5</sup>

Gildi hvíldardagsins, sem minning um sköpunina er það, að hann viðheldur því ávalt hjá oss, hvers vegna beri að tilbiðja Guð — af því hann er sá sem skapaði og vér þeir, sem hann hefir skapað. “Hvíldardagurinn er því einmitt undirstaðan undir sannri guðsdýrkun, því hann kennir þennan mikla sannleika á fullkomnastan hátt, og engin önnur stofnun gjörir það sama. Hinn sanni grundvöllur guðsdýrkunarinnar, ekki einungis á hinum sjöunda degi, heldur öll guðsdýrkun, er innifalin í mis-muninum milli þess sem skapar og hins sem skapaður er. Þessi mikli sannleikur verður aldrei í burtu numinn, og honum má aldrei gleyma”.<sup>6</sup>

[260]

Það var til þess að halda þessum sannleika stöðug-lega í hugum manna, sem Guð stofnaði hvíldardaginn í Eden. Og á meðan sá sannleikur, að hann er skapari vor, verður sem ástæða til þess að vér tilbiðjum hann, á með- an helzt hvíldardagurinn, sem merki þess og áminning. Hefði hvíldardagurinn alment verið haldinn, þá hefðu hugsanir og tilfinningar manna leiðst til skaparans, sem þess er tilbiðja ætti og lotningu bæri að veita, og þá hefði aldrei verið til einn einasti skurðgoðadýrkandi, guðsaf-neitandi né trúleysingi. Það að halda helgan hvíldardag-inn er merki ura trúfestu við hinn sanna Guð. “Þann sem gjört hefir himininn og jörðina og hafið og uppsprettur vatnanna”. Það liggur í augum uppi að boðskapurinn, sem býður mönnunum að tilbiðja Guð og halda hans boð-orð, krefst þess sérstaklega að þeir haldi fjórða boðorðið.

Í mótsetningu við þá, sem halda boðorð Guðs og varðveita trúna á Jesúm, bendir þriðji engillinn á annan flokk manna, og er hátíðleg viðvörun og óttaleg látin í ljósi gagnvart þeim; hún er á þessa leið:

<sup>3</sup>2. Móse 20 : 10. 11

<sup>4</sup>Esek. 20 : 20.

<sup>5</sup>2. Móse 31 : 17.

<sup>6</sup>Andrews, J. N., “Saga hvíldardagsins”, 24. kap

“Ef einhver tilbiður dýrið og líkneski þess og fær merki á enni sitt eða hönd sína, þá skal sá hinn sami drekka af reiðivíni Guðs”.<sup>1</sup> Nákvæmlega rétt þýðing er nauðsynleg á þeim líkingum, sem viðhafðar eru til þess að boðskapurinn verði skiljanlegur. Hvað er það sem dýrið, líkneskið og merkið eiga að tákna?

Dýrið með tvö hornin “lætur alla, smáa og stóra. auðuga og fá-tæka, frjálsa og ófrjálsa. setja merki á hægri hönd sér eða á enni sín, og kemur því til leiðar að enginn geti keypt eða selt nema hann hafi merkið, nafn dýrsins eða tölu nafns þess”.<sup>2</sup> Aðvörun þriðja engilsins er á þessa leið: “Ef einhver tilbiður dýrið og líkneski þess og fær merki á enni sér eða á hönd sína, þá skal hinn sami drekka af reiðivíni Guðs”. Dýrið sem um er talað í þess-um boðskap, sem hið tvíhyrnda dýr skipar að tilbiðja, er fyrra dýrið, sem um er getið í þrettánda kapítula Opin-berunarbókarinnar og líkist pardusdýri — það tákna páfavaldið. Líkneski dýrsins táknar þann flokk hinna fráföllnu mótmælenda, sem fram kemur þegar mótmæl-enda kirkjurnar leita liðs hjá hinum veraldlegu völdum til þess að lögleiða kenningar sínar. Merki dýrsins hefi enn ekki verið skýrt.

Eftir aðvörunina um tilbeiðslu dýrsins og líkneski þess segir spádómurinn: “Hér reynir á þolgæði hinna heilögu — þeir er varðveita boð Guðs og trúna á Jesúm” Með því að þeir sem halda lögmál Guðs eru þannig teknir sem mótmæting við hina sem tilbiðja dýrið og líkneski þess og meðtaka merki þess, þá leiðir það af sjálfu sér að trúfetsi við lögmál Guðs annars vegar og brot þess hins vegar veldur mismuninum milli þeirra sem Guð tilbiðja og hinna sem tilbiðja dýrið. [261] [262] [263]

Sérkenni dýrsins og þess vegna einnig líkneskis þess eru brot á boðorðum Guðs. Daníel spamaður segir um litla hornið, eða páfadóminn: “Hann mun hafa í hyggju að umbreyta helgítíðum og lög-um”. Og Páll postuli kall-ar hið sama afl “mann syndarinnar”, sem setja mundi sjálfan sig upp yfir Guð. Báðir spádómarnir eiga saman og fullkomna hvor annan. Það var aðeins með því að breyta lögmáli Guðs, sem páfavaldið gat sett sjálft sig upp yfir Guð. Hver sem í fullum skilningi hefði haldið lögmálið eftir að því var þannig breytt, hann hefði jafn-framt með því veitt hinn mesta heiður því valdi,

<sup>1</sup>Opinb. 14 : 9, 10.

<sup>2</sup>Opinb. 13 : 16. 17.

sem þannig hafði breytt því. Slík hlýðni við lög páfadóms-ins væri einkenni á páfadyrkun í stað guðsdýrkunar.

Páfavaldið hefir reynt að breyta lögmáli Guðs; ann-að boðorðið, sem fyrirbýður skurðgoðadýrkun, hefir af páfavaldinu verið numið brott úr lögmálinu, og fjórða boðorðinu hefir verið breytt þannig að skipað hefir verið að halda helgan fyrsta dag vikunnar í stað hins sjöunda. En páfatrúarmenn gefa það sem ástæðu fyrir því að sleppa öðru boðorðinu, að það sé ónauðsynlegt, með því að það sé innifalið í því fyrsta og að þeir kunni að halda lögmál Guðs nákvæmlega eins og hann hefir ætlast til að það væri skilið. Þetta getur ekki verið breytingin, sem spá-maðurinn segir fyrir; þar er átt við breytingu fyrirfram hugsaða af ásettu ráði: “Hann mun hafa í hyggju að umbreyta helgitiðum og lögum”. Breytingin á fjórða boðorðinu er það sem átt er við með þessum spádómi. Í því atriði setur páfavaldið sig opinberlega upp yfir Guð.

[264] Með því að dýrkendur Guðs eru auðkendir af virð-ingu þeirra fyrir fjórða boðorðinu, af því það er vitni um hinn skapandi mátt hans og vottur um kröfur hans á lotningu mannanna og tilbeiðslu, þá verða dýrkendur dýrsins auðkendir af tilraunum sínum til þess að rífa niður minningu skaparans, í því skyni að upphefja hina róm-versku stofnun. Það var viðvirkjandi sunnudeginum sem páfavelðið kom fram með sínar hrokafullu kröfur og fyrsti sigur þess yfir hinu veraldlega valdi var að neyða það til þess að fyrirskipa sunnudaginn sem “dag Drottins”. Fjórða boðorðið segir: “Sjöundi dagurinn er hvíldardagur Drottins”. Og samkvæmt orðum Jeseja spa-manns kallar Drottinn þennan dag “hinn heilaga dag Drottins”.<sup>1</sup>

Sú staðhæfing að Kristur hafi breytt helgideginum er hrakin með hans eigin orðum. Í fjallræðunni sagði hann: Ætlið ekki að eg sé kominn til þess að niðurbjóta lögmálið og spámennina; eg er ekki kominn til þess að niðurbjóta, heldur til þess að uppfylla; því að sannlega segi eg yður: pangað til himinn og jörð líða undir lok, mun ekki einn smástafur eða einn stafkrókur lögmáls-ins undir lok líða, unz alt er komið fram. Hver sem því brýtur eitt af þessum minstu boðorðum, og kennir mönn-um það, hann mun verða kallaður

<sup>1</sup>Jes.58 : 13.

minstur í himnaríki, en hver sem breytir eftir þeim og kennir þau, hann mun kallaður verða mikill í ríki himnanna”.<sup>2</sup>

Það er atriði, sem mótmælendur alment viðurkenna, að ritningin veitir enga heimild til breytingar á hvíldar-deginum. Þetta er greinilega tekið fram í riti, sem gefið er út af “Hinú ameríska rita-útgáfufélagi” og “Hinú ame-ríska sunnudagaskóla sambandi”. Eitt þessara rita við-urkennir “að algerlega sé ekkert gefið í skyn í nýja testamentinu að því er bein ákvæði snerti um skipun hvíldardagsins (sunnudagsins, fyrsta dags vikunnar) eða viðvíkjandi þeim reglum, sem fylgja skuli við helgidags-haldið”.<sup>3</sup>

Í öðrum ritum er þannig að orði komist: “Alt fram að dauða Krists hafði engin dagabreyting verið gerð”.<sup>4</sup> “Og eins langt og skýrslur sýna gáfu þeir (postularnir) enga ákveðna fyrirskipun viðvíkjandi því að hætta að halda helgan sjöunda daginn, né viðvíkjandi því að halda helgan fyrsta dag vikunnar”.<sup>5</sup>

Rómversk kaþólskir menn viðurkenna að hvíldardags breytingin hafi verið gjörð af kirkju þeirra, og halda þeir því fram, að með því að halda helgan sunnudaginn, viður- kenni mótmælendur vald þeirra. Sem sönnun fyrir valdi kaþólsku kirkjunnar segja kaþólskir menn að “einmitt það að leyfa þá breytingu að sunnudagurinn sé talinn hvíldardagur, eins og mótmælendur geri, með því að halda helgan sunnudaginn, sé sönnun fyrir viðurkenningu þeirra (mótmælenda) fyrir valdi kaþólsku kirkjunnar til þess að fyrirskipa helgidaga og gjöra það að synd að van-helga þá”.<sup>1</sup> Hvað þýðir því breyting hvíldardagsin sannað en tákn eða merki um vald rómversku kirkjunnar — “merki dýrsins”?

Rómverska kirkjan hefir ekki hætt að halda fram yfirburðum sínum; og þegar heimurinn og mótmælenda kirkjunnar viðurkenna þann hvíldardag sem hún hefir fyrirskipað, en afneita hvíldardegi ritningarinnar, þá við-urkenna þeir í raun rétttri rómverska valdið. Þeir geta haldið því fram að breytingin sé upprunnin í fornum sið-um og hjá forfeðrunum; en með því afneita þeir aðalatrið-inu, sem aðgreinir þá frá rómversku kirkjunni, sem sé því að “ritningin, og ekkert nema

<sup>2</sup>Matt. 5 : 17-19.

<sup>3</sup>Elliott George, “The Abiding Sabbath”, bls. 184.

<sup>4</sup>Waffle, A. E., “The Lords Day”, bls. 186.

<sup>5</sup>Sama bók, bls. 187, 188.

<sup>1</sup>Tuberville, H., “An Abridgement of the Christian Doctrine”, bls.58.

ritningin sé það, sem trú mótmælenda byggist á”. Páfatrúarmenn geta séð að þeir draga sjálfa sig á talar, loka viljandi augum sínum fyrir sannleikanum í þessu máli. Eftir því sem hreyfingin fyrir því að fyrirskipa helgihald sunnudagsins festir dýpri rætur, eftir því gleðjast hinir kaþólsku menn og telja það víst að þetta muni um síðir koma öllum hinum mótmælenda heimi undir fána rómversku kirkjunnar.

Rómversk kaþólskir menn segja, “að helgihald sunnudagsins meðal mótmælenda, sé skuld er þeir greiði, eða viðurkenning til yfirvalda kaþólsku kirkjunnar, þrátt fyrir það þótt þeir kannist ekki við það sjálfir”.<sup>2</sup> Framfylging sunnudagshelginnar meðal mótmælenda kirkna, er framfylging dýrkunar á páfavaldinu — dýrinu. Þeir sem heldur vilja halda rangan hvíldardag en réttan, þrátt fyrir það þótt þeir skilji kröfu fjórða boðorðsins, þeir greiða með því skatt því valdi, sem eitt hefir fyrirskipað breytinguna. En einmitt með því að framfylgja trúar-bragðaskyldu með veraldlegu valdi, verða [266] kirkjurnar sjálf-ar líkneski dýrsins; þess vegna er það að framfylging sunnudagshelgihaldsins er tilbeiðsla dýrsins og líkneskis þess.

En kristnir menn á liðnum öldum héldu helgan sunnudaginn, trúandi því að sá dagur væri hinn biblíulegi hvíldardagur, og enn eru sannkristnir menn í hverri kirkju, að meðtöldum rómversk kaþólskum kirkjum, sem í einlægni trúa því að sunnudagurinn sé sá helgidagur, sem hinn alvaldi fyrirskipaði. Guð lítur á einlægni þeirra og þeir eru saklausir í hans augum. En þegar sunnudags-helgihaldi er framfylgt með lögum, og heiminum gefst tækifæri til upplýsingar viðvirkjandi skyldunni að halda hinn rétta hvíldardag, þá er það víst að hver sá er fót-umtreður boðorð Guðs og hlýðir í þeirra stað fyrirskipun-um, sem ekki koma frá æðri völdum en rómversku kirkj-unni, hann tekur páfavaldið fram yfir Guð; hann greiðir skatt rómverska valdinu og því valdi, sem framfylgir fyrirskipunum frá rómversku kirkjunni. Hann tilbiður dýrið og líkneski þess. Þegar menn þannig hafna þeirri stofnun, sem Guð hefir fyrirskipað og lýst yfir að væri tákn veldis síns, en dýrka í þess stað þá stofnun, sem rómverska kirkjan hefir valið sem einkenni um vald sitt, þá hafa þeir með því viðurkent vald rómversku kirkjunnar og samherja hennar — “líkneski dýrsins”. Og það er ekki fyr en þetta hefir greinilega verið skýrt fyrir fólkinu að þeim gefst kostur á að velja milli boðorða

<sup>2</sup>“Plain Talk About Protestantism”, bls. 213.

Guðs og fyrirskipana manna, að þeir sem áfram halda að brjóta boðorð Guðs fá á sig “merki dýrsins”.

Ægilegasta hótun, sem nokkru sinni hefir mætt dauðlegum mönnum er í boðskap hins þriðja engils. Það hlýtur að vera voða synd sem aflar þeim er hana drýgja reiði Guðs án nokkurrar miskunnar. Menn eru ekki yfir-gefnir í myrkri viðvíkjandi þessu mikilsverða atriði. Við-vörðun gegn þessari synd verður veitt heiminum áður en dómisdagur Drottins kemur, til þess að allir megi vita, hvers vegna skelfingin vofir yfir þeim, svo að þeim gefist kostur á að umflýja hana. Spámaðurinn segir að boð-skapur fyrsta engilsins sé fluttur “sérhverri þjóð, og kyn-kvísl og tungu og lýð”. Aðvörðun hans þriðja engils, er nokkur hluti af hinum þrefalda boðskap, og verður hún engu síður útbreidd. Því er lýst yfir í spádóminum þannig að sú aðvörðun verði boðuð með hárrí röddu, af engli, sem fljúgi um miðhimininn, og hún muni draga að sér athygli heimsins. [267]

Þegar stríðið hefst, verður öllum skift í tvo flokka; í öðrum flokknum verða þeir, sem halda boðorð Guðs og varðveita trúna á Jesúm, hins vegar verða þeir, sem til-biðja dýrið og líkneski þess. Þrátt fyrir það þótt kirkja og ríki sameini vald sitt til þess að þvinga: “alla smáa og stóra, auðuga og fátæka og frjálsa og ófrjálsa”, til þess að “setja merki á hægri hönd sér eða enni sér”,<sup>1</sup> þá munu þeir sem Guði hlýða samt ekki meðtaka það. Spámaðurinn á Patmos sá “þá, sem unnið höfðu sigur á dýrinu og á líkneski þess og á tölu nafns þess, standa við glerhafið og halda á hörpum Guðs”, syngjandi söng Móse og söng lambsins.<sup>2</sup> [268]

<sup>1</sup>Opinb. 13 : 16.

<sup>2</sup>Opinb. 15:2. 3.

## Siðabótastarf

Siðabótaverkið, sem framkvæmast átti á hinum síð-ustu dögum, er sagt fyrir í spádómi Jesaja: “Svo segir Drottinn: Varðveitið réttinn og gjörið það sem rétt er; því að jálpræði mitt er í nánd og réttlæti mitt birtist bráð-lega. Sæll er sá maður, sem gjörir þetta, og það manns-barn, sem heldur fast við það; sá sem gætir þess að van-helga ekki hvíldardaginn og varðveitir hönd sína frá því, að gjöra nokkuð ilt”. “Og útlendinga, sem gengið hafa Drotni á hönd, til þess að þjóna honum og til þess að elska nafn Drottins, til þess að verða þjónar hans: Alla þá, sem gæta þess að vanhelga ekki hvíldardaginn og halda fast við minn sáttmála, þá mun eg leiða til míns heilaga fjalls og gleðja þá í bænahúsi mínu”.<sup>1</sup>

Þessi orð eiga við á dögum kristninnar, eins og sjá má á samhljóða máli: Herrann Drottinn segir: þegar eg safna saman hinum burtteknu af Ísrael, mun eg safna mörgum auk þeirra”.<sup>2</sup> Hér er tákni þess að heiðingjarnir, samkvæmt fagnaðarerindinu, skuli safnast saman, og þeir munu verða sælir, sem þá halda helgan hvíldardaginn. Þannig nær skyldan um fjórða boðorðið lengra en til krossfestingarinnar, upprisunnar og þess tíma er Kristur varð uppnuminn, og alla leið til þeirra stunda, þegar þjónar hans áttu að prédika öllum þjóðum boðskap gleði-tíðindanna.

[269] Drottinn gefur þessa fyrirskipun fyrir munn sama spámanns: “Bind þú saman vitnisburðinn og innsigla lögmálið hjá lærisveinum mínum”.<sup>3</sup> Innsigli lögmáls Guðs er að finna í fjórða boðorðinu. Þetta eina boðorð Meðal allra hinna tíu, sýnir greinilega nafn og embætti löggjafans. Það lýsir því yfir að hann sé skapari himins og jarðar, og sýnir það þannig að honum ber tilbeiðsla og lotning fremur öllum öðrum. Þegar þetta er frátalið, finst ekkert í hinu tíu boðorða lögmáli, er sýni í hvers valdi lögin séu útgefin. Þegar hvíldardeginum var breytt af hinum kaþólsku völdum, var innsiglið numið brott af

<sup>1</sup>Jes. 56 : 1, 2, 6, 7.

<sup>2</sup>Jes. 56 : .

<sup>3</sup>Jes. 8 : 16 (ensk þýðing)



lögmáli Guðs; lærisveinum Krists er fengið það hlutverk að kippa því í samt lag aftur, með því að upphefja hinn sanna hvíldardag, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í fjórða boðorðinu, þar sem hann er fyrirskipaður sem tákn og merki um vald og kraft skapara vors.

“Leitið til kenningarinnar og vitnisburðarins”. Þrátt fyrir það þótt mikið sé af fjarstæðum kenningum og andstæðum hugmyndum, þá er lögmál Guðs hin óskeikula mælisnúra, sem allar kenningar og hugmyndir prófast af. Spámaðurinn segir: “Ef þeir tala ekki samkvæmt þessu orði, þá er það sökum þess að þá brestur ljósið”.<sup>1</sup>

“Kalla þú af megni og drag ekki af. Hef upp raust þína sem lúður og kunngjör lýð mínum misgjörð þeirra. og húsi Jakobs syndir þeirra”. Það er ekki hinn spilti heimur, heldur þeir sem Drottinn nefnir “lýð sinn”, sem áminning skal hljóta fyrir misgjörð þeirra. Hann segir enn fremur: “Og þó leita þeir mín dag frá degi og girnast að þekkja mína vegu; þeir heimta af mér réttláta dóma og girnast það, að Guð komi til, eins og væru þeir þjóð, sem iðkar réttlæti og eigi víkur frá skipunum Guðs síns”.<sup>2</sup> Hér er talað um flokk, sem heldur að hann sé réttlátur, og virðist vera mjög ant um að þjóna Guði; en hin alvarlega og hátíðlega aðfinsla þess er rannsakar hjörtun sannar það, að þeir fótumtroða hinar heilögu fyrirskipanir.

Spámaðurinn bendir þannig á fyrirmæli þau, sem hafa verið yfirgefin: “Þá munu afkomendur þeirra byggja upp hinar fornu borgarrústir, og þú munt reisa af nýju múrveggina, er legið hafa við velli marga manns-aldra, og þá munt þú nefndur verða múrskarðafyllir, far-brautabætir. Ef þú varast að vanhelga hvíldardaginn, varast að gegna störfum þínum á helgum degi mínum, ef þú kallar hvíldardaginn feginsdag, hinn helga dag Drottins, heiðursdag og virðir hann svo, að þú framkvæmir ekki fyrirætlanir þínar, annast ekki störf þín né talar hégómaorð, þá munt þú gleðjast í Drotni”.<sup>1</sup> Þessi spádómsorð eiga einnig við á vorum dögum. Lögmál Guðs var brotið þegar hvíldardeginum var breytt af hinum rómversku völdum. En nú er tími kominn til þess að endurreisa þessa heilögu stofnun. Brotið á að bætast og uppbyggjast skal grundvöllur margra kynslóða.

Adam hélt helgan hvíldardaginn í sakleysi sínu í hinni heilögu Eden, hvíldardaginn sem helgaður var og blessaður með hvíld skap-

<sup>1</sup>Jes. 8 : 20 (ensk þýðing).

<sup>2</sup>Jes. 58 : 1, 2.

<sup>1</sup>Jes. 58 : 12, 13.

arans; Adam hélt helgan hvíldardaginn eftir að hann hafði fallið og iðrast, þegar hann var rekinn úr sælubústað sínum. Hvíldardagurinn var helgur haldinn af öllum forfeðrum frá Abel til hins rétt-láta Nóa, til Abrahams og til Jakobs. Þegar hin útvalda þjóð var í útlegð í Egyptalandi, töpuðu margir sjónar á lögum Guðs mitt í hinni ríkjandi skurðgoðadýrkun. En þegar Drottinn frelsaði Ísraelslýð, lýsti hann yfir lögmáli sínu í mikilli dýrð frammi fyrir hinum samansafnaða fjölda, til þess að fólkið skyldi vita vilja hans og óttast hann og hlýða honum eilíflega.

Frá þeim degi til þessa tíma hefir þekkingin á lög-máli Guðs varðveizt á jörðinni og hvíldardagurinn, sem fyrirskipaður er í fjórða boðorðinu hefir verið haldinn. Þótt “maður syndarinnar” hafi látið sér takast að fótum-troða boðorðið um hinn heilaga dag Guðs, þá voru, jafn-vel á þeim dögum er hann ríkti, trúfastar sálir, sem héldust við á leyndum stöðum og gáfu Guði dýrðina með hlýðni við það boðorð. Síðan á dögum siðabótarinnar hafa altaf verið nokkrir meðal hvernar þjóðar, sem haldið hafa helgan hinn rétta hvíldardag. Þrátt fyrir alls konar árásir og ofsóknir hefir stöðugur vitnisburður verið bor-inn um hið eilífa lögmál Guðs og hina helgu skyldu að halda hvíldardag skaparans.

Þessi sannindi, eins og þau koma fram í Opinberun-arbókinni, fjórtánda kapítula, í sambandi við “hinn eilífa fagnaðarboðskap”, mun aðgreina kirkju Krists við endur-komu hans, því samkvæmt hinum þrefalda boðskap er það opinberað sem hér segir: “Hér reynir a þolgæði hinna heilögu — þeir er varðveita boð Guðs og trúna á Jesúm”. Og þetta er síðasti boðskapur sem gefinn er fyrir komu Drottins. Jafnskjótt og þessu hefir verið lýst yfir, sér spámaðurinn mannsins son, þar sem hann kemur í mik-illi dýrð, til þess að uppskera af jörðinni.

Þeir sem meðtóku ljósið viðvíkjandi helgidóminum og óbreytanleik Guðs lögmáls, fylltust gleði og undrun þegar þeir sáu hið mikla samræmi í kerfi sannleikans, sem þeim nú opnaðist og þeir skildu fyllilega. Þeim var það áhugamál að ljósið sem þeim hafði birst svo dýrðlegt, mætti einnig birtast öllum kristnum mönnum og þeir gátu ekki trúað öðru, en að það yrði með gleði meðtekið. En sannleikur, sem kom mönnum í ónád hjá heiminum, var þeim ekki velkominn, þótt þeir þættust vera fylgjend-ur Krists. Hlýðni við fjórða boðorðið útheimti sjálfs-afneitun, sem fjöldinn veigraði sér við.

Þegar komið var fram með kröfur hvíldardagsins, þá töluðu margir frá veraldlegu sjónarmiði á þessa leið: “Vér höfum ávalt haldið helgan sunnudaginn; feður vorir héldu hann helgan, og margir góðir og guðhræddir menn hafa dáið sælir og í friði, haldandi þann dag heilagan. Hafi þeir breytt rétt, þá er sama máli að gegna með oss. Færum vér að halda helgan þennan nýja hvíldardag, þá færðumst vér úr samræmi við heiminn og vér hefðum engin áhrif á aðra. Hvað er það, sem lítið félag hygst að geta komið til leiðar með því að halda helgan sjöunda daginn, gagnvart öllum heiminum, sem heldur helgan sunnudaginn?” það var með sams konar rökum, sem Gyðingar reyndu að réttlæta útskúfun Krists. Guð hafði viðurkent feður þeirra, sem fórnarframberendur, og hvers vegna ættu þá ekki börn þeirra að hljóta sáluhjálp, með því að fylgja sömu stefnu? Þannig var það á dögum Lúters, páfatrúarmenn héldu því fram, að sannkristnir menn hefðu dáið í kaþólsku trúnni, og þess vegna væri sú trú fullnægjandi til sáluhjálpar. Slíkar rökfærslur yrðu steinn í vegi allra framfara í trúarefnum eða líferni.

Margir héldu því fram að sunnudagshelgihald hefði verið staðfest kenning og almennur siður í kirkjunni um margar aldir. Á móti þeirri staðhæfingu var það sýnt að hvíldardagurinn og helgihald hans var eldri og útbreidd-ari, jafnvel væri það eins gamalt og veröldin sjálf og væri helgað bæði af englum og Guði. Þegar jörðin var grundvölluð, þá var hvíldardagurinn stofnaður. Þessi stofnun má með réttu krefjast virðingar vorrar; hún var ekki grundvölluð af neinum veraldlegum völdum, hún var stofnsett í upphafi og fyrirskipuð í hinu heilaga Guðs orði.

Þegar athygli fólksins var beint að umbót að því er helgihald hvíldardagsins snerti, þá ranghverfðu prédik-arar alþýðunnar Guðs orði, og þýddu það þannig að þeir gætu friðað huga þeirra manna, sem rannsókn þráðu. Og þeir, sem ekki rannsökuðu Guðs orð sjálfir, gerðu sig ánægða með að taka góðar og gildar ályktanir, sem voru í samræmi við vilja þeirra. Með vífilengjum, útúrsnún-ingum, venjum feðra sinna og valdi kirkjunnar, reyndu margir að kollvarpa sannleikanum. Þeir sem sannleikan-um héldu fram, urðu að leita ritningarinnar, til þess að sanna gildi fjórða boðorðsins. Alþýðumenn, sem ekkert höfðu að vopnum nema Guðs orð eitt, stóðust árásir lærðra manna og stóðu hinir ráðalausir og reiðiþrungnir, þrátt fyrir mælsku sína og vífilengjur, þegar þeir mæltu blátt áfram sann-

leikann, hjá mönnum, sem ekki vörðust með neinum flækjum, heldur með beinum röksemdum, sem meiri stund höfðu lagt á það að vera kunnugir ritning-urni, en skólaspekinni svokölluðu.

Þegar andstæðingar sannleikans gátu ekki fundið kenningum sínum stað í ritningunni, gripu þeir til hinna sömu vopna, sem beitt var gegn Kristi og postulum hans: “Hvernig stendur á því”, sögðu þeir, “að vorir leiðandi menn skilja ekki þetta helgidóms atriði? það eru aðeins fáir sem hafa sömu trú og þér fylgið; það er ómögulegt að þér hafið á réttu máli að standa og allir lærðu menn-irnir í heiminum fari villir vegar”.

Til þess að hrekja þetta þurfti ekki annað en að vitna í kenningar ritningarinnar og sögu Krists í sambandi við fólk hans á öllum öldum. Guð vinnur með áhrifum þeirra sem heyra rödd hans og hlýða henni; áhrifum þeirra, sem til þess eru búnir, ef þörf gerist, að mæla hinn óvinsæla sannleika; þeirra, sem ekki veigra sér við að berjast gegn þeim syndum, sem álits njóta. Ástæðan fyrir því að Drottinn velur ekki oftær lærða menn, og þá sem leiðandi eru, til þess að beita sér fyrir siðbótaverkin, er sú, að slíkum mönnum er hætt við að treysta [273] játning- um, hugmyndum og guðfræðiskerfum, en þeir finna enga þörf á að afla sér þekkingar frá Guði sjálfum. Þeir einir, sem eru í persónusambandi við uppsprettu vizkunnar, geta skilið ritninguna og skýrt hana. Menn, sem lítið hafa lært í skólum, eru stundum kallaðir til þess að út-breiða sannleikann; ekki vegna þess að þeir eru ólærðir, heldur vegna hins, að þeir þykjast ekki sjálfum sér nógir, án þess að læra af Guði sjálfum. Þeir læra í skóla Krists og auðmýkt þeirra og hlýðnin gjörir þá mikla. Þegar Guð fræðir þá í sannleika síns heilaga orðs, veitir hann þeim heiður, sem er öllum veraldlegum og mannlegum virðingum æðri.

Það er eins nú á dögum og það var á fyrri öldum, að þegar sannleikurinn er hiklaust sagður og syndinni sagt stríð á hendur, þá mæta þeir mótstöðu er sannleikann flytja: “Því að hver sem ilt aðhefst, hatar ljósið og kemur eigi til ljóssins til þess að verk hans verði ekki átalinn”.<sup>1</sup> Þegar menn sjá að þeir geta ekki sannað mál sitt með orðum ritningarinnar, hugsa þeir sér, sumir hverjir, að halda samt fram máli sínu, hvað sem það kosti; þeir ráðast því á mannkosti og tilgang þeirra, sem verja óvinsælan sannleika og beita til þess

<sup>1</sup>Jóh. 3 : 20.

illgirni. Þetta er sama stefnan sem fylgt hefir verið um allar aldir. Mennt sögðu að Elías væri uppreistarmaður hjá Ísraelslýð, Peremías var talinn landráðamaður, og Páll postuli var kærður um það að svívirða musterið. Frá þeim tímum sem þessir menn voru uppi og alt til vorra daga, hafa þeir verið fordæmdir, sem stöðugir hafa staðið fyrir máli sannleikans; þeir hafa verið kærðir um landráð, villutrú og uppreist.

Hver er skylda boðbera sannleikans, þegar þetta er tekið til greina? Á hann að komast að þeirri niðurstöðu að sannleikurinn ætti ekki að boðast, vegna þess að boðun sannleikans vekur oft upp menn, sem forðast kröfur hans eða veita honum mótstöðu? Nei, langt frá. Hann á ekki fremur að veigra sér við að flytja köllun Guðs og bera vitni um orð hans, vegna þess að slíkt valdi mótstöðu en siðabótamenn fyrri alda. Þegar píslarvottarnir lýstu yfir trú sinni, var það skrifað til góðs fyrir seinni kynslóðir. Þeir sem þannig létu líf sitt og voru sjálfir lifandi fyrirmynd heilags, staðfasts og flekklaus lífs, hafa verið andlega nálægir, og eru það enn, þeim sem nú eru kallaðir til þess að bera vitni frammi fyrir Guði, og frá nálægð þeirra hljóta þeir hugrekki. Þessir staðföstu menn meðtóku náð og sannleika, ekki einungis fyrir sjálfa þá, heldur til þess að heimurinn mætti hljóta upplýsing frá Guði þeirra vegna. Hefir Guð veitt þjónum sínum með þessari kynsólð ljós sitt? Sé svo, þá ættu þeir að láta það skína fyrir heiminum.

[274]

Í fornöld sagði Drottinn, fyrir munn þess, er mælti í hans nafni: “En Ísraelsmenn munu eigi vilja hlýða á þig, því að þeir vilja eigi hlýða á mig; því að allir Ísraelsmenn hafa hörð enni og þverúðarfull hjörtu”.<sup>1</sup> Samt sem áður sagði Drottinn: “Heldur skalt þú tala orð mín til þeirra, hvort sem þeir hlýða á þau eða gefa þeim engan gaum”.<sup>2</sup> Þjónum Drottins er gefið þetta boðorð nú á tímum: “Kalla þú af megni og drag ekki af. Hef upp raust þína sem lúður og kunngjör lýð mínum misgjörð þeirra og húsi Jakobs syndir þeirra”.

Að því er tækifæri snertir, er það að segja, að hver einasti maður, sem hefir meðtekið ljós sannleikans, hefir hina sömu miklu og skelfilegu ábyrgð, sem spámenn Israels höfðu, sem Drottinn talaði til á þessa leið: “þig, mannsins-son hefi eg skipað varðmann fyrir

<sup>1</sup>Esek. 3:7.

<sup>2</sup>Esek. 2:7.

Ísraelshús, til þess að þú varir þá við fyrir mína hönd, er þú heyrir orð af munni mínum. Þegar eg segi við hinn óguðlega: þú hinn óguðlegi skalt deyja! og þú segir ekkert til þess að vara hinn óguðlega við breytni hans, þá skal að vísu hinn óguðlegi deyja fyrir breytni sína, en blóðs hans vil eg krefja af þinni hendi. En hafir þú varað hinn óguð-lega við breytni hans, að hann skuli láta af henni, en hann lætur samt ekki af breytni sinni, þá skal hann deyja fyrir misgjörð sína, en þú hefir frelsað líf þitt”.<sup>3</sup>

[275] Hinir miklu örðugleikar, bæði að því er snertir mót-töku sannleikans og útbreiðslu hans eru þeir, að það hefir í för með sér óþægindi og ámæli. Þetta er eina atriðið á móti sannleikanum, sem boðendur hans hafa aldrei getað mótmælt. En þetta veldur þeim ekki hugleysi, sem í sannleika fylgja Kristi. Þeir bíða ekki eftir því að sannleikurinn verði almenningi velkominn gestur. Þegar þeir eru sannfærðir um skyldu sína, taka þeir á herðar sér krossinn af fúsum vilja og segja eins og Páll postuli: “Því að þrenging vor, skammvinn og léttbær, aflar oss mjög yfirgnæfanlegs eilífs dýrðarþunga”.<sup>1</sup> Og þeir hugsa eins og einn í fornöld, er “áleit vanvirðu Krists meiri auð en fjársjóðu Egyptalands”.<sup>2</sup>

Hversu sem menn segjast trúa, þá eru það einungis þeir, sem eru heimsins börn í hjarta sínu, sem meira hugsa um að fylgja tíðarandanum, en að fylgja sannfæringu sinni í trúarefnum. Vér ættum að velja hið rétta, vegna þess að það er rétt og fela Guði afleiðingarnar. Heimurinn á þeim mönnum fyrir hinar miklu siðabætur að þakka, sem voru staðfastir trúmenn, hug-rakkir og trúir. Af slíkum mönnum verða siðabótaverk vorra daga að vera unnin.

[276] Þannig mælti Drottinn: “Hiýðið á mig, þér sem þekkið réttlætið, þú lýður, sem ber lögmál mitt í hjarta þínu: Óttist eigi spott manna og hræðist eigi smánar-yrði þeirra; því að mölur mun eta þá eins og klæði og maur eta þá eins og ull; en réttlæti mitt varir eilíflega og hjálpræði mitt frá kyni til kyns”.<sup>3</sup>

<sup>3</sup>Esek. 33 : 7-9.

<sup>1</sup>2. Kor. 4 : 17.

<sup>2</sup>Heb. 11 : 26.

<sup>3</sup>Jes. 51 : 7-8.

## Hinn rannsakandi dómur

“Eg horfði og horfði”, segir Daniel spámaður, “þar til er stólar voru settir fram og hinn aldraði settist niður. Klæði hans voru hvít sem snjór og höfuðhár hans sem hrein ull; hástæti hans var eldslogar og hjólin undir því eldur brennandi. Eldstraumur gekk út frá honum; þús-undir þúsunda þjónuðu honum og tíþúsundir tíþúsunda stóðu frammi fyrir honum. Dómendurnir settust niður og bókunum var flett upp”.<sup>1</sup>

Þannig var hin mikla sýn spámansins á hinum mikla og há-tíðlega degi, þegar breytni manna og lífernir átti að dæmast frammi fyrir dómara alls heimsins, og þegar “einum og sérhverjum skyldi goldið samkvæmt verkum hans”. Hinn aldraði er Guð, faðir vor. Sálmaskáldið segir: “Áður en fjöllin fæddust og jörðin og heimurinn urðu til, frá eilífð til eilífðar ert þú, ó Guð”.<sup>2</sup> Það er hann, faðir allra skepna og uppruni allrar tilveru og höf-undur allra laga, sem að stjórnina hinum mikla dómi. Og heilagir englar, sem þjónar og vitni, svo tíþúsundum tíþúsunda skiftir, verða viðstaddir þennan mikla dóm.

“Og sjá, einhver kom í skýjum himins, sem manns syni líktist; hann kom þangað er hinn aldraði var fyrir og var leiddur fyrir hann. Og honum var gefið vald, heiður og ríki, svo að honum skyldu þjóna allir lýðir, þjóðir og tungur. Hans vald er eilíft vald, sem ekki skal undir lok líða, og ríki hans skal aldrei á grunn ganga”.<sup>3</sup> Koma Krists, sem hér er lýst, er ekki önnur koma hans til jarðarinnar. Hann kemur til hins aldraða á himnum, til þess að þiggja vald og dýrð og konungdóm, sem honum verður veitt þegar hann hefir unnið hlutverk sitt sem meðalgangari. Það er þessi koma, en ekki endurkoma hans til jarðarinnar, sem frá er sagt í spádómin-um að fyrir mundi koma, að enduðum hinum 2300 dög-um, árið 1844. Með himneska engla í för með sér, byrjar vor æðsti prestur starf sitt og fer inn í hið

[277]

<sup>1</sup>Dan. 7 : 9-10.

<sup>2</sup>Sálm. 90 : 2.

<sup>3</sup>Dan. 7 : 13-14.

allrahelgasta og birtist þar frammi fyrir Guði, til þess að fullkomna síðasta atriði starfs síns mönnunum til frelsunar, sem er að stjórna hinum rannsakandi dómi og friðþægja fyrir alla þá, sem sýnt er að séu þess verðugir.

Við eftirlíkingarþjónustuna tóku þeir einir þátt í athöfnum friðþægingardagsins, sem iðruðust og komu fram fyrir Guð og játuðu syndir sínar, sem svo voru, fyrir blóð fórnardýrsins færðar inn í helgidóminn Þannig verður það á degi hinnar miklu íriðþægingar og hins rannsakandi dóms, að einungis þeir, sem opinberlega játa trúna á Guð verða teknir til greina. Dómur hinna óguðlegu er sérstakur og aðskilinn, og skeður miklu seinna: “Því að nú er tíminn kominn til að dómurinn byrji á húsi Guðs; en ef hann byrjar á oss, hver munu þá verða afdrif þeirra, sem ekki hlýðnast fagnaðarboð-skap Guðs”.<sup>1</sup>

Bækur þær á himnum, þar sem skráð eru nöfn og athafnir manna, úrskurða það hver dómurinn verði. Spá-maðurinn Daníel segir: “Dómendurnir settust niður, og bókunum var flett upp”. Og í Opinberunarbókinni er sagt frá því sama á þennan hátt: “Og annari bók var flett upp og það er lífsins bók; og hinir dauðu voru dæmd-ir eftir því, sem ritað var í bókunum, samkvæmt verkum þeirra”.<sup>2</sup>

[278] Lífsins bók hefir að geyma nöfn allra þeirra, sem nokkru sinni hafa gengið í þjónustu Guðs. Jesús sagði við lærisveina sína: “Gleðjist yfir því að nöfn yðar eru innrituð í himninum”.<sup>3</sup> Páll postuli talar þannig um sína trúu meðbræður, að þeirra “nöfn standi í lífsins bók”.<sup>4</sup> Daníel sér í huga sínum “svo mikla hörmungatíð, að slík mun aldrei verið hafa”.<sup>5</sup> og hann lýsir því yfir að Guðs útvalda fólk skuli frelsast, “allir þeir sem skráðir finnast í bókinni”.<sup>1</sup> Og í Opinberunarbókinni segir, að þeir einir skuli koma í ríki Guðs, sem ritaðir séu í lífsbók lambsins.<sup>2</sup>

“Minnisbók” er rituð hjá Guði, þar sem skrifuð eru góðverk þeirra sem “óttast Drottinn og virða hans nafn”.<sup>3</sup> Trúnaðarorð þeirra; kærleiksverk þeirra eru skráð á himnum. Nehemía á við þetta þegar

<sup>1</sup> 1. Pét. 4 : 17.

<sup>2</sup> Opinb. 20 : 12.

<sup>3</sup> Lúk. 10 : 20.

<sup>4</sup> Filip. 4 : 3

<sup>5</sup> Dan. 12 : 1.

<sup>1</sup> Dan. 12 : 1.

<sup>2</sup> Opinb. 21 : 27.

<sup>3</sup> Malakía 3 : 16.



hann segir: “Mundu mér þetta, Guð minn, og afmá eigi góðverk mín, þau er eg hefi gjört fyrir hús Guðs míns og þjónustu hans”.<sup>4</sup> Í minnisbók Guðs er minst allra réttlætisverka; þar er tekin til greina hver freisting sem mótstaða var veitt, hver synd sem var yfirunnin, hvert einasta við-kvæmt meðaumkunarorð er nákvæmlega skrásett. Sömu-leiðis hver einasta sjálfsafneitun; allar þjáningar sem menn líða fyrir sakir Krists. Sálmaskáldið segir: “Þú hefir talið hrakninga mína, tárur mínum er safnað í sjóð þinn, já, rituð í bók þína”.<sup>5</sup>

Sömu-leiðis eru skráðar þar syndir manna: “Því að Guð mun leiða sérhvert verk fyrir dóm sem haldinn verður yfir öllu því sem hulið er, hvort sem það er gott eða illt”.<sup>6</sup> “En eg segi yður; sérhvert ónytjuorð, það er mennirnir mæla, fyrir það skulu þeir á dómsdegi reikn-ing lúka”;<sup>7</sup> og frelsarinn segir: “Því að af orðum þínum muntu verða réttlættur, og af orðum þínum muntu verða sakfeldur”.<sup>8</sup> Leyndar hugsanir og fyrirætlanir koma fram í minnisbók Drottins, því Guð “mun leiða það í Ijós sem í myrkrunum var hulið og opinbera ráð hjartnanna”.<sup>9</sup> “Sjáið, það stendur skrifað frammi fyrir mér; .... bæði fyrir misgjörðir yðar og fyrir misgjörðir feðra yðar segir Drottinn”.<sup>10</sup>

Verk allra manna verða yfirskoðuð frammi fyrir Guði, og þau verða talin sem vitnisburður um trúfesti eða ótrúmensku. Gegnt hverju nafni er nákvæmlega rétt bókað hvert einasta rangt orð, hver einasta eigin-girnis athöfn, sérhver uppfyllt skylda og hver einasta hul-in synd, hversu sem reynt er að láta hana líta vel út. Að-varanir frá himnum, boð, sem vanrækt hafa verið, eyddar stundir í tómléika, ónotuð tækifæri, áhrif þau sem beitt er til illis eða góðs með öllum hinum víðtæku afleiðingum sínum — Alt þetta verður nákvæmlega skrásett af engl-inum, sem bókina ritar.

Lögmál Guðs er sú regla og mælisnúra, sem eftir verður farið þegar dæmd verða verk manna, góð og ill. Spámaðurinn segir: “Óttastu Guð og haltu hans boðorð, því að það á hver maður að gjöra; því að Guð mun leiða sérhvert verk fyrir dóm, sem haldinn verður

<sup>4</sup>Neh. 13 : 14.

<sup>5</sup>Sálm. 56 : 9.

<sup>6</sup>Préd. 12 : 14.

<sup>7</sup>Matt. 12 : 36.

<sup>8</sup>Matt. 12 : 37.

<sup>9</sup>1. Kor. 4 : 5.

<sup>10</sup>Jes. 65 : 6, 7.

yfir öllu því sem hulið er, hvort sem það er gott eða ilt”.<sup>1</sup> Jakob postuli áminnir bræður sína á þessa leið: “Talið því og breytið eins og þeir, er dæmast eiga eftir lögmáli frelsisins”.<sup>2</sup> Þeir sem verðugir finnast á degi dómsins taka þátt í upprisu hinna réttlátu. Jesús sagði: “En þeir sem álítast verðugir að fá hlutdeild í hinni veröldinni og upprisunni frá dauðum — eru englum jafnir og þeir eru Guðs börn, þar sem þeir eru synir upprisunnar”.<sup>3</sup> Og enn fremur segir hann, að “þeir munu ganga út, þeir sem gott hafa gjört, til upprisu lífsins”.<sup>4</sup> Þess vegna verða þeir ekki sjálfir viðstaddir dóminn þegar far-ið verður yfir verk þeirra og mál þeirra daemd.

Jesús birtist sem talsmaður þeirra, til þess að tal? máli þeirra frammi fyrir Guði. “Og jafnvel þótt einhver syndgi, þá höfum vér árnaðarmann hjá föðurnum, Jesúm Krist hinn réttláta”.<sup>5</sup> “Því að Kristur gekk ekki inn í helgidóm höndum gjörðan, eftir mynd hins sanna helgi-dóms, heldur inn í sjálfan himininn til þess að birtast fyrir augliti Guðs oss til heilla”.<sup>6</sup> “Fyrir því getur hann og til fulls frelsað þá, sem fyrir hann ganga fram fyrir Guð, þar sem hann ávalt lifir til þess að biðja fyrir þeim”.<sup>7</sup>

[280] Þegar bókunum er flett upp í dómnum, þá verður skoðað lífernir þeirra allra, sem á Krist hafa trúað, og sú yfirskoðun fer fram fyrir Guði. Byrjað verður á þeim er fyrst lifðu á jörðunni og árnaðarmaður vor talar máli hvern kynslóðar fyrir sig, eftir réttri röð, og endar á þeim, sem þá lifa. Hvert einasta nafn er nefnt; hvert einasta mál nákvæmlega rannsakað. Nöfn verða viðurkend og nöfnum verður hafnað. Þegar syndir eru skráðar í reikning einhvers á bókunum; syndir sem hvorki hefir verið iðrast fyrir né þær fyrirgefnar, þá verða nöfn þeirra manna strikuð út af bók lífsins og það sem þeir hafa gott gjört verður strikað út af minnis-bók Guðs. Drottinn sagði við Móse: “Hvern þann, sem syndgað hefir móti mér, vil eg má af bók minni”.<sup>1</sup> Og spámaðurinn Esekíel segir: “En hverfi hinn ráðvandi

<sup>1</sup>Préd. 12 : 13, 14.

<sup>2</sup>Jaó. 2 : 12.

<sup>3</sup>Lúk. 20 : 35, 36.

<sup>4</sup>Jóh. 5 : 29.

<sup>5</sup>1. Jóh. 2:1.

<sup>6</sup>Heb. 9 : 24.

<sup>7</sup>Heb. 7 : 25.

<sup>1</sup>2. Móse 32 : 33.

frá ráðvendni sinni og fremji það, sem rangt er — þá skal öll sú ráðvendni, er hann hefir iðkað, ekki til álita koma”.<sup>2</sup>

Allir sem einlæglega hafa iðrast synda sinna og með trú sinni tileinkað sér blóð Krists, sem friðþægingarfórn, hafa fyrirgefningu skráða við nöfn sín í bækur himn-anna, með því að þeir hafa orðið hluttakendur í réttlæti Krists; eðli þeirra er í samræmi við lögmál Guðs, og þess vegna verða syndir þeirra afmáðar og þeir sjálfir verða taldir verðugir eilífs lífs. Drottinn segir fyrir munn spámannsins Jesaja: “Eg, eg einn afmái afbrot þín sjálfis mín vegna og minnst ekki synda þinna”.<sup>3</sup> Og Jesús segir: “Sá er sigrar, hann skal þannig skryðast hvítum klæðum, og eigi mun eg afmá nafn hans úr lífsbókinni, og eg mun kannast við nafn hans fyrir föður mínum og fyrir englum hans”.<sup>4</sup> “Hver sem því kannast við mig fyrir mönnum, við hann mun eg einnig kannast fyrir föður mínum á himnum. En hver sem afneit-ar mér fyrir mönnum, honum mun eg og afneita fyrir föður mínum á himnum”.<sup>5</sup>

Hinn mesti áhugi manna í sambandi við jarð-neska dómstóla, er aðeins hverfandi í samanburði við áhuga þann, sem sýndur er í hinum himneska dómsal, þegar nöfn, sem skráð hafa verið í bók lífsins, koma fram fyrir dómara allrar jarðarinnar. Hinn guðlegi meðalgang-ari biður fyrir öllum þeim, er hafa yfirunnið syndina, fyrir trúna á hans blóð, hann biður þess að þeim verði fyrirgefna allar yfirsjónir; að þeim verði veitt innganga í sælubústaðinn og krýndir sem réttir erfingjar með honum sjálfum að “hinu forna veldi”.<sup>6</sup> Til þess að blekkja mannkynið og freista þess hafði óvinurinn reynt að eyði-leggja hina guðlegu fyrirhugun um sköpun mannsins; en nú beiðist Kristur þess að þessi fyrirhugun verði fram- kvæmd á sama hátt og maðurinn hefði aldrei fallið. Hann biður ekki einungis um fyrirgefningu folks síns og það fullkomlega, heldur einnig hluttöku í dýrð hans og sæti á hásæti hans.

Á meðan Jesús flytur mál þeirra, sem aðnjótandi skulu verða náðar hans, ákærir hinn vondi þá sem synd-ara frammi fyrir Guði. Hinn mikli blekkjari hefir reynt að leiða þá til andvaraleysis; reynt

<sup>2</sup>Esek. 18 : 24.

<sup>3</sup>Jes. 43 : 25.

<sup>4</sup>Opinb. 3:5.

<sup>5</sup>Matt. 10 : 32, 33.

<sup>6</sup>Míka 4 : 8.

að láta þá tapa traust-inu á Guði, að láta þá villast frá föðurelsku hans og til þess að brjóta lögmál hans. Nú sýnir hann fram á það hvernig líferni þeirra hefir verið; hann bendir á ófull-komleika þeirra; bendir á það hversu ólíkir þeir hafi verið Kristi, og hversu þeir hafi vanvirt frelsara sinn: hann bendir á allar syndir, sem hann freistaði þeirra til að drýgja, og fyrir þessa skuld gjörir hann tilkall til þeirra. Jesús afsakar ekki syndir þeirra, en hann sýnir iðrun þeirra og trú og krefst fyrirgefningar þeim til handa. Hann lyftir upp særðum höndum sínum frammi fyrir föðurnum og hinum heilögu englum og segir: “Eg þekki þá með nafni”. “Sjá, eg hefi rist þá á lófa mína”.<sup>1</sup>

Dómsathöfnin og afnám syndanna á að fara fram fyrir endurkomu Drottins. Með því að hinir dauðu eiga að dæmast samkvæmt því, sem í bókunum er skráð, þá er það ómögulegt að syndir manna geti orðið afmáðar fyr en eftir dóminn, þar sem mál þeirra eru rannsökuð. En Pétur postuli skýrir greinilega frá því að syndirnar verði afmáðar, þegar um hina trúuðu sé að ræða. “þegar endurlífgunartímar koma frá augliti Drottins og hann sendir Krist, sem yður var fyrirhugaður, Jesús”.<sup>2</sup> Þegar hinum rannsakandi dómi er lokið mun Kristur koma og hann mun gjalda einum og sérhverjum eftir hans verkum.

[282] Í eftirlíkingar athöfninni bar æðsti presturinn fram friðþægingarforðningu fyrir hönd Ísraelslýðs og að því búnu kom hann fram og blessaði söfnuðinn. Þannig er það með Krist; þegar hann hefir lokið starfi sínu sem meðalgangari, mun hann birtast “án syndar, til hjálpræðis þeim, er hans bíða”<sup>3</sup> og veita þjónum sínum eilíft líf. Eins og æðstipresturinn viðurkendi syndirnar yfir höfði hafursins, þegar hann tók þær í burtu úr helgi-dóminum, þannig færir -Kristur allar þessar syndir til reiknings hinum illa, sem er höfundur og hvetjandi syndanna. Hafurinn sem bar syndir Ísraelslýðs var sendur burt “til óbygða”;<sup>1</sup> þannig er því varið með óvininn, sem er höfundur allra synda, sem hann hefir leitt þjóna Guðs til að drýgja, að hann mun verða á jörðinni þúsund ár, og mun jörðin þá verða í auðn og óbygð, og hann mun að síðustu líða fulla hegningu fyrir syndirnar í eldi, sem eyða skal öllum hinum óguðlegu. Þannig fullkomnast hin mikla

<sup>1</sup>Jes. 49 : 16.

<sup>2</sup>Postulas. 3 : 19, 20.

<sup>3</sup>Heb. 9 : 28.

<sup>13</sup>. Móse 16 : 22.

ákvörðun endurlausnarinnar, þegar syndin er að fullu afmáð og þeir allir frelsaðir, sem hafa verið viljugir að hafna hinu illa.

Á þeim tíma sem ákveðinn er fyrir dóminn — í lok hinna 2300 daga, árið 1844 — byrjaði rannsóknarstarfið og afmáun syndanna. Allir þeir, sem nokkru sinni hafa borið kristið nafn, verða að þola nákvæma rannsókn. Bæði lifendur og dauðir verða dæmdir “samkvæmt því, sem ritað er í bókunum, samkvæmt verkum þeirra”.

Syndir, sem ekki hefir verið iðrast fyrir og ekki snúið frá verða ekki fyrirgefna, né afmáðar af bókunum, heldur verða þær þar til vitnisburðar gegn þeim er þær drýgja frammi fyrir Guði. Hvort sem syndarinn hefir framið afbrot sín í dimmu næturinnar eða birtu dagsins, þá voru þau auðsæ og opinber þeim, er vér eigum að standa reikningsskap. Englar Guðs voru vitni að hverri synd og skráðu hana í hinar óskeikulu bækur. Menn geta leynt syndum sínum, neitað þeim, þær geta verið huldar fyrir jarðneskum föður, móður, konu, börnum og félög-um; vera má að enginn nema hinn seki sjálfur hafi nokk-urn grun um drýgða synd, en þrátt fyrir það er það alt augljóst á himnum. Dimma hinnar dökkustu nætur, hin dýpsta blekking nægir ekki til þess að hylja eina ein-ustu hugsun fyrir þekkingu hins eilífa. Guð hefir ná-kvæmlega skráð hverja rangláta athöfn, og ósanngirni; honum skjátlast aldrei þegar hann dæmir eðli mannanna. Spiltir menn geta blekt aðra menn, en Guð sér í gegn um blekkingar og les hið innra líf.

Hversu alvarleg er ekki þessi hugsun! Hver einasti dagur sem líður í haf eilífðarinnar bætir við það sem skráð er í bækur himinsins. Orð sem einu sinni eru töluð, verk sem unnin eru verða aldrei afturkölluð. Englar hafa skrásett alt, bæði ilt og gott. Hinn voldugasti stjórnandi veraldarinnar getur ekki tekið til baka það sem gerst hefir, jafnvel á einum einasta degi. Athafnir vorar, orð vor, jafnvel hinar leyndustu hugrenningar vorar hafa áhírf þegar dómurinn verður feldur. Það vitnar þá alt annaðhvort með oss eða móti oss. Jafnvel það sem vér sjálfir höfum gleymt, kemur fram sem vitni annaðhvort til réttlætningar eða fordæmingar.

Eins og andlitsdrættirnir koma fram þegar lista-maðurinn tekur myndina, þannig kemur greinilega í ljós eðli og athafnir vor mannanna í því sem skráð er í bækur himnanna. Það er því undravert, hversu lítinn gaum vér gefum þessu atriði og hversu lítið vér gjörum oss ant um að alt vitni með oss er í þá bók er ritað, þegar vér

mætum frammi fyrir hinum himnesku verum. Væri hægt að draga til hliðar tjald það, sem skilur hið sýnilega frá hinu ósýnilega, og gætu manna börn horft á skrá-setningar engilinn, þegar hann ritar hvert einasta orð og hverja einustu athöfn, og gætu þau þannig gjört sér grein fyrir því að öllu þessu yrðu þau að mæta á degi dómsins, hversu mörg orð væru það þá, sem yrðu látin ótöluð og hversu mörg verk látin óunnin!

“Sá sem dylur yfirsjónir sínar verður ekki langgef-inn, en sá sem játar þær og lætur af þeim mun miskunn hljóta”.<sup>1</sup> Ef þeir sem reyna að leyna og dylja syndir sín-ar gætu séð gleði og ánægju Satans yfir þeim, séð hversu hann reynir að koma í veg fyrir hinar heilögu ráðstafanir Krists og englanna, þá mundu þeir hraða sér að játa syndir sínar og hverfa frá þeim. Satan hagnýtir sér veikleika manna til þess að ná valdi á allri hugsun þeirra, og hann veit það að sé þessi veikleiki aukinn, þá vinnur hann (Satan) sigur. Þess vegna reynir hann sífellt að blekkja þá, er Kristi fylgja, með hinum hættulegu flækjum, sem þeim er ómögulegt að yfirstíga. En Jesús biður þeim líknar og réttir upp þeim til afsökunar, sínar særðu hendur og sinn lemstraða líkama, og hann segir við alla þá sem honum vilja fylgja: “Náð mín nægir þér”.<sup>2</sup> “Takið á yður mitt ok og lærið af mér, því eg er hógvær og lítillátur af hjarta, og þá skuluð þár finna sálum yðar hvíld, því að mitt ok er indælt og mín byrði létt”.<sup>1</sup> Því skyldi enginn telja veikleika sinn ólæknandi; Guð gefur trúna og náðina til þess að yfirbuga veikleikann.

[284]

Vér lifum nú á hinum mikla degi friðþægingarinnar. Þegar æðsti presturinn fórnfærði fyrir Ísraelslýð í eftir-líkingarathöfninni, urðu allir að beygja sálir sínar í auð-mjúkri syndajátningu og iðrun og lítillækka sig frammi fyrir Drotni, til þess að þeir yrðu ekki útskúfaðir. Á sama hátt verða allir þeir, sem vilja hafa nöfn sín á lífsins bók að auðmýkja sálir sínar á þessum náðardögum sem eftir eru, iðrast synda sinna og bæta ráð sitt frammi fyrir Guði með djúpri sorg. Þeir verða að vera einlægir, því rannsókn hjartanna verður fram að fara hlífðarlaust. Andi léttúðarinnar og yfirdrepsskaparins, sem einkennir marga svokallaða kristna menn, verður að hverfa. Allir þeir, sem sigur vilja vinna á syndum og freistingum verða að heyja stríð í

<sup>1</sup>Orðskv. 28 : 13.

<sup>2</sup>2. Kor. 12 : 9.

<sup>1</sup>Matt. 11 : 29, 30.

einlægni og hlífðarleysi við sjálfa sig. Undirbúningsverkið heyrir einstaklingnum til. Vér erum ekki frelsaðir í hópum. Hreinleiki og guðrækni eins frelsar ekki annan frá syndum hans. Þó allar þjóðir verði að mæta frammi fyrir dómstóli Guðs, þá rannsakar hann samt mál hvers eins út af fyrir sig, alveg laust við alla aðra. Allir verða að standast rannsóknina og þeir verða að vera flekklausir og hafa hvorki blett né hrukku.

Hátíðlegar eru þær sýnir, sem fylgja síðustu verkum friðþægingarinnar. Þýðingarmiklir eru þeir dómur, sem þá eru feldir. Einmitt nú stendur yfir dómurinn í helgi-dómnum á himnum. Í mörg ár hefir þetta staðið yfir; innan skamms kemur að þeim sem lifandi eru, og enginn veit hve skamt þess er að bíða. Frammi fyrir almættis-augliti Guðs verða mál vor rannsökuð. Nú er það öllu öðru meira vert fyrir hverja einustu sál að fylgja aðvör-unum frelsarans, er þannig hljóða: “Gætið yðar; vakið og biðjið, því að þér vitið ekki hvenær tíminn er kominn”.<sup>2</sup> “Ef þú nú vakir ekki, mun eg koma eins og þjófur og þú munt alls ekki vita á hverri stundu eg kem yfir þig”.<sup>3</sup>

Þegar starfi rannsóknardómsins er lokið, verða for-lög allra ákveðin til lífs eða til dauða. Náðartíminn endar stuttu áður en Drottinn birtist í skýjum himinsins. Kristur segir í Opinberunarbókinni, þegar hann á við þann tíma, sem hér ræðir um: “Hinn rangláti haldi áfram að fremja ranglæti og hinn saurugi saurgi sig áfram, og hinn réttláti stundi áfram réttlæti og hinn heilagi helgist áfram. Sjá eg kem skjótt og launin hefi eg með mér til að gjalda hverjum og einum eins og verk hans er”.<sup>1</sup>

[285]

Hinir réttlátu og hinir óguðlegu lifa enn á jörðinni, sem dauðlegir menn, þegar þetta fer fram. Menn eru að sá og byggja, eta og drekka, án þess að nokkur þeirra viti að hinn síðasti, óttalegi dómur hafi verið upp kveðinn í helgidómi himnanna. Áður en syndaflóðið kom, og eftir að Nói var kominn inn í örkina, lokaði Guð á eftir honum og lokaði hina óguðlegu úti; en í sjö daga vissi fólkið ekki að dómur þess hafði verið upp kveðinn og það hélt áfram í kæruleysi og gjálífi og gerði gys að hinum yfirvofandi dómi: “þannig”, segir frelsarinn, “mun verða tilkoma mannsins sonar”.<sup>2</sup> Þögull og að óvörum, eins

<sup>2</sup>Markús 13 : 33.

<sup>3</sup>Opinb. 3 : 3.

<sup>1</sup>Opinb. 22 : 11, 12.

<sup>2</sup>Matt 24 : 39.

og þjófur á nóttu, mun dagur Drottins koma, sem ákveður forlög hvers einasta manns; þá verður að síðustu náðardyrn-um lokað fyrir syndugum mönnum.

“Vakið þess vegna .... að hann hitti yður ekki sof-andi er hann kemur skyndilega”.<sup>2</sup> Hættulegt er ásig-komulag þeirra, sem láta lokkast af ginningum heimsins og þreytast á að gæta sálhjálpar sinnar. Þegar verzlun-armaðurinn er önnum kafinn í gróðafyrirtækjum; þegar hinn glaumgjarni sökkvir sér sem dýpst niður í munað þessa heims og hin glysgjarna kona skeytir engu öðru en því að skreyta sjálfa sig — einmitt þá má svo fara að dagur dómsins komi og dómari alls heimsins kveði upp úrskurð sinn á þessa leið: “þú ert veginn á skálum og léttvægur fundinn”.<sup>3</sup>

[286]

---

<sup>2</sup>Matt 24 : 39.

<sup>3</sup>Dan. 5 : 27.



## Áform páfadómsins

Rómverska valdið er litið miklu hýrra auga af mót-mælendum nú á dögum, heldur en átti sér stað á fyrri árum. Í þeim löndum, sem kaþólskan hefir ekki náð út-breiðslu, og páfatrúarmenn fara friðsamlega að til þess að ná áhrifum, fer andvaraleysið vaxandi viðvíkjandi þeim atriðum, sem aðskilja siðabótakirkjuna frá páfa-trúnni og því prestavaldi er henni fylgir. Sú skoðun er að ryðja sér til rúms, að þegar alt sé skoðað ofan í kjölinn, sé munurinn ekki eins mikill í aðalatriðunum og álitid hafi verið, og ef vér hliðrum dálitid til, þá verði betra samkomulag milli vor og páfadómsins í Rómaborg. Sá var tíminn, að mótmælendur töldu samvizkufrelsi mikils virði, sem hafði verið svo dýru verði keypt. Þeir kendu börnum sínum að forðast páfakenningarnar, og héldu því fram að samkomulags tilraunir við rómverska valdið væru svik við Guð. En hvíllkur munur er orðinn á skoð-unum þeim, sem nú eru í ljós láttnar.

Þeir sem hlífiskildi halda uppi fyrir páfakirkjunni, vilja telja oss trú um að henni hafi verið gjört rangt til. Og mótmælendur alment virðast ekki vera fjarri því að viðurkenna þetta. Margir halda því fram að ranglát sé að dæma kirkjuna eftir grimdarverkum og hégiljum þeim, sem þar réðu á tímum fáfræði og andlegs myrkurs. Þeir afsaka hinar óheyrðu svívirðingar hennar með því, að þá hafi aldarhátturinn verið svo spiltur, og halda því einnig fram, að nútíðarmenn hafi breytt henni.

Hafa þessir menn gleymt þeirri kenningu að páfinn væri óskeikull? Sú kenning hefir verið flutt af kaþólsku kirkjunni í átta hundruð ár. Svo langt er frá því að þessi kenning hafi verið numin úr gildi að [287] hún var jafn-vel endurnýjuð á níttjándu öldinni, með meiri vissu og [288] ákveðnari orðum en nokkru sinni fyr.

Rómverska kenningin heldur því fram, að kirkjunni “hafi aldrei [289] skeikað, og samkvæmt ritningunni geti það aldrei komið fyrir að henni skeiki”.<sup>1</sup> Hvernig gæti hún þá kastað fyrir borð þeim grundvallaratriðum, sem hafa stjórnað henni á liðnum öldum?

<sup>1</sup>Kirkjusaga Mosheims, 3. bindi, á 11. öld, 2 partur, 2. kafli, 9. grein, 1. athugasemd.

Páfakirkjan sleppir aldrei tilkalli sínu til óskeikul-leika. Alt það, sem hún hefir aðhafst gegn þeim, sem andmæltu kenningum hennar, allar ofsóknirnar, réttlætir hún. Og mundi hún ekki endurtaka sömu verkin, ef tækifæri byðist? Látum veraldlegu völdin leysa öll aðhaldsbönd og veita rómversku kirkjunni sama vald og áður; þá mundi það sannast, að öll sömu grimdarverkin og allar sömu ofsóknirnar yrðu endurtekin tafarlaust.

Það er að vísu satt, að til eru sannkristnir menn innan rómversku kaþólsku kirkjunnar. Þúsundir manna í þeirri kirkju þjóna Guði sínum trúlega, samkvæmt því ljósi, sem þeir hafa hlotið; þeim er ekki leyft að lesa Guðs orð, og þess vegna þekkja þeir ekki sannleikann. Þeir hafa aldrei getað borið saman og séð mismuninn á lifandi trú og útvortis siðareglum. Guð lítur þessar vesalings sálir líknar og miskunnaraugum, og tekur það til greina, að þær eru aldar upp í þeirri trú, sem er vill-andi og ófullnægjandi. Hann mun láta ljósgeisla þekk-ingarinnar þrengjast gegn um villumyrkur það, sem um-kringir þá. Hann mun opinbera þeim sannleikann, eins og hann er í Jesú, og margir þeirra munu enn þá skipa sér í lið með fólki hans.

En rómverska kirkjan sem slík, er ekki fremur í samræmi við fagnaðarerindi Krists nú á dögum, en hún var í fyrri daga. Mótmælendakirkjurnar eru vafðar villu myrkri; væri það ekki, þá mundu þær sjá tákn tímanna. Rómverska kirkjan er víðtæk í reikningum sínum og starfsaðferðum; hún notar öll möguleg ráð til þess að útbreiða vald sitt og áhrif, í því skyni að búa sig undir hið ægilega og mikla stríð, sem á að ráða úrslitum um það, hvort hún nái yfirráðum yfir heiminum og geti end-urvakið ofsóknirnar og eyðilagt alt það, sem

[290] mótmæl- endur hafa komið til leiðar. Kaþólskan er að vinna í allar áttir. Sjáið hversu kirkjum hennar og bænahúsum fjölgar í öllum mótmælendalöndum. Sjáið aðsóknina að skólum hennar og mentastofnunum í Ameríku; sjáið hversu margir mótmælendur fara þangað. Sjáið hversu kirkjusiðunum er að fjölga á Englandi og hversu margir falla þar frá mótmælenda trú og ganga í lið kaþólskra. Alt þetta ætti að láta þá rannsaka, sem ant er um hrein-leik og einlægleik í boðun fagnaðarerindisins.

Mótmælendur hafa verið mjög hlyntir páfavaldinu og haft alls konar mök við það; þeir hafa veitt því svo mikil hlunnindi og slakað svo mikið til við það, að jafnvel páfatrúarmenn sjálfir undrast það, og skilja það ekki. Menn loka augum sínum fyrir hinu sanna eðli

páfavalds-ins, og þeirri hættu, sem samfara er yfirráðum þess. Brýna nauðsyn ber til þess að vekja fólkið til meðvitund-ar um skylduna til þess að standa á móti viðgangi þessa allra hættulegasta óvinar alls frelsis, bæði í veraldlegum og andlegum efnum.

Á dögum páfavaldsins voru til verkefni, sem til þess voru notuð að pína menn til hlýðni við kenningar þess. Menn voru brendir á báli fyrir það, að beygja sig ekki undir kaþólsku kirkiuna. Kaþólska kirkjan er sek um manndráp í svo stórum stíl, að aldrei verður opinbert, fyr en á degi dómsins. Leiðtogar kaþólsku kirkjunnar hugsuðu upp öll möguleg pískarfæri, til þess að kvelja sem lengst andstæðinga sína og treina í þeim lífið með óheyrð-um hörmungum, og þeir voru innblásnir af Djöflinum, sem stjórnðu gjörðum þeirra í þessu athæfi. Oft var svo langt gengið í þessum djöfullegu verkum, að lífsaflíð var smámsaman látið fjara út, með hinum verstu kvölum sem hugsaðar verða, og pískarvottarnir fögnuðu þeirri stund, er dauðinn kæmi og leysti þá frá kvölunum.

Páfinn þykist vera fulltrúi Krists hér á jörðinni, en hvernig stenz breytni hans samanburð við breytni Krists? Er nokkursstaðar frá því sagt að Kristur hafi dæmt menn í fangelsi eða beitt við þá pískarfærum fyrir þá sök, að þeir ekki viðurkendu hann sem konung himn-anna? Heyrði nokkur hann fordæma þá. og ákveða þeim dauða, sem ekki viðurkendu hann? þegar gys var gert að honum og hann vanvirtur í borgum Samverjanna, fyllt- ist Johannes lærisveinn hans heilagri vandlætning og sagði: “Viltu herra að vér bjóðum að eldur skuli falla niður af himni og tortíma þeim, eins og Elías gjörði?”<sup>1</sup> Jesús leit meðaumkunaugum á lærisveina sína, setti ofan í við þá fyrir harðneskju þeirra og sagði: “Manns-sonur-inn er ekki kominn til þess að tortíma lífi manna, heldur til þess að frelsa það”. Hvílíkt djúp er staðfest milli þess hugarfars, sem lýsti sér hjá Kristi og þess, er sá birtir, sem þykist vera fulltrúi hans.

Rómverska kirkjan kemur nú fram fyrir heiminn með uppgerðar sakleysi og afsakar allar hinar fyrri sví-virðingar sínar; hún hefir fært sig í ytri búning, sem hún ætlast til að gjöri sig líka Kristi í augum manna, en í raun rétttri er hún óbreytt. Alt eðli kaþólsku kirkjunnar, sem fram kom í fornöld, er það sama enn þann dag í dag. Meðul þau, sem hún beitti í miðaldamykrinu notar hún eins, og kenningarnar

<sup>1</sup>Lúk. 9 : 54.

eru þær sömu. Á þessu ætti enginn að blekkjast. Páfavaldið, sem mótmælendur svo fúslega veita virðingu nú á dögum, er það sama, sem stjórnaði heiminum á dögum siðabótarinnar, þegar guð-ræknir menn risu upp, og hættu lífi sínu til þess að opin-bera svívirðingu þess og ranglæti. Páfavaldið sýnir sama drambið og sama hrokann, sem drotnaði yfir kon-ungum og keisurum og þóttist vera fulltrúi Guðs í heiminum. Andi þessa valds er jafngrimmur og einráður nú, eins og hann var, þegar það molaði undir sig frelsi manna og myrti þjóna hins heilaga Guðs.

Páfavaldið er einmitt eins og frá er sagt í spádómun-um, hin fráfallandi kirkja hinna síðustu tíma, og sem á er bent í bréfinu til pessaloníkumanna.<sup>2</sup> Það er stefna kaþólsku kirkjunnar að kasta yfir sig þeirri blæju, sem talin er heppilegust vegna kringumstæðanna, til þess að koma sínu máli fram; en undir áferðarfagurri skikkju í ýmsri mynd leynir hún æ og ávalt banvænu höggorms-eitri. “Hvorki ætti að halda orð né eiða við villutrúar-menn, né þá, sem grunaðir eru um villutrú”,<sup>3</sup> segir kaþólska kirkjan. Á það að líðast að þetta vald, sem ritað hefir sögu sína með blóði helgra manna um þús-und ár, sé nú viðurkent, sem einn hluti af kirkju Krists?

[292]

Í hreyfingu þeirri, sem nú á sér stað í Bandaríkjun-um, er verið að reyna að fá vernd ríkisins fyrir kirkjuna; feta þar mótmælendur í spor kaþólskunnar. Þeir gjöra þar jafnvel meira; þeir opna dyrnar fyrir páfavaldinu og hjálpa því til valda í mótmælendalandinu Ameríku; þann-ig verða sjálfir mótmælendur til þess að hefja kaþólska valdið hér í álfu til þeirrar vegsemdar og þeirra áhrifa, sem það hefir tapað í Evrópu. Og það sem alvarlegast er við þessa hreyfingu er það, að aðal áherzlan er lögð á að lögskipa sunnudagshelgina— sem er venja, er upptök sín á í Rómaborg og sem rómverska valdið heldur fram, sem einkenni yfirráða sinna. Það er andi páfavaldsins, sá andi að beygja sig undir veraldlegar venjur, virðingin fyrir manna setningum fremur en boðorðum Guðs, sem er að gagntaka mótmælendakirkjurnar og leiða þær til að hefja sunnudaginn til sömu dýrðar, og páfakirkjan gjörði á undan þeim.

Ef lesarinn vill skilja þau meðul, sem brátt verða um hönd höfð í þeirri miklu deilu, sem í vændum er, þarf hann ekki annað en

<sup>2</sup>2. Þess. 2 : 3, 4.

<sup>3</sup>Lenfant, “History of the Council of Constance”, 1. hefti, bls. 516 (gefin út 1728).

lesa söguna og sjá hvaða meðul-um var beitt af rómverska valdinu áður fyr, í sama til-gangi. Vilji lesarinn sannfærast um það, hvernig kaþólsk-ir menn og mótmælendur fara með þá, er mótmæla kenningum þeirra, þá þarf hann ekki annað en að athuga þann anda, sem ríkti hjá rómverska valdinu gagnvart hinum biblíulega hvíldardegi og þeim, sem hann héldu.

Það var með konunglegum úrskurðum, almennum þingum, kirkjulegum fyrirskipunum, undir vernd verald-legra valda, að kaþólska kirkjan náði þeirri tign, sem húr, hefir í hinum kristna heimi. Fyrsta sporið, sem opinber-lega var stigið, til þess að framfylgja með valdi sunnu-dagshelginni, voru lög fyrirskipuð af Konstantínusi keisara, 321 e. Kr. Þessi lög lögðu svo fyrir að bæjarfólk skyldi hvílast á “hinum heiðursverða degi sólarinnar”, en fólki úti á landsbygðinni var leyft að vinna akuryrkju-störf. Þótt þetta væru í raun réttir heiðingleg lög, þá var þeim samt framfylgt af keisaranum, eftir það að hann hafði að nafninu til tekið kristna trú.

Vegna þess að slíkt lagaboð fullnægði ekki til þess að afnema guðlegar fyrirskipanir, tók Eusebius biskup það ráð að lýsa því yfir, að Kristur hefði flutt hvíldar- dagshelgina frá laugardegi til sunnudags. Eusebius þessi leitaði vinfengis stjórnenda og var einkavinur og fylgjandi Konstantínusar. Ekki var komið fram með eitt einasta atriði úr biblíunni, þessari nýju kenningu til sönnunar. Eusebius viðurkendi sjálfur að kenningin væri röng, þótt hann gerði það óafvitandi, og benti á hina virkilegu höfunda breytingarinnar, er hann segir: “Alt það, sem var skylda mannsins á hvíldardeginum, höfum vér fært til dags Drottins”.<sup>1</sup> En þrátt fyrir það, þótt sunnudags helgisskipunin hefði ekkert við að styðj-ast, þá varð hún til þess að stæla menn í því að fótum-troða hvíldardag Drottins. Allir þeir, sem hljóta vildu veraldlegan heiður, viðurkendu þessa breytingu.

Þegar páfavaldið hafði náð sér niðri, hélt sunnu-dagshelgin áfram. Um stundar sakir hélt fólkið áfram að vinna akuryrkjustörf, þegar það var ekki í kirkju, og sjöundi dagurinn var skoðaður helgidagur eftir sem áður. En breytingin komst á til fullnustu smám saman.

Þegar kirkjuþinga skipanir ekki dugðu, var verald-lega valdið fengið til þess að gefa út lög svo hörð, að ótta slægi á fólkið við að setja sig upp á móti þeim og það þvingað til að halda helgan

<sup>1</sup>Cox, “Sabbath Laws and Sabbath Duties”, bls. 538, gefin út 1853.

sunnudaginn og hætta þá öllum störfum. Á kirkjuþingi, sem haldið var í Rómaborg, voru allar fyrri yfirlýsingar staðfestar með meira afli og á hátíðlegri hátt. Þessar fyrirskipanir voru settar inn í kirkjulögin og þeim var framfylgt með valdi af hinum veraldlegu yfirvöldum, svo að segja um allan hinn kristna heim.

Rómverska kirkjan er aðdánleg í undirhyggju sinni og framsýni. Hún getur lesið það fyrir fram, sem verða muni. Hún bíður tækifæra og sér mótmælendakirkj-urnar veita henni lotningu og beygja sig undir kröfur hennar með því að hlýða sunnudagshelgihaldinu, og hún er reiðubúin til þess að framfylgja þessu ranga helgihaldi með öllum þeim meðulum, sem hún beitti á fyrri öldum. Þeir sem ekki hafa meðtekið ljós sannleikans, leita enn-þá upplýsinga hjá því valdi, sem sjálft þykist vera óskeikult, og þannig verða þeir verkfæri til þess að upp-hefja kaþólskuna, með því að hlýða fyrirmælum hennar.

[294] Það er ekki vandskilið, hvers vegna kaþólskir menn séu reiðubúnir til þess að veita mótmælendum lið þessu til styrktar. Hver skyldi vita það betur en páfa leiðtogarnir, hvernig fara eigi með þá, er óhlýðnast kirkjunni?

Og gleymum því aldrei að rómverska kirkjan stærir sig af því, að hún aldrei taki neinum breytingum. Grund-vallaratriði í kenningum Gregoriusar VII. og Innocentius-ar III. eru enn þá grundvallaratriði rómversku kirkjunnar. Og ef hún hefði eins mikið vald og fyr, þá mundi hún enn framfylgja þessum grundvallar atriðum eins hlífðarlaust og hún gerði á fyrri öldum. Mótmælendur vita ekki hvað þeir eru að gjöra, þegar þeir aðstoða kaþólska menn í því að framfylgja sunnudagshelginni. Á meðan mótmælendur stæra sig af því, sem þeir hafa komið til leiðar, er kaþólska kirkjuvaldið að gróðursetja á ný yfirráð sín, sem hún hafði tapað. Sé þeirri reglu komið á, að kirkjan geti ráðið yfir eða stjórnað ríkinu og að ríkið geti með valdi fyrirskipað helgireglur, með öðrum orðum að ríki og kirkja geti tekið saman höndum, til þess að ráða yfir samvizku manna, þá er rómversk-kaþólska valdið orðið trygt og örugt.

Guðs orð hefir varað við yfirvofandi hættu; verði þeim aðvörnum ekki gaumur gefinn, þá fær mótmælendakirkjan að kenna á því, sem kaþólska valdið hefir í hyggju, en þá verður það orðið um seinan, og ekki mögu-legt að losna úr snörunni. Kaþólska kirkjan er að ná völdum smátt og smátt, án þess að því sé athygli veitt. Kenningar hennar eru að útbreiða áhrif sín í þingsölum þjóðanna, í kirkjunum

og í hjörtum mannanna. Hún er að reisa sér voldugar byggingar, þar sem fyrri ofsóknir hennar verða í laumi endurteknar. Hún er að safna kröft-um, þegjandi og hljóðalaust og að óvörum, til þess að vera reiðubúin, þegar tími kemur til atlögu. Hún þarf ekki annað en að fá svigrúm, og það hefir hún þegar hlotið. Vér finnum brátt og sjáum, hvert sé takmark rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Hver sá, sem trúir orði Guðs og hlýðir því, mun baka sér ámæli og ofsóknir.

[295]

## Baráttan sem yfir vofir

Frá upphafi hinnar miklu deilu á himnum hefir það verið áform hins illa að eyðileggja boðorð Guðs; það var í því skyni, sem hann hóf uppreist á móti skaparanum, og þrátt fyrir það, þótt hann væri útrekinn af himnum, þá hefir hann haldið áfram sömu árásum á jarðríki. Að blekkja menn og leiða þá þannig til afbrota gegn lög-máli Guðs, er sú stefna, sem hann hefir ávalt fylgt. Hvort sem þessu er komið til leiðar með því að kasta frá sér lögmálinu öllu í heild sinni eða með því að fótumtroða eitthvert atriði þess, þá verða afleiðingarnar þær sömu að síðustu. Hver sem “hrasar í einu atriði” lítilsvirðir þau öll; áhrif hans og eftirdæmi valda yfirtroðslum, hann verður “sekur við öll boðorðin”.<sup>1</sup>

Með því að freista til fyrirlitningar fyrir hinu guð-lega lögmáli, hefir óvinurinn afbakað kenningar biblíunnar, og hafa þannig villukenningar komist inn í trúarbrögð mörg þúsund manna, sem þykjast trúa ritningunni. Hin mikla síðasta deila milli sannleika og villu, er aðeins síðasta atriði hinnar langvarandi baráttu viðvíkjandi lög-máli Guðs. Þennan baráttutíma erum vér nú að byrja — baráttutímamilli mannlegra lagaboða og fyrirskipana Drottins, milli biblíutrúarinnar og þeirrar trúar, sem er hégilja og fornsagnir.

[296] Öflin sem sameinast munu á móti sannleikanum og réttlætinu í þessari baráttu, eru þegar tekin til starfa. Guðs heilaga orð, sem til vor hefir komið með slíkum harmkvælum og blóði er einungis að litlu metið. Í biblí-una geta allir náð, en þeir eru fáir, sem viðurkenna hana, sem mælisnúru fyrir lífernir sínu Trúleysi drotnar svo ógnum sætir, ekki að eins í hinu veraldlega, heldur einnig í kirkjunni. Margir eru farnir að neita þeim kenningum, sem eru aðalstoðir kristinnar trúar. Hinn mikli sann leikur um sköpunina, eins og hann er skýrður af hinum innblásnu höfundum; syndafallið, friðþægingin, endur lausnin og eilífleiki Guðs orðs í öllu þessu, er í raun réttir hafnað, annaðhvort að nokkru leyti eða öllu af miklum hluta hins svokallaða kristna heims. Þúsundir manna, sem stæra sig af því að þeir séu vitrir og

<sup>1</sup>Jak. 2 : 10.



óháðir, telja það veikleika merki að setja óbifandi traust á biblíuna. Þeir halda að það sé sönnun fyrir yfirburðum á viti og lær-dómi, að gera gys að ritningunni, og þykjast geta skýrt og skilið hin mest verðu sannleiksatriði. Margir prestar kenna söfnuðum sínum, og margir kennarar kenna læri-sveinum sínum þá villu, að lögmáli Guðs hafi verið breytt eða það hafi verið stytta og þeir, sem halda enn fast við hið heilaga orð, og telja það enn eins mikilsvert og áður, að því sé bókstaflega fylgt, eru taldir háðs og fyrirlitning-ar verðir.

Þegar menn hafna sannleikanum, hafna þeir höfundu hans. Þegar þeir fótumtroða lögmál Guðs, neita þeir guðdómi löggjafans.

Engin villukenning, sem fylgt er í hinum kristna heimi gegn valdi Guðs, er gagnstæðari heilbrigðri skyn-semi né hættulegri í áhrifum sínum, en sú nýja kenning, sem er óðum að útbreiðast, að Guðs lögmál sé ekki lengur bindandi fyrir menn. Hver þjóð á sín lög, sem heimta virðingu og hlýðni; engin stjórn gæti verið til án þeirra; er þá hægt að ímynda sér að skapari himins og jarðar hafi engin lög til þess að stjórna þeim verum, sem hann hefir skapað? Það væri miklu meiri samkvæmni í því fyrir þjóðirnar að afnema alla sína löggjöf, og leyfa fólk-inu að lifa og láta eins og það vill, en fyrir skapara himins og jarðar að afnema lögmál sitt og láta heiminn án fyrirmyndar, veita honum ekkert til þess að dæma eftir hina seku og réttlæta hina hlýðnu. Þegar mælikvarði réttlætisins er brott numinn, er opnaður vegur myrkra-höfðingjanum til þess að stofna ríki sitt á jörðinni.

Hvar sem hinum guðlegu fyrirskipunum er hafnað, hættir syndin að líta út sem synd og réttlætið að verða æskilegt. Þeir sem neita að hlýðnast stjórn Guðs, eru með öllu óhæfir til þess að stjórna sjálfum sér. Með sínum hættulegu kenningum er andi óhlýðninnar gróður-settur í hjörtum barna og æskulýðs, sem eðlilega eru ópolinmóð þegar um það er að ræða að beygja sig undir stjórn; og löglaut, óstjórnlegt félagslíf leiðir af slíku. Um leið og fjöldinn hlær að trúgirni þeirra, sem hlýða fyrirskipunum Guðs, fylgir hann fúslega boðum hins illa; fólkíð lætur eftir fýsnum sínum og fremur þær syndir, sem heiðingjunum var hegnt fyrir.

Þeir sem koma fólk til þess að líta smáum augum á boðorð Guðs, sá óhlýðni, til þess að uppskeran verði óhlýðni. Sé því taumhaldi, sem hin guðlegu lög setja á menn slept með öllu, þá verða mannleg lög einnig lítils-virt innan skamms. Vegna þess að boðorð Guðs

[297]

fyrirbjóða syndsamlegar athafnir, svo sem fjárdrátt, lýgi og svik, fótumtroða menn þau fúslega og skoða lögmál hans sem hindrun og fyrirstöðu veraldlegra gæða og hamingju; en ef þessum guðlegu skipunum væri kastað fyrir borð, yrðu afleiðingarnar alvarlegri en menn gjörðu sér grein fyrir. Ef lögin væru ekki bindandi, hvers vegna ættu menn þá að veigra sér við að brjóta þau? Þá væri engin eign örugg lengur; þá tækju menn eignir náunga síns með ofbeldi, og sá yrði auðgastur, sem sterkastur væri. Jafnvel líf manna væri ekki óhult; hjónabandið hætti að vera heilagt vígi til þess að vernda heimilið. Sá sem kraftana hefði, gæti tekið konu náunga síns með valdi, ef honum svo sýndist; fimta boðorðið yrði fyrirliðið, eins og það fjórða. Börnin mundu ekki veigra sér við að taka líf foreldra sinna, ef þau gætu með því móti komið fram óhreinum hvötum hjarta síns. Hinn mentaði heimur yrði ekkert annað en ræningjabæli og manndrápara, og friður, ró og hamingja yrðu útlæg úr heiminum.

Sú kenning, að maðurinn sé leystur frá hlýðni við Guð, hefir þegar veikt siðferðisþrekið, og opnað ójöfnuði leiðir inn í líferni mannanna. Lögleysa, ójöfnuður og spilling veltur yfir heiminn eins og hækkandi flóðalda.

[298] Ójöfnuðurinn og andlega myrkrið, sem átti sér stað á dögum hins rómverska veldis, voru óhjákvæmilegar afleiðingar af því að ritningin var fótumtroðin. En hver er ástæðan fyrir hinu mikla trúleysi; óhlýðni við Guðs lög og þar af leiðandi spillingu á vorum dögum, þegar ljós náðarboðskaparins, virðist skína með allri sinni birtu og trúfrelsi? Þar sem óvinurinn getur nú ekki lengur haft heiminn á valdi sínu með því að dylja fyrir honum ritninguna, grípur hann til annara ráða, í því skyni að koma hinu sama til leiðar. Það að eyðileggja trúna á ritninguna er honum jafn kært og að eyðileggja ritninguna sjálfa. Með því að koma inn hjá mönnum þeirri trú, að lögmál Guðs sé ekki bindandi, afvegaleiðir hann eins mikið og leiðir til yfirtroðslu, eins og með því að halda mönnum í algerðri fávizku að því er ritninguna snertir.

Vegna þess að andatrúin líkist allnákvæmlega kristni þessara tíma, hefir hún afarmikið afl til blekkingar og afvegaleiðslu. Sjálfur Djöfullinn tekur breytingum eftir því, sem tízkan krefst. Hann birtist í ljósengils líki; fyrir áhrif andatrúarinnar verða kraftaverk gerð, sjúk-ir verða læknaðir og mörg óneitanleg undur koma fram. Og vegna þess að andarnir þykjast trúna ritningunni og láta í ljósi virðingu fyrir

kirkjulegum stofnunum, munu menn skoða þessi verk sem vott um guðlegan kraft. Páfatrúarmenn, sem miklast af kraftaverkum, sem óskeik-ulu einkenni hinnar sönnu kirkju, munu blekkjast auð-veldlega af þessum krafti furðuverka, og mótmælendur afvegaleiðast einnig, þegar þeir hafa kastað frá sér verju sannleikans. Páfatrúarmenn, mótmælendur og verald-lega sinnaðir menn, munu jafnt viðurkenna guðdómseðlið án máttarins, og í þessari samsteypu munu þeir sjá stór-kostlega hreyfingu til þess að snúa heiminum, og þeir munu sjá hið langþráða þúsundaráríki koma með flug-hraða. Fyrir áhrif andatrúarinnar mun líta svo út, sem Djöfullinn sjálfur sé velunnari mannanna; að hann lækni sjúka og komi fram með fullkomnara og betra trúarkerfi; en á sama tíma veldur hann í raun rétttri alls konar tjóni. Freistingar hans leiða fjölda manns til glötunar, valda óhófi, hrynda skynseminni af stóli; leiða til ofnautnar, skapa deilur og loksins blóðsúthellingar. Djöfullinn gleðst af stríði, því það æsir verstu tilhneigingar manns-sálarinnar og hryndir henni inn í eilífðina. saurgaðri á glæpum og löðrandi í blóði. Það er áform hans að æsa hverja þjóðina í stríð gegn annari; því þannig getur hann leitt hugi fólksins frá því að búa sig undir að mæta Guði á degi dómsins. [299]

Djöfullinn notar einnig eðlislögin, til þess að ná á sitt vald hinum óviðbúnu sálum. Hann hefir gaumgæfi-lega reiknað út leyndardóm-ana í náttúrunni, og hann beitir öllum kröftum sínum til þess að stjórna náttúru-öflunum, að svo miklu leyti, sem Guð leyfir honum það. Þegar honum var liðið að kvelja Job, þá var hann (Job) sviftur öllu á svipstundu; hann misti fé sitt og eignir; þjónum hans og börnum var svift í burtu, og hver mótlætisaldan rak aðra, svo að segja á svipstundu. Það er Guð, sem verndar skepnur sínar og ver þær fyrir afli eyðileggjandans. En hinn kristni heimur hefir sýnt fyrir-litningu fyrir lögum Drottins, og Drottinn gjörir nákvæm-lega eins og hann hefir lýst yfir að hann muni gjöra. — Hann mun nema brott blessun sína af jarðríki og draga í hlé vörn og vernd sína frá þeim er gera uppreist á móti lögum hans og kenningum og þvinga aðra til þess að gjöra það sama. Djöfullinn stjórnar öllum þeim, sem Guð verndar ekki sérstaklega. Hann lætur sumum líða vel og veitir þeim auðæfi, til þess að koma fram áformum sínum, en hann hleður alls konar erfiðleikum á herðar annara og lætur menn trúna því að það sé Guð, sem hrjáir þá.

Pegar hann birtist börnum mannanna, sem dýrðleg-ur læknir, er veiti þeim bót allra meina, flytur hann þeim í raun rétttri alls konar drepsóttir og hörmungar, þangað til mannmargar borgir eru eyddar og allslausar. Jafnvel nú á vorum dögum er hann ekki iðjulaus. Djöf-ullinn er alstaðar að verki, þar sem slys vilja til og hörmungar eru á ferðum á sjó eða landi; alstaðar þar sem eldar brenna upp eignir manna, í fellibyljum og haglstormum, í óveðrum og vatnavöxtum, flóðum og jarðskjálftum; í öllu þessu er hann að verki og kemur því til leiðar á þús-und vegu. Djöfullinn sópar í burtu vaxandi korni af blómlegum ökrum og veldur þannig hörmungum og hung-urdauða. Hann fyllir loftið banvænum sóttkveikjum, sem valda drepsóttum og dauða. Þessar hörmungar munu verða tíðari og hræðilegri. Eyði-  
 [300] legging mun dynja yfir menn og skepnur. “Jörðin viknar og kiknar, heimur bliknar og kiknar, tignarmenni lýðsins á jörðu blikna.

Jörðin vanhelgast undir fótum þeirra, er á henni búa, því að þeir hafa brotið lögin, brjálað boðorðunum og rofið sáttmálann eilífa”.<sup>1</sup>

Og svo mun hinn mikli blekkjari telja mönnum trú um að þeir, sem þjóna Guði, valdi öllu þessu böli. Þeir sem sjálfir hafa verið valdið að allri vanþóknun Drottins, munu kenna alla klæki sína þeim, er með hlýðni sinni við Guð, eru stöðugir ákærendur hinna brotlegu. Því mun verða haldið fram, að menn móðgi Guð með því að brjóta sunnudagshelgina, að þetta sé synd, sem hafi í för með sér hörmung, sem ekki linni fyr en farið sé að halda heilagan sunnudaginn og því sé framfylgt með valdi, og að þeir, sem halda fram fjórða boðorðinu og þannig eyðileggi helgi sunnudagsins, séu óróamenn, sem hindri það að fólkið komist aftur í náð hjá Guði og öðlist veraldleg gæði.

Kraftaverk andatrúarmannanna munu verða til þess að hafa áhrif gegn þeim, sem vilja fremur þóknast Guði en mönnum. Andarnir verða látnir kunngjöra að Guð hafi sent þá til þess að sannfæra þá, er afneiti sunnudeg-inum, um misskilning þeirra og halda því fram að hlýða skuli lögum landsins eins og lögum Guðs. Þeir munu harma hina miklu spillingu heimsins og staðfesta vitnis-burð trúarbragða-kennaranna, er halda því fram að sið-ferðisleysið stafi af því, að horfið var frá sunnudagshelg-inni. Gremjan verður afar mikil gegn þeim, sem ekki vilja viðurkenna þessa vitnisburði.

<sup>1</sup>Jes. 24 : 4, 5.

Stefna hins illa í hinni síðustu deilu við þjóna Guðs, er hin sama, sem hann hafði þegar hann hóf uppreistina á himnum. Hann þóttist vera að styrkja og styðja hina guðlegu stjórn, einmitt þegar hann í laumi var að neyta allra bragða til þess að eyðileggja hana; og einmitt það athæfi, sem hann framdi sjálfur, kendi hann þeim engl-um, sem trúir voru Guði sínum. Sama blekkingar stefnan hefir éinkent rómversku kirkjuna. Hún hefir þózt koma fram sem útbreiðslustofnun Guðs ríkis, þar sem hún í raun rétttri hefir reynt að upphefja sjálfa sig yfir Guð og breyta lögmáli hans. Samkvæmt rómverskum lögum voru þeir bannsungnir, sem illræðismenn, er trúir reynd-ust sannfæring sinni og kenningum náðarboðskaparins; því var lýst yfir, að þeir [301] væru í samfélagi við hinn illa, og öll möguleg ráð voru upphugsuð [302] til þess að fá sök á hendur þeim, til þess að láta fólkíð skoða þá sem afbrota-menn, og jafnvel var reynt að koma þeim sjálfum til þess að [303] trúa því að svo væri. Þegar Djöfullinn reynir að eyði-leggja þá, sem hlýðnast boðorðum Guðs, lætur hann kæra þá sem lögbrotsmenn; sem menn er vanvirði Guð og leiði dóm yfir heiminn.

Guð neyðir aldrei mennina móti vilja þeirra eða sannfæringu, en stefna hins illa er að þvinga menn með harð-ýðgi, þegar hann getur ekki náð þeim á vald sitt með öðru móti. Með ótta eða ofbeldi reynir hann að ná yfir-ráðum yfir samvizku manna og ná henni á sitt vald. Til þess að koma þessu til vegar beitir hann bæði kirkjulegu og veraldlegu valdi með því að láta grípa til veraldlegrar lagabvingunar til þess að kúga til hlýðni við mannleg lög, þvert ofan í Guðs lög.

Þeir sem halda helgan hvíldardag ritningarinnar verða úthrópaðir, sem óvinir laga og skipulags; sem menn er brjóti niður siðferðis-og félagsreglur, valdi stjórnleysi og spillingu og valdi reiði Guðs yfir heiminum. Trúar-sannfæring þeirra verður kallaður þrái, sérvizka og mót-staða við stjórnarvöldin. Prestar sem neita því að skylda bindi menn til þess að halda hið heilaga lögmál, munu flytja frá ræðustólum þá kenningu, að menn eigi að beygja sig undir veraldleg völd, eins og þau væru skipuð af Guði. Í þinghúsum og réttarsölum munu þeir, sem boð-orðin halda, verða fordæmdir, og alt lagt út fyrir þeim á verra veg. Orð þeirra verða rangfærð; þeim verða ætlað-ar og tileinkaðar hinar verstu hvatir. Þegar mótmælend-ur hafna hinum skýru, biblíulegu röksemdum lögmáli Guðs til varnar, fýsir þá að synja þeim máls, er þeir geta ekki mótmælt með biblíunni sjálfri. Þótt þeir blindi sín eigin augu fyrir því sem rétt er, hafa þeir nú valið

sér stefnu, sem hlýtur að leiða til ofsókna gegn þeim, er af-segja að fylgja hinum svokallaða kristna heimi, og viður-kenna staðhæfingar páfadómsins um helgihald sunnu-dagsins.

[304] Leiðtogar kirkju og ríkis munu taka saman höndum til þess að múta, telja hughvarf, og þvinga alla flokka til þess að halda helgan sunnudaginn. Ofbeldisfull lagaboð munu koma því til leiðar að hið guðlega vald hverfur. Stjórnmalaspilling nemur brott réttlætisþrána og virðingu fyrir sannleikanum. Og jafnvel í hinum frjálsu Bandaríkjum láta stjórnendur og löggjafar tilleiðast að fylgja hinum almennu kröfum um sunnudagshelgina; þeir gera það í því skyni að ávinna sér lýðhylli.

[305] Samvizkufrelsi, sem unnist hefir með svo miklum fórnfæringum, verður ekki framar í metum haft. Í hinni nálægu baráttu munum vér sjá uppfyllast orð spámanns-ins, er hann segir: “Og drekinn reiddist konunni og fór burt til þess að heyja stríð við hina aðra afkomendur hennar, þá er varðveita boð Guðs og hafa vitnisburð Jesú Krists.”<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup>Opinb. 12 : 17.

## Ritningin er örugg vörn

“Leitið til lögmálsins og vitnisburðarins. Ef þeir tala ekki samkvæmt þessu orði, þá er það sökum þess að ekkert ljós er í þeim”.<sup>1</sup> Fólki Guðs er beint til biblíunnar, sem öruggar varnar gegn áhrifum falskennenda og hinum blekkjandi krafti myrkraandanna. Djöfullinn neytir allra mögulegra bragða til þess að hindra menn frá þekkingu á ritningunni; því að hin hispurslausu orð hennar skýra blekkingar hans. Hvar sem verk Guðs er vakið upp eða endurvakið, er myrkrahöfðinginn nálægur til þess að útbreiða ríki sitt, með enn meira krafti og fleiri ráðum. Einmitt nú leggur hann sig fram í hinu síðasta stríði gegn Kristi og fylgjendum hans. Vér munum bráðlega sjá hina síðustu höfuðblekkingu. Antikristur-inn mun framkvæma athæfi sitt frammi fyrir augsyn vorri. Svo lík munu athæfi hins illa virðast vera hinu virkilega, að ómögulegt verður að greina þau að, nema fyrir aðstoð biblíunnar. Með hennar aðstoð verður að reyna hvert einasta atriði, sem staðhæft er, og hvert einasta kraftaverk, sem gert er.

Þeir sem reyna að hlýða öllum boðorðum Guðs, munu verða fyrir háði og mótstöðu. Þeir standast það einungis með aðstoð Guðs. Til þess að þeir geti þolað þær hörm-ungar, sem fyrir þeim liggja, verða þeir að skilja vilja Drottins, eins og hann kemur í ljós í hans heilaga orði. Þeir geta því aðeins veitt honum verðuga lotningu að þeir þekki hans rétta eðli, stjórn hans og tilgang og breyti eftir því. Enginn nema sá einn, sem hefir styrkt huga sinn með sannindum ritningarinnar, getur staðist hið síðasta mikla stríð. Hver einasta sál verður að spyrja sjálfa sig þessarar spurningar: “Á eg að hlýða fremur Guði en mönnum?” Tíminn til þess að skera úr því er þegar kominn. Hefir þú undir fótum þér hið óbrigðula bjarg, sem heitir Guðs orð? Erum vér reiðubúnir til þess að standa stöðugir í baráttunni fyrir boðorðum Guðs og trúnni á Jesúm Krist?

Áður en Kristur var krossfestur, sagði hann læri-sveinum sínum hvað verða mundi; hann sagði þeim að hann mundi verði líflátinn og rísa upp aftur úr gröfnni; og englar voru viðstaddir til þess að stað-

<sup>1</sup>Jes. 8 : 20 (ensk þýðing).

festu orð hans, og rita þau í hjörtu lærisveinanna. En lærisveinarnir vonuðust eftir bráðabirgðafrelsi frá rómverska okinu, og þeir gátu ekki þolað þá tilhugsun að hann, sem þeir byggðu á allar vonir sínar, skyldi verða að líða smánardauða. Orðin, sem þeir áttu að muna, höfðu fallið þeim úr minni, og þegar tími reynslunnar kom voru þeir óviðbúnir. Dauði Krists svifti þá svo gjörsamlega allri von, eins og þeir hefðu aldrei hlotið neina aðvörun. Í spádómunum er framtíðin þannig birt oss eins greinilega, eins og hún var birt lærisveinunum í orðum Krists. Þeir viðburðir, sem eru í sambandi við undirbúnings-tímamann undir stríðið, eru greinilega skýrðir. En fjöldi folks skilur ekki fremur þennan mikilsverða sannleika, en þótt hann hefði aldrei verið boðaður. Djöfullinn reynir að hrifsa burtu hvert atriði, sem miðar til þess að gera þá vitrari í efnunum sálu-hjálparinnar, og þegar tímar erfiðleikanna koma, verða þeir óviðbúnir.

Þegar Guð sendir mönnunum tilkynningu, sem svo er mikils virði að hann lætur engla sína frá himnum flytja þeim hana með flughraða, þarf hver einasta mannleg vera, sem skyni er gædd að veita þeirri tilkynningu athygli. Hinn voðalegi dómur, sem upp verður kveðinn yfir þeim, er tilbiðja dýrið og líkneski þess, ætti að koma öllum til þess að íhuga rækilega spádómanna, til þess að komast að raun um, hver séu einkenni dýrsins, og hvernig þeir geti komist hjá því að verða fyrir þeim einkennum. En fjöldi folks veitir sannleikanum eigi athygli, en hlustar með athygli á alls konar hégiljur. Þegar Páll postuli leit í huga sér á hina síðustu daga, sagði hann: “Því að þann tíma mun að bera, að menn þola ekki hina heilnæmu kenningu”.<sup>1</sup> Sá tími hefir þegar komið. Fjöldinn vill ekki heyra sannleika ritningarinnar sökum þess að hann kemur í bága við fýsnir hins syndumspilta og heimselsku-fulla hjartalags, og óvinurinn veitir því blekkingu, sem fjöldinn girnist.

En Guð mun eiga lærisveina á jarðríki, til þess að kenna biblíuna, og ekkert nema biblíuna, og sýna fram á að hún er hið eina varanlega, sem mælisnúra fyrir öllum kenningum og grundvallaratriði allra siðbóta. Skoðanir lærðra manna, ályktanir vísindanna, trúar játningar og ákvarðanir kirkjuþinga, sem eru jafn margar og jafn ólíkar og kirkjurnar eru sjálfar, raddir og atkvæði fjöld-ans—alt þetta er einskis virði með eða móti, þegar um það er að ræða, að ákveða sérstök atriði

<sup>1</sup>2. Tím. 4 : 3.



trúarbragðalegra skoðana. Áður en nokkur kenning eða fyrirskipun er viðurkend, ættum vér að krefjast þess að aðal grundvöll-urinn sé þessi og enginn annar: “Svo segir Drottinn”. Á þessari setningu einni eiga kenningarnar að byggjast.

Djöfullinn kostar stöðugt kapps um að beina athygli voru frá skipunum Guðs og að mannasetningum. Hann reynir að láta menn dýrka biskupa, presta og guðfræðis-kennara, sem leiðtoga sína, í stað þess að rannsaka ritn-ingarnar og finna réttar leiðir sjálfir. Þegar hann svo hefir áhrif á hugi þessara leiðtoga, getur hann leitt fólkið eftir vild.

Þegar Kristur kom í heiminn, til þess að tala orð lífsins, tók alþýð-an honum fegins hendi, og jafnvel margir prestanna og stjórnendanna trúðu honum. En aðalmenn-irnir meðal prestanna og leiðtoga þjóð-arinnar voru ákveðnir í því að fordæma kenningar hans og hafna þeim.

Þrátt fyrir það, þótt þeim gengi illa með allar til-raunir sínar í því skyni að finna ákæruefni gegn Kristi, þrátt fyrir það, þótt þeir gætu ekki annað en fundið til hins mikla vísdóms og krafts, sem fylgdi orðum hans, þá voru þeir samt þrælbundnir í fjötrum ósanngirinnar; þeir höfnuðu hinum skýrustu sönnunum fyrir Messíasar-embætti hans, til þess þeir yrðu ekki að verða lærisveinar hans. Þessir and-stæðingar Krists voru menn, sem fólk-inu hafði verið kent að tilbiðja og tigna frá barnæsku: þeirra boðum og skipunum hafði það verið vant að hlýða og beygja sig fyrir. “Hvernig stendur á því?” sögðu þeir, “að leiðtogar vorir og lærðir menn trúa ekki á Jesúm? Mundu ekki þessir guðræknu menn veita honum móttöku ef hann væri Kristur?” Það voru. áhrif þessara og því-líkra kenninga sem afvegaleiddu Ísraelslýð og komu honum til að hafna frelsara sínum.

[308]

Sami andinn, sem stjórnaði gjörðum þessara presta og leiðtoga, er ríkjandi enn í dag meðal margra þeirra, sem þykjast vera sérlega guðræknir. Þeir afsegja að rannsaka vitnisburði biblíunnar, viðvíkj-andi hinum sér-stöku sannindum, er snerta þennan tíma. Þeir benda á það, hversu fjölmennir þeir séu, völdugir og vel kyntir, og líta með fyrirlitningu niður á þá fáu, sem frambera hinn verulega sann-leika; segja að þeir séu ekki einungis fáir, heldur einnig fátækir og óvinsælir, og hafi trú, sem aðskilji þá frá heiminum.

Kristur sá það fyrir fram að hið ósæmilega dramb og vald, sem skriftlærðir og farísear gerðu sig seka í, mundi ekki hætta, þótt Gyð-

ingar væru hraktir í ýmsar áttir. Hann sá það með spámannsaugum sínum að mann-legt vald girntist að ráða yfir samvirkum manna; en það vald hefir verið hin mesta bölvun kirkjunnar á öll-um öldum. Og hinn hræðilegi dómur hans yfir skrift-lærðum og faríseum, og aðvaranir hans til fólksins um það að líða ekki þessa blindu leiðtoga, voru skráð sen bending til komandi kynslóða.

Rómverska kirkjan veitir klerkum einkarétt til þess að þýða og skýra ritninguna. Undir því yfirskyni að menn, sem lærðir séu í kirkjulegum fræðum, séu einir færir um að skilja rétt og skýra Guðs orð, er því haldið frá alþýðunni. Þótt siðabótin yrði til þess að veita öllum aðgang að ritningunni, þá er það einmitt sama grundvallar atriðið, sem rómverska valdið hélt fram, er aftrar fjöldanum í mótmælenda kirkjunum frá því að rannsaka og álykta fyrir sjálfa sig, sannleika biblíunnar; mönnum er kent að viðurkenna alt, eins og það er framsett og út-lagt af kirkjunni; og þúsundir manna þora ekki að viður-kenna neitt, sem kemur í bága við trúarjátningar þeirra, hversu augljóst sem það kann að vera í biblíunni.

[309] Þrátt fyrir það, þótt biblían sé full af aðvörunum gegn falskennendum, þá eru samt margir viljugir til þess að leggja þannig velferð sálar sinnar í hendur prestanna. Nú á dögum eru þúsundir trújátenda, sem ekki geta gefið eina einustu ástæðu fyrir því að þeir flytji vissa kenningu og fylgi henni, aðra en þá, að trúarbragða leiðtogar þeirra fylgi sömu stefnu. Þeir láta kenn-ingar frelsarans fara fram hjá sér svo að segja án þess að veita þeim eftirtekt, og hafa óbifandi trú á kenningum og orðum klerkanna. En eru prestar óskeikulir ? Hvernig getum vér trúað þeim fyrir sálum vorum, nema því aðeins að vér höfum sönnun fyrir því frá Guðs orði, að þeir séu sannir ljósberar. Skortur á siðferðispreki, til þess að yfirgefa hinar venjulegu brautir, verður til þess að margir halda áfram að fylgja hinum lærðu mönnum, og vegna þess að þeir veigra sér við að rannsaka sjálfir, verða þeir svo rótgrónir í böndum villukenninganna að lítil von er á breytingum til bóta. Þeir sjá það, að sannleikur þess-ara tíma kemur greinilega fram í kenningum ritningar-innar, og þeir finna kraft heilags anda fylgja þeim kenningum ; en samt leyfa þeir mótstöðu klerkanna að halda sér frá ljósi sannleikans. Þrátt fyrir það þótt dómgreind og samvirkka sé fullviss um hið rétta, þá þora ekki þessar afvegaleiddu sálir að hugsa á annan veg en prestarnir, og þeir fórna sinni persónulegu

dómgreind, sinni eilífu velferð fyrir vantrú, dramb og ósanngirni annara.

Þeir eru margir vegirnir, sem Djöfullinn notar til þess að geta bundið þá, er hann nær á vald sitt. Hann nær á sitt band fjölda mörgum, með því að binda þá hinum hugljúfu böndum vináttunnar, við þá, sem eru óvinir Krists kross. Þessi vináttubönd eru margs konar; stundum eru það kærleiksbönd, foreldrar, systkini eða frændur geta átt í hlut; stundum eru það félagsbönd og vináttu eða hjúskapar; en hvað sem það er, þá verða áhrifin þau sömu. Andstæðingar sannleikans beita kröftum sínum til þess að ráða samvizkum manna; og sálir þeirra, sem þeir hafa vald yfir, eiga ekki nógu mikið hugrekki né sjálfstæði til þess að fara eftir eigin sannfæringu og skyldu.

Sannleikurinn og dýrð Drottins eru óaðskiljanlega samfara; það er oss með öllu ómögulegt, þar sem vér höfum aðgang að biblíunni, að dýrka Guð með röngum hugmyndum. Margir eru þeir sem halda því fram, að engu skifti hverju menn trúi, ef þeir aðeins breyti siðsamlega. En sannleikurinn er sá, að lífernir manna stjórn-ast af trú þeirra. Sé oss unt að njóta ljóssins og sannleikans, en vanrækjum að skerpa sjónina til þess að sjá ljósið og heyrnina til þess að heyra sannleikann, þá er sama sem vér höfum hafnað hvorutveggja, og höfum kosið myrkrið í staðinn fyrir ljósið.

“Margur vegurinn virðist greiðfær, en endar þó á helslóðum.”<sup>1</sup> Vanþekking er engin afsökun fyrir synd né villu, þar sem öll tækifæri bjóðast til þess að þekkja Guðs vilja. Maður er á ferð, og kemur þar sem eru mót margra vega, og á leiðbeiningaspjaldi er skrifað hvert hver vegurinn um sig liggi; fyrirlíti ferðamaðurinn leið-beiningarnar og velji þann veginn, sem honum sjálfum virðist réttur, má vel vera að hann sé með öllu einlægur, en til þess eru miklar líkur að hann velji rangan veg og lendi í villum.

Vér ættum að beita öllu voru andlega þreki til þess að rannsaka ritninguna, og gjöra vort allra bezta til þess að öðlast réttan skilning á hinum guðlegu sannindum, eftir því, sem dauðlegum mönnum er slíkt mögulegt Samt megum vér ekki gleyma því að undirgefni og hlýðni barnsins eru hin sönnu og nauðsynlegu einkenni þeirra, sem vilja læra. Sannleikur Guðs orðs getur aldrei fengist með sömu aðferðum og hafðar eru í heimspekilegum efnum. Vér ættum ekki

<sup>1</sup>Orðskv. 16 : 25.

að lesa biblíuna með því sjálfs-trausti, sem einkennir svo marga, er stunda nám verald-legra vísinda, heldur með auðmjúkri bæn til Guðs og með einlægri þrá til þess að fá að vita vilja hans. Vér verðum að koma með auðmjúkum anda, sem hægt sé að kenna, ef vér ætlum að læra og öðlast þekkingu frá þeim hinum mikla, sem sagði “Eg em”. Að öðrum kosti blinda illir englar augu vor og herða hjörtu vor, til þess að sannleikurinn skuli ekki verða vor.

[311] Mörg atriði ritningarinnar, sem lærðir menn kalla leyndardóm eða ganga fram hjá sem lítilsverðum, eru full af hughreysting og bendingum til þeirra, sem lært hafa í skóla Krists. Ein ástæðan fyrir því að margir guðfræðingar hafa ekki skarpari skilning á Guðs orði en raun ber vitni, er sú, að þeir loka augum sínum fyrir sannleiksatriðum, sem þeir vilja ekki lifa eftir. Skilning--urinn á sannindum biblíunnar fer ekki eins mikið eftir skörpum gáfum till djúpra rannsóknna eins og hinu, að stefnan sé ein — það er að segja einlæg þrá eftir réttlæti.

Biblían ætti aldrei að vera lesin án bænna. Einungis heilagur andi getur látið oss skiljast hversu áriðandi þetta er; hversu auðvelt það er og verndað oss frá því að hugsýkjast yfir erfiðleikum þess að skilja hinn guðlega sannleika. Það er hlutverk hinna heilögu engla að undir-búa svo hjörtu mannanna að þeir geti skilið Guðs orð; þeir láta oss fyllast fögnuði yfir fegurð þess, hlýða áminningum þess og styrkjast og fyllast eldmóði af fyrir-heitum þess. Vér ættum að biðja Guð eins og sálma-skáldið og segja: “Ljúk upp augum mínum, að eg megi skoða dásemdinar í lögmáli þínu.”<sup>1</sup> Freistingar virðast of ómótstæðilegar vegna þess að þegar bænarinna er ekki gætt og ritningin ekki lesin, gleymist þeim, sem fyrir freistingunum verður, það sem Guð hefir lofað, og hann mætir ekki freistarunum með biblíunnar eigin orð um, sem eru hin beztu vopn. En englar eru þeim nálægir og umhverfis þá, sem einlæglega þrá skýringu hinna guðlegu málefna og þegar þeim mest á ríður láta þeir þá muna eftir þeim sannleika, sem þeir þarfnast; þannig verður það að “þegar óvinurinn kemur eins og vatnsflóð, mun andi Drottins reisa hermerki á móti honum”.<sup>2</sup>

<sup>1</sup>Sálm. 119 : 18.

<sup>2</sup>Jes. 59 : 19 (ensk þýðing).

Jesús lofaði lærisveinum sínum og sagði: “En hugg-arinn, andinn heilagi, sem faðirinn mun senda í mínu nafni, hann mun kenna yður alt og minna yður á alt, sem eg hefi sagt yður”.<sup>3</sup> En kenningar Krists hljóta að hafa verið geymdar áður í huga vorum, til þess að hinn heilagi andi gæti framkallað þær, þegar vér vorum í hættu og látið oss þá muna eftir þeim. “Eg geymi orð þín í hjarta mínu, til þess að eg skuli ekki syndga gegn þér”.<sup>4</sup>

Allir sem láta sér ant um sína eilífu velferð ættu að vera á verði gegn ásókn efasemdanna. Ráðist mun verða á sjálfar aflstoðir trúarinnar. Það er ekki hægt að kom-ast hjá því að mæta hnýfilyrðum og hártogunum, hinum skaðsamlegu blekkingum og vantrú nútíðarinnar. Djöfullinn freistar allra með þessum atriðum, í hvaða stöðu sem þeir eru. Hann ræðst á hinn óupplýsta með háði og storkunarorðum, en hina lærðu reynir hann að afvegaleiða með fágaðri, vísindalegri mótstöðu og heim-spekilegum rökleiðslum, sem bæði stuðla að því að vekja vantrú og óvirðingu fyrir ritningunni. Jafnvel unglingar dirfast að koma fram með efasemdir viðvíkjandi grund-vallaratriðum kristindómsins, og þessi æskumanna van-trú, eins grunn og hún er, hefir sín áhrif. Margir leiðast til þess að gera gys að kenningum feðra sinna og móðga þannig heilagan anda náðarinnar. Margir, sem út leit fyrir að verða mundu Guði til dýrðar og heiminum til blessunar, hafa fallið fyrir hinum illa anda guðleysisins. Allir, sem treysta hinum hrokafulla úrskurði mannglegrar rökfærslu og ímynda sér að þeir geti skilið hina guðlegu leyndardóma og komast að niðurstöðu, sem vizka Guðs fylgir þeim ekki í, eru flæktir í snörum Djöfulsins.

Vér lifum á allra hátíðlegasta tímabili í sögu heims ins. Verið er að ákveða forlög hins mikla fjölda. Velferð vor í framtíðinni og einnig sáluhjálp annara, er undir því komin hvaða stefnu vér nú tökum. Vér þurfum að láta stjórnast af anda sannleikans. Hver einn og einasti maður sem Kristi fylgir ætti að spyrja í allri einlægni: “Drottinn, hvað þóknast þér að eg gjöri?” Vér verðum að falla fram í auðmýkt fyrir Guði, með föstum og bæna-haldi og hugsa djúpt um orð hans, sérstaklega það sem snertir hinn mikla dóm. Vér ættum tafarlaust að sækj-ast eftir djúpri og lifandi reynslu í guðlegum efnum. vér megum ekki láta augnablik hjá líða. Mikilsverðir at-

<sup>3</sup>Jóh. 14 : 26.

<sup>4</sup>Sálm. 119 : 11.

burðir eru fram að fara umhverfis oss; vér erum um-kringdir af hersveitum Djöfulsins. Sofið þér ekki, verðir Drottins; óvinurinn er í nánd í launsátrum, reiðubúinn hvenær sem er, ef þér kynnuð að láta mótstöðu niður falla og yður renna höfgi á auga; þá hugsar hann sér að ráðast á yður og gjöra yður að herfangi sínu.

[313] Margir láta blekkjast og misskilja afstöðu sína gagn-vart Guði. Þeir hrósa sér af mörgu því illa, sem þeir láta ógert, en þeir gleyma að telja upp þau góðverk, sem Guð ætlaðist til að þeir gerðu, en þeir létu ógert. Það er ekki nóg að þeir séu tré í garði Drottins, þeir eiga og verða að svara spurningum hans með góðum ávöxtum. Hann læt-ur þá bera ábyrgð á öllu því góða, sem þeir hefðu getað gjört með aðstoð heilags anda, en vanræktu með öllu. Í bækur himinsins verða nöfn þeirra skráð og þeir þar taldir meðal þeirra, sem spiltu garði Drottins. Samt sem áður er ekki örvænt um að jafnvel þessir megi ala von í brjósti sér. Jafnvel fyrir þeim, sem hafa fyrirlitið Guðs náð og misboðið miskunn hans, biður hinn þolinmóði kærleikur með sínu mikla langlundargeði: “Þess vegna segir svo: Vakna þú, sem sefur, og rís upp af dauðum, og þá mun Kristur lýsa þér. Gætið því nákvæmlega að hvernig þér framgangið, ekki sem fávísir heldur sem vísir; kaupið hinn hentuga tíma, því dagarnir eru vondir”.<sup>1</sup>

[314] Þegar tími reynslunnar kemur, mun það opinberast, hverjir gjört hafa Guðs orð að lífsreglu sinni. Á sumrin er enginn sjáanlegur munur á sígrænum trjám og öðrum trjám; en þegar harðindi vetrarins dynja á, haldast sí-grænu trén óbreytt sem áður, en önnur tré fella lauf sín þannig er því varið með hina fölsku trújátendur; þeir þekkjast ef til vill ekki núna frá hinum sannkristnu, en tíminn er í nánd þegar þeir þekkjast, og munurinn sést greinilega. Þótt mótstaða komi fram: þótt hindurvitni og umburðarleysi rísi upp, þótt ofsóknir glæðist að nýju, þótt ístöðulaust fólk og hikandi láti af trú sinni og hneigist að villukenningum, þá er það víst að hinn sannkristni stendur stöðugur á bjargi trúar sinn-ar; trúarsannfæring hans mun verða enn þá sterkari, vonir hans bjartari en á þeim dögum þegar alt lék í lyndi.

<sup>1</sup>Efesus 5 : 14-16.

## Síðasta aðvörun

“Eftir þetta sá eg annan engil stíga ofan af himnum og hafði hann mikið vald og jörðin ljómaði af dýrð hans. Og hann hrópaði með sterkri röddu og sagði: Fallin er, fallin er Babýlon hin mikla og orðin að djöfla heimkynni og fangelsi alls konar óhreinna anda og fangelsi alls konar óhreinna og viðbjóðslegra fugla”. “Og eg heyrði aðra rödd af himni sem sagði: Gangið út mitt fólk, út úr henni, svo að þér eigið engan hlut í syndum hennar og svo að þér hreppið ekki plágur hennar”.<sup>1</sup>

Þessir ritningarstaðir benda á framtíðina, þegar til-kynningin um fall Babýlonar verður endurtekin af öðrum englinum, sem birtist í Opinberunarbókinni 14. kapítula: verður þar við bætt því að einnig verður minst á spill-inguna, sem komið hefir í ljós í hinum ýmsu stofnunum, sem mynda Babýlon, síðan þessi boðskapur fyrst var gefinn sumarið 1844. Þar er lýst hræðilegu ásigkomulagi í trúarat-riðum; sannleikanum er hafnað í öllum efnum, hugsanir fólksins spillast, hjörtu þess forherðast, þangað til það með öllu er orðið trú-laust og harðsvírað. Þvert á móti aðvörun þeirri, sem Guð hefir gefið, mun fólkið halda áfram að fótumtroða eitt af boðorðunum og ganga lengra og lengra í því atriði, þangað til þeir blátt áfram ofsækja þá, sem halda það heilagt. Kristur er lítilsvirt-ur, með því að orð hans eru fyrirlitin af hans eigin fólki. Eftir því sem kenningar andatrúar-innar eru meira viður-kendar af kirkjunni, eru þau bönd leyst, sem áttu að halda í skefjum mannlegum hjörtum og trúarjátningarn-ar verða notaðar sem kápa til þess að skýla og halda leyndum lægstu hvötum og athöfnum. Trúin á það að andar komi fram opnar veginn fyrir afvegaleiðandi önd-um og illum englum og þeirra verður vart í kirkjunum.

[315]

Um Babylyon, sem birtist í þessum spádómi, er það sagt, sem hér segir: “því að syndir hennar hlóðust alt upp til himins og Guð minnst ranglætis hennar”.<sup>1</sup> Hún hefir fyllt mæli synna og eyðilegging

<sup>1</sup>Opinb. 18 : 1-2, 4.

<sup>1</sup>Opinb. 18 : 5.

vofir því yfir henni. En Guð á enn þá fylgjendur í Babýlon, og áður en refsíðómar hans koma, verða hinir trúföstu kallaðir út, til þess að þeir taki ekki þátt í syndum hennar og hreppi ekki plágur hennar. Þannig er líkingin sem engillinn, sem kemur niður frá himnum, uppljómandi jörðina með dýrðarljósi og kallandi hástöfum með sterkri röddu, tilkynnandi dóminn yfir Babýlon. Í sambandi við þessa tilkynningu heyrðist kallað: “Komið út úr henni mitt fólk”. Þessar tilkynningar, ásamt boðskap þriðja engilsins, eru hin síðasta aðvörun, sem koma skal til íbúa jarðarinnar.

Óttalegt er ásigkomulag það, sem heimurinn á að komast í. Völd heimsins, sem ganga í félag gegn boðorð-um Guðs, munu láta þær skipanir út ganga að allir, “smáir og stórir, auðugir og fátækir, frjálsir og ófrjáls-ir”,<sup>2</sup> skuli hlýða venjum kirkjunnar, með því að halda helgan hinn ranga hvíldardag. Allir þeir, sem neita að hlýða þessu, munu verða fyrir borgaralegum ofsóknum, og loksins verður því lýst yfir að þeir séu dauða sekir. Að hinu leytinu er krafa Guðs lögmáls að hlýtt sé fyrir-skipunum skaparans, að því er snertir helgihald hvíldardagsins, og þeim öllum hótað reiði Guðs, er óhlýðnast boðum hans.

Hver sá, er fótumtreður lögmál Guðs, til þess að hlýða boðum mannanna, eftir að hann hefir þannig glögga hugmynd um það, sem rétt er, hann fær á sig merki dýrsins; hann verður auðkendur merki þess er hann vildi fremur hlýða en Guði. Aðvörunin frá Guði er á þessa leið: “Ef einhver tilbiður dýrið og líkneski þess og fær merki á enni sitt eða hönd sína, þá skal sá hinn sami drekka af reiðivíni Guðs, sem byrjað er óblandað í reiði-bikar hans”.<sup>3</sup>

[316] En enginn mun verða látinn þola reiði Guðs, fyr en sannleikurinn hefir verið opinberaður huga hans og sam- vizku og hann hefir hafnað honum. Margir eru þeir, sem aldrei hafa hingað til haft tækifæri til að heyra hinn sérstaka sannleika. Skyldan um það að halda fjórða boðorðið hefir þeim aldrei verið kend eða sýnd í réttu ljósi. Sá sem les allar hugrenningar og rannsakar allan tilgang, lætur engan, sem í sannleika þráir sanna þekk-ingu án upplýsingar viðvirkjandi því um hvað sé deilt. Dómurinn verður ekki feldur yfir neinum í blindni. Hver einasti maður verður látinn öðlast nægilegt ljós til þess að geta valið skynsamlega.

<sup>2</sup>Opinb. 13 : 16.

<sup>3</sup>Opinb. 14:9, 10.



Hvíldardagurinn verður hinn mikli prófsteinn í stað-festu, því hann snertir sérstaklega það sannleiksatriði, sem úr lagi er fært. Þegar síðasta prófið kemur, sem mennirnir verða að taka, þá verður dregin aðskilnaðarlína milli þeirra, sem þjóna Guði og hinna, sem þjóna honum ekki. Á aðra hönd verður hið ranga helgidagshald, samkvæmt skipun veraldlegra laga, vitni um fastheldni við það, sem er andstætt Guði og gagnstætt boðorðinu. Á hina hliðina verður helgihald hins rétta hvíldardags, samkvæmt boðorðinu, sönnum um trúfestu við Guð, skap-ara mannanna. Annar flokkurinn fær á sig merki dýrs-ins fyrir það að hlýða mannaboðum, hinn hlýtur innsigli Guðs fyrir það að velja það hlutskifti að fylgja guðlegum boðum.

Guð hefir sent öllum kynslóðum þjóna sína til þess að andæfa syndinni, bæði í hinum veraldlega heimi og í kirkjunni. En fólkið girnist að heyra það eitt sagt, sem lætur vel í eyrum og hinn hreini, óduldi sannleikur fellur mönnum illa í geð. Margir siðabótamenn ásettu sér í byrjun síns mikla starfs að viðhafa hina mestu varfærni þegar þeir réðust á syndina innan kirkjunnar og utan. Þeir vonuðust eftir að geta leitt fólkið aftur til kenninga biblíunnar, með því að lifa flekklausu og kristilegu lífi. En andi Guðs kom yfir þá, eins og hann kom yfir Elias, og knúði þá til þess að segja hreinan sannleikann um spilta konunga og fráfallið fólk. Þeir gátu ekki annað en prédikað blátt áfram kenningar biblíunnar, kenningar, sem þeir höfðu áður veigrað sér við að bera fram. Þeir voru knúðir til þess að prédika með áhuga sannleikann um þá hættu, sem vofði yfir höfðum manna. Orðin, sem Guð lagði þeim á tungu, töluðu þeir án nokkurrar skelfingar og gáfu því engan gaum hvað af kynni að leiða, og fólkið varð nauðugt viljugt að hlusta á aðvaranirnar.

[317]

Þannig verður kunngjörður boðskapur hins þriðja engils. Þegar tíminn kemur til þess að boðskapurinn komi fram með mestum krafti, mun Drottinn framkvæma áform sín þannig að hann velji til þess þá, sem lágt eru settir; hann mun leiðbeina hugsunum þeirra, sem helga sig starfi hans. Starfsmennirnir munu fremur valdir með smurningu heilags anda, en hinu að þeir séu fræddir í bókmentastofnunum. Menn sem sterkir eru í trú og bænþækni munu til þess vaktir að útbreiða hinn heilaga boðskap og prédidka það orð, sem til þeirra hefir komið frá Guði. Syndir Babýlonar munu opinberaðar. Hinar-ægilegu afleiðingar, sem af því hljótast að lögvaldið þröngvi til helgihalds innan kirkjunnar; áhrif andatrúar-innar; hinn leynilegi, en

fljóti vöxtur og viðgangur páfa-valdsins — alt þetta mun opinberað. Þegar þessar hátið-legu bendingar koma fram, mun fólkið vakna upp við vondan draum. Þúsundir þeirra manna, sem aldrei heyrðu neitt slíkt eða daufheyrðust við því, munu nú hlusta á það með athygli. Með mikilli undrun munu þeir hlusta á þann vitnisburð að Babýlon sé kirkjan, fallin vegna synda og yfirsjóna, með því að hún hafi hafnað þeim sannleika er henni var sendur frá himnum. Þessir menn munu fara á fund hinna fyrri kennara sinna og spyrja þá ýmsra spurninga, svo sem: “Er þetta sannleik-ur?” En prestarnir munu koma fram með alls konar tilbúning; þeir munu spá öllu fögru, til þess að friða menn og komast undan að svara á annan hátt; þeir munu reyna að draga úr óttanum og svæfa hina vakandi sam-vizku. En vegna þess að margir gera sig ekki ánægða með þetta, láta sér ekki nægja mannlegar skýringar og skipanir eingöngu og heimta æðra og fullkomnara svar, sem jafngildi setningunum, “svo segir Drottinn”, munu prestar þeir, sem í hávegum eru hafðir, eins og Faríse-arnir forðum, fyllast reiði og gremju, þegar efast er um vald þeirra; þeir munu fordæma boðskapinn, og segja að hann sé frá Djöflinum, og æsa hinn syndumspilta og heimselskufulla fjölda til þess að ofsækja og svívirða þá, sem boðskapinn flytja.

[318] Þegar deilan breiðist út, þangað sem hún hefir ekki verið áður, og fólkið sér það hversu lög Guðs eru fótum troðin, þá rís Djöfullinn upp með ofsa.

Kraftur sá sem fylgir boðskapnum verður til þess að æsa þá, sem honum veita mótstöðu. Klerkarnir sýna nálega yfirnáttúrlegan ákafa í því að útiloka ljósið, til þess að það skuli ekki skína á hjörð þeirra. Þeir munu neyta allra mögulegra ráða til þess að varna því að þetta mikla atriði sé rætt. Kirkjan mun leita til hins sterka veraldlega valds og þar munu kaþólskir og mótmælendur sameina sig. Þegar hreyfingin til þess að þröngva til helgihalds sunnudagsins vex og magnast, verður lögum beitt gegn þeim, sem halda boðorðin. Þeim verður hótad fangelsi og sektum; sumum verður boðin virðuleg staða og áhrifamikil og ýms önnur verðlaun og þægindi, til þess að fá þá til að afneita trú sinni. En þeir munu stöðugt svara á þessa leið: “Sannið oss villu vora með orði Drottins”. Er það sama svarið, sem Lúter gaf við svipað tækifæri. Þeir sem dregnir verða fyrir lög og dóm, bera sannleikanum óhrekjandi vitnisburð og verður það til þess að sumir þeirra, er heyra þá, snúast til sannleikans og hlýða öllum boðorðum

Guðs. Þannig verður ljósið flutt þúsundum sálna, sem annars mundu ekkert vita um þennan sannleika.

Samvizkusamleg hlýðni við Guðs orð verður kölluð uppreist; foreldrarnir munu verða svo blinduð af Djöflin-um, að þeir munu beita hörku og miskunnarleysi við hin trúuðu börn sín; húsbændur munu misþyrma þjónum sinum og þernum. Vinátta og ást mun hverfa; börn gerð arflaus, og rekin burt úr foreldra húsum. Orð Páls postula munu bókstaflega rætast, þar sem hann segir: “Allir sem lifa vilja guðrækilega í samfélagi við Krist Jesúm, munu ofsóttir verða”.<sup>1</sup> Þegar verjendur sannleikans af-segja að halda helgan sunnudaginn, mun sumum þeirra varpað í fangelsi, sumir reknir í útleigð, sumir seldir í ánauð. Mannlegum skilningi virðist þetta alt ómögulegt nú sem stendur, en með því að Guðs heilagi andi mun yfirgefa menn og þeir verða háðir stjórn Djöfulsins, sem hatar guðlegar fyrirskipanir, þá mun margt undarlegt fram koma. Hjörtu mannanna geta orðið afar grimdar- full, þegar guðsóttinn og kærleikurinn eru þaðan brott numin. [319]

Þegar stormur ofsóknanna nálgast, mun mikill fjöldi þeirra, sem játað hafa trú sína á boðskap þriðja engilsins, en sem ekki hafa verið helgaðir fyrir hlýðnina við sann-leikann, falla frá trú sinni og ganga í lið óvinanna. Með því að sameinast börnum heimsins, og taka þátt í lífernri þeirra, læra þeir að skoða málefnið á sama hátt og heim-urinn gerir, og er reynslustundin kemur, verður þeim það að velja hina auðveldu leið, sem höfð er í hávegum. Menn sem hafa yfir miklum gáfum og hæfileikum að ráða og áður fylgdu sannleikanum, munu nú verja viti sínu og áhrifum til þess að afvegaleiða sálir manna og blekkja þær. Þeir verða bitrustu hatursmenn fyrri bræðra sinna. Þegar þeir, sem helgan halda hinn rétta hvíldardag, mæta fyrir rétti og verða að standa fyrir máli sínu og votta trú sína, þá verða hinir fyrri bræður þeirra hættulegustu þjónar djöfulsins til þess að ákæra þá og afvegafæra málstað þeirra, og munu þeir með logn-um vitnisburðum og dylgjum sesa stjórnendurna á móti þeim.

Á þessum tímum ofsóknanna verður reynd til þraut-ar trú og staðfesta þjóna Drottins. Þeir hafa þá trúlega flutt aðvörunina og þeir fylgia aðeins orði Guðs og engu öðru. Andi Guðs, er talar í hjarta þeirra, hvetur þá til þess að mæla. Þeir eru uppörvaðir af heilagri þrá

<sup>1</sup>2. Tím. 3 : 12.

[320]

og yfir þeim hvílir drottinlegur kraftur; þeir hefja skyldu-starf sitt án þess að reikna það nákvæmlega út hverjar afleiðingarnar kunni að verða af því að tala til fólksins og flytja því það orð, sem Guð hefir gefið þeim. Þeir hafa ekki athugað hinn stundlega hagnað sinn; ekki hafa þeir heldur hugsað um veraldlegt álit eða líf sitt. Samt munu sumir láta hugfallast, þegar hríðin skellur á, og mótstaða og ávítanir koma úr öllum áttum; munu þeir þá berja sér á brjóst og segja: “Hefðum vér séð fyrir afleiðingarnar af orðum vorum, mundum vér hafa haldið oss í skefjum”. Umhverfis þá hlaðast alls konar erfiðleikar. Djöfullinn ræðst á þá með voðalegum freisting-um. Verkið sem þeir hafa tekist á hendur virðist vera svo erfitt að því verði ekki komið til leiðar. Þeim er hótáð dauða og eyðileggingu. Áhuginn sem hélt þeim uppi er nú horfinn, og samt geta þeir ekki snúið aftur. Þegar þeir þannig eru með öllu hjálparlausir, snúa þeir sér til hins volduga Drottins og biðja hann ásjár í bænnum sínum. Þeir minnst þess að orðin sem þeir töluðu mæltu þeir ekki af sínu eigin, heldur talaði sá fyrir munn þeirra, sem bauð þeim að aðvara mannkynið. Guð gróðursetti sann-leikann í hjörtum þeirra og þeir gátu ekki annað en boðað hann.

Það sama hafa postular Drottins orðið að reyna á fyrri öldum. Wycliffe, Húss, Tyndall, Baxter og Wesley, kröfðust þess allir að röksemdir þeirra væru raktar til biblíunnar og reyndar þannig. Þeir lýstu því yfir að þeir skyldu falla frá öllum kenningum sínum, sem kæmu í bága við ritninguna eða væru fordæmanlegar af henni. Gegn þessum mönnum var beitt vægðarlausum ofsóknum og grimdaræði; samt hættu þeir ekki að boða sannleik-ann. Mismunandi tímabil í sögu kirkjunnar hafa komið fram með þroska og fullkomnun einhvers sérstaks sannleika, sem bezt átti við eða helzt þurfti með og nauðsyn-legt var fyrir þjóna Guðs á þeirri tíð. Hver einasti nýr sannleikur hefir orðið að ryðja sér braut gegn hatri og mótstöðu; þeir sem blessun sannleikans öðluðust urðu fyrir freistingum og reynslu í ýmsri mynd. Drottinn veitir fólki sínu sérstakan sannleika þegar mest ríður á. Hver dirfist að neita að birta þann sannleika? Guð skipar þjónum sínum að boða heiminum hið síðasta tilboð um miskunn og náð. Þjónar hans geta ekki þagað, nema með því að stofna sálum sínum í háska. Sendiboða Krists varðar ekkert um afleiðingarnar; þeir verða að framfylgja skyldum sínum og fela Guði afleiðingarnar.

Þegar mótstaðan magnast enn þá meir, verða þjónar Guðs í nauðum staddir og þeir verða gagnteknir af hugar-kvöl, því þeim finst sem þeir séu sekir um það að hafa komið óeirðunum til leiðar. En samvizka þeirra og Guðs orð sannfæra þá um, að þeir hafi breytt rétt; og þrátt fyrir það þótt reynslutíminn lengist, þá hljóta þeir styrk til að standast hann. Deilan nálgast og harðnar, en trú-festi þeirra og hugrekki vex eftir því, sem þess er meiri þörf. Vitnisburðir þeirra eru á þessa leið: “Vér dirfumst ekki að afbaka Guðs orð, með því að skifta hinu heilaga lögmáli hans og kalla nokkurn hluta þess árið-andi, en annan hluta lítilsvirði; vér viljum ekki vinna þetta til þess að öðlast hylli heimsins. Drottinn sem vér þjónum er nógu máttugur til þess að frelsa oss. Kristur hefir hertekið völd veraldarinnar, og hví skyldum vér þá ótt-ast hin herteknu, veraldlegu völd?”

[321]

Ofsóknir í ýmsri mynd eru og verða æfinlega afleið-ingarnar af því að standa við sannfæringu sína, á meðan Djöfullinn er við líði og kristnin hefir verulegan lífskraft í sér fólgin. Enginn maður getur þjónað Guði án þess að vekja upp á móti sér öll öfl myrkraríkisins. Illir and-ar ráðast á hann af skelfingu yfir því að hann sé að ná bráðinni úr höndum þeirra. Illir menn, sem flytjendur sannleikans hafa sett ofan í við, sameinast hinum illu öndum og reyna að láta þjóna Guðs falla frá honum með alls konar freistingum. Þegar þetta hepnast ekki, þá er beitt hnefarétti til þess að þvinga og þröngva samvizku manna.

Engillinn, sem tekur undir með þriðja englinum í flutning boðskaparins, á að uppljóma alla jörðina með dýrð sinni. Hér er spáð um kraft, sem taka á yfir allan heim og er takmarkalaus. Endurkomuhreyfingin 1840 til 1844 var dýrðleg opinberun um kraft Guðs. Boðskapur þriðja engilsins komst til allra trúboðsstöðva í heiminum, og í sumum löndum varð svo mikil trúvakning að slíks eru engin dæmi síðan á dögum siðabótarinnar á sextánda öldinni; en þetta skeður þó í enn þá stærri stíl með hinni völdugu hreyfingu, sem upp kemur við síðasta boðskap hins þriðja engils.

Þjónar Drottins munu fara frá einum stað í annan, til þess að kunngjóra boðskapinn frá himnum, og munu ásjónur þeirra ljóma af heilagri dýrð. Þúsundir radda um allan heim munu tilkynna boðskapinn og aðvörunina; kraftaverk munu gerð, sjúkir munu læknaðir, og tákn og stórmerki ske þar sem hinir trúðu fara. Djöfullinn mun einnig vinna með blekkingar kraftaverkum; hann mun jafnvel kalla

eld af himni í augsýn manna. Þannig verða íbúar jarðarinnar að skipa sér undir merki annars hvors.

[322] Boðskapiuúnn verður ekki fluttur eins mikið með rökfærslum eins og með djúpri sannfæringu af völdum heilags anda. Röksemdirnar hafa þegar komið fram; sæðinu hefir verið sáð, en nú mun það koma upp og bera ávöxt. Rit sem út hafa verið gefin og útbreidd af trú-boðum, hafa ekki verið áhrifalaus; samt sem áður eru þeir margir, sem orðið hafa fyrir áhrifum, en hafa ekki skilið sannleikann eða verið hindraðir frá að hlýða honum. Nú þrengjast ljósgeislarnir inn á alla vegu; nú sést sann-leikurinn í öllum sínum skírleika og hin trúu börn Guðs skera þau bönd, sem hafa haldið þeim. Heimilisbönd, trúarbragða-og kirkjubönd slitna nu sem brunninn þráð-ur. Sannleikurinn er þeim dýrmætari en alt annað til samans. Þrátt fyrir öll sameinuð öfl á móti sannleikan-um, þá skipa sér samt margir undir [323] merki Guðs.

## Hörmungatíminn

“En á þeim tíma mun Mikael, hinn mikli verndar-engill, sá er verndar landa þína, fram ganga. Og það skal verða svo mikil hörmungatíð, að slík mun aldrei verið hafa, frá því er menn urðu fyrst til og alt til þess tíma. Á þeim tíma mun þjóð þín frelsuð verða, allir þeir sem skráðir finnast í bókinni”.<sup>1</sup>

Þegar boðskap þriðja engilsins er lokið, biður hinn miskunnsami ekki framfar fyrir þeim er á jörðu búa; þá hefir guðs fólk fullkomnað hlutverk sitt, það hefir með-tekið “haustregnið”, “endurlífgun .... frá augliti Drottins”, og það er reiðubúið til þess að mæta þeim reynslustundum, sem fyrir hendi eru. Englar hraða sér fram og aftur í himninum. Engill sem frá jörðu kemur lýsir því yfir að starfi sínu sé lokið; heimurinn hefir verið prófaður í síðasta skifti og allir þeir, sem reynst hafa trúir hinum guðlegu fyrirmælum hafa meðtekið “innsigli hins lifanda Guðs”. Þá hættir Jesús meðal-gangaraverki sínu í helgidóminum á himnum. Hann lyftir upp höndum sínum og segir hárrí röddu: “Það er fullkomnað”. Og allir englaskararnir leggja niður kórón-ur sínar þegar hann gjörir þessa yfirlýsingu: “Hinn rangláti haldi áfram að fremja ranglæti og hinn heilagi helgist áfram”.<sup>2</sup> Hvert einasta mál hefir verið dæmt lífs-eða dauðadómi. Kristur hefir friðþægt fyrir fólk sitt og afmáð syndir þess. Tala þegna hans er ákveðin: “Ríki, vald og máttur allra konungsríkja, sem undir himninum eru” verða veitt erfingjum sáluhjálparinnar og Jesús á að stjórna sem konungur konunganna og Drottinn drotnanna.

[324]

Þegar hann yfirgefur helgidóminn, mun myrkur yfir-skyggja íbúa jarðarinnar. Á þeim skelfingatímum verða hinir réttlátu að lifa fyrir augliti hins heilaga Guðs án meðalgangara. Hinum illu verður ekki haldið í skefjum framfar, og Djöfullinn hefir fult vald yfir þeim, sem að síðustu eru iðrunarlausir. Langlundargeð Guðs er á enda. Heimurinn hefir hafnað miskunn hans, fyrirlitið kærleika hans og fótumtroðið lögmál hans. Hinir syndumspiltu hafa eytt náðartíma

<sup>1</sup>Dan. 12 : 1.

<sup>2</sup>Opinb 22 : 11.

sínum; andi Guðs, sem ávalt var staðið á móti, hefir að síðustu verið tekinn frá þeim. Þegar þeir eru ekki lengur verndaðir af guðlegri náð, hafa þeir enga vörn gegn hinu illa. Þá mun Djöfullinn varpa íbúum jarðarinnar í hinar miklu og síðustu hörm-ungar. Þegar englar Guðs hætta að halda í skefjum hinum æðisgengnu stormum mannlegra fýsna, leika öll ill öfl lausum hala. Allur heimurinn mun verða í eyði-legging hræðilegri en þeirri, sem kom yfir Jerusalem í fyrri daga.

Þeir sem varðveita lögmál Guðs hafa verið ákærðir um að leiða dóm yfir mannkynið, og þeim mun verða kent um hin miklu umbrot náttúruaflanna og deilur og blóðsúthellingar mannanna, sem fylla heiminn hörmung-um og böli. Kraftur sá, sem fylgir hinni síðustu aðvörun-hefir fyllt hina óguðlegu óstjórnlegri bræði; reiði þeirra bitnar á öllum þeim, sem meðtekið hafa boðskapinn og Djöfullinn mun auka og kynda hatursbálið og æsa til alls konar ofsókna.

Þegar nálægð Guðs var loksins tekin frá Gyðinga-þjóðinni, vissu það hvorki prestarnir né fólkið, þótt þeir væru undir áhrifum hins illa og þótt þeir stjórnust af hinum verstu og lægstu fýsnum, töldu þeir sig samt vera Guðs útvöldu þjóð. Guðsþjónustur héldu áfram í muster-inu; fórnir voru bram bornar á hinum saurugu ölturum og guðlegrar blessunar var daglega beðið þeirri þjóð, sem sek var um blóð Guðs elskulega sonar og myrða vildi postula hans og prédikara. Þegar því hinn óbreytanlegi dómur helgidómsins hefir verið uppkveðinn og forlög heimsins hafa verið ákveðin fyrir fult og alt, munu [325] íbúar heimsins ekki vita hvað gerst hefir. Trúarbragðasiðum verður haldið áfram af því fólki, sem Guð hefir um síðir svift anda sínum, og hinn djöfulegi ákafi, sem konung-ur illgerðanna blæs mönnum í brjóst, til þess að fram-kvæma illverk sín, mun líkjast guðlegum eldmóði að yfir-borðinu til.

Með því að hvíldardagurinn hefir orðið aðal deilu-efnið í hinum kristna heimi og bæði kirkjuleg og verald-leg völd hafa tekið höndum saman, til þess að beita þar ofbeldi og framfylgja sunnudagshelginni, munu hinir fáu verða fyrir almennum ofsóknum og fyrirlitningu, vegna þess að þeir veita mótstöðu hinum gildandi veraldar-regl-um. Því mun haldið fram að hinir fáu, sem mótstöðu veiti kirkjulegri stofnun og lögum ríkisins, ættu ekki að líðast.

Þá mun fólki Guðs verða steipt í þær hörmungar og píslir er spámaðurinn lýsir sem Jakobs hörmungum: “Já, svo segir Drottinn:



hræðsluóp heyrum vér, ótti er á ferð-um, en engin heill .... og hvers vegna eru öll andlit orðin nábleik? Vei, mikill er sá dagur; hann á ekki sinn líka og angistartími er það fyrir Jakob, en hann frelsast frá því”.<sup>1</sup>

Angistarnótt Jakobs, þegar hann glímdi í bæn fyrir frelsi frá Esaú, táknað reynslu Guðs barna á tímum neyðarinnar. Vegna þess að Jakob hafði í frammi blekk-ingu til þess að fá blessun föður síns, sem ætluð var Esaú, hafði hann flúið til þess að forða lífi sínu, óttasleg-inn af hinni ægilegu hótun bróður síns. Eftir að hann hafði verið í útlegð um mörg ár, hafði hann samkvæmt boði Guðs lagt af stað aftur með konur sínar og börn, hjarðir sínar og þjóna heim til ættjarðar sinnar. Þegar hann kom að landamærunum varð hann óttasleginn þegar hann frétti að Esaú kæmi með hersveit manna og ætlaði eflaust að hefna sín. Fólk Jakobs var vopnlaust og verju-laust og leit því ekki út fyrir annað en að það mundi alt falla án varnar fyrir ofbeldisæði og hefnigirni. Og við óttann og skelfinguna bættist hin óbærilega byrði sjálfs-ásökunarinnar, því það var Jakobs eigin synd, sem valdið hafði þessari hættu. Hans eina von var miskunn Guðs; hans eina vörn varð því að vera fólgin í bæn. Samt sem áður lætur hann ekkert ógjört til þess að bæta fyrir þær syndir, sem hann hafði drýgt gagnvart bróður sínum og til þess að afstýra þeirri hættu, sem yfir vofði. Þannig ættu fylgjendur Krists að gjöra alt mögulegt til þess að skýra mál sín sem bezt fyrir fólkinu, þegar tímar hörm-unganna nálgast; þeir ættu að leggja sig fram til þess að slá vopn úr höndum hleypidómanna og afstýra þeirri hættu, sem ógnar samvizkufrelsi manna.

[326]

Þegar Jakob hefir sent í burtu heimilisfólk sitt, til þess að það viti ekki um hörmungar hans, er hann aleinn eftir til þess að biðja Guð. Hann játar syndir sínar og viðurkennir með þakklæti miskunn þá, sem Guð hefir veitt honum, jafnframt því, sem hann með djúpri undir-gefni minnir á sáttmála þann, sem gerður var við feður hans og loforð það sem honum sjálfum hafði verið gefið, þegar hann fékk sýnina við Betel og í landi útlegðarinnar. Tímamót lífs hans hafa borið að höndum; nú er alt í eyði. Í myrkri og einveru heldur hann áfram að grát-bæna Guð og auðmýkja sjálfan sig frammi fyrir honum. Alt í einu er hönd lögð á öxl hans. Hann verður hræddur og heldur að óvinur sé kominn, sem ætli að ráðast á hann, og hann glímir

<sup>1</sup>Jer. 30 : 5-7.

[327]

við þennan ímyndaða óvin af öllum kröft-um í djúpri örvæntingu. Þegar dagur rís beitir gesturinn sínu yfirmannlega afli; þegar hann leggur hendur á Jakob finst honum sem hann verði máttvana og hann fellur flatur og getur enga björg sér veitt. Hann hallar sér upp að andstæðingi sínum, grætur sáran og biðst vægðar. Nú veit hann að þetta er engill sáttmálans, sem hann hefir glímt við. Þrátt fyrir það þótt hann sé lam-aður og líði hinar mestu þrautir, hættir hann samt ekki við áform sitt. Lengi hefir hann þolað mótlæti hörm-unganna, hugarkvöl og þrautir fyrir synd sína. Nú vill hann fá fullviss um að sér verði fyrirgefið. Hinn guðlegi gestur virðist vera á förum, en Jakob heldur í hann og biður um blessun hans. Engillinn segir: “Sleptu mér, því að nú rennur upp dagsbrún”, en ættfaðirinn svarar einbeittur: “Eg sleppi þér ekki, nema þú blessir mig!” Hvílíkt traust, hvílík staðfesta og einbeitni það er, sem hér kemur fram! Hefði Jakob komið fram með stór-mensku, þá hefði hann glatast tafarlaust, en hann auð-mýktist og lítillækkaði sig í iðrun, bæn og undirgefni og viðurkendi veikleika sinn, en treysti þó miskunn Guðs og því að hann mundi halda sáttmálann.

“Hann glímdi við engil og bar hærri hlut”.<sup>1</sup> Með auðmýkt, iðrun og sjálfsuppgjöf fékk þessi syndugi, dauð-legi maður sínu fram komið við herra himnanna. Hann hafði bygt alt traust sitt á fyrirheitum Guðs og það gaf honum styrk í veikleikanum og hjarta hins takmarka-lausa kærleika gat ekki daufheyrst við bænum syndarans. Og það að Jakob vann sigur við Guð var sönnun þess, að hann mundi einnig sigra við mennina. Hann hræddist nú ekki frammar að mæta bróður sínum og verða fyrir reiði hans, því hann vissi að Drottinn var verndari hans.

Djöfullinn hafði ákært Jakob frammi fyrir englum Guðs og talið sér heimilt að glata honum, sökum þeirrar syndar, sem hann hafði drýgt; hann hafði beitt áhrifum sínum á Esaú, svo að hann skyldi ráðast á hann, og meðan Jakob glímdi alla hina löngu nótt, reyndi Djöfullinn að láta hann finna sem dýpst til syndasektarinnar, til þess að hann skyldi örvænta og láta hugfallast. Jakob hafði svo að segja fallið í örvæntingu, en hann vissi það að án aðstoðar frá Guði hlaut hann að tortímast. Hann hafði í einlægni iðrast syndar sinnar, svo mikil sem hún var, og hann sneri sér í bæn til hins miskunnsama

<sup>1</sup>Hóseas 12:5.

Guðs. Hann var ákveðinn í því að fylgja áformi sínu; hann hélt fast í engilinn og lét bæn sinni fylgja hina dýpstu ein-lægni, samfara angist og skelfing, og hann hætti ekki fyr en hann vann sigur.

Eins og Djöfullinn blés Esaú því í brjóst að fara með herlið gegn Jakob, þannig mun hann æsa hina illu til þess að tortíma þeim er Guði fylgja, þegar tími hörmunganna kemur; og eins og hann ákærði Jakob, þannig mun hann einnig ákæra þjóna Guðs. Hann telur íbúa jarðarinnar þjóna sína; en hinir fáu, sem halda boðorð Guðs, standa á móti valdi hans og yfirráðum; gæti hann útrýmt þeim af jörðinni, væri sigur hans fullkominn. Hann sér að heilagir englar gæta þeirra, og af því dregur hann það að syndir þeirra hafa verið fyrirgefna, en hann veit ekki að mál þeirra hafa verið dæmd í helgidóminum á himnum. Hann hefir nákvæma þekkingu á þeim syndum, sem hann hefir freistað þeirra til að drýgja, og hann kemur fram með þær fyrir Guð og afskræmir þær eins og honum er unt; hann heldur því fram að þjónar sínir—syndararnir —verðskuldi það ekki síður en hann sjálfur að útilokast frá Guði. Hann heldur því fram að Guð geti ekki verið réttlátur ef hann fyrirgefi syndir þeirra, en tortími honum og englum hans. Hann krefst þeirra, sem hertekinna fanga, og þykist hafa fulla heimild til þess að tortíma þeim.

[328]

Þegar Djöfullinn ákærir þjóna Guðs fyrir syndir þeirra, leyfir Guð að mál þeirra séu nákvæmlega rann-sökuð og þeir reyndir á allan hátt. Traust þeirra á Guði, staðfesta þeirra og trú verða reynd til þrautar; þegar þeir hugsa um sitt fyrra líf og sína fyrri breytni, deyf-ast vonir þeirra, því þeir sjá lítið sem ekkert er gildi hafi í allri breytni sinni. Þeir hafa glögga meðvitund um ófullkomleik sinn og vanmátt. Djöfullinn reynir að hræða þá með þeirri hugsun að þeir geti engrar miskunnar vænst, að svartleiki synda þeirra verði aldrei af þveginn um eilífð. Hann vonast þannig til að geta eyðilagt trú þeirra, til þess að þeir falli fyrir freistingum hans, og snúa frá öllu samfélagi við Guð.

Þeir heyra alstaðar um samsæri og svik, og þeir sjá hve ákafir uppreistarmennirnir eru; þeir finna til heitrar löngunar, brennandi sálar þrár, til þess að þetta fráfall megi taka enda og að illgjörðir hinna syndum spiltu manna megi þverra. En jafnframt því sem þeir grátbæna Guð að koma í veg fyrir uppreist hafa þeir djúpa tilfinningu fyrir því að þeir sjálfir hafa engan mátt til þess að stöðva flóðöldu spillinganna. Þeir ásaka sjálfa sig fyrir þetta og þeir finna til þess,

[329]

að ef þeir hefðu ávalt neytt allra krafta til þess að þjóna Kristi og styrkst þannig dag frá degi, þá hefði vald djöfulsins ekki verið eins mikið og það er á móti þeim. Þeir mæta frammi fyrir Guði með sálarangist, þeir benda á fortíð sína, iðrast synda sinna og grátbæna um vægð í nafni frelsarans, sem hefir lofað, að ef “hann leitar hælís hjá mér og gjörir frið við mig”,<sup>1</sup> þá mun hann finna frið. Þeir falla ekki frá trú sinni þótt þeir verði ekki tafarlaust bænheyrðir. Þótt þeir líði hina dýpstu angist, skelfingu og kvalir, þá hætta þeir ekki bænum sínum og grátbænum. Þeir halda sér fast í kraft Guðs eins og Jakob hélt í engilinn og þeir segja í sálu sinni: “Eg sleppi þér ekki nema þú blessir mig”.<sup>1</sup> Hefði Jakob ekki áður iðrast syndar sinnar — þeirrar syndar að ná frumburðarréttinum með svikum, þá hefði Guð ekki bænheyrð hann og varðveitt líf hans af miskunn sinni. Þannig er það á tímum hörmunganna, ef þjónar Guðs hefðu syndir á samvizku sinni, sem þeir hefðu ekki játað, þegar þeir yrðu fyrir ótta og skelfingu, þá mundi trú þeirra glatast í örvæntingu og þeir hefðu ekki nóg traust á Guði, til þess að grátbiðja hann um frelsi. En þótt þeir finni djúpt til óverðugleika síns, þá hafa þeir engar huldar syndir á samvizkunni, sem haldi þeim niður. Syndir þeirra hafa áður komið fram fyrir dómstólinn og verið afmáðar og þeir geta ekki minnst þeirra framar.

Djöfullinn kemur mörgum til þess að trúa því að Guð muni ekki líta á smáyfirsjónir í lífi þeirra; en Guð sýnir það í breytni sinni við Jakob að hann líður alls ekki neitt ilt. Allir þeir, sem reyna að hylja syndir sínar eða gera lítið úr þeim og láta það viðgangast að þær séu óaf-máðar á bókum himinsins, án þess að þeirra sé iðrast og þær fyrirgefna, munu verða Djöflinum að bráð. Því hærra sem þeir eru settir og því virðulegri sem er staða þeirra, því alvarlegra er mál þeirra í augum Guðs altsjá-anda, og því vissari er sigur óvinarins. Þeir sem skjóta því á frest að búa sig undir dag dómsins, þeir fá ekki ráðrúm til þess þegar tími hörmunganna kemur, eða á nokkrum öðrum tíma. Þeir hafa glatað öllu tækifæri.

Þeir sem litla rækt leggja við trú sína nú, þeir eru í mestu hættunni fyrir sjónhverfingum Djöfulsins og lög-boðum, sem rjúfa samvizku-frelsið. Og jafnvel þótt þeir stæðust reynsluna, þá falla þeir í enn

<sup>1</sup>Jes. 27 : 5.

<sup>1</sup>Móse 32 : 26.

dýpri skelfingu og angist þegar tími neyðarinnar kemur, vegna þess að þeir hafa aldrei vanið sig á að treysta Guði. Trúaratriðin sem þeir hafa vanrækt verða þeir neyddir til að læra með hinu hræðilega valdi vonleysisins.

Vér ættum tafarlaust að kynna oss Guð, með því að reyna fyrirheit hans. Englar skrásetja hverja bæn, sem í einlægni og sannleika er flutt. Vér ættum að láta af holdsfýsnum og nautnum, en lifa í nánara sambandi við Guð. Hin mesta fátækt, hin dýpsta sjálfsafneitun með samþykki Guðs er betri en auðæfi, heiður, þægindi og vinátta, sem Guði eru ekki þóknanleg. Vér verðum að taka oss tíma til þess að biðja. Ef vér látum það við gangast að hugur vor sé gagntekinn af veraldlegum efn-um, þá má svo fara að Guð veiti oss tíma til bæna með því að svifta oss skurðgoðum gulls og metorða, svifta oss húsi og heimili eða frjólöndum og ökrum.

Johannes postuli heyrði hvella rödd á himni er sagði: “Vei sé jörðinni og hafinu, því að Djöfullinn er stiginn niður til yðar í miklum móð, því hann veit að hann hefir nauman tíma”.<sup>1</sup> Hræðileg er sú sjón, sem kemur hinni himnesku rödd til þess að mæla þannig. Reiði Djöfulsins vex eftir því sem tíminn styttest, og blekking hans og eyðileggingarverk ná hámarki sínu þegar skelfingarnar dynja yfir.

Ógurlegar yfirnáttúrlegar sýnir munu brátt birtast á himnum, til merkis um að illir englar gera kraftaverk. Af þessum viðburðum munu bæði æðri og lægri láta blekkj-ast; menn munu koma fram, sem þykjast vera Kristur sjálfur og krefjast þeirrar tignar og tilbeiðslu, sem frels-ara heimsins einum heyrir til. Þeir munu gera undraverð kraftaverk með lækningum og munu þykjast hafa fengið opinberun frá himnum, sem mótmæli vitnisburðum biblíunnar.

Sem höfuðatriði í sjónleik hinnar miklu blekkingar mun Djöfullinn sjálfur koma fram eins og hann væri Kristur. Kirkjan hefir lengi þózt vænta komu frels-arans, sem fullkonnunar allra sinna vona. Nú mun hinn mikli blekkjari láta líta svo út, sem hann sé kominn. Víðsvegar á jarðríki mun Djöfullinn birtast meðal mannanna, sem undraverður og dýrðlegur, líkur því, sem syni Guðs er lýst í Opinberunarbók Jóhannesar. Sú dýrð, sem honum fylgir er meiri en alt annað, sem mannlegu auga hefir birst; gleði-ópin dynja við þegar sagt verður: “Kristur er kominn! Kristur er kominn!” Fólkið

<sup>1</sup>Opinb. 12:12.

[331]

mun falla fram fyrir honum af lotningu, en hann mun hefja upp hendur sínar og lýsa blessun yfir þeim, eins og Kristur blessaði lærisveina sína þegar hann dvaldi hér á jörðinni. Rödd hans mun verða mjúk og hógværleg, en samt fagurhljómandi. Með blíðlegum, hluttekningarsömum rómi mun hann koma fram með sumt af hinum sama hugljúfa, himneska sannleika, sem frelsarinn boðaði; hann mun lækna sjúkleika fólksins og í eftirlíking Krists þykist hann hafa breytt helgideginum frá hinum upphaflega til sunnudags, og skipar öllum að halda þann dag helgan, sem hann hafi blessað. Hann lýsir því yfir að þeir sem áfram haldi að halda helgan hinn sjöunda dag, vanhelgi nafn hans með því að neita að hlusta á engla þá er hann hafi sent þeim með ljós sannleikans. Þetta er hin mikla blekking, sem nærri því kemst að yfirbuga. Eins og Samverjar, sem létu misýningamanninn Símon blekkja sig, mun fjöldinn hlaupa eftir þessu kukli, og eiga þar sammerkt bæði æðri og lægri, og þeir munu segja: “Þessi maður er sá kraftur Guðs er mikill nefnist”.<sup>1</sup>

En þjónar Guðs munu ekki láta blekkjast. Kenningar þessa fals-Krists eru ekki í samræmi við ritningarnar; blessun hans kemur yfir dýrkendur dýrsins og líkneskis þess; einmitt yfir þá, sem ritningin lýsir yfir að óblönduð reiði Guðs skuli hellast yfir.

Og meira að segja, Djöflinum leyfist ekki að líkja eftir komu Krists. Frelsarinn hefir aðvarað fylgjendur sína við blekkingum í þessu atriði og hefir greinilega sagt fyrir endurkomu sína: “Því að upp munu rísa falskristar og falsskámenn og þeir munu gera stór tákni og undur, til þess að leiða í villu, ef verða mætti jafnvel útvalda. .... Ef þeir því segja við yður: Sjá, hann er í óbygðinni,— þá farið eigi út þangað; sjá, hann er í herbergjunum,— þá trúið því ekki. Því að eins og eldingin gengur út frá austri og sést alt til vesturs, þannig mun verða koma manns-sonarins”.<sup>2</sup> Þegar þessi endurkoma verður er stæling ómöguleg. Hún verður öllum heimi kunn — allur heimurinn sér hana.

Aðeins þeir, sem nákvæmlega hafa lesið ritninguna og þeir, sem meðtekið hafa sannleiksástina verða vernd-aðir frá hinni miklu blekkingu, sem hertekur heiminn. Með vitnisburði biblíunnar munu þeir geta þekt þann, sem blekkir þótt hann sé í dularklæðum.

<sup>1</sup>Postulas. 8 : 10.

<sup>2</sup>Matt 24 : 24, 27, 31; Opinb. 1:7;1. Þess. 4 : 16, 17.

Reynslutíminn kemur til allra. Með reynslu freistinganna kemur það í ljós, hverjir í raun og sannleika séu kristnir og hverjir ekki. [332] Eru þjónar Guðs nú orðnir svo stöðugir í hans heilaga orði að þeir falli ekki fyrir blekkingum skilningar-vita sinna? Mundu þeir ef slíka eldraun bæri að höndum, halda fast við kenningar biblíunnar? Djöfullinn gerir sitt bezta til þess að varna þeim frá því að búast undir tíma reynslunnar. Hann mun reyna að kasta hindrunum á vegu þeirra, flækja þá í jarðneskum gæðum, láta þá bera þungar, erfiðar byrðar til þess að hjörtu þeirra verði þreytt af áhyggjum lífsins og reynslutíminn geti komið að þeim, sem þjófur á nóttu. Með því að skipanir, sem gefnar verða af ýmsum stjórnendum hinna kristnu þjóða, gegn þeim er boðorðin halda, svifta þá einnig vernd stjórn-arinnar og fá þá varnarlausu þeim í hendur, sem vilja glötun þeirra, þá flýja þjónar Guðs frá borgum og bæj-um og búa saman í hópum á afskektustu og einmanaleg-ustu stöðum. Margir munu leita hælís á fjöllum uppi. Eins og hinir kristnu menn í Piedmont dölunum munu þeir gjöra hina háu staði jarðarinnar að helgidómum og þeir munu þakka Guði fyrir “hamraborgirnar sem vígi”.<sup>1</sup> En margir munu þeir verða meðal allra þjóða og af öllum flokkum, æðri sem lægri, ríkum sem fátækum, svörtum sem hvítum, sem varpað mun verða í hinn ranglátasta og grimdarfylsta þrældóm. Hinir trúu, sem Guð hefir velþóknun á munu eiga erfiða daga; þeir munu verða bundnir hlekkjum, lokaðir inni í fangaglefum, dæmdir til dauða, sumir látnir svo að segja svelta í hel í dimmum og daun-illum klefum. Ekkert mannlegt eyra mun heyra angist-aróp þeirra, engin mannleg hönd leggur þeim lið né líkn.

Mun Drottinn gleyma þessu fólki á tíma hörm-unganna? “En Zíon segir: Drottinn hefir yfirgefið mig, herrann hefir gleymt mér! Hvort fær konan gleymt brjóstbarni sínu, að hún miskunni eigi lífsafkvæmi sínu? Og þó að þær gætu gleymt, þá gleymi eg þér samt ekki. Sjá, eg hefi rist þig á lófa mína”.<sup>2</sup> Og Drottinn himn-anna hefir sagt: “Hver sá er snertir yður, snertir auga-stein hans”.<sup>3</sup>

Þrátt fyrir það þótt óvinir kunni að varpa þeim í fangelsi, þá geta samt ekki fangelsisveggirnir aðskilið eða slitið sálir þeirra úr sambandi við Krist’. Englar munu koma til þeirra þar sem þeir eru [333]

<sup>1</sup>Jes. 33 : 16.

<sup>2</sup>Jes. 49 : 14-16.

<sup>3</sup>Sak. 2 : 12.

einmana í klefunum og flytja þeim ljós og frið af himnum ofan.

Dómur Guðs fellur á þá, sem reyna að þjaka og tor-tíma þjónum hans. Hið mikla langlundargeð hans við hina syndumspiltu forherðir þá í syndunum; en hegningin er þeim eigi síður vís né síður hræðileg þótt hún dragist. Með hræðilegum réttlætis athöfnum mun hann hegna mönnum fyrir það að hafa fótumtroðið lögmál hans. Skelfileik þess dóms, er bíður yfirtroðslumannanna má sjá á því, hversu lengi hann lætur það dragast. Sú þjóð, sem hann auðsýnir mikla þolinmæði og sem hann vill ekki úthella reiði sinni yfir fyr en hún hefir uppfyllt mæli synda sinna með mótgerðum gegn Guði, hún verður um síðir að drekka bikar Guðs reiði án nokkurrar miskunnar.

Þegar Kristur hættir meðalgangaraembætti sínu í helgidóminum, þá er þeim hótað óblandaðri reiði Guðs, sem tilbiðja dýrið og líkneski þess. Plágurnar, sem komu yfir Egyptaland, þegar Drottinn ætlaði að frelsa Ísraels-lýð, voru í eðli sínu svipaðar þeim dómi, sem feldur verður yfir heiminum, rétt áður en Guð frelsar þjóna sína að síðustu, þótt sá dagur verði enn þá skelfilegri og víðtækari. Þegar spámaðurinn talar um þessi atriði í Opinber-unarbókinni, segir hann: “Og ill og hættuleg kaun komu á mennina sem höfðu merki dýrsins og tilbáðu líkneski þess”. Og hafið “varð að blóði, eins og blóði dauðs manns, og sérhver lifandi sál dó, sú er í hafinu var”. Og “fljótin og uppsprettur vatnanna urðu að blóði”. Þótt þessar plágur séu skelfilegar er þó réttlæti Guðs fullkomið. Engillinn segir: “Réttlátur ert þú; þú sem ert og þú sem varst, þú hinn heilagi, að þú hefir dæmt þannig; því að þeir hafa úthelt blóði heilagra og spámanna, og þú hefir gefið þeim blóð að drekka, maklegir eru þeir þess”.<sup>1</sup> Með því að dæma þjóna Guðs til lífláts, hafa þeir eins sannar-lega unnið til blóðsektar sinnar eins og þótt þeir hefðu líflátið þá með eigin höndum. Á sama hátt lýsti Kristur því yfir á hÉrvistardögum sínum að Gyðingar væru sekir um alt það blóð helgra manna, sem úthelt hefði verið síð-an á dögum Abels. Því þeir höfðu hið sama hugarfar og sóttust eftir því sama og hinir, sem myrtu spámennina. í plágunni sem á eftir kemur er sólinni gefinn kraftur “til að brenna mennina í eldi. Og mennirnir stiknuðu í ofurhita”.<sup>1</sup>

[334]

<sup>1</sup>Opinb. 16 : 2-6.

<sup>1</sup>Opinb. 16 : 8, 9.



Þessar plágur eru ekki almennar, því ef svo væri, þá eyðilegðist alt mannkynið, en samt verða þær hinar skelfilegustu plágur, sem dauðlegir menn hafa nokkru sinni orðið fyrir. Öllum dómum sem feldir hafa verið yfir mönnunum áður en náðartíminn var liðinn, hefir fylgt miskunn. Fórnarblóð Krists hefir varið syndarana fyrir því að verða að sæta fullkominni hegningu fyrir sekt sína, en þegar hinn síðasti dómur kemur verður óblönduðum reiðibikar steyppt yfir þá miskunnarlaust.

Á þeim degi mun fjölda manns fýsa að leita náðar Drottins til þess að hljóta miskunn hans, sem þeir hafa lengi fyrirlitið: “Sjá, þeir dagar munu koma, segir herrann Drottinn, að eg mun senda hungur inn í landið, ekki hungur eftir brauði né þorsta eftir vatni, heldur eftir því að heyra orð Drottins, svo að menn skulu reika frá einu hafinu til annars og renna frá norðri til austurs, til þess að leita eftir orði Drottins. En þeir skulu ekki finna það”.<sup>2</sup>

Þjónar Drottins munu ekki komast hjá hörmungun-um; en þótt þeir verði ofsóttir og þjakaðir; þótt þeir líði alls konar skort og hungur skulu þeir ekki tortímast. Sá Guð, sem líknaði Elísa skal ekki fara fram hjá einu einasta af hinum sjálfsfórnarfúsu börnum sínum. Hann sem telur höfuðhár þeirra skal annast þau og á tímum hungursneyðarinnar skulu þeir vera mettir. Þótt hinir syndumspiltu deyi af hungri og drepsóttum, skulu englar vernda hina réttlátu og sjá þeim fyrir því, sem þeir þarfnast. Hver sem í réttlætinu lifir hefir fyrirheitið: “Brauðið skal verða fært honum, og vatnið handa honum skal eigi þverra”. “Hinir fátæku og voluðu leita vatns, en finna ekki; tunga þeirra verður þur af þorsta; eg, Drottinn, mun bænheyra þá; eg, Ísraels Guð, mun ekki yfirgefa þá”.<sup>3</sup>

“Þótt fíkjutréd blómgist ekki og vínberin beri engan ávöxt; þótt gróði olíutrésins bregðist og akurlöndin gefi enga fæðu; þótt sauðfé hverfi úr réttinni og engin naut verði eftir í nautahúsunum — þá skal eg samt gleðj-ast í Drottni og fagna yfir Guði hjálpræðis míns”.<sup>1</sup>

“Drottinn er vörður þinn, Drottinn er skuggi þinn, þér til hægri handar; um daga mun sólarhitinn ekki vinna þér mein, né heldur tunglið um nætur. Drottinn mun vernda þig fyrir öllu illu; hann mun vernda sál þína; því að hann frelsar þig úr snöru fuglarans, frá

<sup>2</sup>Amos 8:11, 12.

<sup>3</sup>Jes. 33 : 16; 41 : 17.

<sup>1</sup>Habakúk 3 : 17. 18.

drepsótt glötunarinnar; hann skýlir þér með fjöðrum sínum, undir vængjum hans máttu hælís leita, trúfesti hans er skjöld-ur og verja. Eigi þarft þú að óttast ógnir næturinnar, eða örina, sem flýgur um daga, drepsóttina, er reikar um í dimmunni eða sýkina, er geysar um hádegið. Þótt þús-und falli þér við hlið, og tíu þúsund þér til hægri handar, þá nær það ekki til þín. Þú horfir að eins á með augun-um, sér hversu óguðlegum er endurgoldið, því að þitt hæli er Drottinn, þú hefir gert þann hæsta þér að at-hvarfi; engin ógæfa hendir þig og engin plága nálgast tjald þitt”.<sup>2</sup>

Væru mennirnir gæddir himneskri sjón, þá sæju þeir englaskara stóra og sterka, sem fylktu sér umhverfis þá er stöðugir hafa staðið í Kristi. Með hluttekning og miskunn hafa englar verið vitni að hörmungum þeirra og heyrt bænir þeirra. Þeir bíða eftir skipun frá herra smum að hrífa þá brott úr hættunni. En þeir verða að bíða enn nokkuð lengur. Þjónar Guðs verða að drekka bikarinn og skírast skírinni. Einmitt dráttúrinn, þótt hann sé þreytandi, er svarið við bænum þeirra. Þegar þeir reyna að bíða með þolinmæði eftir. því að Drottinn taki í taumana, þá læra þeir að sýna þolinmæði, trúnaðar-traust og von; en allar þessar dygðir hafa verið sorglega lítið iðkaðar í trúarlífi þeirra. En þó mun tími hörmung-anna verða stytur fyrir sakir hinna útvöldu: “Og mun þá ekki Guð láta hina útvöldu ná rétti sínum, þá er hrópa til hans dag og nótt? .... Eg segi yður: hann mun láta þá ná rétti sínum skjótlega”.<sup>3</sup> Endirinn mun koma skjót-ar en menn varir. Hveitinu mun safnað saman og það bundið í bindi til þess að látast í kornhlöðu Guðs. Illgres-ið verður bundið í knippi til þess að brennast á eldi eyði-leggingarinnar.

[336]

Þegar Guð horfði í gegn um aldirnar, sá hann hvað fram mundi koma við þjóna sína, og þegar jarðnesk völd mundu fylkja sér gegn þeim. Eins og fangar í útleð munu þeir óttast hungurdauða eða líflát. En hinn heilagi sem skifti Rauða hafinu, til þess að Ísraelsmenn kæmust yfir það mun þá sýna mátt sinn og kraft og losa þá úr hertekningunni: “Og þeir skulu vera mín eign, segir Drottinn hersveitanna, á þeim degi, sem eg hefst handa og eg mun vægja þeim, eins og maður vægir syni sínum, sem þjónar honum”.<sup>1</sup>

<sup>2</sup>Sálm. 121 : 5-7; 91 : 3-10.

<sup>3</sup>Lúk. 18 ; 7, 8.

<sup>1</sup>Malakía 3 : 17.

Ef blóði hinna trúu þjóna Krists væri nú úthelt, þá yrði það ekki sæði er bæri ávöxt til Guðs ríkis, eins og blóð píslarvottanna; trúfesta þeirra yrði þá ekki vitnis-burður til þess að sannfæra aðra um sannleikann, því hið harða hjarta hefir staðið á móti öldum miskunnarinnar, svo lengi að þær koma aldrei aftur. Ef hinir réttlátu yrðu nú óvinum sínum að bráð, þá væri það sigur fyrir myrkra-höfðingjann. Sálmaskáldið kemst þannig að orði: “Því að hann geymir mig í skjóli, á óheilladeginum; hann felur mig í fylgsnum tjalds síns”.<sup>2</sup> Kristur hefir sagt: “Gakk þú þjóð mín, inn í herbergi þitt og lyk aftur dyrnar á eftir þér. Fel þig skamma hríð, unz reiðin er liðin hjá. Því sjá, Drottinn gengur út frá aðseturstað sínum, til þess að hegna íbúum jarðarinnar fyrir misgjörðir þeirra”.<sup>3</sup> Dýrðleg verður frelsun þeirra, sem í þolinmæði hafa biðið komu hans, þeirra, sem eiga nöfn sín skráð í

[337]

---

<sup>2</sup>Sálm. 27 : 5.

<sup>3</sup>Jes. 26 : 20, 21

## Guðs fólk frelsað

Þegar þeim er halda vilja fast við Guðs lög verður synjað um vernd borgaralegra laga, þá mun samtímis í mörgum löndum koma upp hreyfing í því skyni að tor-tíma þeim. Þegar tíminn sem tiltekinn er í fyrirskipan-inni nálgast, mun fólkið gera samsæri til þess að eyði-leggja þennan flokk, sem það hatar. Það verður ákveðið að hefja aðalofsóknirnar alstaðar samtímis á einni nóttu, í því skyni að bæla niður í eitt skifti fyrir öll þær raddir, sem dirfast að koma fram með andmæli og aðfinslur.

Þá mun Guðs fólk — sumt í fangaklefum, í fel-um á afviknum stöðum í skógum og fjöllum,— biðja enn um guðlega vernd, en í öllum áttum verða her-sveitir vopnaðra manna eggjaðar af illum öndum og til þess búnar að tortíma. Það er nú á tímum hinna allra mestu hörmunga að Guð Ísraels mun skerast í leikinn til þess að frelsa sína útvöldu.

Með sigurópum, háðsyrðum og eggjunum þyrpast saman hópar illra manna og ætla að ráðast á bráð sína; en þá skeður það að niða myrkur, dökkara en myrkur miðnæturinnar, sveipar jörðina; því næst mun regnbogi, skínandi af dýrð frá háseti Guðs, þenjast yfir himininn og virðist sem hann vefjist utan um hvern einstakan hóp er bænir flytur. Hinn reiði múgur verður höggdofa. Hin háværú háðshróp þagna; hugsunin sem æsti þá til morðs og æðis gleymist með öllu; með ótta og undrun stara menn á tákn Guðs sáttmála og þrá vernd fyrir hinni óþolandi birtu þess.

[338] Þjónar Drottins heyra rödd, sem er inndæl og hljóm-fögur og röddin segir: “Lítið upp!” Og þegar þeir líta upp til himins sjá þeir sáttmálsbogann; hið svarta ískeygi-lega ský sem huldi festinguna er rofið, og þeir horfa stað-fastlega til himins eins og Stefán píslarvottur og sjá dýrð Guðs og mannsins son í háseti sínu. Á hans dýrðar líkama sjá þeir merki þeirrar niðurlægingar, sem hann varð að þola og frá vörum hans heyra þeir bæn hans, er hann ber fram fyrir föður sínum og hinum heilögu englum: “Faðir, eg vil að það, sem þú

gafst mér, — að einnig þeir séu hjá mér þar sem eg er”.<sup>1</sup> Og aftur heyrir hljómfögur og sigrihrósandi rödd segjandi: “Þeir koma, þeir koma. heilagir, einlægir og óflekkaðir; þeir hafa haldið orð mín með þolinmæði; þeir skulu búa meðal engla”. Og hinar fölu, titrandi varir þeirra, sem fast hafa haldið við trú sína, munu hrópa sigurhróp.

Það er um miðnætti, sem Guð birtir kraft sinn til þess að frelsa sitt fólk. Sólin kemur upp, björt og skínandi í mesta máta. Hvert táknið og stórmerkið rekur annað með örstuttu millibili.. Hinir spiltu horfa á þessi fyrirbrigði með undrun og skelfingu, en hinir réttlátu líta með óumræðilegum fögnuði hið hátíðlega merki frels-unarinnar. Öll náttúran virðist hafa breytt eðli sínu. Árnar hætta að renna; svört og þykk ský þykja himininn og rekast hvert á annað. Á miðjum himninum, sem er ægilegur að líta, er einn einasti bjartur blettur óútmálan-lega dýrðlegur, þaðan heyrir rödd Guðs, eins og hljómur margra vatna segjandi: “Það er fram komið”.<sup>2</sup>

Þessi rödd er svo sterk að himinn og jörð skjálfa; þungur jarðskjálfti kemur næst: “Svo að slíkur hefir eigi komið frá því menn urðu til á jörðinni, jafn ákaflega mik-ill jarðskjálfti”.<sup>3</sup> Það er eins og festingin opnast og lokist. Það er sem dýrð Guðs ljómi yfir alt; fjöllin hreyfast eins og reyr í vindi og steinar og björg kastast í allar áttir. Dynur heyrir, eins og heljarstormur sé í nánd; sjórinn rótast upp með ógnandi öldugangi; hávær fellibylur heyrir, eins og raddir þúsund djöfla, sem komið hafi til þess að tortíma. Öll jörðin gengur upp og niður í bylgjum, eins og hafið sjálft. Jarðskorpan springur; það er sem sjálfar undirstöður jarðarinnar hafi raskast; fjallgarðar lækka og sökkva; heilar eyjar hverfa með fólki og öllu saman; hinar ægilegu bylgjur hafsins svelgja heilar sjó- borgir, sem orðnar voru álíka spiltar og Sódóma; Babýlon hinni miklu hefir ekki verið gleymt, hún birtist nú frammi fyrir Guði “og hann gaf henni vínbikar heiftarreiði sinn-ar”.<sup>1</sup> Mikil hagléll munu dynja yfir og munu höglin, sem hvert um sig er “vættarþungt” eyðileggja alt sem fyrir verður. Skrautlegustu borgir munu hrynja til grunna; konunglegar hallir, sem auðmenn heimsins hafa lagt í fé sitt af hégómagirni, munu molast

[339]

[340]

[341]

<sup>1</sup>Jóh. 17 : 24.

<sup>2</sup>Opinb. 16 : 17.

<sup>3</sup>Opinb. 16 : 18.

<sup>1</sup>Opinb. 16 : 19.

í sundur í agnir í augsýn þeirra. Fangelsisveggir munu klofna, og þjónar Guðs, sem í fangelsi hafa verið fyrir trú sína verða lausir.

Grafir dauðra manna munu opnast, “og margir þeirra, sem sofa í dufti jarðarinnar munu upp vakna, sumir til eilífs lífs, sumir til smánar, til eilífrar andstygd-ar”.<sup>2</sup> Allir þeir, sem dáið hafa í trúnni á boðskap þriðja engilsins koma fram dýrðlegir úr gröfunum, til þess að hlusta á friðarsáttmála Guðs við þá, sem haldið hafa boðorð hans. “Og jafnvel þeir sem stungu hann”;<sup>3</sup> þeir sem gerðu gys að kvölum Krists í andlátinu og juku þær og þeir sem ákafast stóðu á móti sannleika hans og þjónum hans eru látnir rísa upp til þess að sjá dýrð hans, og til þess að sjá þann heiður er þeim veitist, er trúir reyndust og hlýðnir.

Enn þá hylja þykk ský himininn, en samt brjótast geislar sólarinnar í gegn um þau öðru hvoru og líta út sem hið hegnandi auga Drottins. Ægilegar eldingar leiftra frá himnum og vefja jörðina í logandi eldblæju; hræðilegar þrumur heyrast í lofti, en þó heyrast enn þá háværar raddir, sem kveða upp dóminn yfir hinum óguð-legu. Ekki skilja allir þau orð, sem sögð eru; en hinir fölsku kennarar skilja þau greinilega. Þeir sem fyrir skömmum tíma voru andvaralausir, hrokafullir og mót-þróagjarnir og stærðu sig af þeirri grimd er þeir sýndu þeim þjónum Guðs er héldu boðorð hans, þessir sömu menn titra nú og skjálfa af ótta og hugarkvölum. Kvein-stafir þeirra heyrast herra en hljóð náttúruaflanna. Djöflarnir viðurkenna guðdóm Krists og titra fyrir krafti hans; en menn biðja sér miskunnar og vægðar og þjást af djúpri skelfingu.

[342] Í gegn um skýjarof ljómar stjarna og virðist birta hennar feríöld vegna þess hversu myrkrið var mikið.

Stjarnan boðar von og gleði hinum trúuðu, en reiði þeim er hafa fótumtroðið lögmál Guðs. Þeir sem hafa fórnað öllu fyrir sakir Krists eru nú öruggir; þeir dvelja í fylgsn-um, eins og þeir væru faldir í leyndardómi Guðs heim-kynna. Þeir hafa verið prófaðir, og frammi fyrir heim-inum og þeim er fyrirlitu sannleikann hafa þeir staðfest trúnaðartraust sitt á hann, sem dó fyrir þá. Aðdánleg breyting hefir orðið á þeim, sem stöðugir hafa reynst, þrátt fyrir það, þótt þeir horfðust í augu við sjálfan dauðann. Þeir hafa skyndilega

<sup>2</sup>Dan. 12 : 2.

<sup>3</sup>Opinb. 1 : 7.

verið frelsaðir frá myrkr-inu og hinni skelfilegu harðstjórn þeirra manna, sem breyzt höfðu í djöfla. Andlit þeirra, sem rétt nýlega voru náföln, áhyggjufull og þreytuleg, eru alt í einu orðin glaðbrosandi af undrun, trú og kærleika. Þeir syngja hástöfum gleðisöng á þessa leið: “Guð er oss hæli og styrkur, örugg hjálp í nauðum; fyrir því hræðumst vér ekki þótt jörðin haggist og fjöllin bifist og steypist í skaut sjávarins; látum vötn hans gnýja og freyða, látum fjöllin gnötra fyrir æðigangi hans”.<sup>1</sup>

Á meðan þessi orð, sem lýsa svo heilögu trausti, stíga upp til Guðs, birtir í lofti og skýin sópast í brott; himin-inn birtist stjörnu-bjartur; er hann óútmálanlega dýrðleg-ur og stingur mjög í stúf við hina svörtu og ægilegu festingu beggja megin. Dýrðin frá hinni himnesku borg streymir út um hlið hennar, sem eru í hálfra gátt. Alt í einu sést koma fram á himininn hönd, sem heldur á tveim-ur steintöflum samanvöfðum, og spámaðurinn segir: “Þá kunnngjörðu himnarnir réttlæti hans, því að Guð er sá sem dæmir”.<sup>2</sup> Hið heilaga lögmál Guðs eilífa réttlætis, sem í þrumum og eldingum var kunnert á Sínaí fjalli, sem lífsregla og mælisnúra, er nú aftur opinberað mönnunum, sem regla er farið verði eftir við hinn síðasta dóm. Hönd-in opnar lögmálstöflurnar og þar sjást frumrit hinna tíu laga boðorða, eins og þau voru skrifuð með glóandi eld-penna. Orðin eru svo skýr að allir geta lesið þau. Minnið skerpist; myrkur hjátrúar og villutrúar sópast brott úr huga allra og hin tíu boðorð Guðs, stutt, skiljanleg og bjóðandi eru sýnd öllum jarðarbúum til yfirvegunar.

Það er ómögulegt að lýsa þeirri skelfingu og þeirri örvæntingu, sem gagntekur þá, er fótum hafa troðið hinar heilögu fyrirskipanir Drottins. Drottinn gaf þeim lögmál sitt, þeir hefðu getað borið eðli sitt saman við það og lært að þekkja veikleika sinn, en samt haft nægan tíma til að iðrast og gera yfirbót. En til þess að hljóta vináttu heimsins gengu þeir fram hjá boðorðunum og fengu aðra til að fremja samskonar yfirtroðslur. Þeir hafa reynt að þvinga þjóna Guðs til þess að óvirða hvíldardag hans. Nú eru þeir einmitt dæmdir samkvæmt þeim lögum, sem þeir hafa fyrirlitið. Hræðilega glögt sjá þeir það nú að þeir hafa enga afsökun. Þeir réðu því sjálfir hvorum þeir vildu fylgja og hverjum veita lotningu: “Þá munuð þér aftur sjá þann

[343]

<sup>1</sup>Sálm. 46 : 1-3.

<sup>2</sup>Sálm. 50 : 6.

mismun, sem er á milli réttláts manns og óguðlegs, á milli þess, sem Guði þjónar og hins, sem ekki þjónar honum”.<sup>1</sup>

Óvinir Guðs lögmáls, alt frá prestinum og niður til hins minsta meðal þeirra, hafa nýja hugmynd um sannleika og skyldurækni. Of seint sjá þeir það nú að hvíldardagur-inn í fjórða boðorðinu er innsigli hins lifanda Guðs. Of seint sjá þeir nú hið rétta eðli þess ranga helgihalds, sem þeir hafa haldið og þann sendna grundvöll, sem þeir hafa bygt á. Þeir sannfærast um að þeir hafa verið að berjast gegn sjálfum Guði. Trúfræðiskennarar hafa leitt sálir manna í glötun, þegar þeir þóttust vera að vísa þeim leið að hliðum paradísar. Það verður ekki fyr en á degi hins síðasta dóms, sem menn fá að vita hversu mikil er sú ábyrgð, sem hvílir á mönnum í helgum embættum og hversu skelfilegar eru afleiðingarnar af því ef þeir van-rækja skyldu sína. Það er ekki fyr en í eilífðinni, sem vér getum reiknað tapið við glötun einnar einustu sálar. Skelfilegur verður dómur þess er Guð segir við: Far frá mér, þú illi þjónn.

Rödd Guðs heyrir frá himnum ofan og boðar daginn og stundina þegar Kristur komi með hinn eilífa sáttmála við fólk sitt. Eins og fleygur sterkustu þrumu berast orð hans um gjörvalla jörð. Lýður Drottins stendur hlust-andi og horfir til himins. Andlit þeirra ljóma af dýrð hans og skína eins og andlit Mósesar forðum, þegar hann kom ofan af Sínaí fjalli. Hinir illu geta ekki litið á hann; og þegar [344] blessun er lýst yfir þeim, sem hafa tignað Guð með því að halda helgan hvíldardag hans, þá heyrir hávært siguróp.

Þegar rödd Guðs frelsar þjóna sína úr myrkvastof-um, vakna þeir upp við vondan draum, sem öllu hafa tapað í hinni miklu deilu lífsins. Á meðan náðartíminn stóð yfir voru þeir blindaðir af blekkingum Djöfulsins og þá réttlættu þeir allar syndir sínar. Hinir auðugu of-metnuðust af yfirburðum sínum yfir þá, sem minna höfðu ; en þeir höfðu komist yfir eignir sínar með því að fótum-troða lögmál Guðs. Þeir höfðu vanrækt að seðja hina hungruðu, að klæða hina nöktu, að auðsýna réttlæti og kærleika. Þeir höfðu reynt að upphefja sjálfa sig og ná yfirráðum yfir öðrum meðbræðrum sínum. Nú eru þeir sviftir öllu sem upphóf þá, og eru þeir því allslausir og varnarsnauðir. Þeir horfa með skelfingu á eyðileggingu alls þess er þeir hafa dýrkað og tekið fram yfir skapara sinn. Þeir hafa selt sálir sínar fyrir veraldleg

<sup>1</sup>Malakía 3 : 18.



auðæfi og annað, en hafa ekki hugsað um að safna sér andlegum fjársjóðum, sem fyrir Guði gilda. Allur lífstíðargróði þeirra er þeim tapaður á einu augnabliki. Hinir ríku harma eyðilegging sinna skrautlegu híbýla og tap gulls síns og silfurs. En harmatölur þeirra þagna af óttanum fyrir því að þeir tapi einnig sínu eigin lífi með öllu, sem þeir dýrkuðu og tilbáðu.

Hinir illu iðrast nú gjörða sinna; ekki vegna þess að þeir hafa vanrækt að fylgja boðum Guðs og skyldunum við meðbræður sína, heldur vegna þess að Guð hefir orðið yfirsterkari. Þeir harma það að svona skyldi fara, en þeir iðrast ekki synda sinna. Þeir mundu ekkert til spara að sigra ef þeir gætu.

Heimurinn sér einmitt þá, sem hæddir hafa verið og óvirtir og reynt hefir verið að myrða, komast óskaddaða í gegn um drepsóttir, fellibylji og jarðskjálfta. Sá sem er eyðilegging þeirra, sem fótumtroða boðorð hans, er nú orðinn verndari síns fólks.

Presturinn, sem hefir fórnað sannleikanum til þess að öðlast hylli manna, fær nú augun opin fyrir því hvers kyns kenningar hann hefir flutt. Það er auðsætt að auga hins alvitra hefir hvílt á honum, þegar hann stóð í prédik-unarstólnum, þegar hann gekk eftir strætunum og þegar hanr. átti viðskifti við menn í ýmsum efnun. Hver ein- asta tilfinning sálar hans, hver einasta lína, sem hann hefir ritað, hvert einasta orð er hann mælti, hver einasta athöfn, sem til þess leiddi að láta menn halda áfram í andvaraleysi, hefir kastað frá sér útsæði, sem ávöxt hefir borið. Þann ávöxt er hann nú að uppskera; það eru hinar glötuðu, angistarfullu sálir umhverfis hann.

[345]

Drottinn segir: “Þeir hyggjast að lækna áfall þjóð-ar minnar með hægu móti segjandi: Heill, heill! þar sem engin heill er”. “V-egna þess að þér hrellið hjarta hins ráðvanda með lygum, þar sem eg vildi þó ekki hafa hrelt hann, og af því að þér styrkið hendur hins óguðlega, til þess að hann snúi sér ekki frá sinni vondu breytni og forði lífi sínu”.<sup>1</sup>

“Vei hirðunum sem eyða og tvístra gæzluhjörð minni. .... Sjá, eg skal vitja vonzku verka yðar á yður”. “Æpið, hirðar, og kveinið og veltið yður í duftinu, þér leiðtogar hjarðarinnar! Því að yðar tími er kominn að yður verði slátrað og yður tvístrað. Þá er ekk-

<sup>1</sup>Jer. 8 : 11; Esek. 13 : 22.

ert athvarf lengur fyrir hirðana, og engin undankoma fyrir leiðtoga hjarðarinnar”.<sup>2</sup>

[346] Prestarnir og fólkið sjá það nú að það hefir ekki verið í réttri afstöðu til Guðs. Það sér nú að það hefir risið upp á móti höfundi hinna alréttlátu og fullkomnu laga. Það að vanrækja hina guðlegu fyrirskipun leiddi til alls konar uppsprettu syndasekta, haturs, ófriðar, sundurlyndis, ranglætis í svo stórum stíl að jörðin var orðin full af viðurstygð og spillingu. Þetta sjá þeir nú, sem hrundu frá sér sannleikanum og kusu villuna í hans stað. Engin orð geta lýst þeirri þrá, sem hinir óhlýðnu og svikulu kveljast af til þess að öðlast það, sem þeir hafa glatað um eilífð — það er eilíft líf. Menn, sem heimurinn hefir tignað og tilbeðið fyrir gáfur þeirra og mælsku, sjá nú þetta alt eins og það er í raun og sannleika. Þeir skilja það að þeir hafa fyrirgert rétti sínum með yfir-troðslum, og þeir falla fram fyrir fætur þeirra, sem þeir hafa fyrirlitið og gjört gys að fyrir trú og staðfestu, og þeir viðurkenna að Guð hafi elskað þá. “Hávaðinn berst út á enda jarðar, því að Drottinn þreytir deilu við þjóð-irnar; hann gengur í dóm við alt hold, hina óguðlegu of-urselur hann sverðinu”.<sup>1</sup> Í sex þúsund ár hefir hin mikla deila staðið yfir. Sannur Guð og hans heilögu sendiboðar hafa átt í deilu við hinn illa, til þess að aðvara, upplýsa og frelsa börn mannanna. Nú hafa allir valið, hver fyrir sig. Hinir illu hafa fyrir fult og alt gengið í lið með Djöflinum í stríð á móti Guði. Tíminn er kominn fyrir Guð að refsa fyrir yfir-troðslur lögmáls síns. Nú er deilan ekki aðeins við djöfulinn, heldur einnig við menn-ina. “Drottinn þreytir deilu við þjóðirnar”. “Hina óguð-legu ofurselur hann sverðinu”.

Merki frelsisins hefir verið sett á enni “þeirra manna, sem andvarpa og kveina yfir öllum þeim svívirðingum sem framdar eru”. Nú kemur fram engill dauðans, sem í sýn Esekíels er táknaður með mönnum með eyðilegg-ingar verkfærin og sem sagt var við: “— Höggvið niður; lítið engan vægðarauga og sýnið engva með-aumkvun; öldungana og æskumenn; meyjar og börn og konur skuluð þér brytja niður; en engan mann skuluð þér snerta sem merkið er á; og takið fyrst til hjá helgidómi mínum”.<sup>2</sup> Og spámaðurinn segir: “Og þeir tóku fyrst til á öldung-um þeim, sem voru fyrir framan

<sup>2</sup>Jer. 23 : 1, 2; 25 : 34, 35.

<sup>1</sup>Jer. 25 : 31.

<sup>2</sup>Esek. 9 : 1-6.

musterið”.<sup>2</sup> Eyðilegg-ingar verkið byrjar á þeim, sem hafa þózt vera andlegir verðir fólksins; hinir fölsku varðmenn eru hinir fyrstu sem falla. Enginn er sá er vægð sé sýnd né vorkunn. Menn, konur, meyjar og lítil börn farast upp til hópa. “Því sjá, Drottinn gengur út frá aðsetursstað sínum, til þess að hegna íbúum jarðarinnar. Jörðin mun birtast láta blóðið, sem á henni hefir verið úthelt og hún mun ekki lengur hylja þá, sem á henni hafa myrtir verið”.<sup>3</sup> “Og þetta mun verða plágan, sem Drottinn mun láta ganga yfir allar þær þjóðir, sem fóru herför gegn Jerusalem. Hann mun láta hold þeirra upp þorna meðan þeir enn standa á fótum, augu þeirra munu hjaðna í augnatóttunum og tungan visna í munninum. Á þeim degi mun mikill felmtur frá Drotni koma yfir þá og þeir munu þrífa hver í höndina á öðrum og hver höndin vera upp á móti annari”.<sup>4</sup>

Í hinni voðalegu baráttu hinna takmarkalausú fýsna og fyrir hinu óútmálanlega flóði óblandaðrar reiði Guðs munu hinir spiltu íbúar jarðarinnar falla — prestar, stjórnendur og fólkíð; ríkir sem fátækir, æðri sem lægri: “Og þeir sem Drottinn hefir felt munu á þeim degi liggja dauðir frá einum enda jarðarinnar til annars. Þeir munu eigi verða harmaðir, eigi safnað saman og eigi jarðaðir”.<sup>1</sup>

[347]

[348]

---

<sup>2</sup>Esek. 9 : 1-6.

<sup>3</sup>Jer. 26 : 21.

<sup>4</sup>Sak. 14 : 12, 13.

<sup>1</sup>Jer. 25 : 33.

## Konungurinn kemur

Innan stundar birtist í austri kolsvartur skýhnoðri, hér um bil á stærð við hálfra mannshönd. Það er skýið, sem umkringir frelsarann og sem í fjarlægð sýnist vera vafið myrkri. Þjónar Guðs vita að þetta er merki manns-ins sonar. í hátíðlegri þögn stara þeir á skýið, þar sem það nálgast jörðina hægt og hægt; það verður bjartara og dýrðlegra eftir því, sem það nálgast, þangað til það er orðið stórt, hvítt ský; að neðan er það eins og dýrðlegur eldur, en að ofan er friðarbogi sáttmálans. Jesús kemur fram ríðandi á skýinu eins og voldugur sigurvegari. Nú er hann ekki lengur “harmkvælamaður”, sem verður að bergja hinn beiska bikar vanvirðu og hörmunga. Nú kemur hann sem sigurhetja himins og jarðar til þess að dæma lifendur og dauða. “Trúr og sannorður”, “hann dæmir og berst með réttvísi”. “Og hersveitirnar sem á himni eru, fylgja honum”.<sup>1</sup> Með söngum himneskra tóna fylgja honum heilagir englar á ferð hans, og eru þeir fleiri en tölu verði á komið. Festingin virðist fyllt ljóm-andi verum “tú þúsundir tíu þúsunda og þúsundir þús-unda”. Enginn getur lýst í riti þessari sýn; engin mann-leg hugsun getur skilið þann ljóma: “Tign hans þekur himininn, og af dýrð hans er jörðin full. Ljómi birtist eins og sólarljós”.<sup>2</sup> Þegar hið ljómandi ský kemur enn þá nær, sjá öll augu konung lífsins. Nú þjáir enginn þyrnikrans það heilaga höfuð, heldur sveipar dýrðarsveig-ur hans heilögu brár. Ljómi andlits hans er miklu bjart-ari en sólarljóminn um hádag. “Og á skikkju sinni og á lend sinni hefir hann ritað nafn: Konungur konunga og Drottinn drotna”.<sup>1</sup>

Frammi fyrir ásjónu hans eru “oll andlit orðin ná-bleik”. Þeir sem höfnuðu Guðs miskunn fyllast ótta og skelfingu og eilífri örvænting. Þeir hafa huglaus “hjörtu, ríðandi kné of skjálfta í öllum mjöðmum, “og allra andlit blikna”.<sup>2</sup> Hinir réttlátu titra og kalla: “Hver mun

<sup>1</sup>Opinb. 19 : 11, 14.

<sup>2</sup>Habakúk 3 : 3, 4.

<sup>1</sup>Opinb 19 : 16.

<sup>2</sup>Jer. 30 : 6; Nahum 2 : 11.

geta staðist?” Englasöngurinn þagnar og nú kemur voðaleg þögn um stund, en að henni liðinni heyrir rödd Jesú segjandi: “Náð mín nægir þér”. Andlit hinna réttlátu verða uppljómuð og gleði fyllir hjörtu þeirra. Englarnir hefja enn þá hærri söng eftir því sem þeir nálgast jörðina.

Konungur konunganna kemur á skýi, vafinn logandi eldi. Himnarnir vefjast saman eins og bókfell, jörðin skelfur fyrir honum og allar eyjar og fjöll færast úr stöðum sínum. “Guð vor kemur og þegir ekki. Eyðandi eldur fer fyrir honum og í kring um hann geisar storm-urinn. Hann kallar á himininn uppi og á jörðina, til þess að dæma lýð sinn”.<sup>3</sup>

“Og konungar jarðarinnar og gæðingarnir og her-sveitarforingjarnir og auðmennirnir og maktarmennirnir og hver þegn og þræll fólu sig í helium og í hömrum fjalla. Og þeir segja við fjöllin og hamrana: Hrynjið yfir oss og felið oss, fyrir ásjónu hans, sem í há-sætinu situr og fyrir reiði lambsins; því að kominn er dagurinn, hinn mikli dagur reiði þeirra, og hver mun geta staðist?”<sup>4</sup>

Háðsyrðin hafa nú hætt; ljúgandi varir verða nú að vera þögular; vopnabrák og hernaðarhávaði, og “öll hark-mikil hermannastígvél og allar blóðstokknar skikkjur”<sup>5</sup> skulu hverfa. Nú heyrir ekki annað en bænarándvörp og gráthljóð og kveinstafir. Nú kalla þær varir grátbiðjandi, sem fyrir skömmu töluðu háðsyrði. “Hinn mikli dagur reiði þeirra er kominn, og hver mun geta staðist?”<sup>6</sup> Hinir illu biðja fjöllin og klettana að hylja sig, heldur en að þeir verði að mæta frammi fyrir augliti þess, er þeir hafa hafnað og fyrirlitið.

Þeir þekkja þá rödd, sem þrengist inn í eyru hinna dauðu. Þeir minnst þess hversu hinir mildu tónar hennar hafa kallað þá til iðrunar. Þeir minnst þess hversu oft þeir hafa heyrt hina viðkvæmu rödd, eins og rödd bróður, vinar, endurlausnara. Engin önnur gæti verið svo dómhörð, svo fordæmandi fyrir þá, sem hafnað hafa náðarboðinu, nema sú er svo lengi hefir beðið segjandi: “Snúið yður; snúið yður frá yðar vondu breytni. Hví viljið þér deyja !”<sup>1</sup> Hvílíkur munur væri það ef þetta væri rödd, sem þeir hefðu ekki heyrt fyr. Jesús

[350]

<sup>3</sup>Sálm. 50 : 3, 4

<sup>4</sup>Opinb. 6 : 15-17.

<sup>5</sup>Jes. 9:5.

<sup>6</sup>Opinb. 6 : 17.

<sup>1</sup>Esek. 33 : 11.

segir: “En af því þú færðist undan, þá er eg kallaði, og enginn gaf því gaum, þótt eg rétti út höndina, heldur létuð öll mín ráð sem vind um eyrun þjóta og skeyttuð eigi umvönd-unum mínum”.<sup>2</sup> Þessi rödd vekur upp endurminningar, sem þeir vildu gjarna að væru afmáðar — fyrirlitnar að-varanir, forsmáð heimboð, tækifærum sem hafnað var.

Þarna eru þeir viðstaddir, sem hæddu Krist í niður-lægingu hans. Með skelfilegum krafti hljóma inn í huga þeirra orð hans þegar hann leið kvalirnar, þegar hann sagði hátíðlega frammi fyrir æðsta prestinum í dóm-salnum: “Upp frá þessu munuð þér sjá manns-soninn sitja til hægri handar máttarins og koma á skýjum him-ins”.<sup>3</sup> Nú sjá þeir hann í allri sinni dýrð og enn eiga þeir það eftir að sjá hann sitja til hægri handar máttarins. Þeir sem áður hæddu hann fyrir það að hann sagðist vera Guðs sonur, þegja nú eins og steinn. Meðal þeirra er hinn drams sami Heródes, sem gerði gys að konungsnafnbót hans og skipaði hermönnum, sem smánuðu hann að krýna hann sem konung. Þar eru þeir, sem með saurug-um höndum lögðu purpurakápuna á herðar honum, þyrni-kransinn á hans helga höfuð og veldissprotann í hina mót-stöðulausu hönd hans, og hneigðu sig fyrir honum með guðlasti og háði. Þar eru mennirnir, sem slógu konung lífsins og hræktu í andlit hans; nú snúa þeir sér undan ásjónu hans, sem starir á þá; þeir reyna að flýja þá út málanlegu dýrð, sem fylgir nærveru hans. Þeir sem ráku naglana í gegn um hendur hans og fætur; hermaðurinn sem rak spjótið í síðu hans; þessir menn líta nú með skelfingu og samvizkukvöl spjóts-og naglaförin.

[351] Í lífi allra þeirra, sem mótstöðu veita sannleikanum koma fyrir augnablik, þegar samvizkan vaknar; þegar endurminningin vekur upp kveljandi myndir úr lífi hræsn-innar og sálin er í járngreipum árangurslausrar iðrunar. En hvað er alt þetta í samanburði við hrellingu þess dags: “Þegar skelfingin dynur yfir sem þrumuveður og ógæfa yðar nálgast eins og fellibylur”.<sup>1</sup> Þeir sem vildu tortíma Kristi og hinum trúföstu þjónum hans sjá nú dýrðina, sem honum fylgir. Mitt í angist sinni heyra þeir raddir hinna heilögu, sem hrópa með

<sup>2</sup>Orðskv. 1 : 24, 25.

<sup>3</sup>Matt. 26 : 64.

<sup>1</sup>Orðskv. 1 : 27.

gleðiraust: “Sjá, þessi er vor Guð; vér vonuðum á hann, að hann mundi frelsa oss”.<sup>2</sup>

Og sem jörðin skelfur, eldingar leiftra og þrumur drynja, mun rödd Guðs sonar kalla fram hina heilögu er sofið hafa. Hann lítur á grafir hinna réttlátu; síðan lyft-ir hann hendi sinni upp til himins og kallar: “Vaknið! vaknið! vaknið! þér sem í duftinu sofið og rísið upp!” Um allar endimerkur jarðarinnar munu hinir dauðu heyra þessa rödd og þeir sem hana heyra munu lifa; og undir mun taka í allri jörðinni af dyn afarmikilla hersveita af sérhverri þjóð, kynkvísl, tungu og lýð. Frá fangelsum dauðans munu þeir koma fram í dýrð ódauðleikans og segja hástöfum: “Dauði, hvar er sigur þinn? dauði, hvar er broddur þinn?”<sup>3</sup> Og þeir hinir réttlátu, sem á lífi eru og hinir helgu sameina raddir sínar í löngu, gleðihljóm-andi sigurópi.

Allir koma fram úr gröfum sínum í þeirri stærð, sem þeir voru í þegar þeir voru lagðir í grafirnar. Adam, sem er meðal hiná upprisna fjölda, er hár vexti og tígulegur á velli, aðeins lítið eitt lægri vexti sjálfum syni Guðs. Hann er afar ólíkur fólki síðari kynslóða. Í þessu tilliti sést greinilega hin mikla hnignun mannkynsins; en allir rísa upp í blóma og hreinleika æskunnar. Í upphafi var maðurinn skapaður í líkingu Guðs, ekki aðeins í eðli sínu, heldur einnig í útliti og skapnaði. Syndin afskræmdi og nálega afmáði hina guðlegu líkingu; en Kristur kom til þess að endurreisa það, sem tapað var; hann mun breyta vorum forgengilega líkama og gera hann líkan dýrðar líkama sínum. Hinn dauð’egi líkama, sem áður fyr var spiltur, ósjálegur og sjúkur af synd er nú orðinn fagur, fullkominn og ódauðlegur. Öll lýti og alt afskræmi hefir orðið eftir í gröfinni. Hinir frelsuðu munu vaxa og verða stórir eins og hinir fyrstu menn, eftir að þeim hefir verið veitt aðganga að tré lífsins, sem upphaflega stóð í Eden, en lengi hefir verið glatað. Hinar allra síðustu leifar af bölvun syndarinnar munu hverfa og hinir trúföstu þjón-ar Krists munu birtast “í dýrð Guðs vors og Drottins”, þar sem líkama, sál og andi verða fullkomin líking Guðs. Hví-lík frelsun! sem lengi hefir verið þráð, lengi vonast eftir, hugsað hefir verið um með djúpri eftirvæntingu, en sem aldrei hefir verið fullkomlega skilin.

[352]

<sup>2</sup>Jes. 25 : 9.

<sup>3</sup>1. Kor. 15 : 55.

Hinir réttlátu sem lifa munu umbreytast í einni svip-an. Á einu augnabliki”. Þeir hafa verið dýrðlegir gerðir fyrir rödd Guðs; nú eru þeir orðnir ódauðlegir og með hinum upprisnu heilögu er þeim stefnt upp til himins til þess að mæta þar Drotni sínum. Englar “safna saman hans útvöldum frá áttunum fjórum heimsendanna á milli”. Lítil börn eru borin af heilögum englum í faðm mæðra sinna. Vinir sem dauðinn hefir skilið finnast aft-ur og fá að vera saman um alla eilífð og svífa með gleði-söng upp til borgar Guðs.

Áður en komið er upp í borg Drottins, skryðir frels-arinn sína trúföstu þjóna merki sigursins og einkennum hinnar konunglegu tignar. Hinn skruðbúni fjöldi heldur síðan áfram í ferhyrndri fylkingu umhverfis konung sinn og gnæfir hann hár og tigulegur yfir alla, bæði menn og engla og horfir á þá með himneskum geislum vináttu og kærleika, sem ljóma af ásjónu hans. Hver einasta vera í öllum fylkingum hinna frelsuðu horfir á hann með lotn-ingu og allra augu sjá dýrð bans, og er hann ásýndum svo miklu dýrðlegri en alt sem dýrðlegt er, að enginn kemst í nokkurn samjöfnuð við hann af sonum mannanna. Á höfuð þeirra hinna frelsuðu setur Kristus sjálfur kórónu dýrðarinnar með eigin hendi og er kóróna til handa hverjum einstökum með hans eigið “nýja nafn”<sup>1</sup> og á hana verður skráð: “Helgist nafnið Drottins”. Í hendi hvers einstaks er látinn sig-urpálminn og hin skínandi harpa. Þegar svo hinir stjórnandi englar taka tóninn, leika allir á hörpur sínar og snerta strengi þeirra með full-kominni list; hefst þá unaðslegur og hljómfagur hljóð-færslátt-ur. Óútmálanleg dýrðar tilfinning gagntekur sérhvert hjarta og allar raddir taka undir í þakkargjörð og lofsyngja “honum sem elskaði oss og leysti oss frá syndum vorum með blóði sínu. Og hann gjörði oss að konungsríki og að prestum, Guði sínum og föður til handa. Honum sé dýrð og máttur um aldir alda”.<sup>1</sup>

[353]

Frammi fyrir hinum frelsuðu fylkingum er borgin helga. Jesús opnar upp á gátt hinar dýrðlegu dyr og fólk Guðs, sem haldið hefir fast við sannleikann, fer inn. Þar sér það paradís Guðs, heimkynni Adams í sakleysi hans. Þá heyrir sú rödd, sem sætari er hverri hljómdýrð er mannlegt eyra hefir nokkru sinni heyrt, og röddin segir:

<sup>1</sup>Opinb. 2 : 17.

<sup>1</sup>Opinb. 1 : 5-6.



“Deila yðar er enduð”. “Komið þér ástvinir míns föður og eignist það ríki, sem yður var fyrirbúið frá upphafi veraldar”.

Með óútmálanlegum kærleika veitir Jesús móttöku hinum trúföstu, svo þeir megi gleðjast í Drotni. Það er frelsaranum gleði að sjá í heimkynni dýrðarinnar þá, sem hann hefir frelsað með niðurlægning sinni. Og hinir frelsuðu verða þátttakendur í gleði hans, þegar þeir líta meðal hinna sælu þá, sem þeir hafa með bænum sínum, starfi sínu og kærleiksríkri sjálfsafneitun leitt til Krists. Þegar þeir safnast umhverfis hið mikla hvíta háseti mun óútmálanleg gleði gagntaka hjörtu þeirra. Þegar þeir sjá þá, sem þeir hafa leitt til Krists og sjá að einn hefir leitt annan og hann aftur enn annan, og allir eru komnir í höfn friðarins til þess að leggja þar kórónur sínar við fætur Jesú og syngja honum lof og dýrð um allar aldir.

Þegar hinar glöðu fylkingar eru boðnar velkomnar til borgar Guðs, hljómar í lofti dýrðlegur fagnaðarsöngur. Hinir tveir Adamar mætast. Sem faðir mannkynsins hefði Adam verið stjórnari heimsins, hefði hann ekki með óhlýðni fyrirgert rétti sínum. Jesús kom til jarðarinnar til “að leita að hinu týnda og frelsa það”.<sup>2</sup> Sem frelsari hins fallna mannkyns verður Jesús hinn eilífi konungur á hinn nýju jörð: “Heimsríkið er orðið ríki Drottins vors og hans smurða og hann mun ríkja um aldir alda”.<sup>3</sup> Þetta embætti veitist Kristi vegna þess að hann stóðst freist-inguna, en Adam féll fyrir henni. Þess vegna er talað um hann í ritningunni sem “Hinn síðari Adam”, til mót-setningar við “Hinn fyrri Adam”.<sup>4</sup> Guðs sonur stendur með útréttar hendur til þess að taka á móti föður mann- kynsins — verunni sem hann skapaði, sem syndgaði á móti skapara sínum og honum sem valdur er að því með syndum sínum að Kristur hefir merki krossfestingarinnar á sínum heilaga líkama. Þegar Adam sér förin eftir hina særandi nagla, fellur hann ekki í faðm frelsarans, heldur fleygir hann sér í auðmýkt sinni fyrir fætur honum hrópandi: “Verðugt, verðugt er lambið sem slátrað var!” Frelsarinn reisir hann upp vingjarnlega og biður hann að skoða Eden aftur sem heimkynni sitt, sem hann hefir svo lengi verið í útleð frá.

Þegar hann fer þessa gleðiför, sér hann trén, sem áður fyr veittu augum hans yndi — einmitt sömu trén, sem hann sjálfur hafði safnað

<sup>2</sup>Lúk. 19 : 10.

<sup>3</sup>Opinb. 11 : 15.

<sup>4</sup>1. Kor. 15 : 45. Sjá einnig Róm. 5 : 14-21.

ávöxtum af í æsku á dög-um sakleysisins og gleðinnar. Hann sér vínviðinn, sem hann hefir hlúð að með eigin höndum, einmitt sömu blóm-in, sem hann hafði hirt um með fögnuði. Hugur hans skilur veruleika alls þess er hann sér. Hann skilur það að þetta er í raun og sannleika Eden endurnýjuð og enn þá fegurri en hún var, þegar hann var rekinn þaðan. Frelsarinn leiðir hann að tré lífsins, tínir hina dýrðlegu ávexti og býður honum að neyta þeirra. Hann lítur í kring um sig og sér fjölda afkomenda sinna frelsaða, þar sem þeir hafa safnast saman í Paradís frammi fyrir Guði. Þá kastar hann hinni Ijómandi kórónu sinni fyrir fætur Jesú, fleygir sér í faðm frelsarans og umfaðmar hann. Hann snertir hina gullnu hörpu og hvelfingar himinsins endurhljóma hinn dýrðlega söng: “Verðugt! verðugt! verðugt! er lambið sem slátrað var og lifir aftur”. Niðjar Adams kasta kórónum sínum fyrir fætur frelsarans um leið og þeir hneigja sig fyrir honum með lotningu.

Þessa samfundi sjá englarnir, sem grétu við fall Adams og glöddust þegar Jesús steig aftur upp til himins eftir upprisuna og hafði opnað gröfina til útgöngu öllum þeim, sem á hans nafn trúu. Nú sjá þeir verk endurlausn-arinnar fullkomnað og þeir hefja Guði lofsöng, skæran og samhljóða.

[355] Á krystalls hafinu frammi fyrir hásetinu — á gler-hafinu, sem var eldi blandað — hafa þeir safnast saman, sem hafa “unnið sigur á dýrinu og líkneski þess og á tölu nafns þess”.<sup>1</sup> “Þess vegna eru þeir frammi fyrir háseti Guðs og þjóna honum dag og nótt í musteri hans; og sá sem í hásetinu situr mun dvelja meðal þeirra”.<sup>2</sup> Þeir hafa séð jörðina eyðileggjast af hungri og drepsóttum, sólina steikja mennina í brennandi hita, og sjálfir hafa þeir þolað hörmungarnar, hungur og þorsta, en “eigi mun þá frammar hungra og eigi mun þá frammar þyrsta og eigi mun heldur sól brenna þá né nokkur hiti, því að lambið sem er fyrir miðju hásetinu mun gæta þeirra og leiða þá til lifandi vatnslinda og Guð mun þerra hvert tár af augum þeirra”.<sup>3</sup>

Á öllum öldum hafa hinir útvöldu Drottins verið fræddir og mentaðir í skóla reynslunnar. Þeir gengu þrönga vegu á jarðríki, þeir voru hreinsaðir í eldi hörm-unganna. Fyrir sakir Jesú þoldu þeir ofsóknir, mótstöðu, hatur og tjón. Þeir fylgdu honum í gegn

<sup>1</sup>Opinb. 15 : 2.

<sup>2</sup>Opinb. 7:15.

<sup>3</sup>Opinb. 7 : 15-17.

um harðar deilur; þeir urðu að leggja á sig sjálfsafneitun og reyndu alls konar vonbrigði. Af eigin reynslu hinna sáru sorga lærðu þeir að þekkja böll syndarinnar, vald hennar, sekt þá er henni fylgdi og allar hennar ægilegu afleiðingar, og þeir skoða hana með hryllingi. Meðvitundin um þá tak-markalausú fórnfæringu, sem gerð var til þess að lækka hana, lítillækkar þá í eigin augum, auðmýkir þá frammi fyrir Guði og fyllir hjörtu þeirra með þakklæti og lofi, sem þeir er aldrei hafa fallið geta ekki skilið. Þeir elska heitt, því þeim hefir verið mikið fyrirgefið. Með því að þeir hafa verið hluttakendur í kvölum Krists eru þeir til þess hæfir að vera hluttakendur í dýrð hans.

Erfingjar Guðs ríkis eru samansafnaðir frá lélegustu fylgsnum og gryfjum, frá fangelsum, frá gálgum, ofan af fjöllum og utan af eyðimörkum, frá jarðhellum og fylgsnum sjávarins. Á jörðinni voru þeir “alls vana, að-þrengdir og illa haldnir”. Miljónir manna lögðust í gröfina með smánarblett á nafni sínu vegna þess að þeir stöðugt neituðu að beygja sig undir hinar blekkjandi kröfur Djöfulsins. Af mannlegum dómstólum voru þeim ákveðin ógeðslegustu fangelsi, sem verstu glæpamönnum. En nú er Guð sjálfur dómari. Nú er breytt ákvæðum hinna jarðnesku dómstóla: “Svívirðu síns lýðs mun hann burtu nema af allri jörðinni”.<sup>1</sup> “Þeir munu kallaðir verða hinn heilagi lýður; hinir endurleystu Drottins”. Hann hefir ákveðið að “gefa þeim höfuðdjásn í stað ösku, fagnaðar-olíu í stað hrygðar, skartklæði í stað hugarvíls”.<sup>2</sup> Þeir eru ekki lengur veikburða, þjáðir, dreifðir og undirokaðir. Þeir standa frammi fyrir hásetinu klæddir skartklæð-um, fegri en þeim er hinir hæstsettu jarðarbúar hafa nokkru sinni borið. Þeir eru krýndir kórónum dýrðlegri en nokkru sinni hefir komið á höfuð jarðnesks stjórn-anda. Dagar sorga og tára eru hjá liðnir. Konungur dýrðarinnar hefir strokið tárin af allra andlitum, allar sorgar uppsprettur hafa verið afmáðar. Þeir veifa pálma-viðargreinum og syngja lofsöngva, skæra, hljómfagra og í unaðslegu samræmi. Allar raddir taka undir, þangað til samhljómurinn fyllir sali himnanna og syngur þessi orð: “Hjálpræðið heyrir til Guði vorum sem í hásetinu situr, og lambinu”. Og allir íbúar himnanna taka undir og segja:

[356]

<sup>1</sup>Jes. 25 : 8.

<sup>2</sup>Jes. 62 : 12; 61 : 3.

“Amen, lofgjörðin og dýrðin, vizkan og þakk-argjörðin og heiðurinn og mátturinn og krafturinn sé Guði vorum um aldir alda”.<sup>3</sup>

Í þessu lífi getum vér aðeins byrjað að skilja hinn dásamlega leyndardóm endurlausnarinnar. Með vorum takmarkaða skilningi, getum vér í allri einlægni skoðað vanvirðu og dýrð, lífið og dauðann, réttlæti og miskunn, sem sameinast á krossinum, og samt hepnast oss ekki með því að beita vorri skörpustu dómgreind að skilja til fulls þýðingu þess. Sú lengd og breidd, sú hæð og dýpt, sem hinn endurleysandi kærleikur orsakar, skilst aðeins að litlu leyti. Endurlausnar leyndardómurinn mun ekki skiljast til fulls jafnvel þá, þegar vér sjáum eins og vér erum séðir og þekkjum eins og vér erum þektir. En um hinar eilífu tíðir mun nýr sannleikur stöðugt halda áfram að koma í ljós og skiljast hinum undrandi huga, sem fyllast mun fögnuði. Þó sorgir og sársauki og freistingar lífsins hætti og orsakir þess verði burt numd-ar, þá mun fólk Guðs aldrei öðlast fullkomna ljósa þekk-ingu á því, hvað sáluhjálpi þess kostaði.

[357] Kross Krists mun verða vísindamál og söngur hinna endurleystu um aldur og æfi. Í hinum dýrðlega Kristi munu þeir sjá hinn krossfesta Krist. Aldrei mun það gleymast að hann sem skapaði og hélt við hinum óteljandi veröldum í hinum mikla regingeimi; hann sem Guð elsk-ar, hann sem er dýrð himinsins; hann sem Kerúb og hinn skínandi Seraf tigna með gleði — hann lítillækkaði sig til þess að bjarga hinum fallna manni; hann bar synd og sekt heimsins og faðir hans haldi fyrir honum andlit sitt, þangað til ógæfa hins glataða heims ofþyngdi hjarta hans og svifti hann lífinu með harmkvælum á krossinum, Að skapari allra hluta, dómari allra mála, skyldi leggja til hliðar dýrð sína og lítillækka sig af kærleika við mennina, mun um alla eilífð hljóta aðdáun og tilbeiðslu alls heimsins. Þegar hinir endurleystu þjónar Guðs virða fyrir sér frelsara sinn og sjá hina eilífu dýrð, með hinni skínandi dýrðarásjónu; þegar þeir sjá hásæti hans, sem vara mun frá eilífð til eilífðar, og þegar þeir vita að á konungdómi hans mun enginn endir verða, þá hefja þeir háróma gleði-söng: “Verðugt, verðugt er lambið sem líflátið var og hefir endurleyst oss Guði til handa með sínu allra dýrmætasta blóði”.

Leyndardómur krossins skýrir alla aðra leyndardóma. Í ljósinu sem ljómar út frá krossfestingarstaðnum, birtist einkenni Guðs í allri

<sup>3</sup>Opinb. 7 : 10, 12.

sinni dýrð; þau einkenni hans, sem höfðu fyllt oss ótta og skelfingu. Miskunn, vægð og föð-urást sjást blandaðar heilagleik, réttlæti og krafti. Þegar vér sjáum dýrð hásetis hans, sem er hátt og upphafið, þá sjáum vér einkenni hans í sinni dýrðlegu opinberun og skiljum betur en nokkru sinni fyr þýðingu hinnar hjartfólgnu fyrirsagnar: “Faðir vor”.

Það kemur í ljós að hann, sem er alvitur, gat ekki fundið upp neitt annað ráð oss til sáluhjálpar, en fórn-færing síns eigin sonar. Verðlaunin fyrir þessa fórn-færslu er gleðin yfir því að uppfylla jörðina með verum sem væru heilagar, hamingjusamar og ódauðlegar. Árang-urinn af baráttu frelasrans við myrkraöflin er gleði hinum frelsuðu, svo mikil að hún kemur þeim til að lofsyngja Guði um allar aldir. Og slíkt er gildi sálarinnar að faðir-inn er ánægður með verðið sem hann hefir greitt. Og Kristur sjálfur, sem sér ávexti sinnar miklu fórnfæring-ar, er ánægður.

[358]

## Jörðin verður að auðn

Þegar Kristur kemur munu hinir óguðlegu verða af-máðir af allri jörðinni—eyðilagðir af anda munns hans og að engu gerðir af ljómanum frá ásjónu hans. Kristur fer með fólk sitt til borgar Guðs og jörðin verður að öllu leyti mannlaus: “Sjá, Drottinn tæmir jörðina og eyðir hana, hann umhverfir ásjónu hennar og tvístrar íbúum hennar”. “Jörðin skal verða altæmd og gjörasmlega rænd, því að Drottinn hefir talað þetta”. “Því að þeir hafa brotið lögin, brjálað boðorðunum og rofið sáttmálann eilífa”. “Þess vegna eyðir bölvun jörðinni og íbúar hennar gjalda; þess vegna farast íbúar jarðarinnar af hita”.<sup>1</sup>

Öll jörðin er eins og gróðurlaus eyðimörk. Rústirnar af borgum og bæjum sem jarðskjálftar hafa eyðilaggt; upprætt tré, brotnir klettur sem sjórinn hefir kastað upp eða sem slitnað hafa úr sjálfri jörðinni, allt þetta er dreift um yfirborð jarðarinnar, en stórar gjár sjást þar sem fjöllin hafa verið hryst af grunni sínum.

Nú skeður það, sem fyrirmyndað var með hinni síð-ustu helgu athöfn á degi friðþægingarinnar. Þegar em-bættisverkin inni í hinu allra helgasta voru fullkomnuð og syndir Ísraelslýðs höfðu verið afmáðar frá helgidóm-inum með blóðfórninni, þá var komið með hafurinn lif-andi fram fyrir Drottinn og í augsyn safnaðarins játaði presturinn uppi yfir honum “öll afbrot Ísraelslýðs og all-ar misgjörðir þeirra, í hverju sem þeir kunna að hafa syndgað, og hann skal leggja þær á höfuð hafursins”.<sup>2</sup> Sömuleiðis þegar friðþægingarverkinu í hinum himneska helgidómi er lokið, verða syndir Guðs fólks lagðar á Djöfulinn í augsyn Guðs og hinna heilögu engla og fjölda hinna endurleystu. Hann verður dæmdur sekur um allt ílt, sem hann hefir ákært þá um. Og eins og hafrinum var slept út í óbygðir, þannig verður Djöfullinn útlægur gjörður og rekinn á hina óbygðu jörð og mannlausu eyði-merkur.

Johannes segir fyrir útlegð Djöfulsins og óskapnaðar og eyði-merkur ásigkomulagið, sem ríkja skuli á jörðinni. Og hann lýsir

<sup>1</sup>Jes. 24 : 3, 5, 6.

<sup>2</sup>3. Móse 16 : 21.

því yfir að þetta muni vara í þúsund ár. Þegar spámaðurinn hefir lýst endurkomu Krists og eyði-legging hinna óguðlegu, heldur hann áfram á þessa leið: “Og eg sá engil stíga niður af himni, og hélt hann á lykli undirdjúpsins og stórum fjötri í hendi sér. Og hann tók drekann, hinn gamla höggorm, sem er Djöfull og Satan og batt hann um þúsund ár. Og hann kastaði honum í undirdjúpið, og læsti og setti innsigli yfir honum, svo að hann leiddi ekki framur þjóðirnar afvega, alt til þess er fullnuðust þúsund árin. Eftir það á hann að vera leystur um stuttan tíma”.<sup>1</sup>

Þar sem talað er um að honum var kastað í “undir-djúpið”, þá þýðir það jörðina, þegar þar er alt í skipuleysi og myrkri. Sést það greinilega á öðrum stöðum í ritn-ingunni. Þar sem talað er um ásigkomulag jarðarinnar “í upphafi”, segir biblían að jörðin hafi verið “auð og tóm, og myrkur grúfði yfir djúpinu”.<sup>2</sup> Spádómurinn kennir að þannig verði það aftur, að nokkru leyti að minsta kosti. Þegar Jeremías spámaður snýr sér að hinum mikla Drottins degi segir hann: “Eg leit á jörðina, og sjá: hún var auð og tóm, og upp til himins, og ljós hans var slokn-að. Eg leit á fjöllin: og sjá þau nötruðu, og allar hæð-irnar, þær bifuduust. Eg litaðist um, og sjá: þar var enginn maður, og allir fuglar himinsins voru flúnir. Eg litaðist um og sjá: Aldingarðurinn var orðinn að eyði-mörk og allar borgir hans gjöreyddar”.<sup>3</sup>

Hér á að vera heimkynni Djöfulsins og allra hans ára um þúsund ár. Þegar hann er bundinn við jörð-ina, hefir hann ekki aðgang að öðrum heimum, til þess að freista þeirra, sem aldrei hafa fallið og ónáða þá. Það er í þessum skilningi sem hann er bundinn; enginn er eftir sem hann geti freistað, né haft vald yfir. Honum er með öllu fyrirmunað að halda áfram blekkingum sín-um og eyðileggingum, sem hann hefir gjört sér að einka-ánægju um ótal aldir.

Þegar spámaðurinn Jesaja lítur í anda til þessa tíma, þegar Djöfullinn verður sigraður, þá segir hann: “Hversu ertu hröpuð af himni, árborna morgunstjarna! Hversu ert þú að velli lagður, undirokari þjóðanna! Þú sem sagðir í hjarta þínu: ‘Eg vil upp stíga til himins! Ofar stjörnum Guðs vil eg reisa veldisstól minn! Eg vil . . . gjörast líkur hinum hæsta’! Já, til Heljar var þér niður varpað, í neðstu

<sup>1</sup>Opinb. 20 : 1-3.

<sup>2</sup>1. Móse 1:2.

<sup>3</sup>Jer. 4 : 23-27.

fylgsni grafarinnar. Þeim, sem sjá þig, verður starsýnt á þig, þeir virða þig fyrir sér: ‘Er þetta maðurinn, sem skók jörðina og skelfdi konungs-ríkin, gjörði jarðarkringluna að eyðimörku, eyddi borgir hennar og gaf eigi bandingjum sínum heimfararleyfi?’<sup>1</sup>

Í sex þúsund ár hefir uppreistarverk Djöfulsins látið jörðina titra og skjálfa, gjört jarðarkringluna að eyði-mörk, eytt borgir hennar og hann “gaf eigi bandingjum sínum heimfararleyfi”. Í sex þúsund ár hefir fólk Guðs verið meðtekið í fangelsum hans, og hann hefði viljað halda þeim þar sem bandingjum eilíflega; en Kristur hefir brotið fjötra hans og frelsað bandingjana.

Jafnvel hinir óguðlegu eru nú þannig settir að hinn illi nær ekki til þeirra, og með hinum föllnu englum er hann nú einn að hugsa um áhrif þeirrar bölvunar, sem syndin flutti í heiminn: “Allir konungar þjóðanna liggja virðulega grafnir, hver í sínu húsi (gröfinni) ; en þér er fleygt út, langt frá gröf þinni, eins og auðvirðilegum kvisti. ... Við þá, sem stíga niður í steinlagðar grafir, hefir þú eigi samneyti; því að land þitt hefir þú eytt, myrt þjóð þína”.<sup>2</sup>

[361] Um þúsund ár mun Djöfullinn reika fram og aftur um hina auðu jörð og sjá þar afleiðingarnar af uppreist sinni gegn Guði. Þennan tíma líður hann afskaplega mik-ið. Síðan hann féll frá Guði, hefir hann verið svo önnum kafinn að hann hefir aldrei tekið stund til þess að hugsa. En nú hefir hann verið sviftur krafti sínum, og nú hugsar hann um það, hvering hann hafi farið að ráði sínu síðan hann gerði uppreistina gegn hinni himnesku stjórn, og hann hefir einnig næði til þess að líta fram í tímann með skelfing og ótta fyrir hinni ógurlegu framtíð, þegar hann verður að líða fyrir alt það, sem hann hefir aðhafst og honum verður hegnt fyrir þær syndir, sem hann hefir komið öðrum til að fremja.

Á hinu þúsund ára tímabili milli hinnar fyrri og hinnar síðari upprisu, fer fram dómur yfir hinum óguð-legu. Páll postuli bendir á þennan dóm, sem viðburð er fylgi hinni síðari komu: “Dæmið því ekki neitt fyrir tím-ann, áður en Drottinn kemur; hann sem og mun leiða það í ljós, sem í myrkrinu er hulið og opinbera ráð hjartanna”.<sup>1</sup> Daníel segir að þegar “hinn aldraði” kom, hafi “hinir heilögu

<sup>1</sup>Jes. 14 : 12-17.

<sup>2</sup>Jes. 14 : 18-20.

<sup>1</sup>1 .Kor. 4:5.



hins hæsta náð rétti sínum”.<sup>2</sup> Um þetta leyti ráða hinir réttlátu sem konungar og prestar Guðs. Johannes segir í Opinberunarbókinni: “Og eg sá háseti, og menn setjast í þau, og dómsvald var þeim fengið”. Og þeir “munu vera prestar Guðs og Krists, og þeir munu ríkja með honum um þúsund ár”.<sup>3</sup> Það er á þessum tíma, eins og Páll postuli spáir, “að hinir heilögu eiga að dæma heiminn”.<sup>3</sup> Í samráði við Krist dæma þeir hina óguðlegu, berandi verk þeirar saman við lögbókina — biblíuna, og dæmandi hvert mál út af fyrir sig eftir því, sem verkin voru framin í holdinu. Þá verður dæmt samkvæmt verk-unum og dómurinn skráður við nafn hvers í bók dauðans.

Sömuleiðis verður Djöfullinn og hinir illu englar dæmdir af Kristi og fólki hans. Páll postuli segir: “Vitið þér eigi, að vér eigum að dæma engla?”<sup>4</sup> Og Júdas segir: “Og englana, sem ekki gættu tignar sinnar, heldur yfir-gáfu sinn eiginn bústað, hefir hann í myrkri geymt í ævarandi fjötrum til dóms hins mikla dags”.<sup>5</sup>

Þegar þúsund árin eru fullnuð, þá skeður hin önnur upprisa. Þá rísa hinir óguðlegu upp frá dauðum og birt-ast frammi fyrir Guði, til þess að fullnægt verði hinum ritaða dómi. Eftir að Jóhannes í Opinberunarbókinni hefir lýst upprisu hinna réttlátu, segir hann: “En aðrir dauðir lifnuðu ekki fyr en þúsund árin fullnuðust”. Og Jesaja spámaður segir um hina óguðlegu: “Þeim skal varpað niður í gryfju, eins og fjötruðum bandingjum og þeir skulu byrgðir verða í dýflissu; eftir langa stund skal þeim hegnt verða”.<sup>6</sup>

[362]

<sup>2</sup>Dan. 7 : 22.

<sup>3</sup>Opinb. 20 : 4. 6; 1. Kor. 6 : 2, 3.

<sup>3</sup>Opinb. 20 : 4. 6; 1. Kor. 6 : 2, 3.

<sup>4</sup>1. Kor. 6:3.

<sup>5</sup>Júdas 6.

<sup>6</sup>Opinb. 20 : 5; Jes. 24 : 22.

## Deilan enduð

Við lok þúsund áranna kemur Kristur aftur til jarð-arinnar. Í fylgd með honum eru herskarar hinna frels-uðu og ótölulegur fjöldi engla. Þegar hann kemur af himni ofan, í sinni óutmálanlegu dýrð, skipar hann hinum óguðlegu að rísa upp frá dauðum til þess að meðtaka dóm sinn. Þeir koma fram í afarstórum fylkingum, margir eins og sandur á sjávarströnd. Hvílíkur munur er að sjá þessa og hina sem upp risu frá dauðum við fyrri upprisuna! Hinir réttlátu ljómuðu af æskufegurð og ódauðleika; hinir óguðlegu bera á sér merki sjúkdóms og dauða.

Hvert einasta auga í þessum ótölulega fjölda horfir á dýrð Guðs sonar. Hinir óguðlegu hrópa hástöfum í einum rómi: “Blessaður sé sá, sem kemur í nafni Drott-ins!” Það er ekki kærleikur til Jesú, sem blæs þeim þessu í brjóst. Kraftur sannleikans knýr þá til að segja þetta á móti eiginn vilja. Eins og hinir óguðlegu lögðust í grafir sínar, þannig koma þeir út úr þeim, með hinu sama hatri til Krists og hinum sama uppreistar anda. Þeir fá engan lengri náðartíma til þess að bæta fyrir brot síns fyrra lífs. Það mundi enga þýðingu hafa. Heilt líf alls konar yfirtroðslu hefir ekki mýkt hjörtu þeirra. Væri þeim veittur annar náðartími mundu þeir nota hann eins og þann fyrri, með því að hliðra sér hjá kröfum Guðs og befja uppreist gegn honum.

[363] Kristur kemur frá himnum og staðnæmist á Olúu-fjallinu, þar sem hann steig upp til himna eftir upprisuna og þar sem englarnir endurtóku loforð hans um endurkom-una. Spámaðurinn segir: “En Drottinn Guð minn, mun 362 koma og allir heilagir með honum”. “Fætur hans munu á þeim degi standa á Olúufjallinu, sem er austanvert við Jerusalem, og Olúufjallið mun klofna um þvert .... og þar mun verða geysivíður dalur”. “Drottinn mun þá vera konungur yfir öllu landinu; á þeim degi mun Drottinn vera einn og nafn hans eitt”.<sup>1</sup> Þegar hin nýja Jerusalem í sinni óutmálanlegu dýrð kemur niður frá himn-um, hvílir hún á staðnum hreinsuðum og við því búnum að

<sup>1</sup>Sakarías 14 : 5, 4. 9.

veita henni viðtöku, og Kristur með fólki sínu og engl-um mun fara inn í hina helgu borg.

Nú býr Djöfullin sig til hins síðasta mikla bardaga, til þess að reyna að ná yfirráðum. Á meðan myrkra-höfðinginn var sviftur krafti sínum og hindraður frá því að geta neytt blekkinga sinna, var hann hryggur og dauf-ur í bragði; en þegar hinir óguðlegu rísa upp frá dauðum og hann sér hinn mikla fjölda, sem honum fylgir, rakna vonir hans við og hann ásetur sér að láta ekki undan í hinni miklu deilu. Hann mun fylkja öllum hersveitum hinna glötuðu undir merki sitt, og reyna að ná takmarki sínu með aðstoð þeirra. Hinir óguðlegu eru bandingjar Djöfulsins. Með því að afneita Kristi hafa þeir beygt sig undir stjórn uppreistarforingjans. Þeir eru við því búnir að fara eftir tillögum hans og hlýða boðum hans. Samt sem áður mun hann framfylgja hinum fyrri brögð-um sínum, og þess vegna viðurkennir hann ekki að hann sé Djöfullinn. Hann þykist vera sá konungur, sem sé hinn rétti eigandi heimsins og heldur því fram að arf-leifð sú hafi verið ranglega tekin frá sér. Hann lætur hina blektu fylgjendur sína trúa því að hann sé frelsari; fullvissar þá um að það hafi verið sinn kraftur, sem reisti þá upp frá dauðum og að hann ætli að frelsa þá frá hinni grimdarfylstu harðstjórn. Með því að Kristur er nú ekki nálægur, þá gjörir Djöfullinn furðuverk til þess að sanna með málstað sinn. Hann styrkir hina veiku og blæs öllum í brjóst sínum eiginn áhuga og starfsanda. Hann kveðst munu fara með þá á móti hersveitum hinna heilögu og hertaka borg Guðs. Með djöfullegu stolti bendir hann á hinar ótölulegu miljónir, sem hafi verið reistar upp frá dauðum, og telur þeim trú um að sem leiðtogi þeirra muni hann geta unnið borgina og náð aft-ur hásæti sínu og konungdómi.

[364]

Í þessum mikla fjölda eru afarmargir af hinum há-adlraða kyn-flokki, sem uppi var fyrir syndaflóðið. Menn háir vexti og stórvitrir, sem létu ginnast til þess að beygja sig undir stjórn fallinna engla og vörðu öllum hæfileikum sínum og allri þekkingu sinni til þess að mikla sjálfa sig. Menn sem voru svo framúrskarandi í listum að heimurinn svo að segja tilbað þá, en sem voru svo grimmir og fundu upp margt svo ilt að það saurgaði heiminn, afskræmdi líkingu Guðs, og vegna þess varð hann að afmá þá af jörðinni. Þarna eru konungar og hershöfðingjar, sem hertekið hafa heilar þjóðir; hraustir menn, sem aldrei töpuðu orustu; stoltir, framgjarnir stríðsmenn, sem létu konungsstólana nötra þegar þeir nálguðust þá. í dauðanum urðu þeir

ekki fyrir neinni breytingu. Þegar þeir koma upp úr gröfnni, halda þeir áfram að hugsa nákvæmlega eins og áður. Þeir eru knúðir af hinni sömu sigurfýsn, sem stjórnaði þeim þegar þeir féllu.

Djöfullinn heldur ráðstefnu við engla sína og síðan við konunga og sigurvegara og völduga menn. Þeir líta á styrkleikann og fjöldann sín megin og lýsa því yfir að herinn í borginni sé fámennur í samanburði við her þeirra og að þeir geti unnið sigur. Þeir bera saman ráð sín um það, hvernig þeir geti náð undir sig auðæfum og dýrð hinnar nýju Jerusalem. Allir byrja tafarlaust að búa sig til orustu. Æfðir iðnaðarmenn búa til stríðsáhöld; hermálastjórar sem frægð hafa hlotið fyrir sigurvinn-ingar leiða hersveitir hinna herskáu manna í deildum og smáfylkingum.

[365] Loksins er gefin skipun um það að fara af stað og hinn ótölu- legi fjöldi fer af stað; er það svo stór her að slíkum hefir enginn jarðneskur sigurvegari safnað; her þessi er meiri en svo, að allar hinar sameinuðu hersveitir allra alda, síðan stríð hófst á jörðinni geti jafnast við það. Djöfullinn, sem er hinn völdugasti stríðsmannanna, fer í broddi fylkingar og englar hans á eftir honum og sam-eina sig til hins síðasta bardaga. Konungar og herra menn eru í liði hans, og fjöldinn fylgist með í afarstórum og mörgum fylkingum, sem hver um sig hefir sinn ákveðna herforingja. Hinir miklu flokkar fara af stað með her-stjórnarlegri nákvæmni, og þeir fara yfir hið brotna og ójafna yfirborð jarðarinnar, alla leið að borg Guðs. Sam-kvæmt skipun Jesú eru hlið borgarinnar læst og hersveit-ir Djöfulsins sjást umhverfis borgina og búast til atlögu.

Nú birtist Kristur enn þá óvinum sínum; langt fyrir ofan borgina upphafinn á grundvelli glóanda gulls, sést háseti. Í þessu háseti situr sonur Guðs og umhverfis hann eru þegnarnir í ríki hans. Krafti og dýrð Krists getur engin tunga lýst né penni málað. Dýrð hins eilífa föður ljómar umhverfis son hans. Birtan af nálægð hans fyllir borg Drottins og streymir út frá borgarhliðunum og flæðir út um alla jörðina með dýrð sinni.

Næstir hásetinu eru þeir, sem áður fyr voru ákaf-astir að berjast fyrir málefni Djöfulsins, en voru hrifnir svo sem mitt úr eldinum, og hafa síðan fylgt frelsara sínum með djúpri og einlægri ástundun. Næstir eru þeir, sem lifðu fullkomnu kristilegu lífi mitt í freistingun- um og trúleysinu; þeir sem virtu Guðs lög, þegar hinn kristni heimur dæmdi þau markleysu, og svo miljónirnar frá öll-um öldum, sem

dóu píslardauða fyrir trú sína. En síðan kemur “mikill múgur, sem enginn gat tölu á komið af alls kyns fólki og kynkvíslum og lýðum og tungum. Þeir stóðu frammi fyrir hásætinu og frammi fyrir lambinu, skryðdir hvítum skikkjum, og höfðu pálma í höndum”.<sup>1</sup> Herför þeirra er á enda, sigur þeirra er unninn. Þeir hafa hlaupið skeiðið og unnið verðlaunin. Pálminn í höndum þeirra er sigurvegara merki, hvíta skikkjan tákn hins flekklausa réttlætis Krists, sem nú er þeirra.

Hinir frelsuðu hefja upp lofsöngva, sem bergmála og enduróma um allar hvelfingar himinsins: “Hjálpræðið til-heyrir Guði vorum sem í hásætinu situr, og lambinu”. Englar og Serafar sameina raddir sínar í lofgjörðinni. Þegar hinir endurleystu hafa séð kraft og ilsku Djöfuls-ins, þá hafa þeir einnig séð það betur en nokkru sinni áður að enginn kraftur nema Krists hefir gert þá að sigurveg-urum. Í öllum þessum fögru fylkingum er ekki einn ein-asti sá er sjálfum sér tileinki frelsið eða gefi það í skyn að hann hafi sjálfur af eiginn rammleik eða gæðum öðlast dýrðina. Ekki er á það minst sem þeir hafa gert eða sem þeir hafa liðið; en aðalatriði allra söngvanna, frum-tónn [366] allra laganna er þetta: “Hjálpræðið tilheyrir Guði og lambinu”.

Frammi fyrir hinum samansöfnuðu íbúum jarðarinn-ar og himinsins fer fram hin síðasta krýning Guðs sonar; og þar sem hann nú ríkir í almættisveldi sínu og krafti, kveður hann upp dóm yfir þeim, er uppreist gjörðu gegn stjórn hans og beitir réttvísi gegn þeim, sem hafa brotið lögmál hans og undirokað folk hans. Spámaður Drottins segir: “Og eg sá mikið hásæti hvítt og þann sem á því sat; og fyrir ásjónu hans hvarf himinn og jörð, og þeirra sá engan stað. Og eg sá þá dauðu, stóra og smáa, standa frammi fyrir hásætinu, og bókunum var lokið upp. Og annari bók var lokið upp, og það var lífsins bók, og hinir dauðu voru dæmdir, eftir því sem ritað var í bókunum, samkvæmt verkum þeirra”.<sup>1</sup>

Jafnskjótt sem bækurnar eru opnaðar og Jesús lítur á þá hina óguðlegu, hafa þeir meðvitund um hverja ein-ustu synd, sem þeir hafa drýgt. Þeir sjá nákvæmlega hvar það var sem þeir viltust út af réttri leið af vegi hreinleika og heilags líferniss. Þeir sjá hversu langt dramb og uppreist hefir farið með þá í því að brjóta lög-mál Guðs. Hinar afvegaleiðandi freistingar, sem þeir vöndu sig á með

<sup>1</sup>Opinb. 7 : 9.

<sup>1</sup>Opinb. 20 : 11-12.

þátttöku í syndinni; sú blessun, sem þeim hefir snúist í bölvun sjálfra þeirra vegna; sendiboðar Guðs, sem þeir hafa fyrirliðið; aðvaranir þær sem þeir hafa hafnað; miskunnsemin sem þeir með þrákelkni sinni hrundu frá sér, iðrunarlaust hjarta — alt þetta birtist þeim nú sem væri það ritað glóandi eldstöfum.

[367] Og uppi yfir hásetinu, þar sem Jesús situr, birtast nú sem í fjar-sýn myndir af freistingu og falli Adams og spor þau, sem koma hvert á eftir öðru í endurlausnar-verkinu. Íbúar jarðarinnar sjá hina lítilmótlegu fæðingu frelsarans, æskulíf hans, skírn hans í Jordan og freisting-una á eyðimörkinni, hin opinberu líknarstörf hans, sem svo mikla blessun höfðu í för með sér, grasgarðinn, svikin, réttar-haldið og fordæminguna, krossfestinguna — alt svo greinilega, sem það væri að gerast fyrir augum þeirra. Djöfullinn með englum sín-um og þegnum hefir ekkert afl til þess að snúa þeim frá myndum þeim er sýna þeirra eigin verk. Hver hluttakandi í þessari hræðilegu sýningu minnst þess hlutverks, sem hann framkvæmdi: Heródes, Pílatus, prestarnir og stjórnendur reyna árangurslaust að fela sig fyrir hinum heilaga dýrðarkrafti sem skín af ásjónu Guðs, en hinir frels-uðu kasta kórónum sínum fyrir fætur frelsarans og hrópa segjandi: “Hann dó fyrir oss!” Á meðal hins mikla fjölda eru postular Krists, hinn hugumprúði Páll postuli, Pétur hinn ákafi, Johannes sá er Jesús elskaði, og hinir trúföstu bræður þeirra; með þeim er mikill fjöldi píslarvotta, en fyrir utan eru þeir sem ofsóttu þá, settu þá í fangelsi og líflétu þá.

Þar eru páfaprestar og hinir háu embættismenn kirkjunnar, sem þóttust vera fulltrúar Krists, en notuðu þó píslarfæri, fangelsi og brennur til þess að bæla niður samvizkufrelsi þjóna hans. Það er nú um seinan fyrir þá að skilja þann sannleika að Kristur telur sér hið sama gert, sem gert er hinum líðandi þjónum hans, og þeir finna nú kraft hans eigin orða þar sem hann segir: “Svo framarlega sem þér hafið gert þetta einum mínum minstu bræðrum, þá hafið þér og gert mér það”.<sup>1</sup>

Allur hinn spilti heimur stendur ákærður frammi fyrir dómstóli Drottins fyrir hin svörtustu svik gegn stjórn himnanna. Þeir seku hafa engan er tali máli þeirra; þeir hafa enga afsökun og hegning eilífs dauða er sá dómur, sem upp er kveðinn yfir þeim.

<sup>1</sup>Matt. 25 : 40.

Það er nú öllum augljóst að laun syndarinnar er ekki virðingarvert sjálfstæði og eilíft líf, heldur þræl-dómur, eyðilegging og dauði. Hinir óguðlegu sjá nú hverju þeir hafa glatað með uppreistarlífurni sínu. Hið sæluríka líf og eilíf dýrð var fyririlitin af þeim þegar hún stóð þeim til boða; en nú vildu þeir alt gefa til þess að öðlast hana. “Alt þetta hefði eg getað öðlast” hrópar hin týnda sál í örvænting sinni, “en eg kaus það heldur að hafa það sem fjarst mér. Ó hvílík fávízka! eg hefi skift friði, hamingju og heiðri fyrir vesaldóm, vanvirðu og örvæntingu”. Allir sjá að útilokun þeirra frá himna-ríki er réttlát. Með lífi sínu hafa þeir sagt: “Vér viljum ekki hafa þennan Jesús, sem stjórnara vorn”.

Agndofa hafa hinir óguðlegu horft á krýning Guðs sonar. Þeir sjá töflurnar með árituðu hinu heilaga lög- máli í höndum hans, lögmálinu sem þeir hafa fyririlitið og fótumtroðið. Þeir eru vottar að hinni miklu undrun og lotningu hinna frelsuðu, og þegar hljómalda lofdýrðar-innar berst yfir fjöldann fyrir utan borgina, hrópa allir einum rómi: “Mikil og dásamleg eru verk þín, Drottinn, Guð þú alvaldi, réttlátir og sannir eru vegir þínir, þú konungur aldanna”.<sup>1</sup> Þeir fleygja sér flötum niður og tilbiðja konung lífsins.

[368]

Djöfullinn er sem þrumulostinn, þegar hann sér dýrð og veldi Krists. Hann sem einu sinni var verndandi Kerúb minnst þess hversu djúpt hann hefir fallið. Skínandi Seraf, “árborna morgunstjarna”, hvílík breyting; hvílík smán! Frá ráði því, sem hann einusinni sat með heiðri er hann nú útilokaður um aldur og æfi. Nú sér hann annan standa nálægt föðurnum með jafnri dýrð. Hann hefir séð kórónuna setta á höfuð Kristi af tíguleg-um engli og mikilfenglegum, og hann veit að hann hefði getað haft hina hátíðlegu stöðu sem þessi engill nú skipar. Þegar Djöfullinn lítur yfir ríki sitt, ávöxt iðju sinnar, sér hann aðeins ógæfu og eyðileggingu. Hann hefir talið fjöldanum trú um það að auðvelt væri að vinna borg Drottins, en hann veit að þetta er rangt. Aftur og aftur í hinni miklu deilu hefir hann biðið ósigur og orðið að lúta í lægra haldi með öllu. Hann veit og þekkir kraft og dýrð hins mikla og eilífa.

Tilgangur hins mikla uppreistarforingja hefir æ og ávalt verið sá að réttlæta sjálfan sig og sanna það að hin guðlega stjórn væri sek um uppreistina. Í þessu skyni hefir hann neytt allra krafta sinna og

<sup>1</sup>Opinb. 15 : 3.

vitsmuna. Hann hefir unnið með ákveðnu auginni og reglulega og orðið ótrúlega mikið ágengt; hann hefir þannig komið fjölda manna til þess að fallast á sitt mál í hinni miklu deilu, sem svo lengi hefir staðið yfir. Um þúsundir ára hefir þessi samsærisforingi komist áfram með lýgi fyrir sann-leika, en nú er sá tími kominn að uppreistin skal verða með öllu bæld niður og saga og einkenni Djöfulsins kunn-gjörð. Í sinni síðustu miklu tilraun til þess að steypa Kristi af stóli, tortíma fólki hans og taka herskildi hina guðlegu borg, hefir erkisvikarinn verið gerður uppvis. Þeir sem hafa fylgt honum sjá nú hversu algjörlega eyði- lagt er málefni hans. Fylgjendur Krists og hinir trúföstu englar sjá nú fyllilega og skilja vélar hans, er hann beitti gegn stjórn Guðs. Hann er nú öllum heimi viðurstygð.

[369]

Djöfullinn sér að hin sjálfkrafa uppreist hans hefir gert hann óhæfan fyrir himnavist; hann hefir æft krafta sína til þess að berjast gegn Guði; hreinleikur, friðsemi og samræmi himinsins mundu verða honum til óbærilegr-ar kvalar. Ákærun hans gegn miskunnsemdum og rétt-læti Guðs hafa nú þagnað. Ákærun þær, sem hann reyndi að bera fram gegn Jehova hafa nú fallið með öllu á sjálfan hann; og nú beygir Djöfullinn sig með vanvirðu og játar réttlæti þess dóms er uppi yfir honum hefir verið kveðinn.

Þrátt fyrir það þótt Djöfullinn hafi verið þvingaður til þess að viðurkenna réttlæti Guðs og til þess að beygja sig fyrir valdi Krists, þá breyttist ekki eðli hans. Upp-reistarandinn brýst enn fram eins og sterkur straumur. Hann fyllist ofsa og strengir þess heit að láta aldrei undan í hinni miklu deilu. Tíminn er kominn til þess að hefja hina síðustu úrslitaárás á konungdóm Guðs á himnum. Djöfullinn þeytist mitt inn í fylkingar sínar og reynir að vekja þeim móð með sínu eigin æði og æsa þær til þess að leggja tafarlaust í orustu. En af öllum hinum ótölulegu miljónum, sem hann hefir tælt til uppreistar, finst nú enginn er viðurkenna vilji yfirburði hans. Kraftur hans er að þrotum kominn. Hinir óguðlegu eru fullir af sams-konar hatri, sem ræður yfir Djöflinum, en þeir sjá að þeir geta ekki unnið, að þeir geta ekki staðist á móti Jehóva. Reiði þeirra snýst nú á móti Djöflinum og þeim sem verið hafa umboðsmenn hans í blekkingunni og með djöfulæði ráðast þeir allir á hann.

Drottinn segir: “Þá óhelgaði eg þig og rak þig burt af goðafjallinu og tortímdi þér, þú verndar Kerúb, burt frá hinum glóandi steinum, .... eg varpaði þér til jarðar, ofurseldi þig konungunum svo að þeir



mættu horfa nægju sína á þig .... þú fórst voveiflega og ert eilíflega horfinn”.<sup>1</sup>

“Á óguðlega lætur hann rigna glóandi kolum, eldur og brenni-steinn og brennheitur vindur er þeirra mældi bik-ar”.<sup>2</sup> Eldur fellur niður frá Guði af himni ofan; jörðin liðast í sundur. Vopnin sem í djúpinu leynast koma í ljós; eyðandi eldur blossomar út úr hverri gapandi sprungu. Jafnvel klettarnir sjálfir standa í björtu báli; sá dagur er kominn þegar alt brennur eins og í glóandi ofni; frum-efnin bráðna í hinum ákafa hita, sömuleiðis jörðin og öll mannvirki sem á henni eru munu gjöreyðast í eldi.<sup>1</sup> Yfir-borð jarðarinnar er útlits sem bráðinn óskapnaður — hún er eins og heljarmikið sjóðandi eldhaf. Kominn er dagur Drottins og glötunarinnar fyrir hina óguðlegu, “því að nú er hefndardagur Drottins, endurgjaldsárið, til að reka réttar Síonar”.<sup>2</sup>

[370]

Hinn óguðlegi fær endurgjald hér á jörðu.<sup>2</sup> Þeir “munu þá vera sem hálmleggir og dagurinn sem kemur, mun kveikja í þeim, segir Drottinn hersveitanna”.<sup>3</sup> Sumir farast á svipstundu, en aðrir kveljast í marga daga; allir hljóta hegningu “samkvæmt verkum þeirra”. Syndir hinna réttlátu hafa verið tilreiknaðar Djöflinum og því verður hann að líða ekki einungis fyrir sína eigin uppreist, heldur einnig fyrir allar þær syndir, sem hann hefir freistað Guðs barna til að fremja. Hegning hang verður miklu meiri en þeirra, sem hann afvegaleiddi. Eftir að allir eru tortímdir, sem hann hafði leitt til yfirtroðslu, mun hann halda áfram að lifa og líða. Í hinum hreinsandi eldi munu hinir óguðlegu um síðir eyðileggjast með öllu, svo að ekki mun verða eftir af þeim “rót né kvistur” — Djöfullinn er rótin, en fylgjendur hans kvistirnir. Full-komin hegning kemur fram fyrir brot gegn lögmálinu; kröfur réttlætisins verða uppfyltar og himinn og jörð, sem eru vitni að þessu lýsa því yfir að Jehóva sé réttlátur.

Eyðileggingarverk Djöfulsins eru um alla æfi enduð. Í sex þúsund ár hefir hann haft vilja sínum framgengt; hann hefir á þeim tíma fyllt heiminn böli og valdið hrygð í alheiminum. Alt sköpunarverkið

<sup>1</sup>Esek. 28 : 16-19.

<sup>2</sup>Sálm. 11 : 6.

<sup>1</sup>Malakía 4 : 1; 2. Pét. 3 : 10.

<sup>2</sup>Jes. 34 : 8; Orðskv. 11 : 31.

<sup>2</sup>Jes. 34 : 8; Orðskv. 11 : 31.

<sup>3</sup>Malakía 4:1.

[371]

hefir liðið djúpar sorg-ir og sárar þrautir hans vegna. Nú eru þeir sem Guð hefir skapað um aldur og æfi frelsaðir frá valdi hans og freistingum: “Öll jörðin nýtur nú hvíldar og friðar, fagn-aðarópin kveða við”.<sup>4</sup> Og óp fagnaðar og lofsöngs og gleði berast til Guðs frá öllum hinum löghlýðnu. Það er rödd “sem mikils fjölda og sem rödd margrá vatna, og sem rödd frá sterkum þrumum. Þær sögðu: Hallelúja; því Drottinn Guð hinn alvaldi er konungur orðinn”.

Þótt jörðin sé sveipuð eyðileggjandi eldi, eru hinir réttlátu öruggir í hinni helgu borg; yfir þeim sem þátt tóku í hinni fyrri upprisu hefir dauðinn ekkert vald. Þar sem Guð er hinum spiltu eyðileggjandi eldur er hann fólki sínu bæði sól og verndari.<sup>1</sup>

“Og eg sá nýjan himinn og nýja jörð, því að hinn fyrri himinn og hin fyrri jörð var horfin”.<sup>2</sup> Eldurinn sem tortímur hinum illu hreinsar jörðina; öll merki bölvunar-innar eru afmáð.

Eitt er aðeins eftir til endurminningar; frelsari vor mun um alla eilífð hafa á sér merki krossfestingarinnar; á hans særða höfðu, á höndum hans og fótum og í síðu hans eru enn leifarnar af grimdarverkum þeim er syndin hefir valdið. Þegar spámaðurinn sér Krist í dýrð sinni. segir hann: “Ljónið birtist eins og sólarljós; geislar stafa út frá hendi hans, og þar er hjúpurinn um mátt hans”.<sup>3</sup> Hann sem var máttugur til að frelsa með fórn-færingu endurlausnarinnar, og var þess vegna einnig máttugur til þess að framfylgja réttlætinu gegn þeim er fyrirlitu miskunn Guðs, og merki niðurlægingar hans er hans mesti heiður; um alla eilífð munu sár þau er hann hlaut á krossinum sjást honum til dýrðar og votta mátt hans.

Jörðin var upphaflega gefin mannum sem kon-ungdæmi hans, en hún var af mannum svikin í hendur Djöfulsins og hinn voldugi óvinur hélt henni um langan tíma, en nú hefir hún unnist aftur, fyrir áhrif endurlausn-arverksins. Alt sem fyrir syndina glataðist hefir nú fengist aftur: “Því að svo segir Drottinn, .... sá er jörðina hefir myndað og hana tilbúið, hann hefir grund-vallað hana; hann hefir eigi skapað hana til þess, að hún væri auð, heldur myndað hana svo, að hún væri byggi-leg”.<sup>4</sup> Hinum upphaflega tilgangi Guðs með

<sup>4</sup>Jes. 14 : 7.

<sup>1</sup>Opinb. 20 : 6; Sálms. 84 : 11.

<sup>2</sup>Opinb. 21 : 1.

<sup>3</sup>Habakúk 3 : 4.

<sup>4</sup>Jes. 45 : 18.

sköpun jarð-arinnar er fullnægt með því að hún hefir nú verið gerð að eilífum bústað hinna endurleystu: “Hinir réttlátu fá landið til eignar og búa í því um aldur”.<sup>5</sup>

Í biblíunni er arfleifð hinna frelsuðu nefnd ættjörð,<sup>6</sup> þar leiðir [372] hinn himneski hirðir hjarðir sínar að lindum lif-andi vatns; tré lífsins ber ávöxt á hverjum mánuði og blöð trésins eru fólkinu til lækninga. Þar eru sírennandi lækir, tærir sem krystallar og meðfram þeim kasta svignandi tré svalandi skuggum á vegina, sem Drottinn hefir búið fólki sínu. Þar renna hinar víðáttumiklu sléttur saman við dali hinnar dýrðlegustu fegurðar, og fjöll Guðs teygja upp hina háu tinda. Á þessum friðsælu sléttum, meðfram þessum lifandi lindum mun fólk Guðs, sem svo lengi hefir hrakist um eyðimerkur, finna hugljúft heimkynni.

“Þá skal þjóð mín búa í heimkynni friðarins, í híbýl-um öruggleikans og í rósömum bústöðum”. “Eigi skal frammar heyrast getið um ofríki í landi þínu, né um tjón og tortíming innan landamerkja þinna; þú skalt kalla hjálpræði múra þína og sigurfrægð hlið þín”. “Og þeir munu reisa hús og búa í þeim, og þeir munu planta vín-garða og eta ávöxtu þeirra. Eigi munu þeir reisa og aðrir í búa, eigi munu þeir planta og aðrir eta; . . . mínir útvöldu skulu sjálfir njóta handaverka sinna”.<sup>1</sup>

Eyðimörkin og hið þurra land skal gleðjast; öræfin skulu fagna og blómgast sem lilja”. “Þar sem áður voru þyrnirunnar mun kýpresviður vaxa, og þar sem áður var lyng mun mýrtusviður vaxa”. “Þá mun úlfaldinn búa hjá lambinu og pardusdýrið liggja hjá kiðlingnum .... og smásveinn gæta þeirra”. “Hvergi á mínu heilaga fjalli munu menn ilt fremja eða skaða gjöra”,<sup>2</sup> segir Drottinn.

Sársauki getur ekki átt sér stað á himnum. Þá verða engin tár til frammar, engar jarðarfarir, engin saknaðar-merki: “Og dauðinn mun ekki frammar til vera, hvorki harmur né vein, né kvöl er frammar til; hið fyrra er farið”.<sup>3</sup> “Og enginn borgarbúi mun segja: Eg er sjúkur. Fólkið, sem þar býr, hefir fengið fyrirgefning misgjörða sinna”.<sup>4</sup>

<sup>5</sup>Sálm. 37 : 29.

<sup>6</sup>Heb. 11 : 16.

<sup>1</sup>Jes. 32 : 18; 60 : 18; 65 : 21, 22.

<sup>2</sup>Jes. 35 : 1; 55 : 13; 11 : 6, 9.

<sup>3</sup>Opinb. 21 : 4.

<sup>4</sup>Jes. 33 : 24

í Guðs heilögu borg mun “ekki frammar til vera” nótt. Enginn mun þarfnast þar hvíldar. Þar mun enginn þreyt-ast að gjöra vilja Guðs og lofa nafn hans. Vér munum ávalt finna til lífskrafta morgunsins og um aldur og æfi munum vér verða langt frá takmörkum hans.

[373] “Og nótt mun ekki frammar til vera og þeir þurfa ekki lampaljós né

[374] sólarljós, því að Drottinn Guð skín á þá”.<sup>1</sup> Í staðinn fyrir sólarljósið

[375] mun þar verða geislaskin, sem ekki blindar augun, en tekur samt óendanlega mikið fram þeirri birtu, sem vér þekkjum um hádegi. Dýrð Guðs og lambsins mun uppljóma hina helgu borg með ljósi eilífrar birtu. Hinir endurleystu munu ganga í sóllausri dýrð eilífs dags.

“Og musteri sá eg ekki á himni, því að Drottinn Guð hinn alvaldi, er musteri hennar og lambið”.<sup>2</sup> Fólki Guðs er leyft að umgangast föðurinn og soninn. “Því að nú sjáum vér eins og í skugga í óljósri mynd”.<sup>3</sup> Vér sjáum mynd Guðs eins og endurspeglaða í verkum náttúrunnar og í breytni hans við mennina; en þá munum vér sjá hann augliti til auglitis, án þess að nokkur móðublæja sé á milli hans og vor. Vér munum standa frammi fyrir honum og sjá dýrðar ásjónu hans.

Þar munu hinir endurleystu “þekkja, eins og þeir sjálfir eru þektir”. Kærleikur sá og hluttekning sú, sem Guð hefir gróðursett í sálum mannanna mun þar sýna hina sönnustu og trúustu framkvæmd. Hin hreina sam-búð við heilagar verur; hið samræmisfulla líf með hinum blessuðu englum og hinum trúföstu frá öllum öldum, sem þvegið bafa skikkjur sínar og hvítfágað þær í blóði lambsins; hin helgu bönd er samtengja við þann er “hvert faðerni fær nafn af á himni og jörðu”,<sup>4</sup> — alt þetta hjálp-ar til þess að skapa hina fullkomnu sælu þeirra sem frels-aðir eru.

Þar munu hinir ódauðlegu dást að hinu síbjarta ljósi, hinum eilífa sköpunarkrafti, og leyndardómi hins endur-leysandi kærleika. Þar verður enginn grimmur, blekkj-andi óvinur, sem freisti til þess að vér gleymum Guði. Þar verða öll skynjunarfæri vor fullkomnuð; allir hæfi-leikar þroskaðir. Baráttan til þess að afla sér þekkingar mun þar ekki þreyta hugi vora né eyða kröftum vorum.

<sup>1</sup>Opinb. 22 : 5.

<sup>2</sup>Opinb. 21 : 22.

<sup>3</sup>1. Kor. 13 : 12.

<sup>4</sup>Efesus 3 : 15.

Og samt munu ár eilífðarinnar eftir því sem þau líða leiða í ljós enn þá dýrðlegri opinberun um Guð og Krist. Eftir því sem þekkingunni fer fram, eftir því þroskast og fullkomnast kærleikurinn, lotningin og hamingjan. Því meira sem menn læra um Guð, því meiri verður að-dáun þeirra fyrir eðli hans. Eftir því sem Jesús sýnir þeim glöggar þýðingu endurlausnarinnar og hinn aðdán-lega vinning í deilunni miklu við Djöfulinn, eftir því verða hjörtu hinna frelsuðu snortnari af heitri kærleikstilfinningu og eftir því leika þeir með meiri og dýpri lotningu á hina gullnu hörpu; og tíu þúsundir tíu þúsunda og þús-undir þúsunda sameina raddir sínar til þess að lofsyngja hinum almáttuga. “Og sérhver skepna sem er í himn-inum og á jörðinni og undir jörðinni og í hafinu, og alt sem í þeim er, heyrði eg segja: Honum, sem í hásetinu situr, og lambinu sé lofgjörðin og heiðurinn og dýrðin og krafturinn um aldir alda”.<sup>1</sup>

[376]

Hin mikla deila en enduð. Synd og syndarar eru ekki lengur til, allur alheimurinn er hreinn orðinn; einn sameiginlegur hjartasláttur bærir alla tilveruna. Frá honum sem alt skapaði streymir líf og ljós og gleði alt í gegn um hið takmarkalaus rúm. Frá hinu minsta ódeili til hins stærsta hnattar lýsir alt því yfir, dautt og lif-andi í sinni skuggalaus fegurð og fullkomnu gleði, að Guð sé kærleikur.

---

<sup>1</sup>Opinb. 5:13.